## SÍÐUSTU DAGAR RETTUNNAR

Reykingabann skellur á næstu helgi. Hvað munu reykjandi Íslendingar gera þá?



28

## Hjón í orði, á borði og á sviði

Edda Arnljótsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson leika hjón í sýningunni Yfirvofandi, í stofunni heima hjá leikskáldinu á Lokastígnum.



30


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. maí 2007 — 142. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Sixtís-sumar



Strandfatnaðarlína Johns Galliano fyrir Christian Dior sótti innblástur til sjöunda áratugarins.

STÍLL 40

### Tískusýning fyrir grasrótina



BaseCamp og Eskimo standa fyrir tískudögum í stíl við Airwaves.

FÓLK 54

### Börn horfa ein á sjónvarp

„Í dag horfa börn og unglingar á sjónvarp í einrúmi í síauknum mæli,“ segir Kjartan Ólafsson sem hefur rannsakað sjónvarpsnotkun barna.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR 12

### Lýðræðispúls í Partílandi



Jón Atli Jónasson leikskáld um froðukaffi og fílabeinsturna.

MENNING 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** - Í dag verða norðan 5-10 m/s. Bjart syðra annars yfirleitt snjó- eða slydduél. Hiti 0-10 stig°, hlýjast til landsins suðaustan til en svalast nyrðra.



**JÁLKINUM BRYNNT Á N1 Í ÁRTÚNI** Höfuðborgarbúar þyrptust á bensínafgreiðslustöðvar í gær í upphafi ferðalaga sinna, til að birgja sig upp af eldsneyti áður en haldið var út á þjóðveginn. Talsverð umferð var út úr borginni í gær að sögn lögreglu, enda hvítasunnuhelgin margrómuð ferðahelgi. Napur næðingurinn sem hefur angrað marga undanfarna daga hefur þó líklega dregið eitthvað úr ferðagleði landsmanna, að sögn umferðardeildar lögreglu, sem ekki sá ástæðu til að vera með sérstakan viðbúnað um helgina. Útlit er fyrir ágætt veður sunnan- og vestanlands um helgina en þó verður frekar kalt víðast hvar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fleiri konur flýja ofbeldi á heimilum

**Konum sem leita til Kvennaathvarfsins fjölgar. Oftar eru konur með líkamlega áverka við komu en áður. Meirihluti þeirra 56 barna, sem dvöldu í athvarfinu í fyrra, hafði einnig verið beittur ofbeldi.**

**FÉLAGSMÁL** Aldrei hafa fleiri komur verið skráðar í Kvennaathvarfið en í fyrra. Samtals voru komurnar 712 árið 2006 en það eru 155 fleiri komur en árið á undan. Margar konur koma oftar en einu sinni en alls leituðu 318 konur til athvarfsins. Líkamlegt ofbeldi er oftar ástæða fyrir komu kvennanna og sýnilegir áverkar eru á fleiri konum en áður. Einnig nefna fleiri konur en áður kynferðislegt ofbeldi sem ástæðu komu sinnar. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri ársskýrslu Kvennaathvarfsins.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi sé algengara en fram kemur í tölfræði. „Við vonum að skýringin á þessari fjölgun á komum stafi af því að fleiri konur þora að leita sér aðstoðar en áður,“ segir hún.

Að meðaltali voru þrjár konur og þrjú börn í athvarfinu á dag að sögn Sigþrúðar. Hún segir fjölda þeirra barna sem dvelja í athvarfinu mjög sveiflukenndan eftir árum, árið 2005 hafi þau verið 76 en í fyrra voru þau 56 og meðalaldur þeirra sex ára. Meðaldvalartími barna var 20 dagar. Það barn sem dvaldi lengst var í 143 daga. Sigþrúður segir sjaldgæft að konur og börn þurfi að dvelja svo lengi en það fari eftir aðstæðum og því hvort öryggi þeirra sé tryggt utan athvarfsins. Í 60 prósent tilvika höfðu börnin einnig verið beitt ofbeldi en Sigþrúður segir líklegt að sú tala sé hærri. Mæðurnar séu oft orðnar það samdauna ástandinu sem ríkt hafi á heimilinu að þær eigi erfitt með að meta raunverulegar aðstæður.

Í helmingi tilfellanna eru ofbeldismennirnir sambýlis- eða eiginmenn kvennanna. Í 28 prósent tilfellanna eru það þó fyrrverandi sambýlis- eða eiginmenn kvennanna sem valda því að þær þurfa að leita til athvarfsins. Um þriðjungur kvennanna snýr aftur í sömu aðstæður.

Sjaldgæft er að konur kæri ofbeldismennina. Í fyrra kærðu um 16 prósent kvennanna og er það þriggja prósenta aukning frá árinu á undan. Innan við 1 prósent mála þar sem heimilisofbeldi kemur við sögu endar þó með ákærumeðferð. -kdk




Guðni Ágústsson býr sig undir að leiða Framsóknarflokkinn í stjórnarandstöðu:

# Býst við töluverðum tíma utan stjórnar

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, nýr formaður Framsóknarflokksins, óttast að flokkurinn verði um nokkurt skeið í stjórnarandstöðu, eða þann tíma sem það tekur Sjálfstæðisflokkinn að sundra Samfylkingunni.

Sá tími geti hins vegar verið nógu langur til að samfélagsmyndin á Íslandi skekkist mjög í anda hægrimanna. „Þetta getur því orðið töluvert langur tími frá Stjórnarráðinu en það á að vera tími til að eignast aftur sterkan og samstilltan Framsóknarflokk,“ segir Guðni í viðtali í Fréttablaðinu í dag.

Þegar Halldór Ásgrímsson lét af formennsku í flokknum á síðasta ári taldi Guðni eðlilegt að hann, varaformaðurinn, tæki við.

Svo fór ekki.

„Halldór taldi mig ekki þann réttborna arftaka sem Framsóknarflokkurinn ætti að fá. Ég veit ekki hvers vegna það var, hvort hann treysti mér ekki fyrir flokknum eða hvort andstaða mín við þessa Evrópusambandshugsun hans réði því.“

Guðni fagnar áformum nýrrar ríkisstjórnar um að stækka friðlandið í Þjórsárverum en segir Sjálfstæðisflokkinn ekki hafa viljað ganga frá málinu við umhverfisráðherra Framsóknarflokksins í síðustu ríkisstjórn. - bþs / sjá síðu 26


GÓÐIR GLITNIS PUNKTAR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

NÝTT 2007

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Af hverju að borga meira?



Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

ORMSSON
ARVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160

ORMSSON
RADIONAUST, AKUREYRI · SÍMI 461 5003

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908



**SPURNING DAGSINS**



*Ólafía, kennir neyðin naktri konu að spinna?*

„Já, og árangur erfiðis er að finna.“

Ólafía Kristín Sæmundsdóttir, nýútskrifaður ljósmyndari, sat fyrir nakin á skemmtistaðnum Prikinu í lokaverkefni sínu.

Sjö íkveikjur á Suðurnesjum síðustu fimm vikurnar:

# Brennuvargur gengur laus

**BRUNI** Á Suðurnesjum hefur verið kveikt í sjö sinnum á síðustu vikum. Ekki er útilokað að um sama manninn eða mennina sé að ræða. „Já það er einhver faraldur í íkveikjum í bílum,“ segir Sigmundur Eyþórsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja.

Sigmundur segir að íkveikjurnar séu staðbundnar og nokkuð svipaðar. Brennuvargurinn virðist þannig ganga um hverfi í Njarðvík að næturlagi, en hann hefur einnig látið til skarar skríða í Keflavík. Hann brýtur svo rúðu í fólksbíl og kastar inn einhvers konar blysi. Í venjulegum bílum er töluverður eldsmatur og brenna þeir oft að innan á skömmri stund. „Þetta er einhver sem hefur gaman af þessu og maður veit aldrei hvenær það stekkur í eitthvað stærra,“ segir slökkviliðsstjórinn.



**BRENNANDI BÍLL** Kveikt hefur verið í fimm bílum í Reykjanesbæ undanfarið. Myndin tengist ekki efni myndarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Brennuvargurinn kveikti í fimm bílum á stuttum tíma. Hann hélt sig svo til hlés í hálfan mánuð en síðastliðið mánudagskvöld brann skemma Hringrásar í Stafnesi til kaldra kola.

Nýleg för fundust í nágrenni skemmunnar. Ekkert rafmagn var í henni né gluggar og engin efni sem hefði getað kviknað í. Því má álykta að brennuvargur hafi verið á ferð.

Ekki er hægt að útiloka að bílabrennuvargurinn hafi einnig verið að verki á Stafnesi. Hins vegar er talið líklegt að bruni í fjölbýlishúsi í Njarðvík síðastliðinn miðvikudag hafi verið einangrað tilfelli. Málin eru í rannsókn í Reykjavík. **- kóþ**

Kona velti bíl á Óshlíðarvegi:

## Slasaðist töluvert í bílveltu

**SLYS Kona var flutt talsvert slösuð á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði eftir bílveltu á Óshlíðarvegi síðdegis í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var konan ein í bílnum og þurfti að nota klippur til að ná henni út. Í fyrstu var óttast að hún væri mjög alvarlega slösuð en hún mun þó ekki vera í lífshættu.**

**Ekki liggur fyrir hvað olli slysinu, en bíllinn mun vera mjög mikið skemmdur. Telja má það lán í óláni að bíllinn hafi oltið upp fyrir veginn en ekki niður, því þar hefði tekið við snarbrött fjallshlíðin. - sh**



**GERRY OG KATE MCCANN** Foreldrarnir segjast þjakaðir af sektarkennd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ránið á Madeleine McCann:

## Lögregla hefur lýst eftir manni

**PORTÚGAL, AP** Lögreglan í Portúgal skýrði í gær frá því að nú sé leitað að hvítum manni á aldrinum 35 til 40 ára sem liggur undir grun um að hafa rænt hinni fjögurra ára gömlu Madeleine McCann af hóteli í Portúgal hinn 3. maí síðastliðinn.

Foreldrar Madeleine, þau Gerry og Kate McCann, komu fram í viðtali á bresku sjónvarpsstöðinni Sky í gær og sögðust þjökuð af sektarkennd fyrir að hafa skilið tvö ung börn sín eftir ein á hótelherberginu meðan þau fóru að fá sér að borða.

Þau sögðust ekki geta hugsað sér að fara heim til Bretlands án dóttur sinnar. **- gb**

Fréttablaðið um hvítasunnu:

## Kemur næst út á þriðjudag

**ÚTGÁFA Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 29. maí. Afgreiðsla smáauglýsinga Fréttablaðsins er opin í dag, laugardag, frá klukkan ellefu til fjögur. Hún er lokuð sunnudag og mánudag.**

# Portúgölsk stúlka með berkla sett í einangrun

**Stúlka sem starfaði á Kárahnjúkum og var til læknismeðferðar á Neskaupstað var flutt í einangrun á Landspítalnum þegar í ljós kom að hún var með berkla. Verið er að athuga hvort þeir sem komu í námunda við stúlkuna hafa smitast.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Portúgölsk starfsstúlka af Kárahnjúkum er nú í einangrun á Landspítalanum í Fossvogi vegna berklasmits.

Stúlkan, sem er um tvítugt, kom til meðferðar á fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað fyrir um tveimur vikum. Hún mun vera sykursjúk og var talin vera með lungnabólgu. Eftir um vikudvöl í Neskaupstað kom í ljós að stúlkan var veik af berklum. Var hún þá flutt til Reykjavíkur til meðferðar.

„Yfirleitt er þetta læknanlegur sjúkdómur og á ekki að vera neitt vandamál. Það eru alltaf að berast fréttir af fjölónæmum berklum en við höfum ekki ástæðu til að ætla að þetta sé það,“ segir Haraldur Briem sóttvarnarlæknir.



**HARALDUR BRIEM**

Berklasýni voru tekin af starfsfólki sjúkrahússins í Neskaupstað sem talið var að hefði komist í snertingu við stúlkuna. Sýni hafa hins vegar enn ekki verið tekin af því fólki sem umgekkst hana á Kárahnjúkum. Meðal þeirra er faðir stúlkunnar sem flaug í hádeginu í gær með áætlunarvél Flugfélags Íslands til að vera dóttur sinni til halds og trausts í höfuðborginni.

Haraldur Briem segir verið að vinna í því að athuga einnig vinnufélaga stúlkunnar á Kárahnjúkum. „Við höfum möguleika á að rekja þetta og fylgjast með öllum sem hafa verið í námunda við hana og það verður gert,“ segir hann.



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Fyrsta tilfelli af berklum sem upp kemur meðal starfsmanna á virkjanasvæðinu við Kárahnjúka var greint á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Undanfarinn áratug hafa á bilinu tíu til fimmtán berklatilfelli greinst á ári á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haraldur segir alls ekki um neina stórhættu að ræða: „Við höfum verið að greina á bilinu tíu til fimmtán tilfelli á ári úti um allt land. En þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem berklar greinast á Kárahnjúkum.“

Að því er fram kemur í Farsóttafréttum Landlæknisembættisins var ríflega helmingur þeirra sem greindust með berkla á næstliðnum áratug erlendir ríkisborgarar. Þeir Íslendingar sem greinast hafi á seinni árum sé oftast aldrað fólk sem talið er að fengið hafi berklabakteríuna í sig á fyrri hluta síðustu aldar en ekki veikst fyrr en ónæmiskerfið veiklaðist vegna aldurs eða sjúkdóma.

Hætt var að leita að berklum meðal íslenskra skólabarna á níunda áratugnum og mestu athyglinni þess í stað beint að þeim sem koma til landsins á tímabundnum dvalarleyfum og eru frá löndum þar sem berklar eru landlægir. Það fólk fer venjulega í lungnamynd. „En hún kemur, að því mér skilst, frá Evrópusambandslandi og þá var það ekki gert,“ segir Haraldur Briem.

gar@frettabladid.is

Veðrið um helgina:

## Norðanáttin heldur áfram

**VEÐUR** Norðanáttin heldur áfram í dag en heldur dregur úr henni og verður veður þokkalegt á morgun, að sögn Þorsteins Jónssonar veðurfræðings. Í dag verða áfram él á Norður- og Austurlandi en svo léttir til um allt land.

„Hiti nær sér ekki á strik um helgina en eftir helgi fer heldur að hlýna og gæti hiti þá komist í tíu stig.“ **- ghs**

Hvítasunnudagur:

## Barirnir opnaðir eftir miðnætti

**HELGIHALD** Lokað verður á vínveitingastöðum til miðnættis á hvítasunnudag, en krárnar mega hleypa viðskiptavinum sínum inn og selja þeim áfengi eftir það.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu mega staðir, sem hafa til þess leyfi, þjóna kúnnum sínum allt til klukkan 5.30 um nóttina.

Kvöldið áður, laugardagskvöld, er venjubundin opnunartími og opið allt kvöldið. Krárnar mega þó ekki selja vín lengur en til klukkan þrjú um nóttina. **- kóþ**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ræktuðu kannabis í fjölbýli

Lögregla stöðvaði umfangsmikla kannabisrækt í fjölbýlishúsi í austurborginni í gær. Tveir karlmenn á miðjum aldri voru handteknir og yfirheyrðir en sleppt að því loknu. Málið telst upplýst.

### Játar fyrnd kynferðisbrot

Karlmaður sem var tíður gestur á barnaheimilinu Kumbaravogi um 1970 hefur játað að hafa beitt börn þar kynferðislegu ofbeldi. Þetta kom fram í fréttum Sjónvarps í gær. Maðurinn var kærður í apríl og hefur lögregla lokið rannsókn málsins. Brotin eru fyrnd.






Bertie Ahern vinnur ótvíræðan sigur á Írlandi:

# Getur valið samstarfsflokk

**ÍRLAND, AP** Samkvæmt fyrstu tölum úr þingkosningunum á Írlandi bendir allt til þess að Fienna Fail, flokkur Bertie Aherns forsætisráðherra, hafi unnið meiri sigur en búist var við og jafnvel bætt við sig þingmönnum frá síðasta þingi.

Búist er við að Fienna Fail hljóti um það bil 80 þingmenn, en til að hafa meirihluta þingi þarf 83 þingmenn þannig að Fienna Fail ætti að geta myndað stjórn með litlum flokki eða nokkrum óháðum þingmönnum.

Lýðræðisflokkurinn, sem hefur verið í stjórnarsamstarfi með Fienna Fail, virðist hins vegar hafa beðið mikið afhroð í kosningunum.

Ahern hefur verið þingmaður frá árinu 1977 og forsætisráðherra frá árinu 1997. Hann náði afburða góðri kosningu í kjördæmi sínu í Dublin; hlaut 12.734 atkvæði, sem er meira en helmingi meira en þurfti til að lenda í efsta sæti í því kjördæmi.



**TALNING ATKVÆÐA** Vegna þess hve flókið kosningakerfið á Írlandi er verða úrslit kosninganna á fimmtudag varla ljós fyrr en í dag, eða jafnvel eftir nokkra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningarnar fóru fram á fimmtudag en talning atkvæða hófst ekki fyrr en í gærmorgun. Úrslit ættu að liggja nokkurn veginn fyrir í dag, þótt endanlegar tölur verði varla komnar á hreint fyrr en eftir nokkra daga. **- gb**



## Stjúpur
í sérflokki
10 stk 499



Snædrífa 3 litir 649



Mosaeyðir og áburður 5 kg 1990

# Allt í garðinn
## *á betra verði*

## Blómstrandi stofublóm
*Frábært verð*

*Verðdæmi:*
- Lisa - 499
- Begónía - 499
- Mörtuvöndur - 499
- Sumarkrýsi - 499
- Hortensía - 999





Útipottar *Fárbært verð* *Frábært úrval*

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 25.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,09 | 62,39 |
| Sterlingspund | 123,26 | 123,86 |
| Evra | 83,37 | 83,83 |
| Dönsk króna | 11,186 | 11,252 |
| Norsk króna | 10,296 | 10,356 |
| Sænsk króna | 9,069 | 9,123 |
| Japanskt jen | 0,5107 | 0,5137 |
| SDR | 93,91 | 94,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

113,4666

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Valgerður Sverrisdóttir býður sig fram til varaformennsku í Framsóknarflokknum:

# Vill reynsluríkt fólk í brúnni

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, ætlar að bjóða sig fram til embættis varaformanns á miðstjórnarfundi flokksins sem fram fer fyrripartinn í júní. Ákveðið verður í næstu viku hvenær miðstjórnarfundurinn fer fram.

Valgerður tilkynnti um þessa ákvörðun á blaðamannafundi í húsnæði Framsóknarflokksins við Hverfisgötu í gærmorgun.

Jón Sigurðsson hætti sem formaður flokksins á miðvikudag og Guðni Ágústsson tók við formennsku. Að óbreyttu verður nýr formaður ekki kjörinn fyrr en á landsfundi flokksins á næsta ári, en miðstjórn getur ákveðið að boða til formannskjörs fyrr.

Valgerður og Guðni hafa bæði setið á þingi í 20 ár. Spurð hvort ekki sé rétt að leyfa yngra fólki að spreyta sig eftir slæmt gengi í kosningum segir Valgerður að auðvitað komi á endanum að því.

„En mér segir svo hugur að miðað við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir núna þá sé gott að það sé reynsluríkt fólk sem stjórni Framsóknarflokknum,“ segir Valgerður.

Spurð hvernig hún reikni með að samstarfið við Guðna gangi sagði Valgerður að þau séu að mörgu leyti ólík, en það sé kostur.



**ÓLÍK GUÐNA** Valgerður Sverrisdóttir segir það kost fremur en galla að hún sé ólík Guðna Ágústssyni, formanni Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ég er þekkt fyrir það að standa með mínum formanni og hyggst gera það hér eftir eins og hingað til. Ég tel að við Guðni getum sýnt mikla breidd í okkar störfum.“ - bj

Brugðist við samgönguleysi:

# Strandsiglingar frá Akureyri

**SAMGÖNGUR Norðlendingar hafa ákveðið að hefja strandsiglingar hringinn í kringum landið. Siglt verður frá Íslandi til Danmerkur og Eystrasaltsríkjanna og einnig í kringum landið.**

**Fyrirtækið Dregg hefur fest kaup á 3.200 tonna dönsku fjölnota flutningaskipi en áhöfn þess verður að mestu eistnesk en skipið heitir Greenland Saga.**

**Ari Jónsson, forstjóri Dreggs, segist hafa rekið sig fljótt á að erfitt væri að búa við samgönguleysið á Íslandi en fyrirtækið þjónustar allt landið með pípum í gatnagerð og klóaklögnum.** - lbb


**FARLAMA FLUTT** Íbúar palestínsku flóttamannabúðanna flýja þaðan sem átökin eiga sér stað. NORDICPHOTOS/AFP

Umsátur um Nahr el-Bared:

# Líbanski herinn bætir við herlið

**LÍBANON, AP Bandaríkin og Arabaríki hófu að senda hernaðaraðstoð til Líbanon í gær til að styrkja stjórnarherinn í átökunum við herskáu samtökin Fatah íslam sem hafa staðið yfir síðan á sunnudag.**

**Lát hefur orðið að mestu á bardögum undanfarna daga og á meðan hefur stjórnarherinn bætt við herliðið sem umkringir palestínsku flóttamannabúðirnar Nahr el-Bared þar sem samtökin halda til.**

**Líkur eru taldar á að stjórnarherinn leggi til atlögu inn í búðirnar sem yrði að öllum líkindum blóðugur bardagi, eða að til langtíma umsátursástands komi til að knýja fram uppgjöf.** - sdg

## LEIÐRÉTTING

Sölvi Björn Hilmarsson matreiðslumaður sem rekur sjoppuna Rimlakjör á Litla-Hrauni var ranglega sagður Helgason í Fréttablaðinu í gær.

# Pólitísk spenna stigmagnast í Úkraínu

**Forseti Úkraínu tilkynnti í gær að hann tæki yfir stjórn hermanna sem heyra undir innanríkisráðuneytið. Ráðuneytið segir fyrirskipunina ólöglega og hafnar henni. Fyrirskipunin er talin benda til ótta um að til átaka geti komið.**

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu, tilkynnti í gær að hann tæki yfir stjórn hermanna sem heyra undir innanríkisráðuneyti Úkraínu. Innanríkisráðuneytið hafnaði hins vegar fyrirskipun forsetans þar sem hún væri ólögleg að sögn talsmanns ráðuneytisins sem sagði „glæpsamlegt að framfylgja ólöglegum fyrirskipunum“.

Innanríkisráðherrann er bandamaður forsætisráðherra Úkraínu, Viktors Janúkovits, sem er höfuðandstæðingur Júsjenskós. Spennan hefur stigmagnast undanfarnar vikur á milli Júsjenkós og Janúkovits, og þessi fyrirskipun Júsjenkós er talin benda til aukins ótta um að til mögulegra átaka komi.

Í yfirlýsingu frá forsetaembættinu segir að fyrirskipunin sé nauðsynleg „til að fyrirbyggja að hermenn innanríkisráðuneytisins séu notaðir í hag pólítískra afla sem ógna þjóðaröryggi Úkraínu“.

32.000 hermenn og 220.000 lögreglumenn heyra undir innanríkisráðuneytið en fyrirskipun Júsjenkós nær aðeins til hermannanna sem Oleksandr Kihtenko hershöfðingi, bandamaður Júsjenkós, leiðir.

Mikil spenna hefur verið í Úkraínu frá því að Júsjenkó leysti upp þing 2. apríl síðastliðinn og boðaði til kosninga á þeim grundvelli að Janúkovits væri með ólöglegum hætti að auka við þingmeirihluta sinn í þeim tilgangi að sölsa undir sig völd. Þingmenn hafa hins vegar hundsað fyrirskipun Júsjenkós sem þeir segja brjóta gegn stjórnarskránni.


**VEL VARÐIR** Sérsveitarmenn stóðu vörð við skrifstofu ríkissaksóknara meðan á mótmælum stuðningsmanna Janúkovits stóð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**VIKTOR JANÚKOVITS**


**VIKTOR JÚSJENKÓ**

Spennan magnaðist enn á fimmtudaginn þegar Júsjenkó rak ríkissaksóknara Úkraínu, Svyatoslav Piskun, úr embætti á þeim grundvelli að Piskun, sem er þingmaður úr liði Janúkóvits, geti ekki setið sem ríkissaksóknari meðfram þingmennsku. En óvissa um hvort að sitjandi þing sé löglegt flækir brottreksturinn.

Fyrirskipun Júsjenkós um að leysa upp þing er nú til meðferðar hjá stórnlagadómstóli Úkraínu. Júsjenkó og Janúkovits hafa báðir samþykkt að hlíta úrskurði dómstólsins en málsmeðferð hefur dregist vegna fyrirskipana Júsjenkós um brottrekstur nokkurra dómara dómstólsins, þar á meðal yfirdómarans.

sdg@frettabladid.is

Kvennahreyfing Samfylkingar:

# Ánægð með hlut kvenna

**JAFNRÉTTI** Stjórn kvennahreyfingar Samfylkingarinnar lýsir yfir ánægju sinni með áherslur ríkisstjórnarinnar í kvenfrelsis- og jafnréttismálum.

Jafnt kynjahlutfall ráðherra Samfylkingarinnar sýni að flokkurinn standi við orð sín í jafnréttismálum.


**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

„Ég er mjög ánægð að sjá að það verði gert átak til að útrýma kynjabundnum launamun,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður kvennahreyfingarinnar. „Það á að fara fram endurmat á launaumhverfi hefðbundinna kvennastétta. Það er svo mikilvægt því það eru jú þessar stéttir sem halda uppi velferðarsamfélaginu,“ segir hún. - kóþ

Óheppnir ógæfumenn:

# Teknir með illa fengið guðsorð

**LÖGREGLUMÁL Tveir ógæfumenn voru teknir fyrir austan fjall með fagnaðarerindið í fórum sínum. Höfðu Biblían og sálmabókin verið teknar ófrjálsri hendi úr Krýsuvíkurkirkju.**

**Helgiritunum var skilað til sóknarprests í gærdag og tók hann þeim fegins hendi, því messað verður í kirkjunni á hvítasunnudag. Haft var á orði að laganna verðir hefðu bjargað messuhaldi. Þeim var því boðið til bænastundar og héldu að henni lokinni sína leið. Þeir voru að sögn léttir í lundu eftir andans upplyftinguna.** - kóþ

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. **www.lagadeild.hi.is.**

**Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-**

## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**EINNA BEST SUÐRA**

**Þá er runnin upp fyrsta stóra ferðahelgi ársins. Sá ég i gær hvert hjólhýsið og fellihýsið á leið úr bænum. Tilfellið er að það skortir verulega nokkrar hitagráður. Besta veðrið verður sunnan og suðvestan til. Þar verður bjart og þokkalega hægur vindur og dagshitinn bærilegur þó víða verði næturfrost. Nyrðra minnir veðrið einna mest á vetur.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Norðaustan 3-8 m/s og bjartviðri. Hiti 5-9 stig að deginum annars mun svalara.**

*um hádegi »*










*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C hálfskýjað | London | 18°C léttskýjað | Alicante | 25°C hálfskýjað |
| Billund | 17°C hálfskýjað | París | 21°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 18°C hálfskýjað | Frankfurt | 25°C skúrir | Basel | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 22°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 24°C skúrir | Eindoven | 26°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C heiðskírt | Berlín | 26°C skúrir | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




ALLT FYRIR
# FERÐALAGIÐ
Í SMÁRALIND

Í Smáralind færðu allt sem þarf til að ferðalagið heppnist vel og verði skemmtilegt, hvort sem það er fatnaður, matur eða ferðabúnaður.

Komdu í Smáralind áður en þú leggur í hann og búðu þig undir góða ferð.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SIA / NM27928

## KJÖRKASSINN



*Ertu sátt(ur) við stjórnarsáttmálann?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,5% |
| Nei | 34,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu fá olíuhreinsunarstöð í þitt byggðarlag?*

vísir

Fyrsti fundur nýrrar ríkisstjórnar var haldinn í stjórnarráðinu í gær:

# Mál sumarþingsins undirbúin

**STJÓRNMÁL** „Við vorum að ræða um mál sem þarf að undirbúa fyrir komandi sumarþing. Við munum væntanlega leggja fram frumvarp um breytingar á stjórnarráðslögunum og við erum með í undirbúningi þingsályktunartillögu vegna málefna barna og unglinga. Einnig breytingar á almannatryggingalöggjöfinni hvað varðar málefni aldraða sérstaklega,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra að loknum fyrsta fundi nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar í gær.



**GEIR H. HAARDE** Sumarþing hefst á fimmtudag þar sem þrjú mál verða til umfjöllunar sérstaklega.

Sumarþing hefst á fimmtudaginn og telur forsætisráðherra að afgreiðsla þeirra mála sem verða til umfjöllunar á sumarþinginu taki um vikutíma.

Atvinnuvandi Flateyrar var ræddur sérstaklega á fundinum í gærmorgun. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, sem fer með byggðamál, og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra munu fjalla sameiginlega um vandann.

Forsætisráðherra segir að undirbúningsvinnu vegna mála sem ríkisstjórnin hefur í forgangi væri ekki lokið og því kæmu þau jafnvel ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót.

Breytingar á lögum um stjórnarráðið geta verið flókin; heiti ráðuneyta eru bundin í lögum og einnig þarf að endurskoða reglugerðir um verkaskiptingu þeirra. Breytingar á lögum um stjórnarráðið kalla einnig á breytingar á ýmsum sérlögum, sem getur verið tafsamt. - shá

Brot á höfundarrétti:

# Dæmdar bætur vegna Friends

**DÓMSMÁL Árni Samúelsson, eigandi SAM-myndbanda, var í gær dæmdur til að greiða Ólafi Jónssyni þýðanda eina milljón króna í skaðabætur.**

**Árni er talinn sekur um að hafa brotið höfundarréttarlög þegar Friends sjónvarpsþættirnir voru gefnir út á DVD-diskum með þýðingum Ólafs. Þættirnir höfðu áður verið gefnir út á VHS-spólum samkvæmt munnlegum samningi þeirra Ólafs og Árna.**

**Ólafur hélt því fram að sá samningur hefði ekki náð til DVD-útgáfunnar og honum bæri því eitthvað fyrir þá útgáfu líka. Hæstiréttur var sammála.** - kóþ


## Aðalfundur ÍFR 2007

Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn sunnudaginn 3. júní 2007 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**
**1. Venjuleg aðalfundarstörf**
**2. Önnur mál**
**Stjórnin**


# Verðum hluti af leiðandi kauphöll

**Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq kaupir norrænu kauphallarsamstæðuna OMX á tæpa 330 milljarða króna. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir líkur á að starfsemi kauphallarinnar aukist hér á landi.**

**VIÐSKIPTI** Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq gerði í gærmorgun yfirtökutilboð í OMX-samstæðuna, sem rekur kauphallir á Norðurlöndunum, þar á meðal hér, og í Eystrasaltsríkjunum. Stjórnir beggja fyrirtækja hafa samþykkt tilboðið og mæla með því að hluthafar geri það líka. Sameinað fyrirtæki mun heita Nasdaq OMX Group með markaðsvirði að öllu óbreyttu upp á 7,1 milljarð bandaríkjadala, jafnvirði 440,7 milljarða íslenskra króna.

Tilboðið hljóðar upp á 3,7 milljarða bandaríkjadala, jafnvirði 227,9 milljarða íslenskra króna. Greitt verður með nýjum hlutum í Nasdaq og reiðufé. Kaupverðið nemur 208,1 sænskri krónu á hlut sem er 19 prósentum yfir lokagengi bréfa í OMX á miðvikudag.

Gert er ráð fyrir að samruna fyrirtækjanna ljúki á síðasta fjórðungi þessa árs. Robert Greifeld, forstjóri Nasdaq, verður forstjóri samstæðunnar en Magnus Böcker, núverandi forstjóri OMX AB, verður stjórnarformaður sameinaðs félags.

OMX keypti Kauphöll Íslands síðasta haust og tók við rekstrinum í desember. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir samruna kauphallanna hafa verið á hárréttum tíma. „Þetta er fagnaðarefni. Hefðum við ekki sameinast OMX á sínum tíma er hætta á að við hefðum setið eftir í samrunanum. Tímasetningin var því afar góð. Nú erum við að taka skrefið lengra og verða hluti af leiðandi kauphöll með sterka stöðu beggja vegna Atlantshafsins. Sýnileiki fyrirtækja sem skráð eru hér og aðgangur fjárfesta kemur til með að batna enn frekar,“ segir hann og bendir á að einungis Kauphöllin í New York í Bandaríkjunum, sem hefur sameinast samevrópska hlutabréfamarkaðnum Euronext, hafi svipaða stöðu.



**OPNAÐ FYRIR VIÐSKIPTI Í SAMEINAÐRI KAUPHÖLL Í APRÍL** Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir Kauphöll Íslands hafa sameinast OMX á hárréttum tíma. Ef af henni hefði ekki orðið væri hætta á að kauphöllin hefði setið eftir við sameiningu Nasdaq og OMX. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þórður segir samrunann geta haft jákvæð áhrif á starfsemi kauphallarinnar hér. „Það hefur verið í skoðun hjá OMX-samstæðunni að nýta hagkvæmt skattaumhverfi hér á landi. Það getur leitt til þess að einhverjir starfsþættir verði efldir hér á landi fremur en dregið úr þeim á næstu misserum,“ segir hann. jonab@frettabladid.is


VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



## BS EÐA BA NÁM Í HAGFRÆÐI

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á hagnýtt BS og BA nám í hagfræði með möguleika á sérhæfingu í fjármálum.

Námið er mjög góður undirbúningur fyrir störf í fjármálageiranum og framhaldsnám í hagfræði eða fjármálum.

Framúrskarandi aðstaða verður tekin til notkunar fyrir nemendur deildarinnar í haust.

**Umsóknarfrestur til 5. júní.**

Árleg skráningargjöld: 45.000 krónur.

Nánari upplýsingar á www.vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37817 05/07


Forseti Tyrklands beitir neitunarvaldi gegn stjórnarskrárbreytingu:

# Hafnar þjóðkjöri forseta landsins

**TYRKLAND, AP** Ahmet Necdet Sezer, forseti Tyrklands, beitti í gær neitunarvaldi sínu gegn stjórnarskrárbreytingu um að forseti landsins verði þjóðkjörinn.

Stjórnarskrárbreytingin kemur því aftur til meðferðar þingsins, sem líklega samþykkir hana óbreytta í næstu viku. Forsetinn getur ekki beitt neitunarvaldi sínu öðru sinni, en neiti hann að skrifa undir lögin verða þau lögð undir dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Afstaða forsetans kom ekki á óvart, en þykir þó nokkurt áfall fyrir Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra, sem hafði vonast til þess að hægt yrði að halda forsetakosningar og þingkosningar samtímis hinn 22. júlí næstkomandi.

Seser forseti segir stjórnarskrárbreytinguna ekki samræmast lýðræðislegri stjórnskipan Tyrklands. Þjóðkjörinn forseti gæti frekar freistast til að standa gegn vilja þingsins, þar sem bæði þingið og forsetinn yrðu kosin af þjóðinni. Þetta gæti skapað óstöðugleika auk þess sem grafið væri undan hlutleysi forsetans.

Forseti landsins hefur til þessa verið þingkjörinn. Erdogan brá til þess ráðs að fá þingið til að samþykkja þessa stjórnarskrárbreytingu, þar sem nægilegur meirihluti var ekki á þingi til að kjósa forsetaframbjóðanda hans. - gb



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands hefði helst viljað að forsetakjör gæti orðið um leið og þingkosningar nú í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

www.volkswagen.is



# Má bjóða þér grænan Passat?




Volkswagen Passat er einhver glæsilegasti bíll sem völ er á í sínum flokki. Fjölbreytt úrval véla og búnaðar er í boði og uppfyllir fjölbreytilegustu kröfur. Við mælum með TDI-dísilvélinni sem gefur urrandi afl þrátt fyrir að vera sparsöm og umhverfisvæn svo um munar.

Í tilefni af samstarfi okkar við Hekluskóga um kolefnisjöfnun bjóðum við Volkswagen Passat nú á sérlega hagstæðum kjörum:

## Kostar frá aðeins 26.500 kr. á mánuði*

* M.v. 30% útborgun og Bílasamning SP til 84 mánaða. Verð 2.690.000 kr.

### Volkswagen Passat er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsaloftteguna og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.



HEKLA

Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8799



# Ertu á leið í útskriftarveislu?

## Gríptu með þér alvöru Alfræðiorðabók

**Frábært tilboð**
Áður 29.900
Nú 13.980

opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


Einhverjir hafa verið handteknir vegna árásarinnar á Ársæl Árælsson í Malaví:

# Fær sérhæfða áfallahjálp í Evrópu

**LÖGREGLUMÁL** Ársæll Kristófer Ársælsson, sem varð fyrir árás vopnaðra ræningja í Malaví aðfaranótt miðvikudags, hefur verið fluttur frá landinu og til Evrópu þar sem hann þarf á sérhæfðri áfallahjálp að halda. Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem Ársæll starfaði fyrir, vill ekki gefa upp hvert Ársæll var fluttur. „Hann bað um að við gæfum það ekki upp að svo stöddu.“

Mennirnir réðust inn á heimili Ársæls í Monkey Bay við Malavívatn þar sem hann svaf í rúmi sínu, bundu hann og kefluðu og stálu öllum verðmætum. Áður höfðu þeir


SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

lokað verði Ársæls, heimamenn vopnaða bareflum, inni í útihúsi, en þeir losuðu sig út og komu Ársæli til hjálpar. Sighvatur segir að Ársæll hafi ekki orðið fyrir neinum líkamlegum meiðslum.

Sighvatur segist vita til þess að lögreglan í Malaví hafi handtekið einhverja vegna málsins, en ekki hafi fengist staðfesting á því að þar séu ræningjarnir á ferð. Sighvatur segir lögregluna líta málið mjög alvarlegum augum. „Árásir sem þessar eru afskaplega sjaldgæfar á þessum slóðum þar sem við störfum,“ segir hann. Sighvatur segist ekki vita hvaða refsingu ræningjarnir megi eiga von á. „Það eina sem ég veit er að ég mundi ekki vilja vera í þeirra sporum ef þeir nást.“

Aðrir Íslendingar sem dvöldust við Malavívatn voru fluttir til höfuðborgarinnar Lílongve og munu dveljast þar uns annað verður ákveðið. **- sh**

Íslendingar hafa náð umtalsverðum árangri í forvörnum samkvæmt rannsókn:

# Unglingar vilja vera með foreldrunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar hafa náð umtalsverðum árangri í forvörnum á síðustu árum og börn og unglingar telja samveru við foreldra sína mikilvæga. Þetta eru niðurstöður rannsókna sem kynntar voru á Bessastöðum í gær.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, efndi til fundar á Bessastöðum þar sem dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti við Háskólann í Reykjavík, greindi frá niðurstöðum evrópskrar samanburðarrannsóknar á forvörnum, þar sem skýrt var frá því að margt benti til þess að Íslendingar hafi náð miklum árangri í forvörnum. Álfgeir Kristjánsson, aðjúnkt frá Háskólanum í Reykjavík, greindi frá niðurstöðum sem Forvarnardagurinn á Íslandi hafði skilað, þar sem meðal annars kom fram að börn og unglingar telja mjög mikilvægt að verja tíma með foreldrum sínum.

Forsetinn segir athugasemdir barnanna sjálfra eitt það dýrmætasta sem kemur út úr niðurstöðunum. „Bæði rannsóknirnar og forvarnardagurinn sýna að samvera með börnunum við hversdagslega hluti, þátttaka í tómstundum og íþróttastarfi og það að byrja ekki að neyta áfengis fyrr en um átján ára aldur eru áhrifaríkustu leiðirnar. Víglínan í forvarnarstarfinu er hjá okkur sjálfum og í hverri fjölskyldu en ekki hjá stofnunum eða sérfræðingum,“ segir forsetinn. **- lbb**


**NIÐURSTÖÐURNAR KYNNTAR** Jórunn Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Þórólfur Þórlindsson, dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir og Róbert Wessman.





**Ráðstefna** á Hótel Sögu fimmtudaginn 31. maí 2007

# Ný Örfirisey

Framtíðarnotkun og skipulag byggðar í Örfirisey og á tengdum landfyllingum

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Skráning fer fram á netfanginu radstefna@faxaports.is eða í síma **525 8900.**

Ráðstefnustjóri verður Kjartan Magnússon.



## Dagskrá

| | |
|---|---|
| 12.30 | Skráning þátttakenda og afhending ráðstefnugagna |
| 13.00 | **Opnun – Örfirisey framtíðarinnar** |
| | Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs |
| 13.20 | **Örfirisey og hafnarstarfsemi Reykjavíkurborgar** |
| | Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna |
| 13.50 | **Þróun byggðar með hafnarstarfsemi í Kaupmannahöfn** |
| | Karl-Gustav Jensen, framkvæmdastjóri Port of Copenhagen Ltd. |
| 14.20 | **Reynsla frá evrópskum verkefnum, hugmyndir fyrir Örfirisey** |
| | Sjoerd Soeters, arkitekt hjá Soeters Van Eldonk í Amsterdam |
| 14.50 | Kaffiveitingar |
| 15.15 | **Samþætting íbúðabyggðar og hafnar í Stokkhólmi frá sjónarhóli hafnarinnar** |
| | Kjell Karlsson, framkvæmdastjóri innra skipulags Stokkhólmshafnar |
| 15.45 | **Stóra myndin, skipulag íbúðabyggðar og hafnarstarfsemi** |
| | Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur |
| 16.05 | **Örfirisey – draumalandið?** |
| | Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkur |
| 16.25 | **Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina** |
| | Stefán Þórarinsson, formaður verkefnisstjórnar Portus hf. |
| 16.45 | **Opnar umræður og spurningar** |
| 17.10 | **Samantekt og lokaorð** |



Faxaflóahafnir sf



Frábært verð
frá 1.299 kr
Ballerínuskór 2.999 kr
Sportskór 2.999 kr
Sportskór 2.999 kr
Sportskór 2.999 kr
Sandalar 2.999 kr
Sandalar 2.999 kr
Ballerínuskór 2.999 kr
Mokkasínur 2.999 kr
Sandalar 1.299 kr
Kanvas skór 2.999 kr
Kanvas skór 2.999 kr
Kanvas skór 1.699 kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GEISLAFRÆÐI
LÆKNADEILD



Viltu verða geislafræðingur?
Þú getur orðið það í Háskóla Íslands

Geislafræðingar hljóta menntun sína í Geisla- og lífeindafræðiskor Læknadeildar Háskóla Íslands. Geislafræðingar starfa við myndgreiningu á heilbrigðisstofnunum hvar sem er í heiminum. Þetta er fjölbreytt grein innan heilbrigðisfræðanna sem gefur spennandi starfstækifæri og möguleika á framhaldsmenntun víða um heim.
Sjá nánar á www.laeknadeild.hi.is

Umsóknarfrestur um nám við Háskóla Íslands veturinn 2007–2008 er til 5. júní.
Sjá nánar á www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Klerkurinn Muktada al Sadr kemur fram opinberlega:

# Flutti ræðu í Najaf

**ÍRAK, AP** Sjíaklerkurinn Muktada al Sadr kom fram opinberlega í Najaf í gær í fyrsta sinn í fjóra mánuði og flutti þar á trúarsamkomu þrumuræðu gegn Bandaríkjunum. Hann krafðist þess að bandarískir hermenn færu frá Írak en fordæmdi jafnframt innbyrðis átök landsmanna.

Al Sadr hefur verið í felum, að öllum líkindum í Íran, undanfarna fjóra mánuði. Ekki er alveg ljóst hvers vegna hann valdi að koma fram á sjónarsviðið núna. Hugsanlegt er að hann vilji notfæra sér fjarveru helsta mótherja síns meðal sjía-múslima í Írak, Abdul-Aziz al-Hakim, sem nýverið greindist með lungnakrabbamein.

Al Sadr sagði átök milli liðsmanna í Mahdi-hernum, sem er eins konar einkaher hans sjálfs, og írösku öryggissveitanna einungis „þjóna hagsmunum hernámsliðsins“. Þess í stað hvatti hann liðsmenn Mahdi-hersins til að snúa sér að friðsamlegum mótmælum gegn hernáminu.

Mahdi-herinn barðist lengi vel af mikilli hörku gegn bandaríska herliðinu en eftir að sameiginlegt átak bandarískra og íraskra hermanna gegn uppreisnarmönnum í Bagdad hófst í vetur skipaði hann herliði sínu að draga sig í hlé.

Í síðasta mánuði sögðu stuðningsmenn al Sadrs sig úr ríkisstjórn Íraks. Svo virðist sem al Sadr geri sér vonir um að stjórnin falli áður en langt líður vegna þess hve hægt miðar í að koma á friði í Bagdad og um land allt. **- gb**



**MUKTADA AL SADR** Krefst þess að Bandaríkjamenn fari frá Írak en fordæmir innbyrðis átök landsmanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag sjálfstæðiskvenna:

# Ásta hætt og Drífa tekin við

**STJÓRNMÁL** Ásta Möller þingkona lét af störfum sem formaður Félags sjálfstæðiskvenna á landsþingi félagsins síðastliðinn mánudag en Drífa Hjartardóttir, fyrrverandi alþingiskona, tók við sem formaður. „Ég hafði verið í þessu starfi í tvö ár og sá tími var virkilega skemmtilegur og gefandi. Nú er röðin komin að öðrum og ég er viss um að starf félagsins verður þróttmikið nú sem endranær.“



**ÁSTA MÖLLER**

Nokkurrar óánægju hefur gætt meðal sjálfstæðiskvenna með skipan ráðherra Sjálfstæðisflokksins í nýrri ríkisstjórn en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er eina konan í ráðherraliði flokksins. Að sögn Ástu hafði óánægjan ekkert með þetta að gera heldur hefðu breytingarnar verið ákveðnar með miklum fyrirvara. **- mh**

Þarftu að fá nýtt skattkort eða fá gamla kortinu skipt?

Nú getur þú sótt um
Nýjung!
skattkort
á skattur.is
og fengið það sent



1 - Umsækjandi sækir um skattkort á **skattur.is**
2 - Skattstjóri fer yfir umsóknina
3 - Skattkortið berst í pósti

*Sótt er um skattkort á:*
**www.skattur.is**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR
1. JÚNÍ 2007
LÝÐHEILSUSTÖÐ

aim
aimfestival.is
31. MAÍ - 1. JÚNÍ
MORR MUSIC
TARWATER
BENNI HEMM HEMM
ISAN
THE GO FIND
O.FL...
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland
Saga Capital FJÁRFESTINGARBANKI
AKUREYRARSTOFA



asics
Asics hlaupadagurinn
Sérfræðingur frá Asics veitir ókeypis
Footscan greiningu með Footdics og hjálpar
þér að velja réttu Asics skóna.
Í Útilíf Kringlunni,
laugardaginn 26. maí
milli kl. 13.00 – 17.00
MARAPON GLITNIS
Asics er stuðningsaðili Reykjavíkurmaraþons 2007
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Þótti hættulegt að horfa í myrkri

**Börn og sjónvarp er rannsóknaverkefni sem á rætur sínar að rekja til ársins 1968 þegar Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, lagði spurningalista fyrir nemendur í þremur grunnskólum. Kjartan Ólafsson, sérfræðingur við Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, vinnur að rannsóknum sem byggja á einstæðu gagnasafni á heimsvísu.**

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

Þegar Þorbjörn Broddason lagði spurningalista sína fyrir 601 nemanda í völdum grunnskólum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum árið 1968 var tilgangurinn að safna gögnum í meistaraprófsritgerð sem fjalla skyldi um tilkomu sjónvarps í íslensku samfélagi. Aðstæðurnar voru einstakar þar sem útsendingar sjónvarps höfðu staðið í tæp tvö ár og náðu ekki til landsins alls.

Engin ákveðin áform voru uppi um það árið 1968 að nota rannsóknina sem grundvöll fyrir áframhaldandi gagnasöfnun í framtíðinni og hún var því fyrst og fremst sniðin að þessu sérstaka viðfangsefni að rannsaka tilkomu sjónvarpsins. Fljótlega varð þó ljóst að gögnin frá 1968 veittu einstæðar upplýsingar um viðfangsefni sem sífellt meiri áhugi var fyrir að rannsaka. Þar með var boltinn farinn af stað og það sem byrjaði sem gagnaöflun fyrir meistaraprófsverkefni var orðið að langtímarannsókn sem spannar nú 39 ár og sex rannsóknarlotur.

### Einstæðir möguleikar

„Þau gögn sem þegar hefur verið safnað gefa einstæða möguleika á að rýna í þróun íslensks samfélags á síðari hluta 20. aldar. Verkefnið er á margan hátt einstakt, jafnt á íslenskan sem alþjóðlegan mælikvarða, vegna þeirra möguleika sem það gefur á að greina breytingar í lífi og starfi ungs fólks allt frá upphafsárum sjónvarps á Íslandi og fram á þennan dag,“ segir Kjartan. „Rannsóknaverkefnið er að líkindum hið eina sem tekur til svo víðtæks hóps yfir jafn langt tímabil og raun ber vitni.“

Ef gefa á þverskurð af því hve rannsóknaspurningarnar eru fjölbreyttar þá má í gagnasafninu greina þátttöku í frístundastarfi þar sem áhugamennska hefur þróast yfir í atvinnumennsku og upplýsingar um sjónvarpsáhorf. „Áhorf hefur bæði vaxið nokkuð í tíma talið og eins breyst frá því að vera áhorf með fjölskyldunni og yfir í að vera sífellt meira áhorf í einrúmi,“ segir Kjartan. „Árið 1968 var sjónvarpið hluti af dægrastyttingu fjölskyldunnar í heild en í dag horfa börn og unglingar á sjónvarp í einrúmi í síauknum mæli. Einnig er hægt að greina að hugmyndir ungmenna um framtíðarstarf hafa breyst nokkuð gegnum tíðina og sömuleiðis að kynaðgreining starfa virðist ekkert minnka.“



**KJARTAN ÓLAFSSON** Sinnir rannsóknum sem byggðar eru á einstökum gagnagrunni sem safnað hefur verið á tæplega fjórum áratugum. Gagnabankinn gefur einstæða möguleika á að rýna í þróun íslensks samfélags á síðari hluta 20. aldar.

Margar síðari tíma athuganir hafa beint sjónum sínum að sömu eða svipuðum viðfangsefnum en sérstaða þessa verkefnis er fólgin í hinum langa samanburðartíma sem er til staðar varðandi marga af þeim þáttum sem til skoðunar eru. „Upplýsingarnar gefa samfelldari mynd af veruleika íslenskra ungmenna á miklum umbrotatíma í íslensku þjóðlífi en unnt er með öðrum fyrirliggjandi gagnasöfnum. Rannsóknin hefur því ekki aðeins gildi út af fyrir sig heldur ekki síður í tengslum við ýmsar aðrar rannsóknir,“ segir Kjartan.

> Árið 1968 var sjónvarpið hluti af dægrastyttingu fjölskyldunnar í heild en í dag horfa börn og unglingar á sjónvarp í einrúmi í síauknum mæli.

### Breyttir tímar

Það er ekki einfalt að meta hvernig sjónvarpsáhorf hefur þróast frá árinu 1968 þó flestir muni sjálfsagt gera ráð fyrir að það hafi aukist. En hversu mikið? „Það má áætla að meðaláhorf barna á aldrinum 10-14 ára hafi árið 1968 verið rétt rúmar 11 stundir á viku. Áhorfið vex svo og mælist um það bil 13 stundir árið 1979 þó að einungis sé ein sjónvarpsstöð í landinu. Árið 1985 var meðaláhorf á myndbönd um 5 stundir á viku sem bendir til þess að ungmenni á þessum tíma hafi gjarnan viljað horfa meira á sjónvarpið en ekki endilega meira á það sem RÚV hafði upp á að bjóða,“ segir Kjartan.

Meðal þess sem spurt hefur verið um í könnunum verkefnisins er hvaða starf ungmennin telja líklegast að þau muni starfa við í framtíðinni. Flestir strákar árið 1968 vildu verða smiðir en einnig flugmenn eða sjómenn. Stelpurnar nefndu flestar flugfreyjustarfið árið 1968 en þar á eftir hárgreiðslu og hjúkrun. „Árið 2003 er lögfræði hins vegar komin í fyrsta sætið yfir líkleg störf hjá strákum og það að vera atvinnumaður í fótbolta er líka ofarlega á blaði. Hjá stelpum skorar hárgreiðslustarfið hæst, þar á eftir læknisstarfið og lögfræðin. Áhrif fjölmiðlanna eru án efa mikil í þessu sambandi og má benda á þann mikla fjölda sjónvarpsþátta þar sem lögfræðingar eru í aðalhlutverki.“

### Hvert stefnir?

Rannsóknarverkefnið Börn og sjónvarp á Íslandi stendur nú á nokkrum tímamótum. Eins og nærri má geta hefur verkefnið getið af sér mjög viðamikið gagnasafn sem býður upp á fjölmarga úrvinnslumöguleika sem aðeins hafa verið nýttir að litlum hluta. Kjartan segir að nú sé verið að búa svo um þessi gögn að þau verði aðgengileg fræðimönnum, nemendum og öðrum áhugasömum aðilum í framtíðinni. „Jafnframt er verið að leggja drög að framhaldi rannsóknarinnar. Þær breytingar sem eru að verða á sviði fjölmiðlunar hafa í för með sér að nauðsynlegt er að endurmeta þær aðferðir sem notast er við í rannsóknum sem þessum þar sem áhersla hefur verið á að meta notkun einstakra miðla. Þannig má spyrja hvort sjónvarpsstöðvar í venjulegum skilningi þess orðs verða til staðar árið 2009 þegar næsta lota rannsóknarinnar verður væntanlega framkvæmd,“ segir Kjartan.

svavar@frettabladid.is

## SKÁTI Í STJÓRN LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

Kjartan Ólafsson er fæddur á Akureyri 1974. Eiginkona hans er Una Björg Hjartardóttir, kennari við Tónlistarskólann á Akureyri. Þau eiga dæturnar Sólrúnu Svövu, Sunnevu og Helgu Björgu.

Kjartan lauk fagnámi rafiðna frá Verkmenntaskólanum á Akureyri árið 1993 og stúdentsprófi af tæknisviði skólans árið 1994. Hann lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og MA-prófi í félagsfræði frá sama skóla árið 2000.

Kjartan hefur gegnt starfi sérfræðings hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri frá árinu 2000 og er lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri frá 2006.

Hann var ritstjórnarfulltrúi (managing editor) Acta Sociologica, tímarits norrænna félagsfræðinga árið 2000 og sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu ehf. 1999-2000. Auk þess var hann stunda- og aðstoðarkennari við ýmis námskeið í Háskóla Íslands árin 1998-2000.

Kjartan hefur tekið þátt í fjölbreyttum félagsstörfum. Hann er varamaður í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum (NIKK), í stjórn félags háskólakennara á Akureyri frá 2003 og í stjórn Leikfélags Akureyrar frá 2004. Kjartan hefur einnig gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir skátahreyfinguna.


www.kirkjulistahatid.is

„Ég vil lofsyngja Drottni“

KIRKJULISTAHÁTÍÐ

FESTIVAL OF SACRED ARTS

11.- 19. ágúst 2007

MESSA Í H-MOLL

eftir JOHANN SEBASTIAN BACH

einsöngvarar:
Monika Frimmer sópran, Robin Blaze kontratenór,
Gerd Türk tenór og Peter Kooij bassi
Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag og Mótettukór Hallgrímskirkju
stjórnandi: Hörður Áskelsson

Í HALLGRÍMSKIRKJU
opnunartónleikar hátíðarinnar
laugardaginn 11. ágúst kl. 17.00
sunnudaginn 12. ágúst kl. 20.00

Í SKÁLHOLTSDÓMKIRKJU
mánudaginn 13. ágúst kl. 19.00





ÍSRAEL Í EGYPTALANDI

eftir GEORGE FRIDERIC HANDEL

Óratóría í þremur þáttum - frumflutningur á Íslandi

einsöngvarar:
Robin Blaze kontratenór, Kirstín Erna Blöndal sópran, Elfa Margrét
Ingvadóttir sópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Alex Ashworth barítón,
Hrólfur Sæmundsson barítón og Benedikt Ingólfsson bassi
Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag og SCHOLA CANTORUM
stjórnandi: Hörður Áskelsson

Í HALLGRÍMSKIRKJU
lokatónleikar hátíðarinnar
sunnudaginn 19. ágúst kl. 19.00

Í SKÁLHOLTSDÓMKIRKJU
föstudaginn 17. ágúst kl. 19.00

MIÐASALA: HALLGRÍMSKIRKJA - 12 TÓNAR - midi.is

Styrkt af Reykjavíkurborg · Landsbankinn · spron · GLITNIR

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ, KRISTNISJÓÐUR, REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMI EYSTRA OG VESTRA, HOLLENSKA SENDIRÁÐIÐ, MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR




# Nú er allt hægt hratt

## – á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.

**Kostir ljósleiðarans**

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

**Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?**

Kannaðu málið á www.gagnaveita.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland S. 515 6100

vodafone S. 1414

Hive S. 414 1616

Hringiðan INTERNETÞJÓNUSTA S. 525 2400

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Opið 10-21




LAMBALÆRISSNEIÐAR MEÐ HVÍTL. OG RÓSMARÍN
**1.898** kr. kg
Þú sparar **400** kr. kg




Öruggast er að skafa marineringuna af sneiðunum. Grillið sneiðarnar á mesta hita í 1 mínútu á báðum hliðum. Grillið síðan í 6 mín, á hvorri hlið á minnsta hita. Athugið að pensla kjötið með marineringunni undir lok grilltímans og gætið þess að hún nái góðum hita.

GRÍSAHNAKKI ÚRB. BROWN SUGAR
**1.498** kr. kg
Nóatún mælir með!




STEINBÍTSSPJÓT MEXICOMARINERING
**398** kr. stk.
Nóatún mælir með!




ANDABRINGUR
**2.798** kr. kg
**20%** afsláttur




GRÍSAKÓTELETTUR ÚRB. ORIENTAL
**1.798** kr. kg
Þú sparar **200** kr. kg




SMÁLÚÐUSTEIK Í REYKTUM TÓMATLEGI
**1.998** kr. kg
Nóatún mælir með!

Lífrænt




Kiss my face hárvörur!

Ferðafélaginn!




COKE DÓSIR 33 CL 12 Í PAKKA
**599** kr. pk.




JACK DANIELS BBQ SÓSUR
**199** kr. stk.




BADIA EXTRA VIRGIN OIL
**469** kr. stk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambalæri!
Nýtt
Úr Kjötborði Nóatúns
Ungnautafillet
í kryddostasósu
2.998 kr. kg
Nóatúns grillkjöt
Þú sparar
400
kr. kg
LAMBALÆRI MEÐ
FERSKUM KRYDDJURTUM
1.498 kr. kg
Lokað á Hvítasunnudag - opið annan í Hvítasunnu 11-21
Úr Kjötborði Nóatúns
Nýtt
LÚXUS HAMBORGARAR
2 Í PAKKA
400 kr. pk.
Þú sparar
159
kr. pk.
GRÍSALUNDIR MEÐ
SUMARFYLLINGU
2.498 kr. pk.
Þú sparar
200
kr. pk.
NÓATÚNS
LAMBAFRAMHR. SNEIÐAR
Í MEXICANA MARINERINGU
1.398 kr. kg
Þú sparar
300
kr. kg
Ferskt og gott
á grænmetistorginu!
Grill-n-Go
GRILLPRO
Grillpro fylgihlutir
25% afsláttur!
Verði ykkur að góðu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Næstu kosningar:

## Fleygjárnin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þeir eru ekki margir sem þegar eru farnir að hugsa um næstu kosningar. Markmið ráðherranna eru nærtæk í tíma. Þeirra verk er að koma góðum áformum í framkvæmd sem fyrst og taka á viðfangsefnum eftir því sem þau bera að. Næstu kosningar eru fjarlægar. En þær velta á árangri.

Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna eru í annarri stöðu. Næsta áþreifanlega markmið þeirra eru kosningar að þessu kjörtímabili loknu. Þar af leiðir að þeir þurfa nú þegar að átta sig á hvaða pólitísku stöðu þeir vilja láta kjósendur standa frammi fyrir þegar þar að kemur. Málflutningur þeirra hlýtur á næstu misserum að taka mið af því markmiði.

Vandi stjórnarandstöðuflokkanna er hins vegar sá að enginn vegur er að koma upp þeirri stöðu að næstu kosningar snúist annaðhvort um óbreytta stjórn eða stjórnarandstöðuna. Meirihluti stjórnarflokkanna er allt of stór til þess að sá möguleiki geti orðið raunhæfur. Markmiðið hlýtur því að vera að koma fleyg á milli þeirra. Hitt er hugsanlegt að stjórnarandstöðuflokkarnir beiti ólíkum fleygjárnum í þessu skyni.

Stefna vinstri grænna liggur vinstra megin við Samfylkinguna. Þau pólitísku landamæri eru afar skýr. Málflutningur þeirra mun því augljóslega mótast af þeirri ætlan að særa vinstri arm Samfylkingarinnar og gera hann óþolinmóðan, óstöðugan og samviskuveikan. Það er leiðin til að draga Samfylkinguna frá Sjálfstæðisflokknum.

Eini áhrifamöguleiki Vinstri græns að loknu þessu kjörtímabili er að búa til stöðu þar sem vinstri stjórn með gamla sniðinu yrði raunhæfur kostur. Umhverfismálin verða hins vegar ekki notuð aftur með sama hætti til að sveifla fylginu. Leit að nýju stemningsmáli blasir því við.

Staða forystumanna Framsóknarflokksins er opnari en um leið flóknari. Einn kostur er sá að leggja upp að vinstri grænum. Auðsætt er hins vegar að þeir verða alltaf öflugri í málefnalegri forystu sem miðar að vinstri stjórn með gamla laginu. Hlutverk framsóknarmanna yrði þá að sannfæra kjósendur um nauðsyn þess að hafa þrjá flokka í hugsanlegri vinstri stjórn.

Hinn kosturinn er sá að byggja upp sjálfstæða stöðu og freista þess að koma fleyg á milli stjórnarflokkanna með því að koma að landamærunum við Sjálfstæðisflokkinn úr frjálslyndisátt. Markmiðið væri þá að opna annars konar stjórnarsamvinnukost en gamaldags vinstri stjórn. Þetta er engan veginn auðvelt val. Það snýst um sjálfan tilgang Framsóknarflokksins.

Alþýðuflokkurinn beitti þeirri aðferð á árunum 1983 til 1987 að beina spjótum sínum að hægri landamærum Sjálfstæðisflokksins. Um leið greindi hann sig ákveðið frá Alþýðubandalaginu. Það átti sinn þátt í því að fleiri kostir voru málefnalega mögulegir að því kjörtímabili loknu.

Of snemmt er að draga ályktanir af fyrstu viðbrögðum forystumanna stjórnarandstöðunnar við nýrri ríkisstjórn. Yfirlýsingar nýs formanns Framsóknarflokksins benda þó í þá veru að hann ætli að minnsta kosti í byrjun að liggja í vari við vinstri græn. Í þeim tilgangi talar hann nú um auðvaldið af engu minni ákafa og andagift en Einar Olgeirsson á sínum dögum. Svo er að sjá eftir hvoru strikinu verður siglt.

Þraut Frjálslynda flokksins er þó þyngst: Hún snýst, hvorki meira né minna, en um lausn á sjálfri gátunni um framhald tilverunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Áhrif mataræðis á krabbamein í blöðruhálskirtli og brjóstum

**Fyrirlestur Jane Plant 7. júní kl. 12 í Háskólabíói**

Prófessor Jane Plant mun halda fyrirlestur í Háskólabíói í sal 1 fimmtudaginn 7. júní kl. 12 sem fjallar um áhrif mataræðis á krabbamein í blöðruhálskirtli og brjóstakrabbamein. Einnig mun prófessor Kristín Vala Ragnarsdóttir halda fyrirlestur þar sem m.a. verða gefnar upplýsingar um mataruppskriftir og dr. Laufey Tryggvadóttir fjallar um tölfræði krabbameinanna og áform um nýjar rannsóknir.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Krabbameinsfélagið Framför

maður lifandi

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hverjir aðstoða?**

Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur hefur verið ráðin aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra og því ljóst að mikið er til í vangaveltum netverja um aðstoðarmenn Samfylkingarráðherra. Fyrir utan Kristrúnu hafa til dæmis Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir og Helga Vala Helgadóttir verið nefndar úr hópi Samfylkingarkvenna. Guðmundur Steingrímsson og Róbert Marshall eru nefndir til sögunnar úr hópi karla, en þeir væru reyndar báðir í þeirri aðstöðu að þurfa hugsanlega að sinna þingmennsku meðfram starfi aðstoðarmanns. Aðrir sem eru sagðir koma til greina sem aðstoðarmenn eru til dæmis Dofri Hermannsson og Eiríkur Bergmann. Gera má ráð fyrir miðað, við jafnréttisstefnu Samfylkingarinnar, að helmingur aðstoðarmanna að minnsta kosti verði konur.



**Reyndir refir nefndir**

Einar Karl Haraldsson ráðgjafi er sagður hafa sést á ferð í ráðuneyti Össurs Skarphéðinssonar, iðnaðarráðuneytinu, strax á fyrsta degi. Össur segir á bloggsíðu sinni að sá orðrómur sé ekki sannur en hrósar Pétri Gunnarssyni bloggara, sem sagði söguna, fyrir góða hugmynd um aðstoðarmann. Einar Karl er ekki á kjöraldri aðstoðarmanna sem hafa löngum verið ungir einstaklingar á leið upp metorðastigann en hann hefur mikla ráðgjafareynslu þannig að ef til vill verður hann stjórninni til ráðgjafar í bakherbergjum.



**Útileguhelgi að skíðahelgi**

Hvítasunnuhelgin er mikil ferðahelgi og hefur stundum verið fyrsta útileguhelgi sumarsins. Undanfarið hefur veðrið ekki verið hagstætt tjaldferðalöngum, en hins vegar ber svo við nú síðustu helgina í maí að skíðasvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli er opið, nægur snjór segja heimamenn og helgin því hentugri til skíðaferða en útilegu í ár.

sigridur@frettabladid.is

## Í endurnýjun lífdaga



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Þingmennska

Fyrst vil ég segja þetta: oft hef ég unnið meistaratitla í fótbolta. Ég hef sigrað í fjöldamörgum kosningum til setu á þingi og forystu í félagasamtökum, ég hef tvisvar sinnum gengið í hjónaband, átt börn og buru og upplifað marga góða merkisdaga. En aldrei hef ég fengið annað eins af heillaóskaskeytum, sms-skilaboðum, símhringingum og handaböndum á förnum vegi, sem nú, dagana eftir að ég „datt“ inn á þing. Fyrir allar þessa hlýju og samkennd annarra, þakka ég af heilum hug. Mér þykir til um þá væntumþykju sem þessum kveðjum fylgja. Það er uppörvandi að finna að fólk úr öllum flokkum, á öllum aldri og af ólíkum stéttum og kyni, samgleðjist og láti ánægju sína í ljós með það óvænta kjör sem mér hlotnaðist í morgunsárið á kosninganóttinni.

Og svo bætist það við, sem var rúsínan í pylsuendanum, að minn flokkur hefur nú myndað ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki, mínum gamla flokki og sem segir sína sögu um sinnaskipti á bænum þeim. Vinabönd yfir í þær herbúðir hafa heldur aldrei slitnað og það var ekki vegna andúðar eða óvildar sem ég skipti um flokk á sínum tíma, heldur málefnalegur ágreiningur og hjartslátturinn í sjálfum mér. Maður flýr aldrei sjálfan sig. Jafnaðarstefnan er runnin mér í merg og bein og ég hef þá skoðun að hún eigi meira erindi til samfélagsins en nokkru sinni fyrr. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar gefur fyrirheit um að þangað liggi leiðin og þau sjónarmið eigi meir upp á pallborðið en áður. Það er sannarlega vor í lofti.

Ég leyfi mér að halda því fram að „upprisa“ mín í pólitíkinni og þær góðu undirtektir, sem hafa fallið í minn garð að undanförnu, séu öðrum þræði því að þakka, að ég er einhvers konar persónugervingur þessa nýja bandalags.

Tilvera mín í pólitíkinni stafar ekki af framapoti eða athyglissýki, svo þið vitið það, heldur miklu fremur er það viðleitni af minni hálfu að undirstrika að þeir sem eru komnir til ára sinna, fólkið sem er komið til vits og ára, á erindi í þjóðmálin,

> *Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eiga að standa við stóru orðin um að þetta sé velferðarstjórn. Þar munu mínar áherslur vera.*

á erindi inn á þing. Sextugt fólk og þaðan af eldra, er fullkomlega aflögufært með sín sjónarmið og skoðanir, ef og þegar það hefur orku og löngun til að láta að sér kveða. Ég mun taka þetta hlutverk alvarlega. Ég mun leitast við að sýna fram á, að mín rödd og okkar rödd heyrist og hafi sitt fram.

Í sjónvarpsþætti daginn eftir kosningar, lét þekktur orðhákur þau orð falla að Ellert, þessum gamlingja, ætti að pakka niður í gjafakassa og stilla kassanum upp fyrir framan dyrnar hjá Frjálslyndum (hvað svo sem það þýðir). Þessi niðrandi orð tek ég sosum ekki nærri mér persónulega, en þau eru lýsandi dæmi um þá fordóma og forheimskun, sem stundum glittir í, þegar eldra fólk er annars vegar. Nær þrjátíu þúsund manns eru á ellilífeyrisaldri hér á landi. Þessi hópur þarf að eiga sinn málsvara á þingi. Til að standa vörð um hagsmuni hans í almannatryggingarkerfinu, í sköttum og lífeyri, í þjónustu og hjúkrun, á kyrrlátu ævikvöldi eftir langan vinnudag. Lífskjör eldri borgara eru hluti af velferðinni. Og velmeguninni. Á þeim vettvangi, vettvangi aldraðra, hyggst ég beita mér öðru fremur til að halda ríkisstjórninni við efnið og til að sýna það og sanna að baráttunni er ekki lokið, þótt ráðherrastólar séu í höfn. Nú þarf að bretta upp ermar og efna það sem barist var fyrir í kosningabaráttunni. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eiga að standa við stóru orðin um að þetta sé velferðarstjórn. Þar munu mínar áherslur vera.

Ég var á leiðinni að setjast í helgan stein. Ég var með í kosningabaráttunni til að styðja góðan málstað. Minn málstað. Lengra átti það ekki að ná. En örlögin hafa hagað því svo að nú gefst mér tækifæri til að ganga í endurnýjun lífdaga. Það verður gaman. Samansafn af reynslu og þekkingu og kynnum af fólki hér og hvar og allstaðar, er gott veganesti í þennan ólgusjó.

Ég hef verið að gantast með það að undanförnu að ég hafi risið upp. Munurinn á mér og Jesú Kristi er sá að hann reis upp og steig til himna og settist hægra megin við hlið guðs almáttugs, en ég reis upp og settist vinstra megin við hlið Ingibjargar Sólrúnar. Það hefur borið árangur.

Til hamingju með nýja ríkisstjórn.

## Vopnin kvödd

**UMRÆÐAN**

Fagskóli Keilis



HJÁLMAR ÁRNASON

Nú er rétt um mánuður síðan félagið Keilir var stofnað. Óhætt er að segja að viðtökur hafi verið framar björtustu vonum. Sl. laugardag komu t.d. 15-17 þúsund manns á opinn dag til að kynna sér fyrirhugað starf Keilis og aðstæður á Keflavíkurflugvelli.

Verkefni Keilis er harla óvenjulegt, þ.e. að gæða yfirgefið þorp lífi þar sem hundruð glæsilegra íbúða, skóla, verslana, afþreyingarmiðstöðva og atvinnuhúsnæðis bíða þess eins að fá nýtt hlutverk í nýju samfélagi. Fagna ber þeirri ákvörðun að leggja upp með áherslur á menntun. Eitt sinn var sagt nýjasta viðbótin í skólaflóru okkar Íslendinga.

Félagið er í eigu fjölmargra fyrirtækja og stofnana þar sem Háskóli Íslands er stærsti hluthafinn. Ætlunin er að hefja kennslu í frumgreinadeild og mæta þar með mikilli þörf á svæðinu. Þá verður og komið á háskólastigi og svonefndum fagháskóla – starfstengdu námi er teygir sig bæði inn á framhaldsskóla og háskóla. Segja má að lengi hafi verið kallað eftir starfstengdu námi á þessu skólastigi. Í framtíðinni er stefnt að kennslu innan vébanda Keilis á fjölmörgum sviðum á vegum atvinnulífsins, s.s. Flugakademíu, Kvikmyndakademíu, Lista- og afþreyingasviði, öryggissviði o.s.frv. Keilir mun til að byrja með leggja áherslu á fimm klasa: orku- og umhverfisklasa, samgöngur, öryggismál, heilbrigðis- og íþróttaklasa, listir og afþreyingu.

Runólfur Ágústsson framkvæmdastjóri sagði við vígsluna að í stað varnarliðs kæmi nú sóknarlið á Völlinn. Eru það orð að sönnu því hvergi er sókn jafn árangursrík sem á sviði menntunar. Keilir mun hafa milligöngu um útleigu glæsilegra nemendaíbúða fyrir sína nemendur og nemendur háskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Vinnst þar tvennt: Gengið er á langan biðlista eftir nemendaíbúðum í Reykjavík en samhliða verður hraðað uppbygginu innviða fyrir skólaþorpið á Vellinum. Í haust er þannig stefnt að því að opna leikskóla, verslun, veitingahús, kvikmyndahús, kaffihús, heilbrigðisþjónustu og aðra þá þætti sem heilbrigt samfélag þarf á að halda. Ákvörðun um stofnun Keilis og uppbygginu háskólasamfélags á Vellinum er sögulegt framfaraspor.

*Höfundur er forstöðumaður fagskóla Keilis.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.133 **+0,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 458
**Velta:** 3.961 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PETROLEUM** | +14,78% | **FLAGA** | -1,38% |
| **TRYGGINGAMIÐST.** | +39,40% | **ACTAVIS** | -0,83% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +1,85% | **365** | -0,77% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,89 -0,77% ... Actavis 84,10 -0,83% ... Alfesca 5,17 +0,78% ... Atlantic Petroleum 1.250,00 +14,78% ... Atorka 8,01 +0,00% ... Bakkavör 71,60 +0,00% ... Eimskipafélagið 41,25 +1,85% ... FL Group 29,35 +0,17% ... Glitnir 27,50 +0,37% ... Kaupþing 1.106,00 -0,09% ... Landsbankinn 37,30 +0,13% ... Marel 84,80 +0,36% ... Mosaic Fashions 16,80 +0,60% ... Straumur-Burðarás 21,20 +0,00% ... Össur 110,50 -0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Eimskip hættir í flugrekstri

Eimskipafélag Íslands ætlar að selja Air Atlanta hf. og aðrar flugrekstrartengdar eignir félagsins. ABN Amro Bank og Hannesi Hilmarssyni, forstjóra Air Atlanta hf., hefur verið falið að sjá um söluna. Áætlað er að hún gangi í gegn á næstu mánuðum. Um tuttugu prósent af veltu Eimskipafélagsins kemur frá Air Atlanta.

Eimskipafélagið ætlar einnig að selja 49 prósenta hlut sinn í Avion Aircraft Trading. „Þetta er mjög skýr stefnumarkandi ákvörðun um að draga okkur út úr flugrekstri,“ segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips. „Við ætlum að einbeita okkur að grunnrekstri Eimskips, skiparekstri og kæli- og frystiflutningum.“

Söluandvirði eignanna verður notað til frekari vaxtar og til að greiða niður skuldir félagsins. Áætluð heildaráhrif á efnahag félagsins nemur í kringum 300 milljónum evra eða um 25 milljörðum króna.

Icelandair telst til eins af hugsanlegum kaupendum á Atlanta. Hannes Hilmarsson, forstjóri Air Atlanta, segir Icelandair eins líklegan kaupanda og aðra. „Við sjáum ekki síður tækifæri utanlands en innanlands. Öll flugstarfsemi Atlanta er í útlöndum svo félagið er í eðli sínu mjög alþjóðlegt.“

Um þúsund manns starfa hjá Atlanta. Um þrjú hundruð þeirra eru íslenskir, þar af um þriðjungur flugmenn. Íslenskt starfsfólk félagsins þarf ekki að óttast um störf sín, að mati Hannesar. Jafnvel þótt erlendur aðili kaupi félagið verði það ekki flutt úr landi. „Atlanta hefur íslenskt flugrekstrarleyfi. Í því og íslenska starfsfólkinu felast meðal annars verðmæti félagsins. Ég á von á að salan feli í sér sóknarfæri. Ég tel nánast útilokað að nýir eigendur fari að skera félagið niður og segja upp starfsfólki.“ **- hhs**



**ATLANTAÞOTA** Eimskip ætlar að draga sig alfarið úr flugrekstri. Atlanta og Avion Aircraft Trading verða seld á næstunni.

## McCarthy kaupir í Baugi

Don McCarthy hyggst kaupa þriggja prósenta hlut í Baugi Group. McCarthy, sem er stjórnarmaður í House of Fraser, tekur sæti í stjórn Baugs Group og í dönsku félögunum Magasin du Nord og Illum.

Þessi reynslubolti úr breska smásölugeiranum var einn stofnenda tískuverslunarkeðjunnar Shoe Studio Group árið 1991 og tók við forstjórastarfi þess félags árið 2001. McCarthy leiddi yfirtöku á Rubicon Retail árið 2005 en félögin tvö runnu inn í Mosaic Fashions í fyrra.

Auk annarra stjórnarstarfa sest Bretinn í stjórn Moss Bros fyrir hönd Unity Investments, fjárfestingarfélags í eigu Baugs, FL Group og Kevins Stanford. **- eþa**

## Spá lægri verðbólgu

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) telur líkur á að aðgerðir Englandsbanka samhliða verðlækkunum á raforkuverði muni leiða til lægri verðbólgu í Bretlandi á næstu 18 mánuðum.

Verðbólga mældist 3,1 prósent í mars sem var langt umfram væntingar. Englandsbanki hækkaði í kjölfarið stýrivexti um 25 punkta og fóru þeir við það í 5,5 prósent og hafa þeir ekki verið hærri í sex ár. Aðgerðin skilaði sér í 2,8 prósenta verðbólgu í apríl.

OECD telur líkur á að verðbólga eigi enn eftir að lækka en bendir á að launaskrið geti verið áhættuþáttur. Því séu líkur á að Englandsbanki hækki vextina frekar. **- jab**



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON** Forstjóri Icelandic Group segir erfiðar ákvarðanir hafa verið teknar hjá félaginu til að bæta reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Icelandic Group undir spám

Hagnaður Icelandic Group nam 2,3 milljónum evra, jafnvirði 191,8 milljóna króna, á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er tvöfalt betri afkoma en í fyrra þegar hagnaðurinn nam um 84,6 milljónum króna. Afkoman er engu að síður undir væntingum.

Hagnaður (EBITDA) fyrir skatta og afskriftir nam tæpum 1,2 milljörðum króna á tímabilinu samanborið við 875,7 milljónir króna árið á undan.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandic Group, segir mikla og erfiða vinnu hafa staðið yfir á rekstri félagsins. Muni árangurinn halda áfram að skila sér á næstu misserum. **-jab**

Orkuveita Reykjavíkur

Við viljum gera enn betur

Frá árinu 1990 hefur OR gróðursett meira en 350 þúsund plöntur og þannig bundið tæplega 1.400 tonn af koltvísýringi sem er töluvert meira en fellur til vegna eigin orkunotkunar. Í ljósi sögu og stefnu OR í umhverfismálum er eðlilegt framhald að fyrirtækið eigi aðild að Kolviði. Með þátttöku sinni mun OR skuldbinda sig til að binda meiri koltvísýring en fellur til af orkunotkun fyrirtækisins sjálfs og allra starfsmanna hennar, hvort sem er í vinnutíma eða frítíma.

Við hvetjum landsmenn til að gera slíkt hið sama og kolefnisjafna bílinn sinn á **www.kolvidur.is**

KOLVIÐUR



• Orkuveitan styrkir skógrækt í Skólaskógum, Bernskuskógi, Straumnesi við Úlfljótsvatn og á fleiri stöðvum. Með skógræktinni leggur Orkuveitan sitt af mörkum til þess að binda CO2 í andrúmsloftinu og hjálpar til við að koma í veg fyrir gróðurhúsaáhrifin.

www or.is



Úrbeinað og kryddað lambalæri
AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
ÍSLANDS LAMB
Úrbeinað lambalæri
kílóverð nú:
1698 KR.
Jurtakryddaðar grillkjúklingabringur
Bónus kryddbringur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1959 KR.
Merkt verð 2798KR.
BÓNUS
Skafís
33% meira
2 lítrar
359 KR.
Emmess skafís
Coca-Cola light
2 LÍTRAR
85 KR.
LIGHT
NÚ ertu á
Fituminna hangikjöt
BÓNUS
40% afsláttur við kassann
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð 2815KR.
STÓRI TÚLI GRILLBORGARAR XL
Stóri Túli
BRAUÐ+OSTUR+SÓSA
249 KR.
140g ungnaut
Smyrill 300g
89 KR.
Smyrill
Lambaframhryggjarsneiðar
kílóverð nú:
1598 KR.
AFSLÁTTUR 10% VIÐ KASSANN
ÍSLANDS LAMB
Framhryggjasneiðar
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
Lambakjöt kryddað -Íslandslamb
Sjáðu verðið!
Rafmagns hlaupahjól
5998 KR.
RAFMAGNS HLAUPAHJÓL
EKKERT BRUÐL
Grænar baunir 720 ml
49 KR.
680g
Doperwten • Green peas
zeer fijn • very fine
720ml / 680 g
BÓNUS


Ferskir og blandaðir Bónus kjúklingabitar
FERSKIR BÓNUSBITAR kílóverð nú: 275 KR.
Merkt verð 393 KR.
Kjúklingabringur - íslenskar og ferskar
35% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú: 1565 KR
Merkt verð 2408 KR.
KF SALAT 98 KR. 350g
réttri opnu!
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um: 250 KR.
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú: 1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.
5 pylsubrauð 69 KR.
Bónus býður betur!
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
VILLI LAMBAKÓTELETTUR kílóverð nú: 1398 KR.
Merkt verð 2998 KR.
KF GRILL LAMBAFRAMPARTUR kílóverð nú: 698 KR.
Merkt verð 998 KR.
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
GRILLKRYDDAÐAR LAMBAFRAMPARTSSNEIÐAR
www.bonus.is
BÓNUS

**Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið sem samanstendur af fjórum litlum janfstórum kössum og kassettur og þremur bókum**

upplýsingar í síma 8657013 Björgvin Ómar

15 milljónir

Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Dregið í áskriftarleiknum á laugardaginn

lotto.is

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

MAÐUR VIKUNNAR

# Umdeildur baráttujaxl

Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Kambs ehf. á Flateyri, ákvað fyrir skömmu að hætta fiskvinnslu og útgerð og selja allar eignir félagsins. Stöðvun á rekstri Kambs ehf. er mikið reiðarslag fyrir íbúa Flateyrar – um 120 manns störfuðu hjá fyrirtækinu en um 300 manns búa í þorpinu.

Hinrik hefur verið gagnrýndur fyrir að bera ekki hag þorpsins fyrir brjósti. Hann hefur svarað því til að erfitt rekstrarumhverfi hafi orðið til þess að hann hætti starfsemi, samkeppni sjávarútvegs á Vestfjörðum sé slæm og þótt Kambur ehf. hafi keypt nokkuð af varanlegum aflaheimildum hafi fyrirtækið verið að miklu leyti háð leigukvóta, en því fylgi mikil skuldsetning. Hinrik átti langstærstan hlut í Kambi ehf., rúm 80 prósent, ásamt konu sinni Ingibjörgu Kristjánsdóttur og börnum þeirra.

Hinrik er fæddur og uppalinn á Flateyri. Hann kemur úr stórum systkinahópi en foreldrar hans voru Kristján Hálfdánarson, sjómaður og síðar skrifstofumaður, og Jónína Hjartardóttir húsmóðir. Fjölskyldan bjó alla tíð á Brimnesvegi eða Kambinum svokallaða á Flateyri.

Hinrik gekk í grunnskólann á Flateyri. Síðar lá leið hans í Verslunarskóla Íslands. Þegar Hinrik sneri aftur vestur stofnaði hann útgerð, með Guðmundi bróður sínum og mági sínum Guðmundi Njálssyni, og keyptu bátinn Jónínu ÍS. Hinrik stýrði fiskvinnslu í landi en bróðir hans var skipstjóri á Jónínu og mágur hans vélstjóri. Útgerðin gekk ágætlega en svo slitnaði upp úr samstarfinu. Fyrst helltist Guðmundur mágur úr lestinni en síðar slitnaði upp úr samstarfi þeirra bræðra.

Þegar frystihúsið Hjálmur hf. fór í þrot kom Hinrik að málinu og úr varð Kambur ehf., sem tók við hlutverki Hjálms sem fjölmennasti vinnustaður Flateyrar.

Á yngri árum var Hinrik afburða íþróttamaður. Hann þótti mikill skaphundur og átti því oft í skærum út og suður. En þrátt fyrir skapið þótti Hinrik að mörgu leyti skynsemispiltur. Íþróttaáhugi Hinriks er enn til staðar. Hann er dyggur stuðningsmaður Manchester United og þolir ekki erkifjendurna í Liverpool. Hann fer reglulega á Old Trafford, heimavöll Manchester-liðsins, til að styðja við bakið á sínum mönnum og þá fylgir Ingibjörg kona hans gjarnan með. Hinrik er mikill golfáhugamaður og sagan segir að hann hafi farið holu í höggi þegar hann var á golfferðalagi á Spáni. Sú saga hefur þó ekki fengist staðfest.

Hinrik þykir kraftmikill, kjarkaður og útsjónarsamur. Sumir lýsa honum jafnvel sem hálfgerðum hellisbúa. Áður en Hinrik seldi kvótann var hann kóngurinn á Flateyri, réði miklu um það sem fram fór í bænum og segja sumir að hann gæti gert fólki, sem ekki var hans megin í liðinu, erfitt fyrir. Hinrik þykir góður heim að sækja og hefur haft mikla yfirsýn yfir sitt pláss. Hann var einn þeirra sem stóð í eldlínunni þegar snjóflóðið féll á Flateyri árið 1995.

Hinrik þótti reka Kamb með talsverðri reisn. Það fór alltaf það orð af fyrirtækinu að um fyrirmyndarrekstur væri að ræða og eigandinn var vel liðinn af starfsfólkinu. Fólk hefur þó alltaf haft skiptar skoðanir á Hinriki og nú deilir fólk á hann fyrir útspilið með Kamb. Sumir segja að með sölunni sé hann fremur að hugsa um eigin hag fremur en þorpsins á meðan aðrir segja að ekki sé hægt að sakast við Hinrik heldur kvótakerfið.

Þó nokkrir af þeim sem Fréttablaðið ræddi við óttast að Hinriks verði helst minnst fyrir að leggja Kamb ehf. niður en ekki fyrir að halda uppi atvinnulífi í byggðarlaginu.

## HINRIK KRISTJÁNSSON




## ÆVIÁGRIP

Hinrik Kristjánsson er fæddur á Flateyri 18. mars árið 1954 þegar bærinn var í miklum blóma. Hinrik ólst upp á Kambinum svokallaða á Flateyri og var næstelstur sex systkina. Foreldrar Hinriks voru þau Kristján Hálfdánarson, sjómaður og síðar skrifstofumaður, og Jónína Hjartardóttir húsmóðir. Hinrik er kvæntur Ingibjörgu Kristjánsdóttur frá Akureyri og eiga þau þrjú börn, Jónu og Hólmar, sem bæði búa og starfa á Flateyri, og svo Hjört sem býr í Reykjavík og hyggur á landvinninga þar.

Hinrik þótti gríðarlega efnilegur íþróttamaður. Hann var í barnaskóla Flateyrar en fór svo í nám í Verslunarskóla Íslands. Eftir skólann lá leið Hinriks aftur vestur þar sem hann stofnaði útgerð með bróður sínum og mági.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hinrik Kristjánsson hefur rekið Kamb ehf. á Flateyri frá því á miðjum tíunda áratugnum. Hann hefur að margra mati verið potturinn og pannan á Flateyri og haldið uppi byggðinni með fyrirtæki sínu. Hinrik ákvað hins vegar fyrir skömmu að hætta allri fiskvinnslu og útgerð og selja kvótann burt. Skiptar skoðanir eru á útspili Hinriks meðal heimamanna. Sumir telja hann ekki bera hag byggðarlagsins fyrir brjósti á meðan aðrir kenna kvótakerfinu um.

## HVAÐ SEGIR HANN?

„Nýi báturinn verður nefndur Siggi Þorsteins í höfuðið á góðvini okkar sem fórst í flóðinu árið 1995. Siggi var sjómaður í langan tíma, sat í hreppsnefnd og var formaður verkalýðsfélagsins á staðnum. Hann var mikill öðlingur í alla staði og við viljum halda nafni hans á lofti," sagði Hinrik í samtali við fréttavef BB í júlí 2005.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

Hinrik lifir dálítið eins og á sparkvelli. Hann virðir þær reglur sem þar gilda en þenur sig til hins ýtrasta eins og baráttujaxlar gera. Hann er svolítill hellisbúi í sér en gjafmildur og það er gott að sækja hann heim.

*Lýður Árnason læknir.*

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



Megavika
21.-27. maí,
allar pizzur á
1.090 kr.*
Lokadagur
Megaviku
er á morgun!
*Ef þú sækir
Allt 2 lítra gos á 195 kr.
1,5 lítra Toppur á 100 kr.
Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is

# Sex bílstjórar á mann!

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá ráðuneytapóker, bóklestri og Fölbleiku framfarastjórninni. Einnig er sagt frá sjúkraskýrslu, æsispennandi tafli um fjölda ráðherrabíla, ósmekklegri hræsni og mannfalli í Írak.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGURINN, 18. MAÍ.**

### Næði til að lesa

Nú er ég kominn heim af sjúkrahúsinu og ligg í rúminu eins og greifi.

Kosturinn við að vera rúmliggjandi er að þá er næði til að lesa. Þegar útgefandinn minn frétti að ég væri kominn á spítala brá hann við skjótt og sendi mér af rausn nokkrar bækur sem hann vonaðist til að gerðu lífið bærilega.

Í nótt las ég „Þrettándu söguna“ eftir Diane Setterfield. Þetta er safarík og bráðs- kemmtileg skáldsaga, eiginlega bók sem maður gæti reiknað með úr smiðju Charlotte Brontë eða Jane Austen, ef þær mætu konur væru enn á dögum. Gamaldags eldhúsróman í nútímabúningi.



Í morgunsárið vék svo sögunni til Rússlands en þá varð næst fyrir á náttborðinu bókin „Hvítt á svörtu“ eftir Ruben Gallego sem er svo svakaleg uppvaxtarsaga á munaðarleysingjahælum í Sovétríkjunum að í samanburði finnst mér að ég hafi alist upp í allsnægtum á Sunnuhvoli. En Gallego gerir fleira en rekja raunir sínar. Hann sýnir líka fram á að hægt er að sigrast á erfiðum aðstæðum. Fín bók!

**LAUGARDAGUR, 19. MAÍ.**

### „Bréf til Maríu“

Stjórnarmyndun hefur nú færst til Þingvalla. Dauðans ofboð er þetta til að forðast nafngiftina Baugsstjórn. Reyndar hefur Sigurður G. Tómasson komið með frábæra nafngift á þessa samsuðu íhalds og krata. Bleikjan. Annars er það misskilningur að spunarokkar geti ráðið nafni á ríkisstjórn. Það gerir þjóðin sjálf. Ég vona að þessi stjórn verði síðar meir þekkt í sögunni sem Framfarastjórnin óviðjafnanlega eða jafnvel Fölbleika framfarastjórnin.

Kannski tekst þessari stjórn að sameina það skásta frá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki og hasla sér völl á hinni pólitísku miðju sem Tony Blair endursmíðaði af miklum hagleik. Á miðjunni er svo gott undir bú að jafnvel íhaldsforkólfurinn David Cameron vill nema þar land með sínu fólki. Sömuleiðis mun Framsóknarflokkurinn uppgötva fyrr eða síðar að á miðjunni er grasið grænast.

Ég held áfram að lesa. Var að ljúka við „Bréf til Maríu“ eftir Einar Má Jónsson, þann mikla lærdómsmann sem hefur búið í París síðan Sæmundur var busi í Svartaskóla og er samt næmari á íslenskan veruleika en margir sem aldrei hafa hleypt heimdraganum. Uppgjör hans við tískubólur og dellumakara í menningu og listum er dásamlega skemmtilegt, auk þess sem umfjöllun hans um nýfrjálshyggjuna ætti að vera skyldulesning allra sem vilja taka þátt í þjóðfélagsumræðu.

### Skíðaferðin

**MÁNUDAGUR, 21. MAÍ.**



Las í gær öndvegisþýðingu Sigurðar Pálssonar á „Skíðaferðinni“ eftir Emmanuel Carrére. Fín lesning. Áleitin bók og frumleg.

Í nótt var það íslensk glæpasaga: „Þrír dagar í október“. Nýr reifarahöfundur, Fritz M. Jörgensson kom mér mjög á óvart. Bókin er ágæt og sem fyrsta verk nýs höfundar er hún frábær. Ég hlakka til að lesa næstu bók frá hans hendi.

**ÞRIÐJUDAGUR, 22. MAÍ.**

### Sjúkraskýrsla

Fór á lappir í morgun og dreif mig upp á Borgarspítalann í Fossvogi. Fékk niðurstöðu úr rannsóknum hjá Arnóri Víkingssyni: Fylgi-liðagigt eða „reactive arthritis“. Það er sjúkdómur sem ég hafði aldrei áður heyrt nefndan.

Alltaf leggst manni eitthvað til. Þetta var einmitt það sem mig vantaði núna um hábjargræðistímann. Ég á bók sem ég verð að bjarga á hús fyrir haustið.

Ef maður gúglar þessum sjúkdómi kemur í ljós að maður getur verið dauður innan tíu ára. Eða við hestaheilsu.

Nákvæmlega sama gildir um þá sem ekki hafa sjúkdóminn.

Lesturinn: „Tvíburarnir“ eftir Tessu de Loo er sallafínn róman um tvíburasystur sem eru aðskildar í æsku og önnur þeirra eyðir ævinni í Hollandi en hin í Þýskalandi. Stríð, nasistar, gyðingaofsóknir. Þarna er feitt á stykkinu.



Í kvöld var tilkynnt um skiptingu ráðuneyta. Einhvern veginn hafa sjálfstæðismenn talið Samfylkingunni trú um að sjávarútvegur og landbúnaður reiknist héðan í frá sem eitt ráðuneyti í stað tveggja áður. Þar í móti komi að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gildi sem tvö ráðuneyti - með tvíbreiðu ráðherraskrifborði í þessum ráðuneytapóker.

Samfylkingin fær öll fjörugu ráðuneytin sem deilurnar hafa snúist um á undanförnum árum. Sanngjarnara hefði verið af Ingibjörgu að gefa Sjálfstæðisflokknum tækifæri til að taka við einhverju af þeim ráðuneytum sem hafa kostað Framsóknarflokkinn bæði líf og heilsu.

Þar sem orðið „ráðuneyti“ er eins í eintölu og fleirtölu virðist valdataflið hafa gengið út á að hvor flokkur um sig krækti í jafnmarga ráðherrabílstjóra. Sex og sex. Þegar því göfuga takmarki var náð hefur frú Ingibjörg verið orðin lúin og farin að dotta yfir spilunum því að hvað völd og áhrif varðar þá heldur Sjálfstæðisflokkurinn öllu sínu og bætir oggolítið við sig.

Meira fútt hefði verið í því fyrir Samfylkinguna að fá íhaldsráðuneytin og fara inn í þau með soldið af bleikri málningu.

Lesturinn: Hugleiknust mér af þeim bókum sem ég hef lesið undanfarna daga er „The Other Side of Eden“ (Handan við Eden) um veiðimenn-safnara, bændur og mótun heimsins eftir breska mannfræðinginn Hugh Brody.

Hún fjallar um hina miklu helför akuryrkjuþjóða gegn veiðimannasafnara-samfélögum heimsins og þann herfilega misskilning að akuryrkjusamfélag eða þjóðfélag fastrar búsetu sé á einhvern hátt á æðra menningarstigi en veiðimannasamfélagið sem það er að ljúka við að útrýma. Frábær bók.

**MIÐVIKUDAGUR, 23. MAÍ.**

### Gildir baugar og hamingja í hjónabandi

Hamingja í hjónabandi fer víst ekki eftir því hvað brúðhjónin bera gilda bauga í brúðkaupinu og þaðan af síður eftir því hvort hjónavígslan fer fram í Þingvallakirkju eða Tröllakirkju.

Gott og farsælt hjónaband byggist á virðingu og ást, einkum sannleiksást, og einlægum vilja til að gera gott úr hlutum.

Hjúskaparsáttmáli eða stjórnarsáttmáli flokkanna getur sosum þýtt hvað sem er – nú hafa orðin verið sögð og komið að verkunum að taka til máls.

Fyrir mína parta hefði mér þótt smekklegra að sleppa því að rifja upp harmleikinn í Írak í þessum sáttmála úr því að hreinlyndi skorti til að reyna að bæta fyrir ranglæti gagnvart íslensku þjóðinni og glæp gagnvart þeirri sem býr í Írak.

Að „harma“ hildarleik sem hefur kostað meira en 70 þúsund mannslíf og maður átti sjálfur þátt í að koma af stað er einfaldlega ekki nógu gott!

Tveir litlir menn svívirtu íslensku þjóðina og niðurlægðu Alþingi með því að hvetja til þessa stríðs sem hefur kostað 65 þúsund Íraka lífið, 3.500 Bandaríkjamenn, 2 Ástralíumenn, 13 Búlgara, 7 Dani, 148 Breta, 2 Eista, 7 menn frá El Salvador, 18 Úkraínumenn, 11 Spánverja, 1 Ungverja, 33 Ítali, 3 Letta, 2 Hollendinga, 20 Pólverja, 2 Rúmena, 4 Slóvaka, 2 Taílendinga, og 1 frá Suður-Kóreu. (Tölur frá 20. þ.m.).

Fyrir þetta eigum við að skammast okkar og biðja alþjóðasamfélagið fyrirgefningar. Þá sem tóku þessa löglausu ákvörðun á að draga til ábyrgðar.

Þegar það hefur verið gert getum við án allrar hræsni harmað styrjaldarrekstur í Írak.





## BS NÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á hagnýtt og framsækið BS nám í viðskiptafræði.

**Fjórar námsleiðir:**

- Fjármál
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- Reikningshald
- Stjórnun og forysta

Nemendur geta nýtt sér fjölbreytileika HÍ og tekið valnámskeið m.a. í tungumálum, lögfræði, sagnfræði, tölvunarfræði eða stjórnmálafræði.

Námið er góður undirbúningur fyrir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og framhaldsnám í viðskiptafræði eða skyldum greinum.

Framúrskarandi aðstaða verður tekin til notkunar fyrir nemendur deildarinnar í haust.

**Umsóknarfrestur til 5. júní.**

Árleg skráningargjöld: 45.000 krónur.

Nánari upplýsingar á vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37818 05/07





## IB-NÁM Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ
## INTERNATIONAL BACCALAUREATE DIPLOMA PROGRAMME

**Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur – jafnt íslenska sem erlenda**

**MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Náminu lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi sem virtir háskólar um allan heim viðurkenna. MH býður einnig eins árs undirbúningsnám áður en IB-námið hefst. Auk hins bóklega náms er lögð áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra á ýmsan hátt.**

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities world-wide. The school also offers a preliminary year for younger students. In addition to the academic subjects, students are encouraged to develop a strong sense of their own identity as well as an understanding of others.

**Formlegur umsóknarfrestur er til og með 11. júní.**



**Upplýsingar veitir**

**Aldís Guðmundsdóttir, IB -stallari í síma 595 5233 • aldisg@mh.is og ibstallari@mh.is • http://www.mh.is/**

FRAMKVÆMDASVIÐ




## *Úlfarsárdalur – glæsilegt útsýni, blómleg byggð*

# Sólríkar suðurhlíðar

Úlfarsárdalur er nýtt íbúðasvæði í sólríkum suðurhlíðum Úlfarsfells og inn eftir Úlfarsárdal. Næsta nágrenni Úlfarsárinnar verður varðveitt en um leið nýtt sem best fyrir þá sem búa og starfa á svæðinu. Fellið, áin og dalurinn mynda einstakan ramma um svæðið og gera það mjög eftirsóknarvert til búsetu. Byggðin og nágrenni hennar einkennist af einstakri náttúrufegurð og góðu útsýni. Hér er í senn fjallasýn og nálægð við víðáttumikil útivistarsvæði – fellið, dalinn og ána. Úlfarsárdalur er í raun síðasta byggingarsvæði í Reykjavík í suður- og suðvesturhlíðum, svæði sem býður upp á mikla möguleika með þarfir borgarbúa til búsetu að leiðarljósi.




## Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um eftirtaldar lóðir:

- **4** lóðir fyrir fjölbýlishús með 216 íbúðum
- **11** lóðir fyrir raðhús með samtals 45 íbúðum
- **27** lóðir fyrir parhús með 54 íbúðum
- **73** lóðir fyrir einbýlishús

### Umsóknargögn

Umsóknareyðublöð ásamt deiliskipulagsgögnum, úthlutunarreglum og öðrum skilmálum verða afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Þessi gögn fást afhent endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 5.000 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vef Framkvæmdasviðs: www.reykjavik.is/fs. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 1111.

### Skilafrestur umsókna

Umsóknum ásamt tilskildum fylgigögnum skal skila **fyrir kl. 16:15 miðvikudaginn 13. júní nk.** Umsóknum verður veitt viðtaka í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2.
Undirstrikað skal að umsóknir teljast ekki gildar nema öll tilskilin gögn fylgi þeim. Sjá nánar í almennum reglum um úthlutun íbúðarhúsalóða í Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is og í síma 411 1111. Umsóknir þurfa að berast fyrir kl. 16.15 þann 13. júní 2007.

kaktus TRA0507-05 ulfarheil



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bogi Jóhannsson**

rafvirkjameistari frá Vestmannaeyjum, Furugrund 60, Kópavogi,

sem lést 20. maí sl. verður jarðsunginn þriðjudaginn 29. maí frá Digraneskirkju í Kópavogi kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Halldóra Guðrún Björnsdóttir**
**Jóhanna Bogadóttir**
**Eiríkur Bogason** **Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Kristján Bogason** **Jóhanna Emilía Andersen**
**Svava Bogadóttir** **Kristján Bjarnason**
**Gunnar Bogason** **Bergþóra Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**JÓNAS HALLGRÍMSSON, SKÁLD LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1845**

*Í ár eru 200 ár síðan skáldið Jónas Hallgrímsson lést. Jónas var einn af stofnendum tímaritsins Fjölnis sem kom fyrst út í Kaupmannahöfn árið 1835. Markmiðið var að hvetja Íslendinga til uppreisnar gegn Dönum með þjóðernis-rómantískum ljóðum. Jónas lést úr blóðeitrun sökum fótbrots í Kaupmannahöfn.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26.MAÍ 1968

## *Hægri umferð á Íslandi*

Hægri umferð á Íslandi gekk í gildi þennan dag árið 1968 en áður hafði vinstri umferð ríkt í umferðinni allt frá því fyrsta bifreiðin kom til landsins 20. júní árið 1906.

Fyrstu vegalögin voru samþykkt 22. nóvember árið 1907. Þar var kveðið á um hámarksökuhraða 15 km á klukkustund í þéttbýli og 35 km í dreifbýli. Einnig er kveðið á um vinstri umferð einkum vegna ríðandi kvenfólks sem notaði söðla og sat með báða fætur á vinstri síðu hestsins.

Fram til 1920 fjölgaði bílum umtalsvert og það ár höfðu 170 bílar verið fluttir til landsins. Flestir af gerðunum Ford og Overland. Meðal annarra tegunda má nefna Maxwell, Saxon, Chevrolet og Buick 1914. Til hafði staðið að breyta í hægri umferð árið 1940, en því var frestað vegna seinni heimsstyrjaldarinnar og hernáms Breta.





†

*Elskulegur bróðir minn,*

**Sigurður Tryggvi Arason**

fyrrum bréfberi, Sólvangi, áður Öldutúni 4, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 19. maí verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 29. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Guðmundar Gissurarsonar v/elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs.

**Sigríður Aradóttir.**

†

**Elías Mar**

rithöfundur

er látinn.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**

**Óskar Mar.**



**TVÖFALT AFMÆLI** Myndlistarmaðurinn Gunnar Örn Gunnarsson er sextugur og hefur stundað list sína í fjörutíu ár. MYND/GUNNAR ÖRN GUNNARSSON

GUNNAR ÖRN GUNNARSSON:
HEFUR MÁLAÐ Í FJÖRUTÍU ÁR

# Fagnar tvöföldu afmæli

Listamaðurinn Gunnar Örn Gunnarsson hefur unnið að list sinni í fjörutíu ár. Í tilefni þessara tímamóta opnar hann sýningu á nýjum málverkum í Galleríi Kambi í Rangárþingi ytra.

Galleríið hefur verið betrumbætt og vinnustofa listamannsins og sýningarrými hafa fengið andlitslyftingu. Einnig hefur Gunnar opnað nýtt sýningarrými þar sem nýr listamaður er kynntur í tengslum við aðrar sýningar. Að þessu sinni er það nafni Gunnars, myndlistarmaðurinn Gunnar Guðsteinn Gunnarsson, sem er kynntur í nýja rýminu.

Sýningin í Galleríi Kambi er einnig tengd sextugsafmæli listamannsins svo Gunnar fagnar tvöföldum tímamótum um helgina. Gunnar Örn er sjálflærður listamaður og hefur búið í Reykjavík, Danmörku og nú síðast í Rangárþingi ytra síðastliðin tuttugu og eitt ár. Verk eftir Gunnar Örn er að finna á öllum helstu listasöfnum Íslands. Einnig prýða verk Gunnars Arnar veggi heimsþekktra safna í Tókýó, Stokkhólmi og hjá Guggenheim í New York.

Aðalyrkisefni Gunnars Arnar er maðurinn og hefur verið síðastliðin fjörutíu ár. Að eigin sögn stendur ekki til að bregða út af vananum. „Maðurinn er eilíft viðfangsefni sem verður seint tæmt. Myndirnar eru mitt andlega líf og það verður heldur aldrei tæmt,“ segir Gunnar Örn.

Sýningin í Galleríi Kambi opnar laugardaginn 26. maí í Rangárþingi ytra og er opin alla daga, nema miðvikudaga frá klukkan 13.00-18.00. Sýningin stendur til 17. júní.

**rh@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Halldóra Margrét Hermannsdóttir**

frá Ysta-Mói í Fljótum, til heimilis að Hvanneyrarbraut 34, Siglufirði,

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju mánudaginn 28. maí kl 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins, sími 543 3724.

**Margrét Lára Friðriksdóttir** **Arngrímur Jónsson**
**Agnes Einarsdóttir**
**Ævar Friðriksson** **Hjördís Júlíusdóttir**

†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar sambýlismanns míns, föður, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Oddgeirs Halldórssonar**

Ferjubakka 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á deild 11-E, krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut, fyrir góða umönnun.

**Sigurbjörg Guðvarðardóttir**
**Hörður Oddgeirsson** **Kristín Hafsteinsdóttir**
**Hanna Halldórsdóttir**
**Rúna Halldórsdóttir**
**Oddur Halldórsson**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**og afabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Stefánsson**

rafvirki, Funalind 1, Kópavogi,

sem andaðist fimmtudaginn 24. maí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 31. maí kl. 15.00. Jarðsett verður í Hafnarfjarðarkirkjugarði.

**Dýrleif Kristjánsdóttir**
**Reynir Sigurðsson** **Sigríður B. Pálsdóttir**
**Jóhann Sigurðsson** **Helga Guðsteinsdóttir**
**Egill Jón Sigurðsson** **Arndís Lilja Albertsdóttir**
**Kolbrún Sigurðardóttir** **Bernhard Svendsen**
**Þóra Sigurðardóttir** **Axel Ström**
**Elva Björk Sigurðardóttir** **Sæmundur Eiðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar og tengdaföður,*

**Hjalta Jósefssonar**

frá Hrafnagili.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimilisþjónustu Eyjafjarðarsveitar, Heimilisþjónustu Akureyrar, Kjarnalundar og dvalarheimilisins Hlíðar. Starfsfólk lyfjadeildar FSA, með Friðrik og Jón Þór í broddi fylkingar, fá kærar þakkir fyrir frábæra umönnun.
Lifið heil.

**Pálína Ragnhildur Benediktsdóttir**
**Bergur Hjaltason** **Guðrún Júlía Haraldsdóttir**
**Þóra Guðrún Hjaltadóttir** **Sigurjón Hilmar Jónsson**
**Ingibjörg Hjaltadóttir** **Þorsteinn Pétursson**
**Benedikt Hjaltason** **Margrét Baldvina Aradóttir**
**Ragnhildur Hjaltadóttir** **Alfreð Garðarsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Arndísar Pálsdóttur**

Barkarstöðum, Miðfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Ragnar Benediktsson**
**Karl Georg Ragnarsson** **María Rós Jónsdóttir**
**Ásta Pálína Ragnarsdóttir** **Magnús Sverrisson**
**Jenný Karólína Ragnarsdóttir** **Hilmar Sverrisson**
**Margrét Halla Ragnarsdóttir** **Jón Gunnarsson**
**Benedikt Ragnarsson** **Jóhanna Helga Þorsteinsdóttir**
**Álfheiður H. Árdal**
**Helga Berglind Ragnarsdóttir** **Sigmar Benediktsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jensína Þóra Guðmundsdóttir**

Reynihvammi 29, Kópavogi,

sem lést sunnudaginn 20. maí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 29.maí kl.15.00.

**Katrín A. Magnúsdóttir** **Jack D. Sublett**
**Unnur Magnúsdóttir** **Sævar Þór Sigurgeirsson**
**Þórhildur Magnúsdóttir** **Einar Finnbogason**
**Andrés Magnússon** **Guðrún Brynjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Valur Símonarson**

stýrimaður, Brekkustíg 35c, Njarðvík,

lést þriðjudaginn 15. maí. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks taugadeildar B-2 Landspítala Fossvogi.

**Margrét Birna Valdimarsdóttir**
**Valdimar Örn Valsson** **Snjólaug Kristín Jakobsdóttir**
**Margrét Birna Valdimarsdóttir** **Eyjólfur Gíslason**
**Snædís Anna Valdimarsdóttir** **Valdís Lind Valdimarsdóttir**
**og systkini.**

VERKFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
FRUMGREINAR
VIÐSKIPTAFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
STÆRÐFRÆÐI
ÍÞRÓTTAFRÆÐI



# METAÐSÓKN

Háskólanum í Reykjavík hafa aldrei borist jafnmargar umsóknir og í ár. Það er okkur mikið ánægjuefni að sjá hversu margir líta á HR sem fyrsta valkost þegar kemur að háskólamenntun.

Háskólinn í Reykjavík leggur mikinn metnað í að undirbúa stjórnendur og sérfræðinga framtíðarinnar fyrir atvinnulífið. Það gerum við með því að bjóða upp á framúrskarandi kennslu, tengingu við innlent og erlent atvinnulíf og innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir og virkt alþjóðasamstarf.

Háskólinn í Reykjavík stefnir að því að vera fyrsti valkostur nemenda, starfsmanna og atvinnulífsins. Framtíðarsýn HR er að vera alþjóðlegur háskóli sem hefur mótandi áhrif á samfélagið og fyrirmynd framsækinna háskóla.

Ef þú hyggur á háskólanám í haust, skaltu kynna þér námsframboð Háskólans í Reykjavík á heimasíðu skólans **www.hr.is**

**Það er opið fyrir umsóknir til 31. maí.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Foringi er bara maður um stund

Halldóri Ásgrímssyni hugnaðist ekki að **Guðni Ágústsson** tæki við Framsóknarflokknum, líkt og Guðna sjálfum fannst eðlilegt. Nú er Guðni orðinn formaður og heitir málefnalegri stjórnarandstöðu af hálfu flokksins. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* spáir hann því að Framsókn verði um nokkurt skeið í stjórnarandstöðu eða þann tíma sem það tekur Sjálfstæðisflokkinn að sundra Samfylkingunni.

**Hvernig ætlarðu að byggja flokkinn upp?** „Ég legg áherslu á aðeins eitt í þeim efnum; að menn standi eins og einn maður til að byggja Framsóknarflokkinn upp og gera hann að því öfluga þjóðmálaafli sem hann á að vera og hefur verið í áratugi. Til þess höfum við gnægð tækifæra.“

**Eftir kosningar veltu framsóknarmenn fyrir sér hvort betra væri að slíkt uppbyggingarstarf færi fram innan eða utan stjórnar. Hvað finnst þér?** „Ég tók þátt í stjórnarmyndun með Jóni Sigurðssyni þegar Sjálfstæðisflokkurinn lét sem hann vildi halda í þá ríkisstjórn sem ekki féll í kosningunum en auðvitað velti ég vöngum. Það gat verið til styrktar fyrir okkur að halda stjórnarsamstarfinu áfram en ég hygg að það hefði reynt mjög á okkur. Nú lítum við yfir þann kafla og göngum glaðir og reifir til þeirra verka að vera í stjórnarandstöðu og huga að framtíð flokksins.“

**Hverja telur þú vera skýringuna á slæmu gengi Framsóknarflokksins í kosningunum?** „Síðasta kjörtímabil var Framsóknarflokknum mjög erfitt, og reyndar Sjálfstæðisflokknum einnig framan af. Átökin um fjölmiðlalögin reyndu á og Íraksmálið fór ver með okkur en sjálfstæðismenn því svona ákvörðun er í anda Sjálfstæðisflokksins en hún var erfiðari fyrir Framsóknarflokkinn og Halldór Ásgrímsson vegna sögu flokksins og uppbyggingar hans. Framsóknarflokkurinn er friðarflokkur og var tvíklofinn í fimmtíu ár vegna varnarmála. Stór hópur framsóknarmanna vildi að herinn færi og yrði ekki hér á friðartímum. Ég var í þeim hópi.

Ég get líka nefnt einkavæðinguna þar sem Halldór Ásgrímsson var nánast lagður í einelti þrátt fyrir að margoft hafi verið sýnt fram á að Búnaðarbankinn var seldur hæstbjóðanda. Þetta var í raun og veru ljótur leikur stjórnarandstöðu og fjölmiðla.

Einnig get ég nefnt að forsætisráðherratíð Halldórs reyndi bæði á hann og flokkinn og eftir á að hyggja virðist sem mörgum hafi þótt í mikið ráðist fyrir minni flokkinn í ríkisstjórninni að takast á við það verkefni. Var Sjálfstæðisflokkurinn heill í því? Ég spyr.

Svo lágum við undir þeim áróðri að Sjálfstæðisflokkurinn réði flestu. Ég viðurkenni að við fórum illa út úr umræðum um að skattar á hátekjumenn hefðu verið lækkaðir en hækkaðir hlutfallslega á lægri launin. Þetta segir manni hvað mikilvægt er að hafa fjármálaráðuneytið í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.“

**Hvaða innri mál voru flokknum erfið?** „Ef ég á að nefna eitt stórt mál þá var Evrópusambandsumræðan okkur langerfiðust. Hún var u-beygja í stefnumörkun Framsóknarflokksins.

Svo er enginn vafi á að innkoma og leikþáttur Kristins H. Gunnarssonar var okkur dýrkeyptur. Hann lék sig alltaf framsóknarmanninn sem var á móti mikilvægum verkefnum, ekki síst einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja sem var óhjákvæmilegt vegna EES-samninganna.“

**Kom til greina að þið hélduð ekki stjórnarsamstarfinu áfram eftir kosningarnar 2003?** „Já, margir framsóknarmenn töldu það koma vel til greina en í raun var það aldrei á dagskrá. Vissulega áttum við þann möguleika að hverfa úr samstarfinu og ganga réttir frá því en ég held að átökin grimmu í kosningabaráttunni við Samfylkinguna hafi reynt mjög á Halldór og hann því verið þeirrar skoðunar að réttast væri að halda áfram með Sjálfstæðisflokknum og takast síðar á við forsætisráðherrastarfið.“

**Hvernig gekk Halldóri að sinna flokksstarfinu samhliða því að vera utanríkisráðherra?** „Halldór var auðvitað gríðarlega duglegur að halda fundi innanlands alla sína formannstíð. Ég lít samt svo á að það sé afleit staða fyrir formann í flokki að vera utanríkisráðherra enda fylgja því eilíf ferðalög og fjarvera frá búinu og það þarf enginn að efast um það að eilífar flugferðir um allan heim taka þrek og reyna á menn.

Fyrir utan hitt að utanríkisráðherrar horfa á pólitíkina frá öðrum sjónarhóli. Þetta starf breytir oft viðhorfum manna til hins litla Íslands. Ég setti það fram í kringum 1997 að þessi staða væri afleit og að foringi Framsóknarflokksins ætti miklu heldur að vera í fjármálaráðuneytinu heldur en utanríkisráðuneytinu. Þannig hefði líka myndast betra mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn því á eftir forsætisráðuneytinu er fjármálaráðuneytið valdamest.“

**Þegar Halldór hætti varðst þú – varaformaðurinn – ekki formaður líkt og oft hefur gerst í stjórnmálunum. Hvers vegna ekki?** „Halldór taldi mig ekki þann rétt borna arftaka sem Framsóknarflokkurinn ætti að fá. Ég veit ekki hvers vegna það var, hvort hann treysti mér ekki fyrir flokknum eða hvort andstaða mín við þessa Evrópusambandshugsun hans réði því.

Við stóðum ekki á götuhornum og rifumst og tókumst reyndar mjög sjaldan á opinberlega en við gerðum það um Evrópumálin og þau átök reyndu á okkar samskipti. Hins vegar átti hann í raun ekkert með að segja til um hver tæki við formennskunni. Það eru flokksmenn sem eiga að ráða því. Framsóknarflokkurinn er ekki hlutafélag, hann er sameign 12 þúsund flokksmanna og lýtur skýrum lögum og leikreglum.“

**Fannst þér sjálfum eðlilegt að þú tækir við af Halldóri?** „Ég taldi eðlilegt að forystuskipti í Framsóknarflokknum færu fram með sama hætti og í Sjálfstæðisflokknum þar sem Geir tók við af Davíð og flokkurinn styrktist um leið. Framsóknarflokkurinn lenti hins vegar í þeirri ógæfu sem aldrei má gerast að foringjaskipti fóru ekki fram með þeim hætti sem þau bar að gera. Eftir einhver römmustu átök sem ég hef lent í pólitískt sá ég að um mig yrði ekki sátt á þeim tíma og eftir þau átök var ég ekki viss um mína pólitísku stöðu.

Ég lét þó reyna á það að halda stöðu minni sem varaformaður annaðhvort með Jóni Sigurðssyni eða Siv Friðleifsdóttur og ég vann þá kosningu með miklum glæsibrag gegn öflugum þingmanni og ráðherra, Jónínu Bjartmarz, og fann að styrkur minn í flokknum var mikill þrátt fyrir átökin.“

**Hvernig sérðu pólitíska vegferð þína til þessa?** „Ungur gekk ég Framsóknarflokknum á hönd og hef verið lengi á vettvangi en það hafa skipst á skin og skúrir. Mér gekk ekkert verulega vel framan af en ég hygg að ég hafi batnað sem stjórnmálamaður eftir því sem ég fékk meiri ábyrgð og þegar ég varð leiðtogi í mínu kjördæmi höfst nýr dagur hjá mér pólitískt. Eftir glæsilega kosningu 1999 kom að því að forysta flokksins gat ekki gengið lengur fram hjá mér við ráðherraval.

Hvað sem segja má um minn ráðherraferil, um hann verða aðrir að dæma, þá einkenndist hann af bjartsýni, trú og jákvæðni.“

**Hvernig var samstarf ykkar Jóns Sigurðssonar?** „Ég stóð mjög þétt við hlið Jóns og aldrei féll styggðarorð á milli okkar vinanna. Flokksmenn vita að ég er drenglundaður og heilsteyptur og þannig hef ég kynnt mig bæði innan flokks og utan.

Nú þegar Jón hverfur á braut get ég ekki annað en tekið við brúnni og ég held að við séum öll sammála síðustu ráðum hans um að ég taki við flokknum og að kjörinn verði nýr varaformaður við þær aðstæður.

Svo mun auðvitað ný forysta takast á við framtíðina og ákveða með sinni miðstjórn hvenær flokksþing kemur saman. Það var mikil og góð samstaða um að kjósa Siv Friðleifsdóttur sem formann þingflokksins þannig að ég vona að okkur takist það mikilvægasta, að ná samstöðu um okkar forystusveit á öllum stigum.“

**Völd formanna stjórnmálaflokka virðast algjör. Ráða þeir of miklu?** „Ég held að menn taki sér stundum meiri völd en þeir eiga að hafa og tel að það hafi stjórnmálaforingjar seinni ára gert í of ríkum mæli. Það ekki bara formönnunum að kenna því almennir flokksmenn virðast oft líta fyrst til þeirra og svo til flokksins. Það verður til Framsóknarflokkur Steingríms, Framsóknarflokkur Halldórs, Sjálfstæðisflokkur Davíðs og Samfylking Ingibjargar Sólrúnar. Flokkarnir eru alltof mikið tengdir nafni foringjanna en foringi er bara maður um stund sem ber að fara af virðingu eftir þeim leikreglum sem eru við lýði.“



**GUÐNI ÁGÚSTSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** segir stjórnmálaforingja seinni ára hafa tekið sér meiri völd í flokkunum heldur en þeir eigi að hafa. „Flokkarnir eru alltof mikið tengdir nafni foringjanna en foringi er bara maður um stund sem ber að fara af virðingu eftir þeim leikreglum sem eru við lýði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ➜ GUÐNI ÁGÚSTSSON

**FÆDDUR:** Á Brúnastöðum í Hraungerðishreppi 9. apríl 1949.

**FJÖLSKYLDUHAGIR:** Kvæntur Margréti Hauksdóttur leiðbeinanda og eiga þau þrjár dætur.

**MENNTUN:** Búfræðipróf frá Hvanneyri.

**FERILL:** Mjólkureftirlitsmaður hjá Mjólkurbúi Flóamanna. Alþingismaður síðan 1987. Landbúnaðarráðherra 1999-2007. Varaformaður Framsóknarflokksins 2001-2007, formaður 2007.

> „Halldór taldi mig ekki þann rétt borna arftaka sem Framsóknarflokkurinn ætti að fá.

**Hvernig pólitík ætlar Framsóknarflokkurinn að reka í stjórnarandstöðunni?** „Framsóknarflokkurinn hefur alltaf verið heiðarlegur í stjórnarandstöðu og lagt upp úr því að hrópa ekki á torgum heldur vera málefnalegur og drengilegur og ég vona sannarlega að það verði þannig. Það verður tekist á um margt í stefnu þessarar ríkisstjórnar bæði pólitískt og í samfélaginu og við munum koma fram eins og alltaf af eindrægni og heiðarleika.

Við verðum ekki nei-flokkur í stjórnarandstöðu heldur flokkur sem segir hvert hann myndi fara í átakamálum og segir í hvaða málum hann styður stefnu stjórnvalda.“

**Ýmislegt í stjórnarsáttmálanum rímar ágætlega við stefnu Framsóknarflokksins. Þurfið þið að gera ykkur upp ágreining?** „Ríkisstjórnin sem fór frá skilar af sér góðu búi. Við vorum annar helmingurinn í þeirri stjórn og eigum mikið í því samfélagi sem hefur byggst upp á síðustu árum. Margt í áformum ríkisstjórnarinnar stendur á okkar verkum og margt var búið að plana fram í tímann. Ég nefni öldrunarmálin. Við sömdum við aldraða um að leysa þau á næstu þremur árum. Ég nefni líka stækkun friðlandsins í Þjórsárverum sem Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki ganga frá með okkar umhverfisráðherra. Nú hefur því máli verið lokað og við fögnum því.

Það ríkir samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu um mörg mál en þar sem beygt er af leið í grundvallaratriðum munum við að sjálfsögðu veita aðhald.“

**Það er ekki sérstakur kærleikur milli Framsóknarflokksins og VG. Hvernig verður samstarf ykkar í stjórnarandstöðunni?** „Auðvitað náum við samstöðu um grundvallaratriði í stjórnarandstöðu en við verðum ekki í nánara samstarfi en það. Vinstri grænir er stjórnmálaflokkur sem er svipaður flokkum sem eru til um alla Evrópu. Þetta eru stjórnarandstöðumenn, þetta eru nei-menn og þeir eru í raun hvergi leiddir til valda. Þess vegna gerðum við okkur alltaf grein fyrir því að svokölluð vinstri stjórn með þeim var tæplega á dagskrá. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gaf þeim sparkið af þessum ástæðum og kaus sjálf að bjarga eigin formannstíð með því að ganga höfuðandstæðingi sínum, eins og hún hefur lýst, á hendur.“

**Hvað heldur að gerist á pólitíska sviðinu á næstu árum?** „Minn draumur er að hér verði þrír öflugir og sterkir flokkar. Það verði Sjálfstæðisflokkurinn til hægri, Framsóknarflokkurinn í miðjunni og öflugur verkamannaflokkur til vinstri sem er fær um samstarf með Framsóknarflokknum. Svo kannski einhverjir smáflokkar til hægri eða vinstri sem styðja stóru blokkirnar við stjórnarmyndanir. Þannig tel ég að lýðræðinu yrði best stýrt í framtíðinni.

Auðvitað óttast ég en vona um leið ekki að Sjálfstæðisflokkurinn ráði hér för í 20 til 30 ár samfleytt. Ég óttast líka að við verðum að sætta okkur við að verða um nokkurt skeið í stjórnarandstöðu því það tekur Sjálfstæðisflokkinn töluverðan tíma að sundra Samfylkingunni. Sá tími getur hins vegar verið nógu langur til að samfélagsmyndin á Íslandi skekkist mjög í anda hægrimanna. Þetta getur því orðið töluvert langur tími frá Stjórnarráðinu en það á að vera tími til að eignast aftur sterkan og samstilltan Framsóknarflokk.“

www.icelandexpress.is

# Veðurspá Iceland Express: Sól, sól og meiri sól!




## Gott veður á góðu verði!

» Það hefur ekki farið framhjá neinum að sumarblíðan lætur á sér standa á Íslandi. Þess vegna er tilvalið að drífa sig út í blíðuna til einhvers af 13 áfangastöðum Iceland Express á verði sem yljar!

**Bókaðu gott veður á góðu verði, skelltu þér inn á www.icelandexpress.is!**

» **VERÐ FRÁ:**
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

» **BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton / SÍA



**EINU SINNI VAR** Margir muna eflaust þá stórkostlegu retó fortíð þegar reykingafólk gat svalað fíkn sinni í flugvélum, bíóhúsum, sjoppum og jafnvel skólastofum.

# Síðustu dagar sígarettunnar

Mark Twain sagðist fremur myndi banka á dyrnar á helvíti en dvelja í himnaríki væru reykingar bannaðar innan við gyllta hliðið. En hvað munu Íslendingar gera nú þegar barir og kaffihús verða reyklaus um næstu helgi? Ætla þeir að sitja sem fastast heima og reykja þar, drepa í sígarettunni eða stelast til að kveikja sér í bak við næstu súlu á Óliver? *Júlía Margrét Alexandersdóttir* kynnti sér reykingabönn fyrr og síðar og afleiðingar þeirra.

Mark Twain er líkast til í vondum málum ef Guð hefur haft áhyggjur af óbeinum reykingum og hörpuleikurunum sínum. Bareigendur og kaffhúsaeigendur bíða næstu helgi milli vonar og ótta þess sem verða skal. Mun aðsókn minnka, þurfa þeir að segja upp starfsfólki, verður jafnvel einhverjum stöðum lokað? Meðan einhverjir munu bæta við dyravörðum til að hleypa gestum út og inn til að reykja, jafnvel splæsa í hitalampa, eru aðrir staðir sem sjá sér ekki fært að gera slíkt. Treysta sér ekki í að halda úti mannskap til að fylgjast með því hverjir skruppu rétt út í reyk og hverjir eru að bíða eftir því að komast inn á staðinn. Eða að fjárfesta í dýrum hitalömpum. Líklegt er þó að hlýir og bjartir sumarmánuðurnir verði veitingamönnum auðveldari heldur en þegar kólna fer í haust.



**FYRIRLEIT REYKINGAR** Adolf Hitler var fyrstur til að kanna skaðsemi óbeinna reykinga og þriðja ríkið bannaði reykingar á ýmsum opinberum stöðum.

## Saga reykingabanns

Nasistar voru fyrstir til að banna reykingar meðal heillar þjóðar en árið 1941 bönnuðu þeir reykingar í öllum háskólum, pósthúsum, herspítölum sem og á skrifstofum Nasistaflokksins. Hugtakið óbeinar reykingar má rekja beint til Þriðja ríkisins en þar var fyrst byrjað að rannsaka afleiðinar þeirra að eggjan sjálfs Adolfs Hitlers en hann var mikill andstæðingur reykinga. Nasistar stóðu fyrir meiriháttar herferðum gegn reykingum, allt þar til síðari heimsstyrjöld lauk. Næstu áratugi þar á eftir fór lítið fyrir baráttu gegn reykingum. Reykingamenn reyktu þegar þeir vildu og þar sem þá lysti. Þeir dagar þegar reykja mátti í flugvél á leið til Egilsstaða sem og inni í Stjörnubíó eru í minningunni orðnir jafn hlægilega retró og heimilissýning í Laugardalshöllinni. Engu að síður mátti reykja á hinum ótrúlegustu stöðum og í stað þess að bannað væri að reykja á skólalóðum menntaskólanna, eins og títt er í dag, gátu nemendur reykt beint fyrir utan kennslustofuna. Það var ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar sem reykingamenn fóru að finna til tevatnsins en þá upphófst aðskilnaðarstefna reykingarmanna og þeirra sem ekki reykja. Minnesota varð fyrst ríkja til að banna reykingar á flestum opinberum stöðum, eða árið 1975, og til að byrja með var veitingastöðum skylt að bjóða gestum upp á reyklaust svæði. Árið 1998 kom Kaliforníuríki á afgerandi banni við reykingum á opinberum stöðum sem og veitingahúsum og börum og New York fylgdi í kjölfarið örfáum árum síðar. Í Kaliforníu má finna borgir sem eru algjörlega reyklausar, þar sem reykingamenn mega ekki reykja úti undir beru lofti heldur einungis innan veggja eigin heimilis. Írland varð fyrst landa, árið 2004, til að banna reykingar á vinnustöðum og voru barir og veitingahús þar ekki undanskilin. Þeim ríkjum og löndum fjölgar sífellt sem leggja blátt bann við reykingum og í mörgum löndum, sem og hér heima, eru aðskilnaðarsinnar á síðustu metrum algers sigurs, þar sem einu athvörf reykingamanna eru nú eigin heimili. Bhutan er þó stórtækast hingað til en það er eina landið í heiminum sem lagt hefur blátt bann við sölu á tóbaki sem og reykingum á opinberum stöðum.

## ➜ ÍMYND LANDA OG FEGURÐARDÝRKUN

Meðan andófsmenn reykinga halda á lofti skaðsemi óbeinna reykinga á lofti sem meginástæðu fyrir þeim reykingabönnum sem nú hafa verið sett á víðsvegar um Evrópu eru aðrir sem vilja leita ástæðunnar dýpra – og þá í samfélagsgerð og menningu Vesturlanda. Matthew Hilton, prófessor við háskólann í Birmingham hefur rýnt í tóbaksmenningu Vesturlanda og meðal annars skrifað bókina Smoking in British popular culture. Hilton segir að reykingabannið sé afleiðing þeirrar fegurðardýrkunar og auglýsingamenningar sem Vesturlönd búa við þar sem gert er út á fegurð, æskudýrkun og heilsu. Myndu bönn þessu snúast um hræðslu fólks við áhrif óbeinna reykinga, myndu yfirvöld byrja á réttum enda; sem væri að banna reykingar á heimilum þar sem börn er að finna. Þess í stað séu reykingarnar fluttar af opinberum stöðum á heimilin. Reykingamenn skekki þá heildarmynd sem Vesturlönd vilja gefa af sér sem er: Hrein, fögur og púrítönsk. Einnig vill hann meina að reykingabann snúist um ímynd landa. Öll lönd vilji að andlit þeirra út á við sýni velmegun og ríkidæmi. Þar fari lítt saman að þjóðin sé keðjureykjandi og kalli sig um leið velferðarríki. Þannig sé reykingabann jafnvel meira keppnismál fyrir fátækari ríkin sem vilji festa sig í sessi meðal heldri þjóða. Írland, sem lengi vel var eitt fátækasta ríki Evrópu en hefur síðustu tvo áratugi fengið meiri pening milli handanna, var til að mynda eitt fyrsta landið til að banna reykingar á opinberum stöðum sem og veitingahúsum.




**REYKINGABANN** Afleiðing æskudýrkunar?

## Raddirnar sem FAGNA reykingabanni segja …

… **Að með tilheyrandi þekkingu á skaðsemi óbeinna reykinga, sé ekki hægt að réttlæta það að bjóða starfsfólki veitingastaða og kráa upp á að vinna við slíkar aðstæður.** Rannsóknir sýna að þar sem reykingabann hefur verið sett á hefur heilsa starfsfólks batnað til muna, sérstaklega hvað varðar öndunarasjúkdóma og nikótín í blóði starfsmanna minnkaði um allt að 80 prósent. Þannig eyða til að mynda veitingamenn írskra kráa nú aðeins um 25 mínútum á viku í reykmettuðu andrúmsloti í stað 40 klukkustunda fyrir bann. Fyrir bann var starfsfólk veitingahúsa í 50% meiri hættu en aðrir að fá lungnakrabbamein.

… **Að áhrif reykingabanns á heilsu folks taki af allan vafa um hvort bannið sé réttlætanlegt.** Þannig hafi hjartaáföllum fækkað í ýmsum ríkjum Bandaríkjanna, og má nefna tölur frá Colorado sem sýna 30% færri tilfelli. Sérfræðingar í Norður-Írlandi áætla að bannið bjargi um 250 mannslífum þar á ári hverju og svipaða sögu er að segja frá þeim löndum sem löndum sem lagt hafa bann við reykingunum.

… **Að sú löggjöf sem í gildi var um reyklaus svæði og loftræstingar hafi ekki komið í veg fyrir það að starfsfólk inni innan um reyk.** Þannig hafi reykur borist óhindrað á milli reyk- og reyklausra svæða og loftræstibúnaður dugi ekki til að hreinsa tóbaksreyk úr loftinu.

… **Samkvæmt nýlegum könnunum sé meirihluti Íslendinga hlynntur alveg reyklausum veitinga- og kaffihúsum.** Ennfremur sýni þær að yfirgnæfandi meirihluti fólks færi jafnoft eða oftar á veitingastaði eða kaffihús væru þeir reyklausir. Því þurfi eigendur kaffihúsa ekki að hafa áhyggjur.

… **Að hugsanlegur taprekstur og uppsagnir starfsfólks í kjölfar reykingabanns sé ólíklegur.** Rannsóknir sýni að til lengri tíma litið geti reykingabannið jafnvel haft góð áhrif á viðskiptin og benda meðal annars til New York borgar en þar jókst sala og aðsókn á bari og veitingahús sem og að störfum fjölgaði.

## Raddirnar sem GAGNRÝNA reykingabann segja …

… **Að ríkið geti ekki ráðstafað eigum annarra** Bareigendur séu í fullum rétti að leyfa reykingar, kjósi þeir slíkt, í eigin húsnæði. Reyklausum sé gefin viðvörun um að reykt sé inni á staðnum og geti þá farið annað.

… **Að það að færa reykingar af börum færi reykingarnar í heimahús.** Þeir einstaklingar sem eru í hvað mestri hættu af óbeinum reykingum eru börn og benda þessar raddir á að þá sé skárra að reykingar fari fram á börum, víðsfjarri afkomendunum. Verið sé að færa óbeinu reykingarnar til - og það á verri stað. Sé litið til Írlands er ekkert lögmál að slíkt gerist, en þar hafa reykingar í heimahúsum minnkað eftir að reykingabann var sett á.

… **Sumir benda á að þó að rannsóknir sýni að yfir það heila komi reykingabann ekki niður á hagnaði** þessara staða í þeim löndum sem bannið hefur verið sett á eru undantekningar þar á og engin leið að vita fyrirfram hvaða áhrif slíkt bann hefur. Má þar benda á nágranna okkar í Skotlandi en þar hefur þriðjungur starfsfólks kráa misst starf sitt og fjórir af hverjum 10 börum eru annað hvort til sölu eða hefur verið lokað. Meira en helmingur bareigenda þar í landi segist einnig fá færri viðskiptavini. Í New Jersey hefur eftir árs reynslu sömu reyslu og Írland. Svipuð vandamál hafa einnig verið uppi á tengingum á fyrstu mánuðum reykingabanns í mörgum löndum. Oftast nær gengur slík lægð þó til baka en margir veitingamenn benda á að fæstir staðir megi við margra mánaða tekjumissi.

… **Að þótt margir haldi því fram að reykingabann minnki reykingar, bendi rannsóknir til annars.** Benda þeir í því samhengi meðal annars á Ítalíu en Ítalíu reykja meira í dag en þeir gerðu fyrir bann. Sömu sögu eru að segja frá Skotlandi og Írlandi, en þar reykja fleiri eftir bann. Benda sumir þar á hugsanlega orsök vera þá reykingarmenningu sem skapast hefur utan við staðinu þar sem fólk kynnist jafnvel hugsanlegum mökum.

… **Að þvert á það sem andófsmenn reykinga segja: Að afleiðingar þeirra séu þungur baggi á heilbrigðiskerfinu, bendi sumar rannsóknir til hins gagnstæða.** Að reyklaus tilvera, með tilheyrandi langlífi reynist heilbrigðiskerfinu dýrara en þeir sjúklingar sem þangað koma inn vegna reykinga. Í því samhengi er bent á að reyklausir lifa lengur, þurfa lengur á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda og á efri árum skili þeir engu í skattbúið.

**NÆSTU HELGI:** *Annar hluti úttektar um reykingabann – viðbrögð veitingamanna í Reykjavík, og staða reykingabanns á heimsvísu.*

## Nissan Qashqai

er samkvæmt EuroNCAP öruggasti bíll götunnar fyrir fullorðna. Hann hlaut 37 stig er hann var prófaður og tók því við forystunni af Peugeot 107, Citroën C5 og Ford S-MAX. Það sem gerir árangurinn enn merkilegri er að Qashqai er nýr bíll og ekki um endurbætur á eldri gerð að ræða.



## Á sveitahótelinu Hraunsnefi

er bæði hægt að fá hugguleg herbergi, gista í svefnpokaplássi eða tjalda. Einnig er boðið upp á skemmtilegar jeppa-safaríferðir. Hraunsnef er í Borgarfirði og er hægt að nálgast frekari upplýsingar á www.hraunsnef.com.

## Bensínbílar

verða hugsanlega bannaðir í Noregi eftir aðeins sjö ár. Bannið á að taka til bíla sem eingöngu ganga fyrir bensíni en upplýsingamálaráðherra Noregs, Liv Signe Navarsete, vill hvorki játa því né neita að slíkar lagabreytingar verði lagðar fyrir norska þingið.









Meirapróf

Lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið byrjar 6. júní.




Bræðurnir Heiðar Hauksson og Hafþór Hauksson segja aukinn áhuga á vespum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vespan tilvalin í skrepp

***Bræðurnir Heiðar og Hafþór Hauksssynir eru miklir hjólamenn. Þeir eiga báðir mótorkrosshjól og vespur sem þeir hafa flutt inn og selt síðastliðið ár.***

„Við bræðurnir höfðum talsvert verið í innflutningi, meðal annars á bílum, þegar við duttum niður á vespurnar fyrir um ári síðan,“ segir Heiðar Hauksson, einn eigandi Mopar.is sem selur vespur bæði á höfuðborgarsvæðinu og norðan heiða á Akureyri.

Bræðurnir eru báðir á kafi í mótorsporti og segja vespu-áhugann bara vera aukabúgrein. „Ég á tvö hjól, Kawasaki KXF 250, mótorkross hjól, árgerð 2006 og nýja ICE-bee vespu. Bróðir minn á alveg eins mótorkross hjól, nema árgerð 2007 og alveg eins vespu og ég,“ segir Heiðar sem hefur stundað mótorkrossið í rúmt ár og Hafþór í rúm fimm.

Bræðurnir stefna á keppni í mótorkrossi á Kirkjubæjarklaustri í sumar en þá verða vespurnar fjarri góðu gamni.

„Vespurnar eru mest sumarsport fyrir styttri vegalengdir í borg eða bæ. Til dæmis er mikið af fólki sem býr í miðbænum sem notar hjólin og líka krakkar með skellinöðrupróf. Svo vorum við að selja rúmlega fimmtugum manni hjól sem vinnur nálægt heimili sínu og vantaði auðveldan ferðamáta,“ segir Heiðar sem býr sjálfur í miðbænum og finnst tilvalið að nota vespuna þegar hann þarf aðeins að skreppa.

*rh@frettabladid.is*


Konur & menn athugið

Loftorka Borgarnesi ehf. óskar eftir að ráða í eftirtalin störf hjá fyrirtækinu í Borgarnesi, sem allra fyrst.

- **Kranamaður**
- **Bílstjóri á dráttarbíl**
- **Steypubílstjóri**
- **Gröfumaður**

Nánari upplýsingar veita Áslaug Þorvaldsdóttir starfsmannastjóri og Reynir Magnússon flutningastjóri á opnunartíma skrifstofu kl. 08:00 – 17:00 í síma 433 9000.

Umsóknir sendist fyrir 4. júní nk. á neðangreint heimilisfang merkt "atvinnai" eða á netfangið loftorka@loftorka.is

Loftorka Borgarnesi ehf. er alhliða verktakafyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum hlutum úr steinsteypu, mestmegnis húseiningum, ásamt steinrörum í holræsi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í Borgarnesi, á Akureyri, í Reykjavík og í Kópavogi. Starfsmannafjöldi er á bilinu 250-300 manns.

LOFTORKA BORGARNESI EHF

Engjaás 1 • 310 Borgarnes

Sími 433-9000 • Fax 433-9013 • www.loftorka.is



**Bensínbílar** í Noregi gætu horfið af götum landsins ef ný lög ná fram að ganga. Þá verða nýir bíla sem eingöngu nota bensín sem orkugjafa bannaðir.


**Þýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836



**HAMMERMASTER**




Krókhálsi 16
Reykjavík
Sími 588 2600

VÉLAVER

Gleráreyrar 2
Akureyri
www.velaver.is



Sendum frítt um land allt!

**Jeppadekk**




**33" Maxxis A/T**
(33x12.50R15)
Verð aðeins:
**kr. 15.900**
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".

Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði

JEPPADEKK.is

Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

PIPAR • SÍA • 70622




Þetta er Lada Revolution, 225 hestafla kappakstursbíll sem minnir á leikfangabíl.



Lada C hugmyndabíllinn var kynntur á bílasýningunni í Genf.



Þetta er sú mynd sem flestir Vesturlandabúar hafa af Lödunni. Bíll sem hangir saman á ryðinu.



Lada Sport naut gríðarlegra vinsælda á sínum tíma. Hann er enn í framleiðslu.

# Fengu ekki bensín í Bandaríkjunum

***Fyrstu Lödunni var hægt að snúa í gang með handsveif. Nú er öldin önnur og þrátt fyrir að vera aðeins brot af fyrra veldi á Lada enn stærstu bílaverksmiðju í heimi.***

Þær eru fáar Lödurnar á vestrænum götum í dag. Þessi gamli rússneski risi má muna sinn fífil fegri og þrátt fyrir ágætt gengi heima fyrir og fjölmargar tilraunir til alþjóðlegrar endurreisnar gengur honum illa að hrista af sér slæma sovéska slyðruorðið.

Lada-fyrirtækið heitir í raun AvtoVAZ, en nafnið Lada er notað á bíla sem fluttir eru út. Á heimamarkaði heita bílarnir Zhiguli, en vafalítið þótti það á sínum tíma of sovéskt til að falla í kramið hjá heimi í skugga kjarnorkustríðs.

AvtoVAZ var stofnað árið 1966 í samvinnu við Fiat, en fyrsta Ladan var í raun ekkert annað en Fiat 124 sem breytt hafði verið til að þola rússneska vegi. Hann var hækkaður upp, yfirbyggingin gerð þykkari, og hann búinn handsveif ef rafkerfið skyldi bregðast einhvers staðar á sléttum Úkraínu eða á síberísku túndrunni.

Árið 1978 tóku Sovíetmennirnir frumkvæðið og gerðu sinn fyrsta bíl án hjálpar frá Fiat. Þetta var Lada Sport, en vart þarf að fjölyrða um vinsældir hennar. Í kjölfar Sport kom Sputnik-3, betur þekktur sem Samara, og jók hann enn hróður Lödu um heim allan. Sport og Samara eru enn í framleiðslu.

Lada var orðið að þekktu bílamerki í Rússlandi, Evrópu, og mið- og suður-Ameríku. Af augljósum ástæðum var bannað að selja Lödur í Bandaríkjunum en þær seldust hins vegar vel í Kanada. Þó að Kanadamenn séu almennt vel liðnir í Bandaríkjunum voru þeir sem komu í heimsókn á bílum fjandmannanna og erkióvinanna í sovéska kommúnistaflokknum ekki vel liðnir. Þeim var neitað um afgreiðslu á mörgum stöðum og erfitt gat reynst að fá bensínfyllingu á Löduna.

Lödur voru vinsælar fyrst og fremst vegna þess hversu ódýrar þær voru. Þegar Japanar og Kóreubúar færðu sig upp á skaftið í bílaiðnaðinum og fóru að bjóða mun betur búna bíla á sama verði og Rússarnir, hurfu Lödur smám saman af götunum. Mikið af þeim var flutt aftur til Rússlands vegna gífurlega hárra skatta þar á innflutta notaða bíla, en flestir þessara bíla eru nú lítið annað en ryðhrúgur á ruslahaugum.

AvtoVAZ lifir enn góðu lífi á heimamarkaði og á fyrirtækið meðal annars eina stærstu bílaverksmiðju í heimi. Nokkrum sinnum hefur verið reynt að hefja fyrirtækið aftur til fyrri vegs og virðingar en ekkert hefur gengið.

Á bílasýningunni í Genf frumsýndi fyrirtækið reyndar nýjan hugmyndabíl sem vakti mikla athygli svo hver veit nema Lödur eigi innan tíðar afturkvæmt á vestrænar hraðbrautir.

*tryggvi@frettabladid.is*
*Heimilidir: Wikipedia*


ekill ehf

**Ökunám í fjarnámi !!!!**

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



**HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM**



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSMIÐ



Omega
The ultimate Lubricant

**Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!**

Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is



**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Ferðaþjónustan HL skipuleggur hvataferðir fyrir erlend og innlend fyrirtæki og ferðamenn. www.hl.is

Síðustu sætin í maí og júní
ótrúleg tilboð – gríptu tækifærið
Allt að seljast upp!

Frá 39.990 kr. Rhodos

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Sértilboð íbúð á Les Cocotiers 9. júní í viku.
2. júní - 7 sæti
9. júní - 19 sæti
16. júní - 11 sæti

Frá 49.990 kr. Montreal - Kanada

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal m/morgunverði í 7 nætur, 31. maí.
31. maí - 11 sæti
7. júní - örfá sæti
14. júní - nokkur sæti

Frá 49.990 kr. Króatía

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Sértilboð íbúð á Diamant, 3. júní í viku.
27. maí - UPPSELT
3. júní - 11 sæti
10. júní - UPPSELT

Frá 49.990 kr. Costa del Sol

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð. 6. eða 13. júní í viku.
30. maí - UPPSELT
6. júní - 4 sæti laus
13. júní - örfá sæti

Frá 29.990 kr. Mallorca

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 1. júní í viku.
1. júní - örfá sæti
8. júní - örfá sæti
15. júní - UPPSELT

Frá 39.995 kr. Fuerteventura

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Sértilboð á Oasis Papagayo í viku, 10., 17. eða 24. júlí.
UPPSELT í maí
5. júní - 8 sæti
12. júní - 4 sæti
19. júní - UPPSELT

Frá 34.990 kr. Benidorm

Netverð á mann, m.v. 2-4 saman í íbúð á Vina del Mar í viku. 31. maí.
31. maí - 23 sæti
7. júní - UPPSELT
14. júní - örfá sæti

Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


Guðrún segist hafa haft það frábært í Frakklandi þó að hún sé venjulega mjög heimakær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ógleymanleg vika með fjölskyldunni

***Guðrún Helgadóttir rithöfundur segist vera frekar heimakær en þó man hún eftir einni utanlandsferð sem hún segir að hafi verið alveg ógleymanleg.***

Skemmtilegasta ferð sem Guðrún hefur farið í lífinu er að hennar sögn vikuferð til Frakklands sem hún fór í fyrir tæpum tveimur árum í september. „Við fórum öll fjölskyldan, börnin mín, tengdabörnin og barnabörnin, til Commesey í Búrgúndíhéraðinu í Frakklandi þar sem við leigðum gamla hnetuolíumyllu sem íslenskt fólk á,“ segir hún.

Vikan í Frakklandi er Guðrúnu ógleymanleg. „Þetta var alveg dásamlegur staður og þarna var allt sem hugurinn girntist af fegurð og skemmtilegheitum. Veðrið var eins og best varð á kosið og öll þessi börn og öll þessi samvera, þetta var engu líkt,“ segir hún.

Alls voru fjölskyldumeðlimirnir sem fóru í ferðina tuttugu og þrír svo hópurinn var tölvert stór. „Húsið var yndislegt og við höfðum það algjörlega út af fyrir okkur. Það er svona tvö hundruð kílómetra suðaustur af París og við keyrðum í gegnum borgina en skoðuðum hana ekkert. Við vorum bara ákveðin í að vera þarna saman í viku í sveitinni en við fórum svolítið um nágrennið þar.“

Guðrún segist ekki hafa farið til Frakklands áður en hún fór í þessa ferð og ekki hafa farið aftur síðan. „Það verður erfitt að slá þessa ferð út,“ segir hún og hlær.

Sumarið er alveg óráðið að sögn Guðrúnar en vel getur verið að hún fari eitthvað utan. „Það fer allt eftir því hvernig mér gengur að skrifa og það getur vel verið að ég verði jafnvel í Noregi í sumar. Annars er ég óskaplega heimakær og það er bara yndislegt,“ segir hún og hlær. *- eö*

# Með börnin í London

***Í London eru hótel sem sérhæfa sig í barna- og fjölskyldufólki og taka alltaf vel á móti krílunum.***

**Hótel Novotel**
eru sex talsins í London. Novotel taka alltaf á móti krökkum með gjafapakka og leikföngum. Veitingastaðir hótelanna eru með barnamatseðil og sum hótelin eru með leikherbergi með leikjatölvum og leikföngum. Verðið er á bilinu 165 til 250 dollarar, en fyrir börn undir sextán ára aldri er ókeypis. www.novotel.com.


Í London eru nokkur hótel sem bjóða upp á leikföng og barnaherbergi.

**Hótel Athenaeum**
eru hótelíbúðir við Piccadilly í London. Þar eru bæði eins og tveggja herbergja íbúðir með eldhúsi, þvottahúsi, leikföngum, geisladiskum og mjólk og köku á kvöldin. Gisting kostar sitt en er stórkostleg fyrir barnafólk. Hótelið stendur nálægt fallegum garði sem er gaman að leika sér í. Verðið er á bilinu 1.200 dollarar frá apríl fram í desember, en þarna eru alltaf einhver helgartilboð með reglulegu millibili. www.athenaeumhotel.com.

**Hótel Premier Travel Inn London County Hall**
er við Belvedere Road rétt hjá Westminster-brúnni. Þetta er gott hótel þar sem herbergin kosta 170 dollara og henta vel fyrir tvo fullorðna og tvö börn yngri en fimmtán ára. Börn tíu ára og yngri fá ókeypis morgunmat. www.premiertravelinn.com/pti/home.do.

## BORGIN: BARCELONA

# Hrífandi í alla staði

***Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í borginni Barcelona.***

Barcelona er höfuðborg Katalóníu og næststærsta borg Spánar. Hún hefur um árabil verið vinsæll ferðamannastaður, meðal annars vegna spennandi sögu, blómstrandi menningarlífs og matargerðar.

Þeir sem leggja leið sína til borgarinnar ættu ekki að láta eftirfarandi fram hjá sér fara: Kirkjuna La Sagrada Familia og Parque Güell (oft kallaður Gaudígarðurinn), minnisvarða um einstaka sköpunargáfu listamannsins Antonis Gaudí.

Svo er það matarmarkaðinn Mercat de la Boqueria, sem er staðsettur við verslunargötuna Römbluna. Þar er meðal annars hægt að panta sér navajas, einstaklega ljúffengan skelfisk, og patatas bravas (kartöflur með sterkri sósu).

Þá er alveg tilvalið að skella sér á fótboltaleik og sjá Eið Smára Guðjohnsen spila með fótboltaliði heimamanna. *-rve*


Eðla úr Parque Güell eða Gaudí-garðinum, eins og hann er oft nefndur.

Vegna þess að sjórinn býður þér út að leika
Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI


Arnarbílar
www.arnarbilar.is


FORD EXPLORER XLT 4WD árg. 2004 ek. 78.þ., 4014cc ssk. Einn með öllu. Leður og topplúga. Verð 2.890 þ. Tilboð 2.690 þ. áhv. 2.100 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn - FRÍ SÖLULAUN Í MAÍ

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala


Hyundai Accent GLS, árg. 2004, ek.35þús.km, Verð 1150þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is


Sjálfskiptur Toyota Rav4 Langur 4WD árg.11/2001 ek.79 þ.km. Ásett 1.590 þ.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**Sjá fleirri myndir á www. heimsbilar.is Til sýnis og sölu áHeimsbílum kletthálsi 2 S: 567-4000**
**www.heimsbilar.is**


## Bílar til sölu


Nissan Pick up 2,4 L bensin. árg '99. USA típa, ek. 80 þ. m. V. 490 þ. Uppl. í s. 893 2284 & 898 8835.


Plymouth Valiant Brougham 1975 2.DR. HR.T 318: 4 Hólfa, Ssk. Talsvert af vara-hlutum fylgir. Verð 500 þús. eða tilb. Sími 865 5268 ef.kl. 17.


Yaris 06/2004 tilboð 940.000 þús 5dyra, 5 gíra ekinn 60.000 þús. uppl. í sima 894 3334.


VW Golf 2,0 Fsi árg.04 ek.50 þús.Verð tilboð 0 kr út og yfirtaka. afb. 28 þús. Uppl.S 869 1005.


Cadillac Escalade '02 ek. 98 þús. 20" felgur ásett 3.950 tilboð stgr. 2.950 þús s.663 4994.


350 þús. út og 16 þús./mán afb. Góður bíll! Opel Zafira Comfort, árg. 28.11.'02. Ek. 53 þús., 7manna, sjálfsk. Engin skipti. S. 821 3181.


VW Golf comfortilene '02, ssk, ek. 104 þús. álfelgur, Margt nýtt í honum. Vel með farinn. Verð 970 þús. S. 693 3297.


MB CLK 200 Elegance árg 1998, ek. 110 þ. km. Dökk blár , sjálfskiptur, toppl, álfelgur ofl. Tilboð óskast.S:6647302


Dodge Durango SLT árg 05. ek 60 þkm. Sjálfsk, leður ofl, v.3400þ tilb. 3150 stgr. uppl s 897 4552


MMC Lancer árg.'97 ek. 150þús. Ssk. Sk. Verð 175þús. Uppl. í s. 698 8257.


Nissan Almera '99, ek. 90 þús. Ný dekk, góður bíll. Verð 370 þús. Ath. skipti. S. 616 2597.


VW Passat '03, ek. 52 þús. 1,6 L basic. Verð 1.150 þús. S. 692 7495.


Til sölu Toyota Landcruiser 120 GX árg.'06 Dísel, ssk, ek.28þús. Filmur og vindskeið. Verð. 4,980þús. Uppl. í s. 822 5552.


Toyota Hiace diesel turbo skráður 27.03.1997 ekinn 173 þús. nýsk. '08, dráttarkrókur verð 480 þús. 693 5053.


Camaro SS Convertible árg. '01. Flottur bíll sem vert er að skoða. Gott lán áhvíl-andi. Uppl. í s. 844 5222.

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000
HYBRID
TOYOTA
Highlander 7.5L 100km!

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
DODGE CALIBER
Nýr 07 frá kr. 1.995.000!

Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir mark-aðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www. islandus.com


Ath Öll Skipti? Toyota Rav4, árg. 05/02, ekinn 131 þ.. 5 gíra, sk. 08. Ásett 1290. Lán 1150. 897 2425.


Renault Megane '99 ek. 99 þ. Góður bíll. Uppl. í s. 898 1535.


Til sölu Bens 300D árg.'93. Uppl. í s. 899 9055.


T. Corolla árg. '02 ek. 85 þ. bsk., 17" felgur. Flottur bíll. Áhv. 1070 þ. 225 út. Afb. 26 þ. S. 691 8900.


Chevrolet Camaro 94. 6 cyl og sjálf-skiptur. Ek. 141.500 mílur. Verð 550 þús. Uppl. í síma 860 3995.


Til sölu Golf Comfl. árg.'03 Ek. 68 þús. Smurbók. Verð 1.090þús. Uppl. í s. 695 7599.


Daihatsu Terios '99, ek. 139 þús. Ssk., nýsk., cd, topplúga, álfelgur, dráttarkúla. Finn bíll. Ásett verð 400 þús. Tilboð 330 þús. S. 660 1334.


VW. Transport til sölu árg. 1990 sendib. disil ek. 190 þús. Verð 550 þús. Uppl. í s. 893 0086.


Dodge Durango Ltd. '05. Evrópubíll ek. 43 þ. km. Verð 3.540.000. Uppl. í s. 824 1716.


Benz station 94 4x4 ek. 270þ.km. ný heddpakn. leðurs. toppl. dráttarkr. V. 630þús. Uppl. í s. 824 0639.


Ford F-150 Super Crew árg. 05 ek. 70 þús. Verð 3.550 þús. Skoða skipti.Uppl. í s. 869 1005.


Tilboð vegna flutnings. Gullfallegur MMC Pajero (Montero) Limited '01 ek.100 þ. km. Jeppi í toppstandi. Uppl. www. internet.is/arndis eða S.822 0322.


Fleetwood Cheyenne fellihýsi til sölu. Árgerð 2001 í góðu standi. Lítilsháttar útlitsskemmdir. Staðsett í Biskupstungum. Uppl. í s. 660 3035.


Volvo S-80 árg. '01, ek. 123 þús. Álfelgur, leðursæti. Gott eintak. Áhv. 1,5 m. Verð 1.790 þús. Uppl. í s. 897 3669.


Dodge Magnum 2005 ek. 21 þ. 18" álf-elgur, sjálfsk. rafm í öllu. Mjög sparneyt-inn og góður bíll. Bíllinn fæst á yfirtöku á láni upp á 2,9. S. 860 2442.


MMC L 200 árg. 1/05. Ek. 52 þús. Pallhús, dráttarbeisli, 32" dekk, reyk-lausbíll, 1 eigandi. V. 2,550 þ. S. 861 9927.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Til sölu Toyota Carrina árg.'96 ek. 134þús. Ný.sk. Vetra og sumard. Ný smurður, nýr rafgeymir og ný stýris-maskína. Mjög góður bíll. Ásett verð 330þús. Uppl. í s. 823 1135.

Fiat Punto ELX 5 dyra árg 2000. Skoðaður '08. Einn eigandi, vel með farinn og góður bíll. Ný tímareim. Verð 299 þ. uppl. í síma 690 4045.

Til sölu 2002 Dodge intrepid, ek. 52 þús mílur mjög gott staðgr.verð. uppl. í síma 8669028

Til sölu Volvo S40. Árg. '98. 1,6 L. Bsk. Ek. 82 þús. Sk. '08. Verð 570 þús. Sími 868 8565.

**750 þús. í afslátt.**
BMW 320 diesel. árg. 07/02. 110% ein-tak. Sjálfsk. Skoða öll skipti. Ásett 2.500 þ. Verð nú 1.750 þ. Áhvl. 1.640 þ. Uppl. í s. 844 5222.

Hyundai Starex H1 Dísel. 7manna. (01) Skipti koma til greina. Uppl. í s. 692 8593 & 567 3848.

Til sölu Isuzu Rodeo 4x4 árg. '95 ek. 95 þ. mílur. Tilboð óskast. S. 860 3268.

Opel Astra árg.12/02 ek. 57þús. Bsk. 2dyra, verð 700 þús. áhv. 420 þús. Uppl. í s. 692 9009.

M. Benz 230 E árg. '92, ek. 207 þús. ssk .,vel með farinn. Mjög góður og fallegur bíll. Verð 400 þ. S. 847 2730.

BMW 316 M típa '99. Ek. 99 þús. Þarnast lagfæringar. Verð 500 þús. Uppl. í s. 847 7724.

VW Polo sept '00, ek. aðeins 58 þús. km, mjög vel með farinn. Toppeintak. S. 892 9804.

Hyundai Elantra árg. '94, 1800, ek. 170 þús. Þarfnast aðhlynningar. Verð 50 þús. S. 868 8926.

## 0-250 þús.


Hyundai Sonata '95, ek. 165 þús. Nýleg vatnsdæla og tímareim. Sk. '08. Verð 100 þús. S. 893 4254.


Micra árg. '97, 5 d., sjálfsk., ek. 92 þús. Sumar og vetrardekk. Verð 220 þús. S. 820 6732.


Ford Escape XLT Sport. Ekinn 17 þús mílur. 2.950.00. Yfirtaka á láni möguleg. Uppl. í 899-8708.

Opel Astra Caravan 1,2. Skr. 6.6.02. Hvítur, ek. 106 þús. Sk. 08. Þarfnast smá lagfæringa. Verð 200 þús. kr. Sími 694 9942.


Til sölu VW Polo árg. '97, ek. 97 þús. 5 dyra, 1400, blár, beinsk., álfelgur, nýskoðaður, ný tímareim. Verð 230 þús. S. 892 7852.

Gott verð!! Pontiac Grand Am '94, 2 dyra. Uppl. í s. 897 3757.

Nissan Terrano '95, ek. 260 þús. Verð 200 þús. stgr. S. 868 3450.

RENAULT MEGANE' 97arg,1,4vel,5gira,ek .156þús,ny timareim,ný heddpakkning ,sk.08,listaverð:340þ. TILBOÐ:180Þ.stgr s.6598238

Suzuki Vitara JLX Skr.05/1997, dekk 32", ekinn 156 þús. km, 5 gíra, 5 dyra, tilboð óskast. S. 848 5627.

Toyota Corolla H/B '94, 1300cc, rauð-ur, í góðu ástandi, skoðaður '08. Verð 150.000. Helgi 699 3384.

Til sölu Toyota Carina '93 ssk. rafmagn í rúðum sætum og speglum dráttarkúla vel með farinn. Verð 130-150 þ. Uppl í s. 860 9096.

Lada sport Til sölu Lada sport árg. 95 ekinn 60000km. Ný kúpling, í topp-standi. Verð 200.000. Uppl. Bjarni s. 663 4965 eða Friðrik 552 6132.

Toyota Corolla XLI árg „93. Verð 50 þús. Uppl í s. 892 4608 eða 565 0567.

## 250-499 þús.


Sumar tilboð Alfa Romeo 156, 1999. Ek 113 þ. Filmur, felgur. Verð 450 þ. S. 892 5599.


Opel Astra 2000. ek. 114 þús. sk. 08 beinsk. 5dyra. með 1200 vél (sparigrís) Tilboð!! 390 þús. s. 868 4835.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

## Kennari

**Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða raungreinakennara fyrir næsta skólaár.**

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í raungreinum.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Við bjóðum:**

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Ingi Ólafsson aðstoðarskólastjóri, ingi@verslo.is eða í síma 5 900 600. Umsóknarfrestur er til 31. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið ingi@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1200 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfanga um jól og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta. Við skólann starfa um 80 kennarar og annað starfsfólk.

---

Atvinna.is

Sími: 552-9300 ◆ Starfsráðningar ◆ Ráðgjöf

## Störf í boði

Okkur vantar fólk í eftirtalin störf. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar atvinna.is

### Ertu að leita að starfsmanni !

Við veitum snögga og góða þjónustu þegar leita þarf að hæfum starfsmanni.

Sparaðu þér tíma og fyrirhöfn.

**Láttu okkur spara þér tímann**

### Höfuðborgarsvæðið

Bókara / skrifstofustarf
vinntími 9-13 (50% starf)

Lagerstarfsmann/Bílstjóra

Lagerstarfsmann

### Suðurland

Verslunarstjóra

Aðstoðarverslunarstjóra

Dekkjaverstæði

* okkur vanta fólk á skrá búsett á Selfossi

þar sem leitin hefst

---

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Lögfræðingar hjá PFS

**Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál**

**PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.**

**Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.**

**PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf. Sjá nánar www.pfs.is**



### Hjá Póst- og fjarskiptastofnun eru laus til umsóknar tvö störf fyrir lögfræðinga

**Störf lögfræðinga** eru m.a. fólgin í samningu álitsgerða og stjórnsýsluákvarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, samskiptum við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúningi stjórnsýslureglna.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi lokið embættisprófi / MA í lögfræði eða sambærilegu prófi. Þekking á einhverju af eftirtöldum sviðum er æskileg:

fjarskiptarétti, stjórnsýslurétti, samkeppnisrétti eða persónuupplýsingarétti.

Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku.

**Um er að ræða** krefjandi störf þar sem reynir á frumkvæði, lögfræðilega getu og kunnáttu. Störfin bjóða upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir í aðildarlöndum EES.

**Í boði** eru samkeppnishæf kjör í síbreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Verkefnin eru ögrandi, vinnuumhverfið er vinalegt og aðbúnaður starfsmanna góður.

**Umsóknarfrestur** er til og með 3. júní nk. Gengið verður frá ráðningum skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

**Guðný Harðardóttir** og **Regína Hjaltadóttir**, hjá **STRÁ MRI** veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í 20 ár

---

## Starfsmaður á fjármálasviði



**Við hjá Atlantsolíu erum að leita að metnaðarfullum starfskrafti til að efla fjármálasvið okkar.**

**Í starfinu felst:**

- almenn bókhaldsstörf
- afstemmingar
- önnur tilfallandi verkefni

Starfið gæti hentað vel viðskiptamenntuðum einstaklingi með reynslu af fjármálasviði.

**Fyrirtækið**
Atlantsolía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 10 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 20 manns. Atlantsolía hefur verið í fararbroddi með nýjungar hér á landi með innleiðingu Dælulykla.

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttur (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum Borgartúni 27, sími 540 1000.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins **1. júní**. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

PIPAR • SÍA • 71065

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

# SKJALASTJÓRI

Garðabær auglýsir eftir starfsmanni í upplýsingadeild til afleysinga í eitt ár. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst nk.

Hjá Garðabæ starfa um 400 starfsmenn á mörgum ólíkum vinnustöðum. Á vegum upplýsingadeildar fer fram upplýsingagjöf til bæjarbúa, starfsmanna og viðskiptavina bæjarins. Upplýsingadeild ber ábyrgð á vef Garðabæjar, skjalastjórnun og þróun rafrænnar stjórnsýslu. Nýtt þjónustuver bæjarins er hluti af starfsemi deildarinnar.

**Helstu verkefni**
- Skjalastjórnun
- Fræðsla um skjalamál til starfsmanna bæjarskrifstofa
- Vinnsla upplýsinga á vef Garðabæjar
- Upplýsingagjöf og ýmis aðstoð til starfsmanna og viðskiptavina
- Ýmis önnur verkefni t.d. tengd viðburðum á vegum bæjarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á skjalastjórnunarkerfinu GoPro eða sambærilegu kerfi
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

capacent

# VILT ÞÚ SPILA MEÐ ÞEIM BESTU ?

Capacent er stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið Capacent er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðu Capacent: www.capacent.is.

Hefur þú áhuga á að starfa með öflugustu fyrirtækjunum, ná árangri og læra af fjölbreyttum verkefnum hjá skapandi þekkingarfyrirtæki?

**Við óskum eftir að ráða sérfræðing innan Capacent Ráðgjafar. Helstu verkefni eru hönnun og smíði gagnavöruhúsa sem og greining gagna og lausnasmíði.**

Mikill metnaður, frumkvæði og kraftur eru nauðsynlegir eiginleikar í starfinu. Háskólamenntun í verkfræði, eðlisfræði, stærðfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun eða reynsla af forritun, gagnagrunnum, gagnavöruhúsum og greiningarvinnu er skilyrði.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

VGI

# ERTU KLÁR?

Samhentir-VGI er ný sameinað félag sem þjónustar sjávarútveg, kjötvinnslur og iðnað. Félagið stendur á sterkum grunni enda eiga bæði félög sér langa og farsæla sögu. Samhentir voru stofnaðir fyrir tólf árum síðan og hafa byggst upp á umbúðasölu fyrir sjávarútveg og iðnað. VGI var stofnað fyrir 35 árum og hefur byggst upp á þjónustu við kjötframleiðendur og síðar einnig við sjávarútveg og verslun.

Nú leytum við að dugmiklu starfsfólki sem er tilbúið til að taka þátt í áframhaldandi vexti hins nýja félags á skemmtilegum vinnustað.

Sameinuð félög óska eftir að ráða metnaðarfulla og drífandi einstaklinga í eftirtalin störf. Fyrirliggjandi eru krefjandi verkefni. Í boði eru spennandi störf fyrir rétta einstaklinga.

## Sölumaður á umbúðum fyrir sjávarútveg

**Starfssvið**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta til fyrirtækja
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Kynningar á þjónustu og öflun verkefna
- Samninga- og tilboðsgerð

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði sjávarútvegs kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af sjávarútvegi mikill kostur
- Reynsla af sölumennsku og samningagerð kostur
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Hæfni til þess að vinna undir álagi

## Sölumaður í verslunardeild

**Starfssvið**
- Sala og þjónusta til verslana
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Kynningar á þjónustu og öflun verkefna
- Samninga- og tilboðsgerð

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði Kjötiðnaðar mikill kostur
- Reynsla af verslunarstörfum kostur
- Reynsla af sölumennsku og samningagerð æskileg
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Hæfni til þess að vinna undir álagi

## Símsvörun

Samhentir - VGI óska eftir að ráða til starfa starfsmann í símsvörun. Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi ber ábyrgð á allri símsvörun innan fyrirtækisins. Viðkomandi verður að búa yfir góðri almennri tölvukunnáttu ásamt góðri íslensku og enskukunnáttu. Leitað er að einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund og jákvætt hugarfar.

Umsjón með störfunum hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

VEGAGERÐIN

# VERKEFNASTJÓRI
## AKUREYRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá nýframkvæmdum Norðaustursvæðis með aðsetur á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
• Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
• Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
• Magnuppgjör og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
• Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
• Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
• Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

samskip

# STÖRF Í BOÐI

Vegna aukinna verkefna leita Samskip að öflugum einstaklingum í neðangreind störf:

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum.

### Tæknimaður í tölvudeild/ IT Technician

**Starfssvið:**
• Uppsetning og þjónusta á notendabúnaði
• Önnur tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Mjög góð þekking á Windows XP stýrikerfi og netumhverfi
• Menntun á tölvusviði æskileg
• Óbilandi áhugi á tölvum og tækni
• Fagmennska, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf
• Góð enskukunnátta

### Fulltrúi í upplýsingatækni Vöruhúsadeildar

**Ábyrgðar og starfssvið:**
• Yfirsýn og eftirfylgni verkefna vegna tölvukerfa
• Samskipti við tölvudeild
• Viðhald gæðahandbókar
• Skilgreining vandamála
• Þátttaka í tölvuverkefnahópi
• Samskipti við viðskiptavini
• Önnur tilfallandi störf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Háskólapróf í raungreinum
• Tölvuþekking, þekking á vöruhúsastarfsemi æskileg
• Reynsla af verkefnastjórnun
• Góð þekking á SQL forritun og Oracle gagnagrunni
• Lipurð í mannlegum samskiptum
• Frumkvæði, áhugi og þjónustulund

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

HAFNARFJÖRÐUR

# ÁHUGAVERÐ STÖRF

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða einstaklinga í störf kerfisstjóra í tölvudeild og starfsmanns notendaþjónustu. Næsti yfirmaður er deildarstjóri tölvudeildar.

### Kerfisstjóri

**Starfssvið**
• Netumsjón, uppsetning og rekstur netþjóna, rekstur víðnets og notendaþjónusta

Tölvukerfi Hafnarfjarðarbæjar samanstendur af Windows 2003, Linux og Cisco ásamt AS400/i5.

Kerfisstjóri þarf að geta unnið sjálfstætt, vera áhugasamur og hafa frumkvæði að frekari uppbyggingu og viðhaldi á nær- og víðneti bæjarins, ásamt því að sjá um þau kerfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
• Háskólamenntun á tölvusviði æskileg
• Microsoft MCSE gráða eða sambærileg menntun skilyrði
• Reynsla af uppsetningu og rekstri netþjóna, beina, eldveggja, útstöðva og tengdra tækja nauðsynleg
• Þekking og reynsla af Active Directory
• Góð ensku- og tölvukunnátta

Reynsla af rekstri eftirfarandi kerfa er skilyrði:
Windows 2003, Exchange, IIS, MSSQL
Reynsla af rekstri eftirfarandi kerfa er æskileg:
Unix/Linux, Cisco IOS og AS400

### Starfsmaður í notendaþjónustu

**Starfssvið**
• Almenn notendaþjónusta við starfsmenn og rekstur netkerfis
• Uppsetning á tölvum, prenturum og forritum
• Umsjón með gagnagrunnum og símkerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
• MCP gráða eða sambærileg menntun skilyrði
• Þekking á rekstri netþjóna og gagnagrunna
• Reynsla af starfi við notendaþjónustu

**Viðkomandi aðilar þurfa að búa yfir þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum jafnframt sem þeir þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.**

**Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.**

**Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um störfin.**

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri í Hlíðaborg

## Aðstoðarleikskólastjóri í Hlíðaborg

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Hlíðaborg, Eskihlíð 19.

Leikskólinn er þriggja deilda þar sem dvelja 51 barn. Í Hlíðaborg er lögð áhersla á skapandi starf, málörvun og leik með ritmálið. Einnig er mikið lagt upp úr sjálfstæði barnanna og ábyrgð gagnvart sér og öðrum, til að efla færni þeirra í því að velja og hafna í framtíðinni. Markmiðið er að allir njóti lífsins hér og nú og að bæði fullorðnir og börn virði hvert annað og temji sér umburðarlyndi og tillitsemi.

**Menntunar og færnikröfur:**

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun eða reynsla í stjórnun æskileg
- Þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus nú þegar.
Nánari upplýsingar veita Hildur Lilja Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 552-0096 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 31. maí 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist Leikskólasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is
Laun eru skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

Skipstjóra vantar á 15 tonna bát sem stundar beitukóngsveiðar frá Grundarfirði.

Nánari upplýsingar Hjá Ásgeiri í síma 892-9360

Sægarpur

---

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

# Kennarar

Lágafellsskóli auglýsir

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin *SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND* eru höfð að leiðarljósi?
Vegna stækkunar skólans og fjölgunar nemenda þarf að fjölga kennurum á næsta skólaári. Við óskum eftir að ráða:

**Sérkennara á unglingastigi 50-100% starf.**
**Textílkennara á yngsta -og miðstigi. 70% starf.**
**Umsjónarkennara á miðstigi. 70-100% starf.**

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknareyðublað liggur á skrifstofu skólans en einnig er hægt að sækja um á netföngin sigridur@lagafellsskoli.is og johannam@lagafellsskóli.is

Upplýsingar veita: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 gsm 8968230 og Sigríður Johnsen skólastjóri í síma 2529200 gsm 8968210

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Vertu með!

---

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 100 talsins og er áætluð velta félagsins á árinu 2007 rúmir sex milljarðar króna.

Vistor leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika í störfum sínum.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

# Markaðsstjóri

## Vistor hf. óskar eftir að ráða markaðsstjóra lausasölulyfja og annarra heilsuvara

*Meðal birgja deildarinnar er fyrirtækið McNeil Denmark ApS sem er hluti af Johnson&Johnson, stærsta fyrirtækis heims á sviði heilbrigðisvara. Fyrirtækið er markaðsleyfishafi m.a. fyrir Nicorette, Treo og Alkaseltzer.*

**Starfssvið er m.a. eftirfarandi:**

- Ábyrgð á rekstri deildarinnar
- Ábyrgð á markaðssetningu og sölu á lausasölulyfjum og heilsuvörum
- Greining á markaði og sölutækifærum
- Gerð sölu- og rekstraráætlana
- Stjórnun samskipta við birgja, smásala og viðskiptavini
- Umsjón með auglýsingum og kynningarmálum
- Áætlunargerð og eftirfylgni í sölu- og markaðsmálum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða markaðsfræða
- Reynsla af markaðsmálum
- Reynsla af samninga- og áætlanagerð
- Dugnaður og áræðni
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Þekking á neytendavörumarkaði er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Gunnarsdóttir (vilborg@vistor.is). Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

Umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.




**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

---

VINNUEFTIRLITIÐ

## Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa á Vesturlandi

**Helstu verkefni eru:**

- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s vinna við stjórn eða viðgerð vinnuvéla
- Geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði í starfi
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi er kostur

Um er að ræða 100 % starf með staðsetningu á Akranesi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Stillholti 18, 300 Akranesi fyrir 31. maí 2007 nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Guðjóni Sólmundssyni umdæmisstjóra, skrifstofu Vinnueftirlitsins á Akranesi, s. 431-2670 og 892-7593, (gsol@ver.is), Magnúsi Guðmundssyni deildarstjóra vinnuvéladeildar og Þórunni Sveinsdóttur deildarstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar, s. 550 4600.

PROTOCOL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assisatnt in the Executive Office. The closing date for this postion is **June 10, 2007**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

# Uppfylling sf.

## Gröfumenn og Bílstjórar

Óskum eftir vönum vélamönnum og bílstjórum á ný og góð tæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Gylfason í síma 892-1033 eða á netfanginu siggigylfa@hotmail.com.

ÁLFTANESSKÓLI

**„gilin og lækirnir fossa af brún "**

Óskum að ráða:

- Grunnskólakennara á yngsta stig 100% starf
- Grunnskólakennara á miðstig 100 % starf
- Tónmenntakennara í 50% starf
- Heimilisfræði - hlutastarf

Upplýsingar um störfin gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009. netfang: gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi. Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

Skólastjóri

## Framkvæmdastjóri • Ríki Vatnajökuls ehf.

Ríki Vatnajökuls ehf. auglýsir eftir framkvæmdastjóra til starfa á Höfn í Hornafirði. Um er að ræða nýtt og spennandi starf með aðstöðu í þekkingarsetrinu Nýheimum.

Ríki Vatnajökuls ehf er Ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasi Suðausturlands. Markmið fyrirtækisins er að gera Ríki Vatnajökuls að einu þekktasta ferðaþjónustusvæði Íslands, með áherslu á einstakt umhverfi Vatnajökuls, auðuga menningu og mannlíf og sérstöðu í matvælum.

**Hlutverk:**

- Framkvæmdastjóri tekur þátt í stefnumótun og sér um daglegan rekstur félagsins. Í starfinu felst einnig að leiða vöruþróunarverkefni, bera ábyrgð á gerð og eftirfylgni markaðsáætlana og öðru því sem stjórn félagsins ákveður.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Framkvæmdastjóri þarf að hafa háskólamenntun á sviði viðskipta- og markaðsfræða eða aðra sambærilega menntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu og markaðsstarfi.
- Framkvæmdastjórinn þarf að vera hvetjandi og gæddur eiginleikum til að byggja upp traust og góð samskipti meðal þátttakenda og skapa klasahugmyndinni gott orðspor út á við.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu auk meðmæla sendist til Frumkvöðlaseturs Austurlands, Nýheimum, 780 Höfn Hornafirði.

Umsóknafrestur er til 5. júní 2007. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Ari Þorsteinsson, ari@fruma.is, sími 470 8080

Í RÍKI VATNAJÖKULS WOW!




# Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennari óskast

## í leikskólann Fífuborg, Fífurima 13 í Grafarvogi.

## Lærum saman í leik

Í Fífuborg eru eftirfarandi stöður lausar.

- Aðstoðarleikskólastjóri í afleysingu vegna námsleyfis í 9 mánuði frá 15. ágúst nk.
- Deildarstjóra vegna fæðingarorlofs og námsleyfis frá 15. ágúst nk.
- Sérkennari
- Umsóknarfrestur er til 11. júní nk.

Fífuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem lögð er áhersla á að barnið sé virkur og skapandi einstaklingur sem er fær um að velja og hafna í lífinu. Unnið er í gegnum valkerfi og hópastarf. Lögð er áhersla á hreyfingu og hollt mataræði.

Verið velkomin í heimsókn í Fífuborg eða hafið samband við Ásgerði Guðnadóttur aðstoðarleikskólastjóra í síma 587-4515/695-2870.

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 31 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 9.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 184 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og um 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Himinn og haf / SÍA




Vegna aukinna verkefna í dreifingu innanbæjar vantar okkur fleiri bílstjóra til starfa. Við leitum að fólki með ríka þjónustulund sem er tilbúið til að mæta óskum og kröfum viðskiptavina. Starfið krefst meiraprófs en Eimskip er tilbúið að standa straum af kostnaði vegna próftöku. Samhliða meiraprófsnámi mun viðkomandi starfa í innanbæjardreifingu á bíl sem ekki krefst meiraprófs. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Eingöngu koma til greina umsækjendur með:

- Bílpróf
- Ríka þjónustulund
- Hreint sakavottorð

Áhugasamir sæki um á eimskip.is fyrir 3. júní 2007. Umsjón með ráðningu hefur María Jóhannsdóttir, sími 525 7763, netfang: mjh@eimskip.is

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

EIMSKIP

Skjárinn hugi.is

## Vef- og þróunarstjóri

Skjárinn miðlar ehf. leita að að vef- og þróunarstjóra á vefsamfélaginu Hugi.is, sem líka yrði vefstjóri á www.skjarinn.is – besta afþreyingavef á Íslandi árið 2005. Hugi.is er skv. vefmælingum Modernus níundi mest sótti vefur landsins og er í fararbroddi vefsamfélaga á Íslandi. Vef- og þróunarstjóri mundi fá tækifæri til að þróa vefsamfélagið enn frekar, þar er mikið hugmyndaflug og reynsla ómetanleg, og að halda áfram með skjarinn.is í takt við markaðsstefnu fyrirtækisins.

**Þú þarft að hafa:**

Þekkingu á PHP, MySql, html, javaScript og css
Þekkingu og áhuga á því efni sem Skjárinn býður upp á
Þekkingu á vefsamfélögum
Þekkingu á vefumsjónarkerfum
Gott auga fyrir tekjumöguleikum á vefnum
Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Við bjóðum:**

Góð laun fyrir réttan aðila
Spennandi vinnuumhverfi
Starf sem þú ert með í að móta

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá á umsokn@skjarinn.is
Umsóknarfrestur er til 31. maí 2007

MARKAÐURINN
Hefur vinninginn



62% FLEIRI LESENDUR Í ALDURSHÓPNUM 18–49 ÁRA

Þegar borinn var saman lestur á Markaðnum og Viðskiptablaði Morgunblaðsins, í símakönnun Capacent janúar–febrúar 2007, kom í ljós að Markaðurinn hefur umtalsvert forskot hjá öllum aldurshópum. Fylgstu með Markaðnum alla daga vikunnar í hádegisfréttum Stöðvar 2 eða í VefTV á visir.is. Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum.





Horfðu á Markaðinn í símanum | Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2 | Markaðurinn á visir.is alla daga

MARKAÐURINN – VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR



Wanja Lundby-Wedin verður forseti Evrópusamtaka verkalýðsins næstu fjögur ár.

# Fyrsta konan í forsetastólinn

***Kona var í fyrsta sinn kosin forseti Evrópusamtaka verkalýðsins.***

Kosning forseta, framkvæmdastjóra og annarra lykilstarfsmanna fór fram á 11. þingi Evrópusamtaka verkalýðsins 22. maí sl. Í embætti forseta samtakanna til næstu fjögurra ára var kosin Wanja Lundby-Wedin, forseti sænska alþýðusambandsins. Er þetta í fyrsta sinn sem kona gegnir þessu embætti og undirstrikar aukna áherslu samtakanna á jafnréttismálum. John Monks var endurkjörinn framkvæmdastjóri ETUC næstu fjögur ár ásamt öðrum lykilstarfsmönnum.

# Hvítflibbaglæpir

***Morgunverðarfundur um þolendur og afleiðingar efnahagsbrota.***

Samtök atvinnulífsins ásamt saksóknara efnahagsbrota efna til morgunverðarfundar um þolendur og afleiðingar efnahagsbrota fimmtudaginn 14. júní næstkomandi. Fundurinn fer fram á Grand Hótel Reykjavík en hann hefst með morgunverði klukkan 8.00 og verður lokið klukkan 10.00.



Á fundinum mun Sarah Jane Hughes, prófessor í lögum við Indiana-háskóla í Bandaríkjunum, fjalla um hvítflibbaglæpi út frá bandarískum sjónarhóli, Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota mun fjalla um skipulag og framkvæmd efnahagsbrotarannsókna á Íslandi og Garðar G. Gíslason hdl. hjá Lex ræðir um brotalamir og réttarvernd.

Nánar á www.sa.is



1.866 manns voru án atvinnu í apríl.

# Atvinnuleysi í lágmarki

***Atvinnuleysi mest meðal kvenna á Suðurnesjum.***

Skráð atvinnuleysi í apríl 2007 var 1,1 prósent sem jafngildir því að 1.866 manns hafi að jafnaði verið atvinnulausir í mánuðinum. Atvinnulausum hefur fækkað um nærri 70 frá því í mars á þessu ári. Atvinnuleysi er mun minna en á sama tíma fyrir ári þegar það var 1,3 prósent.

Atvinnuleysi hjá körlum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og konum á höfuðborgarsvæðinu er um 1 prósent. Atvinnuleysi er hins vegar 2 prósent hjá konum á landsbyggðinni og stafar sú tala af því að atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var 4,4 prósent í apríl.

*Industria er framsækið, kraftmikið og leiðandi fyrirtæki í ýmiskonar fjarskiptatækni*

**Við óskum eftir rafvirkjum, rafvirkjanemum og/eða fólki með haldbæra reynslu af lagnavinnu í verkefni tengdum fjarskiptatækni.**

Áhugasamir sendi umsóknir á hilmar@industria.com

Uppl. um störfin veitir Hilmar í síma 822-2561

**Industria**
**Fjarskiptalagnir ehf**
**Powering digital living**

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Umsjónarmaður Vogaskóla

Umsjónarmaður/húsvörður sér um fasteignir og búnað í skólanum og er verkstjóri skólaliða. Húsvörður er í miklum samskiptum við nemendur og starfsmenn skólans.

Leitað er að einstaklingi sem hefur:

- **Menntun og reynslu sem nýtist í starfi.**
- **Er þjónustulundaður.**
- **Mikla hæfni í mannlegum samskiptum.**

Í Vogaskóla er tekið mið af stefnu Reykjavíkurborgar og sérstök áhersla er lögð á að þróa og efla þá þætti í skólastarfinu sem bæta námsárangur og líðan nemenda.

Nánari upplýsingar veitir Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri og Agnes Björnsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 411-7373.
Umsóknir sendist á Vogaskóla v/Skeiðarvog, 104 Rvk. eða á joninaemils@vogaskoli.is.
Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

**Sandgerðisbær auglýsir eftir starfsmanni/starfsmönnum við ræstingar á Leikskólann Sólborgu, um er að ræða tvær nýjar deildar að Sólheimum 1-3 og Skólastræti 1 í Sandgerði.**

Starfið/störfin eru greidd samkvæmt kjarasamningum launanefndar S.Í.S. við S.T.F.S.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. júní n.k.
Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2007.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar í Vörðunni, Miðnestorgi 3.

Upplýsingar um störfin gefur leikskólastjóri og eða aðstoðarleikskólastjóri í síma 423-7620 og e-mail solborg@sandgerdi.is

**Leikskólastjóri.**

---

allt heimili
Alla fimmtudaga

---

# Ert þú lykilmaður?

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 31 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 9.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnu umhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 184 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og um 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Eimskip óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða vélvirkja til framtíðarstarfa í vélsmiðju fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.



**Hæfniskröfur**

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun
- Reynsla af viðgerðum á lyfturum eða vinnuvélum er æskileg
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Hreint sakavottorð er skilyrði

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir, á starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7363. Netfang: hhd@eimskip.is. Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is. **Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2007.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Alexandersson, verkstjóri í vélsmiðju, í síma 525 7171 eða 825 7171. Netfang: sal@eimskip.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is info@eimskip.is

Himinn og haf / SÍA



# SNILLINGUR ÓSKAST

til vinnu í Netviðskiptum Glitnis á Markaðs- og sölusviði

**Glitnir leitar að kraftmiklum, frumlegum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af Netmálum. Verkefnin tengjast Netbönkum og vefjum bankans.**

## Helstu verkefni

- Vöruþróun – greina tækifæri og nýjungar tengd Netinu
- Verkefnastjórnun í stærri og smærri verkefnum vegna Netbanka, Innranets og annarra vefja bankans hérlendis og erlendis
- Virk þátttaka í stefnumótun, þróun og markaðssetningu vegna Netafurða bankans
- Önnur almenn verkefni eftir nánara samkomulagi

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða tölvunarfræði og því tengdu er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af vefmálum og verkefnastýringu.

Netviðskipti er lítill hópur innan Markaðs- og sölusviðs sem hefur umsjón með Netbönkum Glitnis, öllum opnum vefjum innanlands og erlendis ásamt alþjóðlegu innraneti bankans.

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Alvar Halldórsson, forstöðumaður Netviðskipta Glitnis, sími 440 4610, netfang vilhjalmur.halldorsson@glitnir.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 1. júní nk.

Tengiliður í mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@glitnir.is.

GLITNIR

# Gefandi störf !!

*Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili í Hafnarfirði þar sem andlega og líkamlega fatlaðir einstaklingar búa. Ýmis starfshlutföll í boði.*

## Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

## Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

## Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

*Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig starfið auglýst ásamt öðrum á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 10. júní nk.

*Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



# Upplýsingatækniþjónusta Menntasviðs Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða kerfisfræðinga og tölvunarfræðinga til starfa

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja vinna með eitt af stærri upplýsingatæknikerfum landsins. Við rekum 132 starfsstaði með yfir 3500 útstöðvum og skráðir notendur eru yfir 17.500. Miðlarar kerfisins eru miðlægt staðsettir og eru yfir 50 talsins, þar af eru 5 klasar þar sem stærsti klasinn er 12 miðlarar. Við erum þjónustumiðuð og vinnum með okkar viðskiptavinum í gegnum þjónustuborð og fjarþjónustu og leggjum mikla áherslu á gæði okkar vinnu. Eftirfarandi störf eru í boði:

## Þjónustufulltrúi

**I stigs þjónusta við almenna notendur**

- Notendaþjónusta á þjónustuborði
- Lausn verkefna frá verkbeiðnakerfi
- Vinna úti á starfsstöðum

**Hæfniskröfur:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Reynsla af þjónustu tölvubúnaðar
- Microsoft gráður eru æskilegar

## Kerfisfræðingur

**II stigs þjónusta við tölvukerfin**

- Viðhald á miðlægum uppsetningum
- Viðhald netkerfa
- Þjónusta við notendur og staðbundna tölvuumsjónarmenn
- Lausn flóknari þjónustubeiðna

**Hæfniskröfur**

- Kerfisfræðipróf eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri tölvukerfa
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

## Tölvunarfræðingur

**III stigs þjónusta við tölvukerfin**

- Uppsetning nýrra kerfa
- Aðlögun aðkeyptra kerfa
- Rekstur og þjónusta við gagnagrunna
- Lausn flóknari þjónustubeiðna sem leiða að breytingum á miðlaraumhverfi

**Hæfniskröfur**

- Tölvunarfræðingsgráða eða sambærilegt
- Reynsla af þróun á vefkerfum
- Reynsla af samþáttun ólíkra kerfa æskileg
- Þekking á gagnagrunnum (MS-SQL æskilegt)
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 12. júní n.k.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf.

Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða á starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is

Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri Menntasviðs, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is í síma 411-7000 og Sigþór Örn Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu, sigthor.orn.gudmundsson@reykjavik.is í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

LANDSPÍTALI

# Skrifstofumaður, launavinnsla

Fjármálasvið skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga vill ráða duglegan og jákvæðan einstakling sem er reiðubúinn til að axla ábyrgð og takast á við vandasöm verkefni. Í boði eru spennandi verkefni hjá öflugu opinberu fyrirtæki í krefjandi starfsumhverfi.

Verkefni m.a.: Dagleg umsjón með viðverukerfi LSH (Vinnustund). Þjálfun, upplýsingagjöf og námskeiðahald fyrir launafulltrúa, stjórnendur og aðra starfsmenn vegna viðverukerfis. Gerð og viðhald verklagsreglna um vinnuskil o.fl.

Hæfniskröfur: Stúdentspróf eða sambærileg menntun áskilin, háskólamenntun æskileg en ekki skilyrði. Haldgóð reynsla af launavinnslu eða öðrum tengdum viðfangsefnum. Tölvuþekking er nauðsynleg. Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum. Færni til að tjá sig í rituðu máli ásamt ríkri þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Skipulag: Framkvæmdastjóri leiðir skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga en skipulag skrifstofunnar er byggt á aðferðum verkefnastjórnunar. Fjármálasviði er stýrt af sviðsstjóra en verkefnasöfn og einstök verkefni eru unnin undir verkstjórn verkefnastjóra.

Umsóknir berist fyrir 11. júní nk. til Halldóru Lisbeth Jónsdóttur, verkefnastjóra skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga, LSH Eiríksgötu 5, sími 543 1207 netfang halldlj@landspitali.is og veitir hún upplýsingar ásamt Rúnari Bjarna Jóhannssyni, sviðsstjóra, sími 543 1129.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.




# á ferðalagi

LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2007

## Sveitarómantík

**Ensku veiðihúsin við bakka Langár eru skemmtileg heim að sækja.** BLS. 6





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Gistiheimilið í Hoffelli er á tveimur hæðum. Þar eru fimm tveggja manna herbergi og tvö baðherbergi með sturtu. MYNDIR AF WWW.HOFFELL.COM

# Hús með sögu og sál

Gamalt sæmdarheimili að Hoffelli í Hornafirði hefur verið gert upp sem gistihús. Það stendur undir háu fjalli um þrjá kílómetra frá þjóðveginum, 20 kílómetrum vestan við Höfn. Boðið er upp á fimm hlýleg herbergi með tíu uppábúnum rúmum, eldhús og tvö baðherbergi.

Húsið var byggt árið 1940. Fyrstu áratugina hýsti það stóra fjölskyldu, sumardvalarbörn og fjölda gesta sem að garði bar, auk þess sem barnaskóli var í stofunni. Nú hafa hjónin Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir og Þrúðmar Þrúðmarsson í Hoffelli II gert það upp og opnað það ferðamönnum.

Í eldhúsinu eru öll áhöld til matargerðar auk borðbúnaðar sem gestir hafa aðgang að. Hráefni í morgunverðinn er í ísskápnum.

Gistiheimilið Hoffell stendur í grónu túni ásamt fleiri bæjum og lítilli bændakirkju. Umhverfis er stórbrotin náttúra og aðeins um þrír kílómetrar inn að Hoffellsjökli. Nánari upplýsingar er að finna á www.hoffell.com



Gestir hafa aðgang að vel búnu eldhúsi.






Karlar og konur keppa sín í milli í sveita-fitness og eru jafn miklar líkur á að konurnar sigri að sögn Guðmundar, þótt þar reyni töluvert á líkamlegt afl.

# Í bíl hjá sæðingamanni

**Sveita-fitness er nýstárleg líkamsrækt sem stendur ferðalöngum á Vesturlandi til boða.**

„Sveita-fitness er eiginlega rúsínan í pylsuendanum í kynningarferð hérna um svæðið, sem farin er á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands," segir Guðmundur Hallgrímsson, sem tekur á móti hópum ferðamanna á Hvanneyri ásamt eiginkonu sinni Oddnýju Sólveigu Jónsdóttur.

Keppnin fer fram í gömlu fjárhúsi á svæðinu, sem er notað sem geymsla og hefur verið breytt í líkamsræktarstöð. Fjárhúsið er þó langt í frá dæmigerð líkamsræktarstöð, þar sem hvorki róðrarvélar né hlaupabretti fyrirfinnast á staðnum, heldur sérstök braut sem er útbúin tækjum og tólum undir áhrifum frá sveitastörfum.

„Við veljum keppendur úr hópunum og skiptum þeim niður í tvö lið, þar sem liðsmenn hafa nokkrar mínútur til að ljúka dagsverkum bænda," segir Guðmundur. „Þeir koma dekkjum í viðgerð, setja niður kartöflur, hlaupa yfir bagga, sem tilheyrir smalamennsku, gera við girðingar og teikna og margt fleira. Sumir bændur eru nefnilega svo listrænir. Þannig er nafngiftin sveita-fitness til komin, en þetta hefði sjálfsagt verið kallað starfshlaup af ungmennafélögum fyrir hálfri öld."

Að sögn Guðmundar hafa borgarbörnin velflest staðið sig með sóma og virðast margir eiga framtíðina fyrir sér í bústörfum. „Fólkið umturnast alveg þegar búið er að skipta niður í lið og keppnin hefst. Það er bara undantekning að menn fyllist ekki keppnisanda. Svo eru kynin látin keppa á móti hvort öðru, enda geta konurnar verið fjandi snöggar og alveg eins miklar líkur á að þær sigri og karlarnir."

Þegar sigurvegararnir hafa verið valdir er verðlaunum úthlutað og eru þau ekki af verri endanum ef marka má Guðmund. „Einu sinni gáfum við mönnum golfkúlur merktar Loftorku, en gegn framvísun þeirra mátti sitja dagslangt í steypubíl. Nú afhendum við sigurvegurunum annars konar ferðavinninga: Miða, sem afhendast í Búnaðarsamtökum Vesturlands. Gegn framvísun þeirra hlotnast mönnum sá heiður að sitja í bíl með sæðingamanni," segir hann stríðnislega og skellir upp úr.

*roald@frettabladid.is*



Hjónin Guðmundur Hallgrímsson og Oddný Sólveig Jónsdóttir taka á móti hópum ferðamanna á Hvanneyri.



Keppendur þurfa að rúlla dekkjum, hlaupa yfir bagga og gera við girðingar, rétt eins og bændur gera.

# Vagninn er klár í ferðalagið þegar hann er rétt tryggður



Húsvagnaeign Íslendinga hefur stóraukist á síðustu árum eins og sjá má þegar ekið er um vegi landsins. Í hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum landsmanna liggja milljónaverðmæti og því mikilvægt að vera með tryggingarnar í lagi. Húsvagnatrygging VÍS er kaskótrygging fyrir vagninn sjálfan hvort sem hann er í umferðinni aftan í bíl, á næturstað eða í geymslu. Húsvagnatryggingin gildir einnig fyrir innbú vagnsins sem í honum er að staðaldri.

**TRYGGINGIN TEKUR M.A. TIL:***

- ÁREKSTURS
- ÁAKSTURS
- VELTU OG HRAPS
- ÚTAFAKSTURS
- ELDSVOÐA
- SPRENGINGA
- SKRIÐUFALLS
- GRJÓTHRUNS OFL.

Ábyrgðartrygging bílsins sem dregur vagninn tryggir vegna hugsanlegs tjóns sem vagninn kann að valda aftan í bíl úti í umferðinni.

**Hafðu samband við þjónustuver VÍS í síma 560 5000 áður en þú heldur af stað í ferðalagið.**

*Sjá nánar í skilmálum vátryggingarinnar.

Fiton/SÍA

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is



Arnar Jónson er forstöðumaður Sauðfjársetursins.



Hrútadómar eru mjög vinsæl skemmtun að sögn Arnars.




Sauðfjársetur á Ströndum hefur aðsetur í félagsheimilinu Sævangi.

# Afturganga, ruslatínsla og skítkast mjög vinsælt

**Sauðfjársetur á Ströndum er safn og menningarsetur sem starfrækt er í félagsheimilinu Sævangi við Steingrímsfjörð. Arnar Jónsson er forstöðumaður safnsins.**

Sauðfjársetrið sem er fimm ára gamalt hefur aðsetur í Félagsheimilinu Sævangi. Þar er hægt að skoða fasta sýningu sem heitir Sauðfé í sögu þjóðar og er fyrir alla fjölskylduna að sögn Arnars. „Við erum að minnsta kosti ekki með nein „Ekki snerta“ skilti úti um allt,“ segir hann og hlær. „Hins vegar erum við með barnahorn og vísindahorn og svoleiðis, mjög kósí kaffistofu og handverkssölu,“ bætir hann við.

Sauðfjársetrið er þó ekki aðeins safn heldur menningarstofnun líka og fer mjög mikið fyrir menningarhlutanum að sögn Arnars. „Allt sumarið eru við með uppákomur og atburði og yfir veturinn er svolítil starfsemi líka. Sumardagskráin er mjög þétt en ég hugsa að þá sé hápunkturinn Furðuleikarnir. Furðuleikarnir eru Ólympíuleikar í íþróttagreinum sem ekki hafa verið viðurkenndar af Alþjóða ólympíusambandinu, eins og afturganga, belgjahopp, ruslatínsla og kvennahlaup með frjálsri aðferð. Síðan hefur verið keppt í skítkasti en það er bara sýningargrein núna og þá er skít kastað í saklausan bóndason af Ströndum.“

Hrútadómar eru líka mjög vinsæl skemmtun að sögn Arnars. „Valinkunn dómnefnd skoðar þá fjóra hrúta og raðar þeim upp í gæðaröð eftir mjög ströngu kerfi. Keppendur mæta svo á svæðið og er skipt í flokka, annars vegar vana og hins vegar óvana. Síðan þukla menn bara og þukla hrútana, grípa í þá hér og þar og reyna að horfa framan í þá og í augun á þeim og raða þeim í röð. Markmiðið er að reyna að hitta á sömu röð og dómnefndin og þrjú efstu sætin eru verðlaunuð. Þetta er alveg rosalega skemmtilegt og hefur alltaf vakið mikla kátínu.“

Síðan setrið opnaði hefur aðsókn verið tölverð og gestir á bilinu tvö til þrjú þúsund á ári. „Við viljum endilega fá fleiri gesti en markmiðið er fyrst og fremst að fjölskyldan skemmti sér vel saman,“ segir Arnar.

*emilia@frettabladid.is*







Hlíðarfjall er einn af fáum skíðastöðum í Evrópu sem verður opinn yfir hvítasunnuna.

# Skíðað á hvítasunnu

Opið verður í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar nú um hvítasunnuhelgina. Nægur snjór er í brekkunum við Fjarkann og uppi í Strompi. Þar verða báðar lyfturnar opnar frá föstudegi til mánudags á milli kl. 8 og 14.

Öfugt við flesta aðra hefur Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, fagnað kuldakastinu síðustu vikur sem gera það að verkum að lítil bráðnun hefur orðið í Hlíðarfjalli og tekist hefur að safna snjó í brekkurnar. „Flestum skíðasvæðum heims hefur nú þegar verið lokað og það er frábært að geta boðið upp á opnar lyftur og gott skíðafæri svona langt fram á vorið. Það gerðist síðast vorið 2002 að opið var um hvítasunnu.“

Guðmundur segir skíðaárið 2006-2007 hafa verið mjög gott og gesti fjallsins til þessa tæplega 50 þúsund.


MEÐ HVERRI SENDINGU VERÐUR
LANDIÐ ÖRLÍTIÐ GRÆNNA
PÓSTURINN
allur pakkinn
Við hjá Póstinum látum okkur annt um umhverfið
og viljum sýna það í verki.
Þess vegna munum við gróðursetja nógu mörg tré til að vinna
á móti koltvísýringsmengun frá 123 bílum á vegum Póstsins.
Þegar þú sérð bíl frá Póstinum, sérðu loforð um laufgað tré.
KOLVIÐUR



Ellefu tveggja manna herbergi eru í upprunalega húsinu.



Ensku húsin voru byggð árið 1884. FRÉTTABLAÐIÐ/ROALD



Gestirnir geta haft það gott í notalegu umhverfi.

# Sveitarómantík við bakka Langár

**Ensku húsin er fallegt gistiheimili rétt fyrir utan Borgarnes. Hjónin Ragnheiður Jóhannesdóttir og Stefán Ólafsson reka gistiheimilið.**

Ensku húsin voru byggð árið 1884 og lengst af notuð sem veiðihús til ársins 1997 þegar Ragnheiður og Stefán tóku við rekstrinum og opnuðu gistiheimilið. Húsin voru lengi í eigu Breta og kemur nafnið til af því. „Nágrannarnir byrjuðu að kalla þetta Ensku húsin því hér voru alltaf útlendingar en á síðari árum var þetta alltaf kallað Veiðihúsið við Langá. Þegar við byrjuðum að reka þetta sem gistihús fannst okkur Ensku húsin svolítið gegnsætt og skemmtilegt nafn og lýsa svo vel þessari sögu sem er hérna og þess vegna tókum við það upp aftur,“ segir Ragnheiður og hlær.

Ensku húsin eru aðeins um sex kílómetra utan við Borgarnes þar sem þau standa á bökkum Langár. Allt árið er tekið á móti gestum og er aðstaða til þess mjög góð. „Við erum með ellefu tveggja manna herbergi, með og án baðs, í upprunalega húsinu og svo erum við með annað gamalt hús sem var flutt hingað með fimm herbergjum, þar af tveimur sem geta verið þriggja til fjögurra manna. Við bjóðum alltaf upp á morgunmat og frá maí og fram í september er standandi kvöldmatur alla daga,“ segir Ragnheiður.



Ragnheiður Jóhannesdóttir og Stefán Ólafsson reka Ensku húsin.

Á sumrin er nóg að gera í Ensku húsunum að sögn Ragnheiðar og fjölgar gestum ár frá ári. „Stundum koma litlir hópar en mest er um að hingað komi fjölskyldur eða tveir til fjórir saman í bíl. Yfirleitt er búið að panta fyrirfram en það er líka alltaf svolítil lausatraffík,“ segir hún.

Á veturna er meira um að stærri hópar taki húsið á leigu í heild sinni. „Þá koma vinahópar og fjölskyldur yfir helgi eða þá að hér eru haldnir litlir fundir. Fólk ræður þá hvort það tekur húsið á leigu og sér um sig sjálft eða fær þjónustu, en það er boðið upp á hana ef óskað er eftir því.“

Ragnheiður segir að þar sem alltaf sé boðið upp á kvöldmat á sumrin sé tilvalið fyrir þá sem eiga leið um Borgarnes að koma við og fá sér að borða. „Það er bara hægt að koma og droppa inn í mat en það er þó ekki verra að láta vita af sér áður,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*



Ensku húsin standa á bökkum Langár og vel sést yfir ána út um gluggana.




MotorMax



# ÆVINTÝRASUMARIÐ

# 2007



# **Camp-let** tjaldvagnar



Camp-let á að baki áratuga sögu á markaðnum og til marks um gæðin má enn sjá Camp-let tjaldvagna á tjaldstæðum sem eru komnir á fertugsaldurinn! Stórir og sterkir, auðveldir í tjöldun, nú með nýjum búnaði sem auðveldar enn frekar tjöldun. Allir Camp-let eru á 13" dekkjum, með tvö svefntjöld, áfast stórt fortjald og áfast eldhús.

Concorde
kr. **748.000**



Apollo Lux kr. **669.000**



Royal kr. **829.000**



Savanne kr. **769.000**



Nýr útbúnaður auðveldar tjöldun til muna.

# **Dethleffs** hjólhýsi





Vertu viss um að skoða Dethleffs bæði í krók og kima því að þá sést hversu vönduð þau eru. Bjóðum upp á mismunandi útfærslur fyrir ólíkar þarfir hvers og eins,- nú getum við boðið nokkur Dethleffs hjólhýsi á hreint ljómandi verði

Verð frá kr.
**2.241.000**

# Starcraft fellihýsi

Þú átt pottþétt frí með Starcraft. Centennial og Starcraft series eru hreinn og klár lúxus. Góð bæði fyrir stórar fjölskyldur sem hjónakornin!
Með RT fellihýsið aftan í jeppanum þínum þá ertu ekki bundinn við troðnar slóðir því að RT á sérstyrktu „off-road" grindinni fer með þér hvert á land sem er!

Verð frá kr. **1.249.000**





# Starcraft pallhús

Eigum nú nokkur Starcraft pallhús á sérstöku tilboðsverði. Með Starcraft pallhús er pallbíllinn þinn orðinn frábær ferðabíll og þér eru allir vegir færir.

Verð frá kr. **1.322.000**





# Hapro faranguskassar

Lítið pláss í bílnum? Settu farangurinn á toppinn!

Verð frá kr. **19.900**



# HRZ 4x4 ferðabílinn

HRZ ferðabíllinn er einn sá skemmtilegasti sem sést hefur hér. Með allan búnað sem prýða má góðan ferðabíl og auk þess upphækkaður og með fjórhjóladrif.



# Isabella fortjöld

Isabella er löngu landsþekkt fyrir gæði og góða hönnun. Við getum boðið upp á fortjöld fyrir flest fellihýsi og hjólhýsi en auk þess sóltjöld og alveg bráðsniðugt skjóltjald í garðinn!

# Það kennir margra grasa í **stóru dótabúðinni** við **Klettháls**



## Utanborðsmótorar

Gott úrval af utanborðsmótorum frá Yamaha og Johnson-Evinrude. Fjórgengis- og tvígengismótorar frá 2,5 hö fyrir kænuna og upp í gríðaröfluga mótora fyrir stærstu bátana. Toppgæði í mótorum og verð eins og þau sjást best!

Verð frá kr. **92.500**



## Bátar

Gúmmíbátar frá Yamaha og harðplastbátarnir frá Steady. Hvað sem þú velur þá ertu á öruggum bát.

Verð á Yamaha frá kr. **118.000**

Verð á Steady frá kr. **114.000**



## Sæþotur og sportbátar

Bjóðum bæði upp á sæþotur frá Yamaha og Sea-doo og sportbáta frá Sea-doo.



## Yamaha rafstöðvar

Rafstöðvar sem henta í öll verkefni, jafnt í vinnuna sem í fríinu.

Verð frá kr. **93.100**



## Fjórhjól

Í MotorMax er stór og breið lína fjórhjóla frá Yamaha og Can-am. Hvort sem þú leitar að leiktæki, götuhjóli eða öflugu vinnutæki þá liggur leið þín í MotorMax.



## Mótorhjól

MotorMax er einn öflugasti mótorhjólasali landsins með Yamaha í öndvegi.

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400

**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070 - **MotorMax Akureyri** - Sími 460-4350

**www.motormax.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Heklusetrið á Leirubakka

Heklusetrið á Leirubakka hefur verið opnað og er skemmtilegur viðkomustaður í sumar. Á Heklusetrinu hefur verið sett upp nútímaleg og fræðandi sýning um Heklu, sögu hennar og áhrif á mannlíf á Íslandi frá landnámi til okkar daga. Í Heklusetrinu verður starfandi ferðamannaupplýsingastöð, sem leiðbeinir ferðafólki um nágrennið.

Heklusetrið er í húsi sem sérstaklega er byggt til að hýsa þessa starfsemi og er það hannað af arkitektunum Hlédísi Sveinsdóttur og Gunnari Bergmann Stefánssyni. Sýningin er hönnuð af þeim Ara Trausta Guðmundssyni jarðfræðingi og Vigni Jóhannssyni myndlistamanni.



Heitt hraun rennur um Heklusetrið.

Inngangsveggurinn er sem hraungjá, sem opnast með rifum. Rifunum er lokað með glerplötum, og er stærsta opið inngangur safnsins. Byggingin er hönnuð utan um safnið. Hallandi gólfplötur leiðir gestina niður í gegnum sýningarrýmið. Með hjálp safnmuna, rýmis og nýjustu tækni, upplifa gestir mátt eldstöðva á einstakan hátt. Hámark upplifuninnar er Hekla sjálf, sem birtist í öllu sínu veldi á leiðinni niður í safnið.






## Námskeið í göngustígagerð

Umhverfisstofnum hélt nýlega námskeið í göngustígagerð. Þar lærðu nemendur á 1. ári ferðamáladeildar um undirbúning, hönnun, viðhald og eftirlit með göngustígum og er lögð mikil áhersla á verklega þáttinn. Í ár lögðu nemendur nýjan göngustíg í Hólaskógi. Liggur stígurinn út frá grunn- og leikskólanum á Hólum og mun því nýtast vel í útikennslu. Tókst verkefnið einstaklega vel og í lok þriðja dags var kominn nýr og skemmtilegur stígur.

Kennarar á námskeiðinu voru Chas Goemans frá Umhverfisstofnun og Kjartan Bollason frá Hólaskóla. Einnig tóku þátt í kennslunni þrír sjálfboðaliðar sem starfa á vegum Umhverfisstofnunar í þjóðgörðum og á friðuðum svæðum á Íslandi. Þetta er sjötta árið í röð sem Chas Goemans frá Umhverfisstofnun kemur til Hóla til að kenna ásamt kennurum Hólaskóla á göngustíganámskeiði.

*Frétt af ust.is*



Gínurnar í sögusafninu eru einkar raunverulegar.

## Sögusafnið

Þegar sýna á útlendingum land og þjóð er Sögusafnið í einum af hitaveitutönkum Perlunnar tilvalinn staður að byrja á. Þar vakna ýmsar sögur Íslandssögunnar til lífsins í afar vel heppnuðum gínum.

Gestir fá leiðsögn á litlum geislaspilara sem er á íslensku, ensku, frönsku, sænsku og þýsku. Sem dæmi um leikmyndir má nefna landnám Ingólfs Arnarsonar og Hallveigar Fróðadóttur í Reykjavík, Snorri Sturluson við ritstörf í Snorrastofu og aftöku Jóns Arasonar, síðasta kaþólska biskupsins, árið 1550.

Eftir safnferð er ekki úr vegi að fara upp á tankana og horfa yfir Reykjavík.


MIRALE

Sýningareintök með
20% afslætti

Vegna flutninga og stækkunar á verslun okkar þá höfum við ákveðið að selja sýningareintök frá Alessi, Stelton, Lsa og fl. með 20% afslætti.






stelton



LSA




Sýningareintök með
allt að 50% afslætti




Seljum sýningarsófa, borð, stóla og margt fl. með allt að 50% afslætti




MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
man.–föstud. 11-18
laugardag 11-16
www.mirale.is

# Margt að gera á Stórulaugum

Á Stórulaugum í Laugum í Reykjadal er búið að gera upp gamalt steinhús og breyta því í gististað. Þau sem eiga heiðurinn að breytingunni eru hjónin Elín Björk Einarsdóttir og Sigurður Marinósson. „Þetta var gamall draumur sem við ákváðum að láta rætast,“ segir Elín. „Ég var búin að vera hárgreiðslukona í fjöldamörg ár en langaði alltaf að flytja út í sveit með hestana mína.“

Þegar Elín og Sigurður keyptu húsið var fyrsta verkið að rífa nær allt innan úr því. „Það var lítið annað en fokhelt er við vorum búin að hreinsa út,“ segir Elín. „Svo var hafist handa við að gera upp og opnuðum við húsið í fyrrasumar.“

Nóg er að gera í kringum Stórulaugar. Reykjadalsá er rómuð lax- og silungsveiðiá í afar fallegu umhverfi. Staðurinn er einnig vinsæll fyrir gæsaskytterí en fyrir þá sem ekki vilja eltast við veiðina eru margar fallegar gönguleiðir í kringum Laugar. Stutt er í næstu sundlaug og ekki er langt að fara til Húsavíkur eða Akureyrar.

Sama hvað fólk tekur sér fyrir hendur er alltaf hægt að slappa af í lok dags í heita pottinum. Potturinn, sem stendur fyrir framan gistihúsið, er fullur af heitu lindarvatni ofan úr brekkunni fyrir ofan bæinn. Vatnið er tært og lyktarlaust, reyndar svo að hægt er að drekka það. Ekki skemmir að útsýni er yfir allan dalinn úr pottinum.

Allar nánari upplýsingar um Stórulaugar er að finna á www.storulaugar.is. *tryggvi@frettabladid.is*



Hjónin Elín Björk Einarsdóttir og Sigurður Marinósson hafa gert upp gamla húsið á Stórulaugum og breytt því í gististað.



Í húsinu eru átta herbergi, eins til þriggja manna. Einnig er boðið upp á fullt fæði.



Fyrir framan Stórulaugar er heitur pottur með heitu lindarvatni úr hlíðinni ofan við bæinn.









GARMIN KEMUR ÞÉR Á SPORIÐ

www.rs.is

Garmin GPSmap 60CSx

Eitt öflugasta staðsetningartækið fyrir veiði- og útivistarfólk. SiRF GPS móttakari, 64Mb Micro SD minniskubbur fyrir kort, mikið vegpunkta og ferilminni ásamt viðeigandi tölvu. Fjölhæft tæki í bílinn, veiðina eða á fjallið.

eTrex Venture Cx



Minnsta kortatækið frá Garmin. Litaskjárinn í þessu fyrirferðalitla tæki er ótrúlega skýr og staðsetning takka er hönnuð til að auðvelda notkun í annarri hendi.

GPS kort

GPS kort, útgáfa 3.0. Íslandskort í Garmin tæki, 20 metra hæðarlínur, 40.000 örnefni, mikið magn hálendisslóða og margt fleira.

GARMIN R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

Umboðsmenn **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst · **Fríhöfnin**




Islandia Hótel Núpar í Vestur-Skaftafellssýslu verður opnað 10. júní. Þar eru 60 tveggja manna herbergi með baði, en skortur hefur verið á gistiplássi á svæðinu.

# Á hrauni og mosa

Útsýnið er óneitanlega fagurt úr matsal hins nýja Islandia hótels að Núpum í Fljótshverfi þar sem Lómagnúpur og Öræfajökull blasa við í allri sinni tign.

„Stefnan var sú að opna 1. júní en við höfum ákveðið að fresta því til 10. júní svo að allt verði nú tilbúið þegar fyrstu gestirnir koma,“ segir Hildur Ágústsdóttir, hótelstjóri á nýju hóteli að Núpum í Vestur-Skaftafellssýslu. Það er byggt úr fullbúnum, norskum einingum sem raðað var saman á mosavöxnu hrauni rétt við þjóðveg 1, drjúgan spöl austan við Hverfisfljót.

Frágangur hótelsins hefur gengið vel. Það eina sem setti smá strik í reikninginn var að skipið sem flutti einingarnar til landsins lenti í aftakaveðri og þrjár einingar hurfu í sjóinn að sögn Hildar. „Nýjar einingar í stað þeirra eru komnar til landsins þannig að við getum opnað öll herbergin, 60 að tölu hinn 10. júní. Þau eru öll tveggja manna og með baði.“

Matsalurinn er með sæti fyrir 90 manns og fleiri komast fyrir. „Við verðum með lítinn matseðil í gildi yfir daginn og hlaðborð á kvöldin, fyrir utan morgunverð auðvitað,“ segir Hildur. Hún er stolt yfir því útsýni sem boðið er upp á því stórir gluggarnir á salnum vísa í austur, þar sem sér til Lómagnúps og Öræfajökuls. Hún bendir á að útsýnið úr herbergjunum sé ekki síður fagurt. Inn í herbergin er gengið af hótelganginum en svalahurðir eru á hverju herbergi og pallur þar fyrir framan.

Hópur fjárfesta úr ferðaþjónustunni á Islandia Hotel Núpar og Hildur segir þá stefna að því að opna fleiri hótel á næstu árum. Eitt þeirra við Mývatn. Hún segir vel bókað á Núpum fyrir sumarið, einkum júlí og ágúst enda hafi vantað gistipláss á svæðinu á þeim tíma. „Við ætlum að hafa opið út september og svo skellum við í lás,“ upplýsir hún. Að síðustu er hún spurð í gríni hvort hún óttist ekkert að missa gesti niður í hraungjóturnar í kring.

„Nei, en við ætlum okkur að gera stíga og beina gangandi umferð á ákveðna staði því mosinn er svo viðkvæmur. Við höfum lagt mikla áherslu á það í framkvæmdunum að hrófla sem minnst við umhverfinu því það er svo sérstakt.“ Frekari upplýsingar eru á www.islandiahotel.is *gun@frettabladid.is*



Lagt er upp frá Gnúpsstaðaseli í Fljótsdal sem hér sést á bak við þær Sólveigu Eiríksdóttur, Elvu, Hjördísi Hilmarsdóttur, Sæmund Sigurðsson og Kildu.
MYND/RAGNHEIÐUR CHRISTIANSEN

# Á vit hverfandi fossa

**Ár sem verið er að virkja og fossar sem munu þorna upp verða skoðaðir í sumar með Ferðafélagi Fljótdalshéraðs.**

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs gengst fyrir tveimur þriggja daga gönguferðum í sumar. Dagsetningarnar eru 13.-15. júlí og 24.-26. júlí. Farið verður meðfram tveimur ám sem nú er verið að virkja og staðnæmst á leiðinni við þá fossa sem koma til með að þorna upp. Einnig verður gengið á Snæfell þó svo það verði áfram á sínum stað. Í ferðinni er boðið upp á fullt fæði, rútu og fararstjórn að sögn Hjördísar Hilmarsdóttur sem þegar er farin að taka niður pantanir. Hún lýsir ferðinni svo: „Það er byrjað við Gnúpsstaðasel í Fljótsdal og á fyrsta degi er gengið upp með Jökulsá í Fljótsdal, að brúnni ofan við fossinn Ufsa. Þetta er 21 kílómetra ganga en hún er tiltölulega þægileg og á leiðinni er stoppað við marga fossa. Við brúna bíður okkar rúta sem flytur okkur í Snæfellsskála til gistingar. Næsta dag er gengið á Snæfellið og svo gist aðra nótt í skálanum en þriðja daginn er ekið að Kelduá og gengið niður með henni að Þorgerðarstaðardal í Fljótsdal. Í Kelduá eru líka fallegir fossar sem munu hverfa því verið er að stífla ána. Rútan flytur dótið okkar þannig að við berum ekkert nema dagsnestið og hlífðarföt.“



Hreiður á fljótsbakka.

Hildur segir Ferðafélag Fljótsdalshéraðs standa fyrir gönguferðum á sunnudögum allt árið um kring og lagt er upp frá upplýsingamiðstöðinni. „Á sex vikna tímabili á sumrin eru göngur á föstudagskvöldum sem ferðafólki hentar að taka þátt í og einnig eru bæjargöngur á miðvikudagskvöldum í fjórar til fimm vikur á sumrin,“ lýsir hún. „Föstudagsgöngurnar eru fólki kostnaðarlausu en við erum nýfarin að taka 500 krónur fyrir á sunnudögum af því að þá er keyrt lengra.“ Nánari upplýsingar er svo að finna á www.fljotsdalsherad.is/ferdafelag



Sami hópur við fossinn Faxa í Jökulsá í Fljótsdal, nema hvað Hjördís hefur leyst Ragnheiði af við myndatökuna.



● **ÍSLANDSMET Í ESJUGÖNGU** Tilraun verður gerð til að setja Íslandsmet í „Fjölda manns á Esjunni á einum degi“ laugardaginn 2. júní frá klukkan 8-20. Hópurinn 5tindar stendur fyrir atburðinum, en sá sami hópur ætlar sér helgina á eftir að ganga á hæstu tinda allra landshluta. Á vefsíðunni 5tindar.is eru allir hvattir til þátttöku og 5tinda-menn skrá niður alla sem taka þátt í metinu. Markmiðið er ekki að ná toppnum, heldur að koma út í náttúruna og njóta sín með fjölskyldunni og í góðra vina hópi. Gangan er jafnframt síðasta ganga 5tinda-manna fyrir hringferðina 8-11. júní.


**Hin sívinsæla Rán er komin í sumarútgáfu**

Við kynnum Rán Light, léttan barnafatnað sem er vatnsheldur, ófóðraður og andar vel.



Verð:
Jakki 5.500
Buxur 3.700

Fæst í gráu, appelsínugulu og svörtu.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11, Garðabæ
AKUREYRI: Glerárgata 32
KEFLAVÍK: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

66° NORÐUR

Aðeins ein stöng verðskuldar nafnið "próteinstöng".
Ljúffengar bragðtegundir. Mesta próteinmagnið. Engin gervisæta.

Myoplex HP60




HAGKAUP EAS.is VEFVERSLUN HREYSTI

Nánari upplýsingar um MYOPLEX vörurnar fást í síma 5552866 eða á www.eas.is.

www.vedur.is

VEÐURSTOFA ÍSLANDS





# Skagafjörður

## – ævintýri líkastur

Skagafjörður býður þér að taka þátt í ævintýri lífs þíns. Hvort sem það er að sigla niður jökulfljót, fara í hestaferð, ganga á fjöll, njóta lífsins í náttúrunni eða nýta þér aðra afþreyingarkosti sem héraðið hefur uppá að bjóða.

Saga, söngur, gleði og góður matur er aldrei langt undan í Skagafirði.

Komdu við, eða hafðu samband við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð í síma 455 6161 – hún er opin allt árið.

**Þú ert velkomin til okkar!**

Skagafjörður

Kíktu á **www.skagafjordur.is**

Ráðhús, Skagfirðingabraut 21 | 550 Sauðárkrókur | ☎ 455 6000

NÝPRENT ehf


Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.
160
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12,
Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR








FABRIKAN

# ETHNICRAFT LÍNAN

## MEÐ 15% AFSLÆTTI ÚT MAÍ

BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU TIL 6 MÁNUÐA

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

OPIÐ LAUGARDAG MILLI KL. 10 OG 16. LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM Í SUMAR.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri í Hagaborg

**Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Hagaborg, Fornhaga 8.**

Hagaborg er fimm deilda leikskóli fyrir allt að 100 börn. Áhersla er lögð á alhliða leikskólastarf með hreyfingu, málrækt, leikinn og góða foreldrasamvinnu í fyrirrúmi. Við viljum að lífið í leikskólanum okkar einkennist af vináttu, trausti og hlýju.

**Menntunar og færnikröfur:**
· Leikskólakennaramenntun áskilin
· Menntun eða reynsla í stjórnun æskileg
· Þekking á tölvu- og upplýsingatækni
· Færni í mannlegum samskiptum
· Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus 1. ágúst 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist Leikskólasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is

Umsóknarfrestur er til 29. maí 2007.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 5510268/864-1234 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

Europäisches Patentamt
European Patent Office
Office européen des brevets

The European Patent Office is currently recruiting

## engineers and scientists

to work as **patent examiners** at its offices in Munich, Berlin (DE) and The Hague (NL)

**Your profile:**
- National of an EPO member state
- Full university degree
- Good working knowledge of at least two of the EPO official languages (English, French and German) and willingness to learn the third before starting work as an examiner

**Our offer:**
- Long-term employment in an international environment at the forefront of technology
- Intensive initial training in all aspects of patent examination, follow-up courses
- Attractive salary, social security package and working conditions generally

Your job will be to examine patent applications in the three official languages and take decisions on the granting of patents valid in up to 36 European countries.

For more details (including the technical fields in which we have vacancies) and to apply online, please visit our web site:

**www.epo.org**

---

# Skrifstofustjóri

ARKÍS

*ARKÍS er framsækið alhliða hönnunar- og ráðgjafarfyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 1997. ARKÍS er nú orðin stærsta arkitektastofa landsins og rekur teiknistofur bæði í Reykjavík og á Egilsstöðum, auk umtalsverða umsvifa erlendis. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. arkitektar, innanhúss-arkitektar, byggingafræðingar, skipulagsfræðingur, verkfræðingur og tækniteiknarar.*

**Arkís ehf., arkitektastofa, óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða í framsæknu og skapandi umhverfi.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð á fjármálalegri stjórnun
- Kostnaðareftirlit og samningagerð
- Almennur rekstur skrifstofu
- Ábyrgð á starfsþróunarmálum
- Aðkoma að ráðningum og móttöku nýliða
- Umsjón fræðslu- og símenntunarmála
- Umsjón starfsmannasamtala
- Önnur rekstrar- og mannauðstengd verkefni

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Menntun í mannauðsfræðum æskileg
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og metnaður til að ná langt í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 3. júní nk.

Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir. Netfang: inga@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

---

## *Málefni fatlaðra Vestmannaeyjum*
## *Þroskaþjálfi*

**Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar** auglýsir eftir **ráðgjafa í fullt starf.** Um er að ræða umsjón með atvinnu með stuðningi (ams) og stoðþjónustu (frekari og félagsleg liðveisla og stuðningsfjölskyldur). Æskilegt er að viðkomandi sé þroskaþjálfi eða hafi sambærilega menntun. Reynsla af vinnu með fötluðum einstaklingum og reynsla af stjórnun er æskileg. Lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fyrir á skrifstofu sviðsins eru félagsráðgjafar, sálfræðingar, þroskaþjálfi, fræðslufulltrúi, leikskólafulltrúi og deildarstjóri málefna fatlaðra sem allir vinna í nánu samstarfi.

Atvinna með stuðningi felur m.a. í sér ráðgjöf til fatlaðra og atvinnurekenda vegna atvinnu, atvinnuleit, þjálfun í starfi og eftirfylgd. Ráðgjafi í stoðþjónustu hefur umsjón með frekari liðveislu, félagslegri liðveislu og stuðningsfjölskyldum.

Vestmannaeyjabær hefur umsjón með málefnum fatlaðra í Vestmannaeyjum skv. þjónustusamningi við Félagsmálaráðuneytið.

Laun eru skv. gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Hanna Björnsdóttir deildarstjóri málefna fatlaðra á hanna@vestmannaeyjar.is eða í síma 488 2000.

Umsóknir, ásamt starfsferilsskrá skulu berast **Fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar, Ráðhúsinu, 900 Vestmannaeyjum í pósti eða tölvupósti fyrir 9. júní nk.**

---

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Víðivelli í Hafnarfirði er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2007 eða eftir nánara samkomulagi.

Leikskólinn er forystuskóli í hreyfingu og hollum lífsháttum og í skólanum starfar gott fagfólk með mikla reynslu og metnaðarfulla skólasýn.

**Umsækjandi þarf að hafa til að bera eftirfarandi þætti:**
• Leikskólakennaramenntun
• Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
• Reynslu af stjórnun
• Lipurð í mannlegum samskiptum
• Metnað og áhuga fyrir nýjungum

Í Hafnarfirði eru íbúar rúmlega 24.000 og rekur bærinn nú 15 leikskóla og er með þjónustusamning við einn til viðbótar.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er þjónustustofnun í þágu menntunar í bæjarfélaginu og þar starfa sérhæfðir starfsmenn sem veita faglega ráðgjöf og þjónustu sem hæfir hverju sinni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5500,
netfang magnusb@hafnarfjordur.is og
Árdís Grétarsdóttir, leikskólastjóri í síma 555 2004,
netfang vidivellir@hafnarfjordur.is

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og FL.
Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknum skal skilað á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnrfjörður, eigi síðar en 8. júní 2007.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

# Lausar stöður hjá Borgarbyggð



## BORGARBYGGÐ

*Borgarbyggð er öflugt og framsækið sveitarfélag í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Íbúarnir eru tæplega 4.000 og dreifast nokkuð jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Mikil áhersla er lögð á fræðslumál í sveitarfélaginu. Þar eru þrír grunnskólar, sex leikskólar, tónlistarskóli, tveir háskólar (á Bifröst og á Hvanneyri), auk þess sem Menntaskóli Borgarfjarðar tekur til starfa næsta haust. Góð íþróttaaðstaða og öll helsta þjónusta er til staðar.*



*Borgarbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.
Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.*

***Umsóknarfrestur um störfin er til og með 10. júní 2007.
Umsóknir skulu sendar til fræðslustjóra, Ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi.***

## SKÓLASTJÓRI

Skólastjóri óskast til starfa við Varmalandsskóla frá og með 1. ágúst.
Varmalandsskóli er staðsettur í einstöku umhverfi um 90 km. frá Reykjavík, miðja vegu milli Borgarness og Bifrastar. Starfsemi skólans einkennist af af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi, með einkunnarorð skólans; gleði, heilbrigði og árangur að leiðarljósi. Um 150 nemendur stunda nám við skólann.
Á næsta skólaári verður lögð áhersla á byrjendalæsi í yngstu bekkjum skólans auk þess sem skólinn tekur þátt í metnaðarfullu þróunarstarfi í samstarfi við aðra grunnskóla Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem unnið verður að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, breytingu á kennsluháttum og samfellu milli skólastiga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- B.Ed. próf er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Kennslureynsla og reynsla af skólastjórnun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Leitað er að kraftmiklum og drífandi stjórnanda sem er tilbúinn til að starfa að öflugri skólaþróun í jákvæðu starfsumhverfi.
Húsnæði er í boði á staðnum.
Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Magnúsdóttir fræðslustjóri í síma 433-7100 eða á netfanginu asthildur@borgarbyggd.is. Upplýsingar um skólann má finna á vefsíðu hans www.varmaland.is.

## DEILDARSTJÓRI SKÓLASKJÓLS

Kennari, frístundakennari eða annar uppeldismenntaður starfsmaður óskast til starfa við skólaskjól í Borgarnesi frá og með 1. ágúst. Um er að ræða 100% stöðu sem skiptist í ca 70% starf við rekstur skólaskjóls fyrir 1.-4. bekk við Grunnskólann í Borgarnesi og 30% starf við kennslu eða önnur störf.
Starf deildarstjóra skólaskjóls er nýtt starf hjá Borgarbyggð sem felur meðal annars í sér stefnumótunarvinnu skóladagvistunar eða lengdrar viðveru í sveitarfélaginu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- B.Ed. próf eða önnur uppeldismenntun
- Hæfni og reynsla af stjórnun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Leitað er að kraftmiklum og drífandi starfsmanni sem hefur sérstakan áhuga á starfi með börnum.
Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Magnúsdóttir fræðslustjóri í síma 433-7100 eða á netfanginu asthildur@borgarbyggd.is.

BORGARBYGGÐ

---

Reykjavíkurborg
*Leikskólasvið*

# Skapandi störf með skapandi fólki

**Lausar eru stöður deildarstjóra við eftirtalda leikskóla:**

- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720.
- Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660.
- Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855.
- Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096.
- Hlíðarendi, Laugarásvegi 77, sími 553-7911.
- Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347.
- Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140.
- Laugaborg, v/Leirulæk, sími 553-1325.
- Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125.
- Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860.
- Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
- Seljaborg, Tunguseli 2, sími 557-6680.
- Steinahlíð v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280.
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085.

**Leikskólakennarar/ leiðbeinendur**

- Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240.
- Brákarborg, Brákarsundi 1, sími 553-4748.
- Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660.
- Hamrar, Hamravík 12, sími 577-1240.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Hlíðarendi, Laugarásvegi 77, sími 553-7911.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- Klambrar, Háteigsvegi 33, sími 511-1125.
- Lækjaborg, v/Leirulæk, sími 568-6351.
- Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125.
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595.
- Steinahlíð v/ Suðurlandsbraut, sími 553-3280.

**Leikskólasérkennari/ Þroskaþjálfi/Atferlisþjálfi**

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347. Um er að ræða tvær stöður annarsvegar 100% stöðu og hinsvegar 50% stöðu.

**Yfirmaður í eldhús**

- Hamrar, Hamravík 12, sími 577-1240. Vinnutími er frá kl.8:00-16:00.
- Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905 vegna afleysinga í sumar.
- Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347.
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595.

**Aðstoðarmaður í eldhús**

- Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130 í 70%-100% stöðu.

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum.

Kynntu þér laus störf á heimasíðunni okkar www.leikskolar.is eða hjá Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Framkvæmda- og tæknisvið:**
- Aðstoðarmaður skrifstofustjóra

**Félagsstarf aldraðra:**
- Gjábakki, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Starfsmaður við þjónustuíbúðakjarna fyrir fólk með geðraskanir
- Rekstrarfulltrúi
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

**Roðasalir,** sambýli og dagþjálfun fyrir heilabilaða:
- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlynningar

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Baðv/afgr. karla, helgarvinna
- Baðv/afgr. kvenna helgarvinna
- Baðv/afgr. karla 100% vaktavinna

**Sundlaug Kópavogs:**
- Afgr./laugarv./baðvarsla kvenna 100%

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á unglingastig – samfélagsfræði og enska

**Hjallaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig

**Hörðuvallaskóli:**
- Kennari – hlutastarf
- Forstöðumaður Dægradvalar
- Matráður starfsmanna 60%

**Kársnesskóli:**
- Íþróttakennari
- Enska og umsjónarkennari á unglingast.
- Almennur kennari/sérkennari í kennslu á unglingastigi
- Gangavörður/ræstir 100%

**Lindaskóli:**
- Enska á eldra stigi
- Tölvukennari
- Heimilisfræðikennari

**Salaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Íslenskukennari á unglingastig

**Smáraskóli:**
- Skólastjóri v/námsleyfis
- Umsjónarkennarar 4., 5. og 7. bekk
- Náttúrufræði/Stærðfræði 8. – 10. bekk
- Íþróttakennari 100%

**Snælandsskóli:**
- Umsjónarkennari á unglingastigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Dægradvöl 50%

## LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Dalur: 554 5740**
- Aðstoð í eldhúsi
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri 100%

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari

**Fífusalir: 570 4200**
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari / þroskaþjálfi
- Deildarstjóri
- Matráður 100 %

**Grænatún: 554 6580**
- Leikskólakennari/leiðbeinandi

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari 100%

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólakennarar næsta skólaár
- Sérk. v/stuðnings, sem fyrst

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennarar (í haust)
- Aðstoð í eldhús, kl. 9-14 (í byrjun ágúst)

**Núpur: 554 7020**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

**Rjúpnahæð: 570 4240** (í byrjun ágúst)
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla
- Ræsting 50% frá 1. júní nk.

**Smárahvammur: 564 4300**
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***

## Gerðaskóli

Garðbraut 90, 250 Garði

www.gerdaskoli.is, gerdaskoli@gerdaskoli.is

**Eftirfarandi kennara vantar til starfa skólaárið 2007-2008.**

- Umsjónarkennara fyrir 2. bekk
- Kennara til heimilisfræðikennslu, ein staða
- Kennara í textílmennt, 70% staða

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 4227020

Gerðaskóli er þriðji elsti grunnskóli landsins og byggir á gömlum grunni en horfir þó stöðugt til framtíðar. Mikil fjölgun nemenda hefur orðið á undanförnum árum og eru tvær bekkjardeildir í þremur yngstu árgöngunum. Sveitarfélagið Garður er í mikilli sókn, verið er að móta skólastefnu í samráði við íbúana, byggt verður við húsnæði skólans og því breytt á næstu árum og hefjast framkvæmdir í vor. Í Garðinum njóta íbúarnir þess að búa í dreifbýli en njóta jafnframt kosta þéttbýlisins vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið.

## Staða sérfræðings á Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings á sviði rannsókna í barnavernd, fræðslustarfs og ráðgjafar við barnaverndarnefndir. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu á sviði rannsókna og kennslu svo og af starfi barnaverndanefnda. Háskólamenntun í félagsráðgjöf, sálfræði eða félagsfræðum áskilin.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir forstjóri Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða með tölvupósti bragi@bvs.is

Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu og er umsóknarfrestur til og með 18. júní.

## KÓPAVOGSBÆR

## SALASKÓLI

**Salaskóli leitar að:**

- **umsjónarkennurum á yngsta stig**
- **íslenskukennara á unglingastig**
- **kennara með þekkingu á táknmáli**
- **stuðningsfulltrúa með þekkingu á táknmáli**
- **stuðningsfulltrúa á unglingastig**

*Við leitum að kennurum sem vilja taka þátt í fjölbreyttum, skemmtilegum og krefjandi verkefnum. Í skólanum eru aldursblandaðir námshópar, leitast er við að horfa á þarfir og áhuga sérhvers nemanda og stuðla að einstaklingsmiðaðri kennslu.*

*List- og verkgreinar skipa stóran sess. Skólinn er umhverfisvænn og markviss áhersla er lögð á útivist og fjölbreytt íþróttastarf. Skólinn tekur þátt í Evrópusamstarfsverkefni sem nefnist Heilbrigður lífsstíll.*

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 570 4600 netfang ***hrefnabk@salaskoli.is***

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

***www.kopavogur.is - www.job.is***



## InPro leitar að öflugum hjúkrunarfræðingum til starfa við fjölbreytt og spennandi verkefni

Okkur vantar áræðna og ábyrga hjúkrunarfræðinga til starfa við sjúkraskýli á Austurlandi sem sérhæfir sig í almennri heilsugæslu og neyðarviðbrögðum. Um er að ræða bæði afleysingar í sumar og einnig fast starf til framtíðar.

- Í boði er einstök þjálfun í heilsuvernd, vinnuvernd og öryggismálum á vinnustöðum.
- Góð laun í boði.

**Umsókn ásamt starfsferilsskrá skal senda til Gísla Nils Einarssonar: gisli.einarsson@inpro.is. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 848-5562.**

InPro er þjónustufyrirtæki á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu. Stefna fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Hjá fyrirtækinu starfa um 85 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu. Sjá nánari upplýsingar á www.inpro.is.

InPro / Skipholti 50b / 105 Reykjavík / Sími 555 7600 / www.inpro.is

inPro



## 66°Norður

**Vegna aukinna umsvifa vantar sölufulltrúa og þjónustufulltrúa í sölu- og þjónustudeild**

**Starf sölufulltrúa felur í sér:**

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini 66°Norður á Íslandi
- Umsjón með tilgreindum viðskiptamannahópi í samráði við sölustjóra
- Sala og heimsóknir til viðskiptavina
- Þátttaka í áætlanagerð
- Eftirfylgni verkefna

**Starf þjónustufulltrúa felur í sér:**

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini 66°Norður á Íslandi
- Samskipti og samvinna með öðrum deildum fyrirtækisins
- Þátttaka og eftirfylgni pantana
- Ýmis önnur verkefna söludeildar

Viðkomandi einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, vera jákvæðir, skipulagðir, geta unnið sjálfstætt sem og í hóp og búa yfir almennri tölvuþekkingu.

Reynsla og þekking af sölu- og/eða þjónustustörfum æskilegt – reynsla og þekking á útivistar og/eða sjó- & vinnufatnaði kostur.

Við óskum eingöngu eftir traustum, samviskusömum og kraftmiklum starfsmönnum.

**Umsjón með ráðningu:**
Hjörtur Þór Grétarsson – hjortur@66north.is
Framkvæmdastjóri heildsölusviðs
Umsóknarfrestur til og með
31. maí 2007

66° NORÐUR

# TRÉSMIÐIR - KRANAMENN



***Vegna fjölda krefjandi verkefna vantar okkur vana smiði í gipsvinnu til framtíðarstarfa. Einnig vantar okkur kranamenn til framtíðarstarfa.***

ANS er ungt og öflugt verkfræði- og verktakafyrirtæki sem byggir á reynslu, þekkingu og metnaði. Verkefni félagsins eru stór og fjölbreytt, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi.

Starfsumhverfið er spennandi og skemmtilegt þar sem fjölbreytt verkefni krefjast frumkvæðis og útsjónarsemi.

ANS EHF

**Upplýsingar gefur:** Ívar í síma 840 0955 · ivar@ans.is Þverholti 11 · 105 Reykjavík · www.ans.is

# ÍSTAK



## VÉLAMENN

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða vélamenn til starfa. Um er að ræða stjórnun á jarðýtum og gröfum. Möguleiki á vaktavinnu.

Einnig óskar ÍSTAK eftir að ráða meiraprófsbílstjóra. Æskilegt er að umsækjendur hafi réttindi og reynslu á vörubílskrana.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**

**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**



## Markaðs- og sölufulltrúi hjá Nike á Íslandi

### Starfssvið:
Sala á vörum til íþróttaliða
Eftirfylgni á samningum við íþróttalið
Almenn fræðslu- og kynningarmál fyrir starfsfólk verslana
Eftirfylgni á sölu til verslana
Almenn sölu- og markaðsstörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:
Menntun á sviði viðskipta- eða markaðsmála
Reynsla af sölu- og markaðsmálum
Þekking á neytendamarkaði
Reynsla af íþróttastarfi
Góð enskukunnátta

### Við bjóðum:
Skemmtilegt starf í öflugri deild
Gott starfsumhverfi og fjöskylduvæna starfsmannastefnu

Möguleika á að vaxa í starfi

Reynslu af vörumerkjastjórnun á heimsmælikvarða

Fyrirmyndarfyrirtæki samkvæmt skoðanakönnun VR varðandi fyrirtæki ársins 2007

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

Umsóknir óskast sendar til Icepharma, merkt "Nike", fyrir 12. júní nk.
Upplýsingar veitir Sigríður Bríet Smáradóttir.
Netfang: sigridurbriet@icepharma.is

icepharma

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður

### Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Almenn kennsla í miðdeild
Textílmennt
Íþróttakennsla
Stærðfræði á unglingastigi
Skólaliði

Engidalsskóli (55555 4433 audur@engidalsskoli.is)
Textílkennsla
Smíðakennsla

Hraunvallaskóli (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
Kennarateymi á yngsta stigi
Umsjónarkennarar
Smíðakennsla
Sérkennsla
Tónmennt
Skólaliði
Leikskólakennari (590 2880sigrunk@hraunvallakoli.is)
Deildarstjórar (leikskólakennarar)

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Almenn kennsla og umsjón á mið- og yngsta stigi
Tölvukennsla
Náttúrufræðikennsla á unglingastigi
Íslenska á unglingastigi
Enska á unglingastigi
Sundkennsla
Skólaliði

Lækjarskóli (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Kennari í sérdeild f. eldri nemendur
Kennsla á unglingastigi, íslenska og stærðfræði
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi
Kennsla í pólsku í móttökudeild (50%)

Starfið felst í kennslu og samskiptum við heimili nemenda.
Kennaramenntun er skilyrði og góð tök á íslensku.

Setbergsskóli (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
Íþróttakennsla
Bókasafnsfræðingur

Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Deildarstjóri sérdeildar, þar eru nemendur í 1.-7. bekk sem eiga við hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika.
Heimilisfræðikennsla
Tónmenntakennsla, mjög góð aðstaða, nýr flygill og mikið af hljóðfærum
Stærðfræðikennsla
Náttúrufræðikennsla
Enskukennsla

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Umsjónarkennsla á yngra- og miðstigi Íþróttakennsla
Danska á unglingastigi
Deildarstjóri á unglingastigi

### Leikskólar

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Matreiðlsumeistari/matráður
Deildarstjóri

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari/matráður
Aðstoð í eldhús (50% e.h.)

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Starfsmaður í eldhús frá 1. ágúst

Hraunvallaskóli (590 2880 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennarar
Deildarstjórar

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara (100%) frá 1. ágúst
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar á ungbarnadeild leikskólans.

Deildin verður opnuð í ágúst og uppeldisstarf deildarinnar mun byggja á starfsaðferðum Reggio Emilia. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# Atvinnutækifæri hjá Lyfju



**Vegna breytinga og vaxandi starfsemi getum við bætt lyfjatæknum, snyrti- eða förðunarfræðingum og sölu- og afgreiðslufólki í okkar frábæra starfsmannahóp á höfuðborgarsvæðinu.**

## Lyfja Lágmúla – Lyfjatæknir, snyrtivörudeild og sölu- og afgreiðslufólk.

**Lyfjatæknir -** Starfið felst í að aðstoða lyfjafræðing í receptur, m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, afgreiðslu á kassa og faglegri ráðgjöf um lausasölulyf og aðrar vörur til viðskiptavina. Unnið er skv. vaktarplani á afgreiðslutíma lyfjabúðarinnar sem er 8-24 alla daga. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Sala- og afgreiðsla -** Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í sölu- og afgreiðslustarf. Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra. Unnið er skv. vaktarplani á afgreiðslutíma lyfjabúðarinnar sem er 8-24 alla daga. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf í haust.**

**Snyrtivörudeild -** Óskum eftir starfsmanni í snyrtivörudeild Lyfju Lágmúla. Starfið felst í sölu og á snyrtivörum og þjónustu henni tengdri, sem og pöntunum og samskiptum við birgja. Leitað er að góðri og hæfileikaríkri sölumanneskju með þekkingu á snyrtivörum. Vinnutími er frá kl. 10-16 og 16-22 virka daga samkvæmt vaktakerfi. Helgarvinna samkvæmt samkomulagi. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf í haust.**

Nánari upplýsingar veitir Unnur Björgvinsdóttir, lyfsali Lyfju Lágmúla, (unnur@lyfja.is) s: 533-2300



## Lyfja Laugavegi – Umsjón með snyrtivörum

Óskum eftir starfsmanni til að hafa yfirumsjón með snyrtivörum í Lyfju Laugavegi. Starfið felst í sölu á snyrtivörum og þjónustu henni tengdri, pöntunum og samskiptum við birgja, aðstoð við viðskiptavini við val á vörum í verslun, afgreiðslu á kassa auk annarra verkefna. Leitað er að góðri og hæfileikaríkri sölumanneskju með þekkingu á snyrtivörum. Vinnutíminn er frá 12-17 að jafnaði, einhverja daga til 18:30. Laugardaga skv. samkomulagi. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða í síðasta lagi í haust.**

Nánari upplýsingar veitir Alfreð Ómar Ísaksson, lyfsali Lyfju Laugavegi (alfred@lyfja.is) s: 552-4045

## Apótekið Hverafold – Lyfjatæknir og umsjónarmaður verslunar

**Lyfjatæknir -** Starfið felst í að aðstoða lyfjafræðing í receptur, m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk sölu og ráðgjafar til viðskiptavina við val á öðrum vörum í verslun. Vinnutíminn er frá 11-18/19 alla virka daga. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsjónarmaður verslunar –** Starfið felst í að hafa yfirumsjón með vörum í verslun, pöntunum, vörumóttöku, frágangi og samskiptum við birgja. Aðstoð og ráðgjöf til viðskiptavina við val á vörum í verslun, afgreiðsla á kassa auk annarra verkefna. Vinnutíminn er frá 11-18/19 alla virka daga. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi í haust.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Pálsson, lyfsali Apótekinu Hverafold (johannes@apotekid.is) s: 587-1200



## Lyfja Setbergi – Lyfjatæknir eða starfsmaður með reynslu úr apóteki.

Starfið felst í að aðstoða lyfjafræðing í receptur, m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, aðstoð við afgreiðslu á skipskistum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk sölu og ráðgjafar til viðskiptavina við val á öðrum vörum í verslun. Vinnutíminn er breytilegur skv. vinnuskema á afgreiðslutíma apóteksins 9-19 og þriðja hvern laugardag 10-16. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst/september.**

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Kristinsdóttir, lyfsali Lyfju Setbergi (svana@lyfja.is) s: 555-2306

## Lyfja Smáralind - Sala og afgreiðsla

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í sölu- og afgreiðslustarf. Starfið felst í sölu- og ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra. Vinnutíminn er frá 11-19 virka daga og skv. samkomulagi um helgar.
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf í haust.**

Nánari upplýsingar veitir Torfi Pétursson, lyfsali Lyfju Smáralind (torfi@lyfja.is) s: 530-5800

**Hæfniskröfur:** Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Góð tölvukunnátta. Áreiðanleiki, skipulögð vinnubrögð, metnaður og geta til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

**Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar, www.lyfja.is**
**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 37815 05/07

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Kársnesskóla

### Laus störf næsta skólaár:

- Gangavörður/ræstir
- Íþróttakennari
- Enska og umsjón á unglingastigi
- Almennur kennari/sérkennari á unglingastigi

Laun samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 570 4100 og 898 4107

netfang *gudrunpe@kask.kopavogur.is*

**www.kopavogur.is - www.job.is**

# Kennarar!

Grunnskólann í Búðardal vantar kennara næsta skólaár. Um er að ræða kennslu á mið- og yngsta stigi. Í skólanum eru 80 nemendur í 1.-10. bekk. Umsóknarfrestur er til 4. júní.

Upplýsingar um starfið veitir: Guðrún G. Halldórsdóttir, skólastjóri, í síma 434-1466/ggh@ismennt.is

# SECRETARY

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Secretary in the Political; Economic/Comercial; Public Affairs and Consular Section. The closing date for this postion is June 01, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

# Reykjavíkurborg

Menntasvið Reykjavíkur



## Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur laus

**Árbæjarskóli,** Rofabæ 34, sími 567-2555
- Umsjónarkennarar í 2. bekk.
- Lífsleikni og sérkennsla á unglingastigi.
- Stuðningsfulltrúar.
- Skólaliðar í baðvörslu og sundlaug í vaktavinnu.
- Skólaliðar.

**Ártúnsskóli**, Árkvörn 6, sími 567-3500
- Grunnskólakennari á yngsta stigi.
- Námsráðgjafi

**Borgaskóli,** Vættaborgum 9, sími 577-2900
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Skólaliðar.

**Fellaskóli,** Norðurfelli 17-19, sími 557-3800
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Danskennari í hlutastarf.
- Skólaritari.
- Yfirmaður mötuneytis.

**Foldaskóli**, Logafold 1, sími 540-7600
- Kennari í textílmennt.
- Sérkennari.
- Kennsla á unglingstigi.
  Kennslugreinar: Íslenska, tölvur og raungreinar.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Skólaliðar.

**Fossvogsskóli,** Haðalandi 26, sími 568-0200
- Kennari á miðstigi.

**Hamraskóli,** Dyrhömrum 9, sími 567-6300
- Umsjónarkennarar, samkennsla í 4.-5. bekk.
- Deildarstjóri sérkennslu

**Hlíðaskóli**, Hamrahlíð 2, sími 552-5080
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennari á unglingastigi.
- Þroskaþjálfi í 80% starf.

**Húsaskóli,** Dalhúsum 41, sími 567-6100
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Bókasafnsfræðingur.

**Klébergsskóli,** Kjalarnesi, sími 566-6083
- Umsjónarkennari á yngsta stigi eða miðstigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
  Um er að ræða afleysingu í eitt ár.
- Sérkennari í 70% stöðu. Um er að ræða afleysingu í eitt ár.
- Heimilisfræðikennari í 60% stöðu.
- Skólaliðar.

**Korpuskóli,** Bakkastöðum 2, sími 411-7880
- Umsjónarkennarar, samkennsla á miðstigi.
- Dönskukennari, möguleiki á 50% stöðu.
- Aðstoðarmaður í eldhúsi, möguleiki á 80% starfi.

**Langholtsskóli,** Holtavegi 23, sími 553-3188
- Umsjónarkennari á yngra stigi.
- Kennari á yngra stigi til forfallakennslu
  frá 20. ágúst til 30. september 2007.
- Stuðningsfulltrúi.
- Skólaliði.

**Melaskóli,** Hagamel 1, sími 535-7500
- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi.

**Safamýrarskóli,** Safamýri 5, sími 568-6262
- Stuðningsfulltrúar í hlutastarf og fullt starf.

**Seljaskóli,** Kleifarseli 28, sími 411-7500
- Kennari á yngra stigi.
- Kennari á miðstigi.
- Heimilisfræðikennari í hlutastarf.

**Ölduselsskóli,** Ölduseli 17, sími 557-5522
- Danskennari.

**Öskjuhlíðarskóli,** Suðurhlíð 9, sími 568-9740
- Heimilisfræðikennari.
- Félagsráðgjafi í afleysingu í 1 ár.
- Stuðningsfulltrúi.

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á **www.menntasvid.is**

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er einnig að finna á heimasíðu Menntasviðs.
Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Félagsþjónustan í Hafnarfirði

## Sumarstörf og framtíðarstörf

hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Hér er um að ræða störf við félagslega heimaþjónustu. Í boði er sveigjanlegur vinnutími á tímabilinu frá 08.00 – 20.00, starfshlutföll eru samkomulagsatriði.

Starfið gerir kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir.

Við leitum að einstaklingum með félagsliðamenntun eða aðra félagslega menntun, reynslu eða mikinn áhuga á störfunum.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um störfin veitir Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimaþjónustudeild í síma 585 5700

Umsóknum skal skila til
**Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði**
Strandgötu 33, 220 Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

# Matreiðslumaður







**ISS Ísland óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa í miðlægt eldhús veitingasviðs.**

Um er að ræða dagvinnustarf þar sem máltíðir eru undirbúnar og síðan sendar út til viðskiptavina.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í ört vaxandi þjónustuþætti.

Kröfur: Fagþekkingu
Sýna frumkvæði
Vera sjálfstæður í starfi
Vera stundvís og áræðanlegur

Við bjóðum starf hjá traustu og öflugu fyrirtæki þar sem um er að ræða í gott og skemmtilegt starf á sviði sem er í örum vexti hjá ISS Ísland ehf.

Upplýsingar um starfið veitir Jakob sviðsstjóri veitingasviðs. Umsóknum fyrir starfið skal skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf., að **Ármúla 40, 3. hæð** merkt “matreiðslumaður”. Einnig er hægt að sækja um á heimsasíðu **www.iss.is.**
**Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is**

ISS ÍSLAND

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, mötuneytisumsjón, þrifa í matvælaiðnaði, hreingerninga og fleira. Hjá ISS starfa yfir 800 manns á aldrinum 16 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá þjónustufulltrúum og flokkstjórum.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Samhæfni er viðurkenndur sölu- og umboðsaðili Opinna kerfa ehf., Hátækni ehf. og Link ehf. Félagið leggur áherslu á sölu og þjónustu á tölvubúnaði frá HP. Reynsla starfsmanna á sölu og þjónustu á HP lausnum er síðan 1993. Fjöldi viðskiptavina fyrirtækisins fer ört vaxandi en á meðal viðskiptavina Samhæfni eru mörg stærstu fyrirtæki á Suðurnesjum. Samhæfni veitir fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum á Suðurnesjunum alhliða lausnir í upplýsingatækni. Fyrirtækið selur tölvubúnað frá stærstu og virtustu tölvuframleiðendum í heimi, sem eru þekktir fyrirgæði og ábyrgð. Lögð er áhersla á öflugt þjónustusvið sem aðstoðar við rekstur og viðhald tölvukerfa í fyrirtækjum. Lagður er mikill metnaður í að fylgjast með þróun á upplýsingatæknisviði til að geta boðið þjónustur í samræmi við breyttar kröfur og þarfir markaðarins.

# Viltu vera í vinningsliðinu?

Viltu vinna með leiðandi fyrirtæki á upplýsingatæknisviði á Suðurnesjum? Samhæfni leitar að einstaklingi sem hefur frumkvæði og vilja til að ná árangri í starfi. Skemmtilegt og fjölbreytilegt starf er í boði sem hentar jafnt kven- og karlmanni.

## Hæfniskröfur:

- Samskiptahæfileikar
- Góð tölvu og ensku kunnátta
- Snyrtimennska og jákvætt viðhort
- Metnaður í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð

## Lýsing á starfi:

- Sölustarf í verslun
- Uppsetning tilboða
- Taka á móti viðskiptavinum
- Samstarf við birgja
- Daglegt uppgjör og frágangur

**Umsóknarfrestur er til 31. maí 2007**
**Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á Björn Inga Pálsson í tölvupósti bip@samhaefni.is**

hp invent
SONY
Panasonic

SAMHÆFNI
Hringbraut 96 • 230 Reykjanesbæ
Sími 421 7755 • www.samhaefni.is

# Bókari með reynslu ..

Heildverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða reyndan bókara í fullt starf. Starfið felur í sér skráningu bókhaldsgagna, afstemmingar og önnur tilfallandi skrifstofustörf.

Umsóknir með ferilskrá óskast sendar á box@frett.is, fyrir 4. júní merkt "bókari2007"

# Help wanted!

Bi-lingual (english - icelandic) sewing machine demostrators of home sewing machines. Knowledge of sewing helpful.
This is for a special event in Reykjavík. Good pay!
Please respond to **btrmedia@aol.com**

Sewing machine mechanic/ repair person wanted for contract work in iceland. reply to btrmedia@aol.com

Translators wanted!
English - icelandic for printed materials. Good pay!
Please respond to **btrmedia@aol.com**

# Þjónustufulltrúi á ökutækjasviði

**Starfið felst í móttöku viðskiptavina og gagna, skráningu í ökutækjaskrá, almennri ráðgjöf í tengslum við skráningu ökutækja og þátttöku í þróun reglna um skráningu ökutækja. Í þjónustuveri starfa sex þjónustufulltrúar. Starfshlutfall er 100%.**

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Viðskiptafræði eða sambærileg menntun. Einnig kemur til greina að ráða einstakling með sérlega góða reynslu sem nýtist í starfinu.*
- *Leitað er að úrræðagóðum, talnaglöggum og samviskusömum einstaklingi. Viðkomandi þarf einnig að vera fær í mannlegum samskiptum og hafa ríka þjónustulund.*

*Umsóknarfrestur er til 4. júní og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

## Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- *á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, olof@us.is*
- *senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang: Umferðarstofa, B.t. Ólafar Friðriksdóttur, Borgartúni 30, 105 Reykjavík*

Nánari upplýsingar veitir Siggerður Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri ökutækjaskráninga og Ólöf Friðriksdóttir, verkefnastjóri starfsmannamála í síma 580 2000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á www.us.is.

**VINNUSTAÐURINN**
Umferðarstofa var árið 2006 útnefnd ríkisstofnun til fyrirmyndar en hjá stofnuninni starfa um 55 manns. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika og árangur. Hlutverk Umferðarstofu er að auka lífsgæði fólks með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.

UMFERÐARSTOFA

## Tónlistarskóli Sandgerðis - Gítarkennari

Tónlistarskóli Sandgerðis óskar eftir að ráða gítarkennara fyrir nemendur í klassískum gítarleik frá 15. ágúst n.k. Um 50% staða. Upplýsingar gefur skólastjóri Lilja Hafsteinsdóttir í símum: 423-7695 og 423-7360 og 899-6357.

Hafið Bláa

Hafið Bláa við ósa Ölfusár, útsýnis og veitingastaður, óskar eftir matreiðslumanni til starfa. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, traustur og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir/upplýsingar: hafidblaa@hafidblaa.is eða síma 483 1000, 897 7467, 892 0367.

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Sölumaður

R. SIGMUNDSSON

*R. Sigmundsson, Vélasalan og Radiomiðun sameinuðust á síðasta ári undir nafninu R. Sigmundsson ehf. Með þessari sameiningu varð til eitt stærsta og öflugasta þjónustufyrirtækið í sjávarútvegi á Íslandi. Í sumar mun öll starfsemi fyrirtækisins verða flutt undir eitt þak í nýtt og glæsilegt húsnæði við Klettagarða 25.*

*R. Sigmundsson er umboðsaðili fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum á sviði sjávarútvegs, iðnaðar og lífsstíls. Þar mætti nefna: Cummins, Lister-Petter, Garmin, Raymarine, Koden, Enag, Mikrofyn, Itur, Pedrollo, Stenhoj, Mercury og fleiri og fleiri.*

## Öflugur sölumaður óskast á ört vaxandi vélasvið R. Sigmundssonar.

**Hæfniskröfur:**

- Drífandi einstaklingur sem er tilbúinn til að leggja á sig mikla vinnu þegar á þarf að halda.
- Haldgóð þekking á vélbúnaði og/eða rafmagni (vélstjórnar eða tæknimenntun).
- Góðir söluhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri.
- Góð enskukunnátta og almenn tölvufærni.
- Reynsla af sölustörfum er kostur en ekki skilyrði.

**Starfið felur í sér:**

- Viðhald og öflun viðskiptatengsla.
- Uppbyggingu markaðstækifæra.
- Sölu, ráðgjöf og tilboðsgerð.
- Samkeppnishæf laun fyrir réttan einstakling.

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá ört vaxandi fyrirtæki sem byggir á traustum grunni.



Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 4. júní næstkomandi. Númer starfs er **6262**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal. Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

## Tilboð óskast



# Tilboð óskast

Tilboð óskast í Colman Redwood fellihýsi, árgerð 1999, Var þrifið að innan eftir brunatjón 2005, skoðað hjá umboði nýlega og dæmt í lagi. Fortjald fylgir. Er upphækkað og á 13" dekkjum. Eiginþyngd; 452 kg. Lengd; 3580 cm. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 30. mai. 2007. Hlutirnir eru til sýnis að Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga )

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

## Tilboð óskast

# Tilboð óskast



### Tilboð óskast, sumarhús í Hruna.

Húsið er 45,7 m2 bjálkahús, byggt árið 2004 og er í ca. 3 km fjarlægð frá Flúðum. Heitt vatn er í húsinu en ekki rafmagn. Húsið er skemmt eftir vatnstjón og eru bjálkar og panill víða orðinn grár. Leigulóð, ca. kr. 30 þús á ári. Áhvílandi lán frá Glitni sem getur fylgt með. B.b.mat er 9,4 millj. Hægt er að skoða húsið í dag, laugardag 26/5 milli kl.14 og 17. Hægt er að skoða fleiri myndir á heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ). Upplýsingar um nánari upplýsingar og leiðarlýsing eru í s: 893-7388. Tilvalið fyrir handlagna. Tilboð skilist inn fyrir mánudaginn 4/6 2007 á olafur@tmhf.is merkt "Sumarhús"

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

## Tilboð óskast

# Tilboð óskast

Tilboð óskast, svalahurðir.
Tilboð óskast í 25 stk svalahurðir stærð 99x230 cm, karmþ. 15 cm. Hægriopnun, út. Um er að ræða ál/tré hurðir, hvítlakkaðar að innan en grá/grænar að utan.
Hægt er að geri tilboð í eina eða fleiri.
3ja punkta læsingar.
Nánari upplýsingar í s: 893-7388
Tilboð skilist inn fyrir mánudaginn 4/6 2007 á olafur@tmhf.is merkt "Svalahurðir"



TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

## Tilboð óskast



### Tilboð óskast í MAN H06, D20 Common Rail, TGA 18.430

árgerð 2005, ekinn um 216.000 km, skemmdan eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl. 08.00 að morgni 30 maí. 2007. Bifreiðin er til sýnis að Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga ).

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

## Tilboð óskast



# Tilboð óskast

Tilboð óskast í Suzuki LT-R450Z fjórhjól, árgerð 2007, nýtt, skemmt eftir flutning. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 30. maí. 2007. Hlutirnir eru til sýnis að Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga )

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

## FASTEIGNIR

Draumahús 530 1800



### Dvergahraun 18 - Miðengi - Grímsnesi

**Sölusýning laugardag og sunnudag kl. 14.00 - 15.00**







Frum

**28.900.000**

Fallegt og vandað 102 fm 4 herb. heilsárshús á steyptum grunni með gólfhita. 6.700 fm kjarri vaxin eignarlóð móts við Kerið. 140 fm verönd við húsið. Húsið er tilb. til afhend. strax. Möguleiki að taka íbúð uppí! **Einnig við Dvergahraun tvær samliggjandi lóðir 10.800 fm. og 11.700 fm.**

**Akstursleið:** Fyrsta beygja til vinstri eftir að komið er framhjá Kerinu í Grímsnesi merkt Miðengi – Ekið þaðan eftir merkjum Draumahúsa.
***Upplýsingar gefur Ólafur í síma 824 6703***

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar

## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Urðarhvarf 2 og 4. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Urðarhvarfs 2 og 4. Almennt er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - Athafnasvæði samþykkt í bæjarstjórn 25. september 2001. Í breytingunni felst að Urðarhvarf 2 hækkar um eina hæð og sótt er um stækkun á lóð um 106 m². Bílastæðum fjölgar um 9 stæði. Gert er ráð fyrir að húsið að Urðahvarfi 4 hækki um eina hæð en hæðarkótar lækki um 70 cm. Heildarbyggingarmagn er aukið um 600 m² og bílastæðum er fjölgað um 16 stæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 16. maí 2007.

**Vatnsendablettur 169. (Glæsihvarf 2 og 4) Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Glæsihvarfs 2 og 4. Almennt er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - Norðursvæði samþykkt í bæjarstjórn 30. desember 2002. Í breytingunni felst að breyta fimm smáhúsum á einni lóð í tvö einbýlishús á einni hæð á tveimur lóðum. Hámarks grunnflatarmál fyrir Glæsihvarf 4 er 200 m² og hámarks flatarmál 350 m². Hámarks flatarmál fyrir Glæsihvarf 2 sem er hús á einni hæð er 280 m².

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 15. maí 2007.

**Gulaþing 28 til 44. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Gulaþings 28 til 44. Almennt er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - Þing við Gulaþing ( reit 2) samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005. Í breytingunni felst að húsin eru sambyggð á tveimur stöðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 12. mars 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 29. maí 2007 til 26. júní 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is . Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 10. júlí 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## TILKYNNINGAR

**Byggðastofnun**

### Ársfundur Byggðastofnunar 2007

verður haldinn fimmtudaginn 31. maí nk. í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 12:00 með léttum veitingum, og áætluð fundarlok eru kl. 15:00.

***Dagskráin verður sem hér segir:***

Kl. 12:30 Setning fundarins, Herdís Sæmundardóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

Kl. 12:35 Ávarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Kl. 12:50 Herdís Sæmundardóttir, ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar.

Kl. 13:05 Aðalsteinn Þorsteinsson, skýrsla forstjóra Byggðastofnunar.

Stoðkerfi atvinnulífsins, hvernig vinnur það og hvernig ætti það að vinna.

Kl. 13:30 Atvinnuþróunarstarf á tímamótum. Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

Kl. 13:45 Starf atvinnuráðgjafans. Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Kl. 14:00 Viðhorf kvenna til stoðkerfis atvinnulífsins. Sigríður Elín Þórðardóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar.

Sjónarmið frumkvöðla:
Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, Þuríður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Móa og Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri ORF Líftækni.

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri verður Herdís Sæmundardóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

Kl. 15:00 Fundarlok

Vinsamlega tilkynnið þátttöku með tölvupósti til lovisa@byggdastofnun.is eða í síma 455 5400 eigi síðar en þriðjudaginn 29. maí n.k.


# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Glæsilegt Harley Davidson V-Rod,2003(afmælisútgáfa)keyrt 5400mílur.Gangverð 2,3-2,4 miljónir. Óska eftir tilboði.Uppl.8934135



Harley Davidson 1340 FLHTP árg. '92 til sölu, ek. 58 þús. Gott eintak. Verð 875 þús. Uppl. í síma 894 2905.



KTM 525 EXC árg. 04. rauðnr. ek. 429 km, 21 klst. Verð 600 þús. Uppl. í sima 893 0086.



Suzuki Hayabusa 05 ek. 7000 mílur, fullt af aukahlutum 1250.000.- Stgr. Uppl. í s. 861 5360.



Yamaha R6 '04 árg. Ek. 3800 km., er með Yoshimura RS-3 kút og Power Commander 3 tölvu. Verð 890 þ. Einnig til sölu galli, hjálmur og skór. Uppl. í s. 862 1319.

Kawasaki Kle 500cc árgerð 2006 árgerð 2006. ekinn 2500km áhvílandi lán er ca 550. hjólið fer á 60þús út og yfir töku á láni. afborganir af láni er 13 þús á mánuði. 6917896

Til sölu sem nýtt Kimroad hjól árg.'06 Sk.'09 Ýmsir aukahl. fylgja. Verð 350 þús. Uppl. í s. 867 5133.

## Vespur



Glæsileg og vel með farin Vento Zip r3i (Nítró) til sölu. Árg. 2006, fjarstart, þjófavörn, hjálmur og yfirbreiðsla fylgir. Mjög góð kaup. Verð 160.000. Uppl. í síma 840 2140.

## Hjólhýsi



Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. S. 659 2452 Samsel. Afsláttur gegnum stéttarfélög! btnet.is/hjolhysaleigan




### Hjólhýsi til sölu

Delta kojuhús Verð 1.990 þ. Fortjald á hálfvirði s: 587 2200 www.vagnasmidjan.is



Home-Car 49Ku Racer árg"06, 6 manna hýsi 3 kojur, fortjald, 220 og 12v, cd, og fleira. Vandað og vel skipulagt að innan, notað 8-10 nætur í fyrra, gott lán getur fylgt. Verð. 2090 þús. s. 660 1908.



LMC Dominant 560 RDB árg. 06. Aukahlutir fyrir yfir 650 þús. s.s. ALDE hitakerfi +gólfhiti sjónvarpsloftnet, 4 m. skyggni, sólarsella, útvarp, CD. Tilboð 2.750 þús., áhv. 1600 þús. Uppl. s. 660 1304.



TIl sölu sem nýtt fullbúið LMC 500 RBD '06 hjólhýsi kostar nýtt 3150 þ. selst á 2450 þ. Uppl. í s. 568 9898 & 892 0002.

Árg '92 Adria hjólhýsi + fortjald til sölu uppl. s 848 4861 og stefan.jon@simnet.is

Til sölu Hobby Prestige 650 Kfu, árg. 2005. Afar rúmgott. v. 2.4 mil. Sími 863 2820.

Til sölu Dethleffs árg. '96, sólarsella og nýtt fortjald. V. 1300 þ. S. 893 3347.

## Fellihýsi












Til sölu Fellihýsi Futura Pocono 9 fet árg. 2006 vel útbúið. Verð 1.150 þús. Uppl. í s. 690 2369.

Til sölu Plalomino Filly 11.5 fet 2001. Fortjald, svefntjöld, grjótgrind, sólarsella, bilhleðsla, tveir rafgeimar, ísskápur. Verð 800 þús. uppl. 866 6280 eða Reymag@símnet.is

Til sölu Viking fellhýsi 8 fet, m/án nýju fortjaldi, svefntjöld, 220 volt, 2 geymar og 2 gas. Í góðu ástandi. Verð 550þús. Uppl. í s. 892 6076.

Coachmen fellhýsi til sölu, árg. '00. Lítið notað. Uppl. í s. 471 2652 & 663 2652.

Til sölu Palomino Colt fellihýsi 9 fet árg. '97. Vel með farið. Fortjald og nýr rafgeymir. Verð 400 þ. Eyjo@rafpostur.is sími 848 5593.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

Til sölu Camp-Let Concorde '01 á góðu verði. Upplýsingar í s. 690 4733.

Sem nýr Ægisvagn frá '02. Fortjald, ofn, mottur, sængur, eldavél, gaskútar o.fl. Tilbúinn í útileguna. Kr. 350.000. Uppl. í s. 660 6384.

Comby Camp Family árg. '89. Mjög vel með farinn með stóru fortjaldi og ný yfirbreiðsla. Verð 210 þús. Uppl. í s. 869 7581.

Tjaldvagn til sölu með fortjaldi, lítur vel út. Verður til sýnis í dag 26.maí. Uppl í s. 699 5033.

Montana 6 manna. Stórt fortjald. Vel með farið. Ný yfirbreiðsla. Nýtt coleman eldhús og gaseldavél fylgir. 200 þús. Uppl. í s. 899 1227.

## PALLHÝSI TIL SÖLU




## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

### Viltu gerast jarðvinnuverktaki

Til sölu JCB beltagrafa 1,8 t árg. '05. Fermek 965 trektorsgrafa árg. '98, vinnuskúr með rafmagnstöflu, gámur 20 fet m rafmagstöflu, jarðvegsþjappa, malbikssög, keilur, bensín og rafm. vatnsdælur, mótatimbur 1X6 & 2X4 brotfleigur og smáverkfæri. Uppl. í s. 893 1986. Rafmagnsverkstæði Birgis.

## Lyftarar




## Bátar



Þessi '05 ofurbátur er falur. Lítið sem ekkert notaður, með kerru og Jonhson mótor. Þeir sem áhuga hefðu á gripnum, vinsamlegast gefi sig fram í símum 566 8862 og 892 0999.



Bátur til sölu. 21 fet. 2 cyl. 20 hp. vél. Bátakerra fylgir. Smíðaður í Hafnarf.. 1990. Verð 350 þús. Sími 856 3429.



Til sölu viksund m/ Bukh 48hp diesel í fínu lagi en þarf að mála. Á sama stað óskast Garmin kortatæki. S. 664 3177.

## Flug




## Bílaþjónusta




Átt þú turbó bíl? Viltu fá meiri kraft? Hringdu þá í okkur Chip tuning S. 823 8046.

## Hjólbarðar




Til sölu 4 álfelgur og dekk 205/60/15 undan Benz. Verð 50þús. Uppl. í s. 893 5005.

## Varahlutir



### Vélar ehf.

Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. Vélar ehf. Vatnagörðum 16, sími 568 6625. www.velarehf.is

**Rafstilling ehf.**
**Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Plasttoppur á Chevy van + fl. Hásingar/ hjólabitar undir kerrur. Fjaðrir + demparar. Einnig iðnaðarsaumavél. Bílakringlan S. 587 1099 eða 894 3765.

Renault Clio 2003, 5 dyra, oltinn, fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 844 5222.

Er að rífa Toyota LandCruiser 90 „99. dísel ssk, margt heilt. Sími 868 3069.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**EG Tónar**
**Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku og geisladiskar. Mjög hagstæð verð!**
**Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648. Sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.**






Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.






### Garðhúsgögn! Rýmingarútsala!!

Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.



Pantanir í s. 660-9554 www.artvera.com



Til sölu boðrstofuborð úr Epal. 6 gráar Arne Jakobsen sjöur og ávallt borð frá Fritz Hansen. Kostar nýtt 470 þ. Verð 220 þ. S. 662 3184.



Mahogni-innrétting í afgreiðslu. Afgreiðsluskenkur og hillusamstæða með skáp og skúffum. Upplýsingar í síma 896 2590.

Til sölu þríbura hlaupa jogger kerra. Uppl. í s. 698 0807.

### ÞRÓTTARA-BUFF

Flott undir hjálmana. Til sölu e. kl. 18. S. 692 7266. ÁFRAM ÞRÓTTUR!!

Til sölu 6 sæta hornsófu og Lazy boy stóll í stíl. Hillusamstæða m/ gleskáp og ljósum, mjög vel með farið. Uppl. í s. 557 1618.

## Gefins

### Mötuneiti/veitingahús

Gufu ofn frá Zanussi, uppþvottavél Zanussi Active, vaskur með skoltækjum, háfur 2,35x1 m. Hæð 55, stálborð 1,95x70 hæð 90, stálborð með vask og skápum. 185 eldavél með 2 hellum. Uppl. í s. 896 2590.

3 rakarastólar í góðu lagi fást gefins gegn því að vera sóttir . Uppl. í s. 899 8280.

## Óskast keypt

### Kirby gen III

Vantar Kirby Gen III ryksugu eða aðra sambærilega frá Kirby. Uppl. í síma 896 6151.







# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í maí. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Mjög falleg svolítið útskorinn eikar borðstofuhúsgögn, stækkanlegt borð og 6 stólar. Skápur m/ blýinnlögðu skornu gleri verð 250 þ. Ýmis önnur smáhúsgögn, ljós & ýmislegt til föndurgerðar. Uppl. í s. 699 3012.

Til sölu Þurrkari, borðstofuborð(dökkur viður) + 6 stólar, sófi, TV-skjápur(viðar). Uppl. í s. 699 6991.

## Heimilistæki

Til sölu kæli-frystiskápur, Whirlpool hvítur hæð 180cm breidd 60 cm Verð 10.000. S. 863 9093.

## Gefins

2-3ja sæta sófi fæst gefins gegn því að vera sóttur (Rvk.) nánari uppl. í s. 847 6729.

## Dýrahald



Hreinræktaðir ættbókafærðir Labrador hvolpar til sölu. Báðir foreldrar búnir að fara í DNA og allar rannsóknir sem krafist er. Bæði foreldrar sýningahundar og pabbinn margverlaunahundur. Upplýsingar í síma 847 6200.



Ungverskur vizslu-hvolpur. Frábær veiði- og fjölskylduhundur. Aðeins 1 tík eftir. Tilbúin til afhendingar strax. Ættbók frá HRFÍ. Sími: 861-3100.



Ensk setter hvolpar. Foreldrar innfluttir, skráðir í Hrfí. Hd fríir Topp veiðihundar Örmerktir, bólusettir, ættbók. Ræktandi aðstoða við þjálfun Verð 180 þús. kr. GSM 861 0110 villo@simnet.is



Havanese! Aðeins 2 hvolpar eftir. Ættbók frá HRFÍ. S. 691 9351 fleiri myndir á www.123.is/havanese



Flottur og ljúfur whippet rakki til sölu ættb. frá HRFÍ. uppl. www.whippet.is og 860 3150.



Til sölu gullfallegir og ljúfir Boxer hvolpar (rakkar) 10 mánaða með ættbók frá Íshundum. Þeir eru bólusettir, örmerktir, ormahreinsaðir og með tryggingar hjá Vís. Óska eftir góðu heimilli. Áhugasamir hafið samb. í s. 844 1725.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 eða á gessi@simnet.is

Amerískir Cocker spaniel gullfallegir og skapgóðir hvolpar til sölu. Ættbókaf. HRFÍ. Sími 899 8489 & 899 0354.

Til sölu gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar. Uppl í s. 897 5127.

## Ýmislegt

Viltu þú hafa heimilislegt og hlýlegt ? Er með mjög fallegar pokadúkkur ( f. ruslapoka) Verð 5.800 kr. Sauma einnig eftir pöntunum. Verð 6.500 kr. Falleg og vönduð vinna. Uppl. Jóna S. 867 0874 Netfang: hlad@internet.is

## Ferðalög

Sumarhús-Fuerteventura. Sjá www.casablanco.de

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

## Ýmislegt

**DANSDAMA ÓSKAST**
**Leitum að dansdömu fæddri 1999 eða seint á árinu 1998 með brennandi áhuga á samkvæmisdönsum með keppni í huga. Herrann verður 9 ára í október og hefur keppt í börn I A.**
**Nánari upplýsingar í síma 860 3995 Ragnar.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4 herb. Fullbúin íb. í 201 Kóp. til leigu júní-ágúst. 110 þús. allt innifalið. s. 694 8017.

Þriggja herb íbúð á Skúlagötu, í 101 RVK. Langtímaleiga. Uppl á e-mail: klettas8@simnet.is

125 fm. 4 herb. íb. til leigu miðsv. frá 15 jún- 20 júlí. Leigist m. öllu. tilvalið fyrir þá sem búa erlendis. S. 897 4479 & kiddarokk@internet.is

3ja herb., 85 fm íbúð á sv. 111 til leigu m/húsgögnum. Samkomulag um Stöð 2 og þvottavél. Sanngjörn leiga. S. 588 4881.

## Húsnæði óskast

HALLÓ. 25 ára par utan af landi vantar íbuð leigða fra 1 juni, helst á 101-105 rvk ca. reglusemi og traust skilyrði. skoða allt. jonina 8665032, oli 8692200

Ungt par óskar eftir 2ja herbergja íbúð til lieigu. Reglusöm og í fastri vinnu. Skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar veitir Anna 824-7445

Miðaldra, reyklaus karlm. óskar eftir einstaklingsíbúð á leigu. S. 690 5109.

29 ára kk. nema vantar stúdíó/2ja herb. íb. á höfub.sv. frá og með 1. júní. Gr.geta 75 þús./mán. S. 694 3480.

Stór íbúð óskast í Rvk. með húsgögnum. Uppl. í s. 897 8978.

Óskum eftir að taka á leigu íbúð/rað/par/einbýli júni,júlí,ágúst. Vinsamlega hafið samband í síma 898 2716 eða 699 7558.

Kona um fimmtugt óskar eftir 2.herb. íbúð. Uppl. í s. 587 0054.

24 ára kk. óskar eftir stúdíóíb. á stórhöfuðborgarsvæðinu á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 659 4505.

## Sumarbústaðir



**Vandað og fallegt heilsárshús til sölu í Ásgarðslandi undir hlíðum Búrfells**
**Húsið er 113 m2 og stendur á tæplega 8000 m2 eignarlóð með fögru útsýni yfir Sogið. Það er nú þegar tilbúið til afhendingar fullbúið að utan með verönd og tengdum potti. Gólfhiti tengdur og rafmagn komið inn. Að innan eru veggir full einangraðir og plastaðir.**
**Upplýsingar í síma 892 2100 & 895 5786**



Til sölu sumarhús í 30 mín. fjarlægð frá Rvk. Fullfrágengið 60 fm hús og stendur það á 3500 fm eignarlóð. Ásett verð 13,8 millj. Uppl. í s. 892 1776 Ögmundur.



Til sölu 54m2 sumarbústaður. Stendur á Reykjavöllum Reykholti Aratungu. Gott og vel byggt heilsárs hús með hitaveitu, stórum palli, heitum potti, pottastýringu og frábæru útsýni. Uppl. í síma 893 5414, Ágúst. Erum á svæðinu um hvítasunnuhelgina ef einhver vill skoða en betra að hringja á undann sér.

Skammt frá kerinu er ein glæsileg sumarbústaðarlóð til sölu. Uppl. í s. 894 0105.

**Sumarhúsalóðir**
Til sölu 2 sumarhúslóðir í Ásgarðslandi í Grímsnesi, Óðinsstígur 20 sem er tæpur hektari og Þórsstígur 9 sem er rúmur hektari. Góður staður-gott verð. Nánari uppl. í s. 898 0719.

Til sölu 40 fm sumarbúðstaður til flutnings. Uppl. í s. 426 9073.

## Atvinnuhúsnæði

Mjög gott 240 fm atvinnuhúsnæði í 104 Rvk til leigu. Björt 120 fm jarðhæð með innkeyrsludyrum og 120 fm eftri hæð nýtist sem skrifstofa eða sem lúxusíbúð. Uppl. í s. 690 1011.

Atvinnuhúsnæði 250 fm salur um 40 mín frá Rvk. Bjart húsnæði með mikilli lofthæð. Hagstæð leiga. Einnig hægt að fá leigt samliggjandi ca. 100 fm húsnæði sem nýtist sem íbúð og/eða skrifstofa. Uppl. í s. 699 1011.

Til leigu atvinnuhúsnæði v/sætún.Eitt bil,háar innkeyrsludyr.Laust. S. 896 9747

Til leigu 210 fm iðnaðarhúsnæði við suðurhöfnina í Hafnarfirði. Lofthæð 4,2m 2 innkeyrsluhurðir S. 892 9260.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu mjög góð 250 fm geymsluskemma á Eyrarbakka Nýstandsett, góð lofthæð, góðar innk. dyr. Lág leiga. Uppl. í s. 661 6800.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
**Nú er rétti tíminn til að breyta til.**

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**
**Call Joao, tlf. 864-9873**

**Ríkið Snorrabraut.**
**Starfmenn vantar í kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorrabraut 56.**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar aðstoðarmann í eldhús. Einnig vantar fólk í þjónustustörf í sal.**
**Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is**

ÁSBERG ehf. verktakar

**Ásberg ehf**
**Verkamenn óskast til almennrar jarðvinnu og lóðarfrágangs. Bílstjóri óskast á 4 öxla bíl. Vélamenn óskast á beltagröfur. Vélamenn óskast á ýmsar smávélar. Mikil vinna í boði.**
**Bílstjórar og vélamenn 894 2089 Halli eða 892 0419 Markús. Verkamenn 856 0220 Þorsteinn.**

**Humarhúsið**
Óskum eftir áhugasömum kokkanemum. Uppl. á staðnum eða í síma 561 3302.




Vélstjóri óskast á 50 tonna línubát upplýsingar og fyrirspurnir sendist á beita@visir.is

**Símadömur óskast**
Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

Snyrtifræðingur óskast til starfa á Cera Snyrtihús (Kínastofan)s: 5777007 Hafrún

**Hársnyrtinemi/Sveinn**
óskast á Hárkúnst Austurströnd 12 Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 551 3314 & 861 2981.

Starfsmann með kunnáttu í blómaskreytingum vantar. Aukavinna eða sem aðalstarf, góð laun fyrir réttan aðila í boði. Uppl. í s. 699 1011.

**Málarar.**
Vantar málara eða menn vana málningarvinnu. Uppl. í s. 697 3592.

**Vantar strax!!**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 15-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Bílstjóri með meirapróf (trailerpróf) óskast. Akstur milli Patreksfj. og RVK. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. s: 456-1102 eða 893-4102 (Helgi eða Sigurbjörg)

SL ehf. auglýsir eftir trésmiðum/vönum mönnum í alhliða fjölbreytta trésímiðavinnu. Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur og geta unnið sjálfstætt. S. 894 3203.

**Cafe Cozy**
Vantar hressa, ferska einstaklinga í vinnu allir koma til greina. Vaktstjóra & barþjóna í aukavinnu eða fult starf. Áhugasamir hafið samband í síma 865 3430.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434.

**GRÁI KÖTURINN**
Veitingastaður í miðborginni óskar eftir árrisulum og duglegum starfsmanni. Unnið ýmist í sal eða eldhúsi. Vinnutími 7-14.30. Vaktavinna. Uppl. í s. 697 5986 milli kl. 15-18 í dag og næstu daga.

Óskum eftir starfsfólki á sólbaðsstofu í miðbænum í fullt starf og hlutastarf, ekki yngri en 17 ára. Reynsla kostur en ekki skilyrði, uppl. í s. 821 9812, Gunnar.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

AVM alltaf gott fólk

People wanted for work everywhere. Builders, waitors, waitresses. Information gives Alan 897 8978 email avm@avm.is

Rafvirkja vantar sumarvinnu í júlí. asiraf@visir.is

29 ára maður óskar eftir atvinnu flest kemur til greina, er harðduglegur og fljótur að læra. Er búinn með vinnuvélanámskeið og er vanur lyfturum og beltagröfum. 694 1715.

Ungur maður óskar eftir vinnu m/ bílpróf. Uppl. í s. 846 3920.

**SMÍÐIR**
Samheldur hópur á sviði bygginga og smíða óska eftir verkefnum sem undirverktaka. Nánari upplýsingar sendið tölvupóst á fhc@hive.is

Ég er 17 ára menntaskólastúlka og óska eftir vinnu í sumar. Er stundvís og samviskusöm. Upplýsingar í síma 865 9190.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu er rekstur á hverfisbar í fullum rekstri. Hentar vel fyrir einstaklinga sem vilja vinna sjálfstætt. Ath. ýmis skipti t.d bílum. Uppl. í s. 661 1400.

## Einkamál




## ATVINNA

**Starfsfólk óskast á Kirkjubæjarklaustur**

Óskum eftir að ráða starfsfólk til að annast aldraða á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri. Okkar öfluga liðsheild tekur vel á móti þér til styttri eða lengri dvalar.

**Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma 487 4870 eða 894 4985.**

## ATVINNA

**Straumvirki ehf**

Óskum eftir rafvirkjum og aðstoðarmönnum í sumarstörf og framtíðarstörf.

Næg verkefni framundan.

**Uppl. í s. 898 0466 & 862 0704**

## TIL SÖLU VINNUSKÚR

**ÞÓRTAK**

**Til sölu 65 fm vinnuskúr. Verð 1600 þús.**

**Þórtak s. 660 3833.**

# Hjón í orði, á borði og á sviði

**Edda Arnljótsdóttir** og **Ingvar E. Sigurðsson** eru samferða í vinnuna þessa dagana. Þau leika hjón í sýningunni Yfirvofandi, í stofunni heima hjá leikskáldinu á Lokastígnum. ***Kristrún Heiða Hauksdóttir*** komst að því að leikarahjónin eru ekki alltaf sammála þótt þau klári stundum setningar hvort annars.

Verk Sigtryggs Magnasonar var frumsýnt síðastliðinn fimmtudag sem liður í Listahátíð í Reykjavík. Þetta óvenjulega verk býður upp á mjög mikla nálægð, dramatík og húmor í heimilislegu umhverfi svo ekki sé meira sagt.

„Sigtryggur þekkir Eddu því hún lék í verki hans Herjólfur er hættur að elska sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu. Hann heldur greinilega upp á hana því hann vildi að hún léki í þessu líka,“ segir Ingvar og lítur á konu sína. Í vetur var síðan afráðið að verkið yrði sýnt við þessar frumlegu aðstæður og að Ingvar léki á móti Eddu. Þriðji leikarinn í sýningunni er Jörundur Ragnarsson sem fer með hlutverk sonarins.

Leiðir þeirra hjóna lágu oftar saman þegar Ingvar var einnig fastráðinn við Þjóðleikhúsið en þau hafa nokkrum sinnum deilt sviðinu. „Við útskrifuðumst bæði úr Leiklistarskólanum árið 1990,“ segir Ingvar. „Eftir að hafa verið saman í skólanum og allan sólarhringinn í fjögur ár,“ bætir Edda við. Eftir útskrift léku þau saman í Pétri Gaut í Þjóðleikhúsinu en það gerðu þau einnig í vinsælli uppfærslu hússins á verkinu árið 2006. „Við vorum fastráðin við sama húsið í níu ár en síðan hætti ég þar,“ segir Ingvar. „Við vorum alls ekkert alltaf í sömu verkunum en rákumst á hvort annað á göngunum.“ Edda segir að líklegast hafi þau leikið saman innan við tíu sinnum frá þessum tíma og nú leiki þau hjón í annað sinn.



**YFIRVOFANDI STOFUDRAMA** Edda Arnljótsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson eiga fátt sammerkt með hjónunum sem leika lausum hala í stofunni á Lokastígnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### Fátt sammerkt

Átökin í Yfirvofandi tengjast gömlum sárum og sorglegum glæp en einnig hversdagslegum samskiptum og kunnuglegum misskilningi. Blaðamanni leikur hugur á að spyrja hvort það taki ekki á að leika svo nærgöngult verk í miklu návígi við áhorfendur?

„Þetta er náttúrlega eins og hvert annað verkefni en maður er óneitanlega smá eftir sig að loknum æfingum,“ segir Ingvar. „Þetta er mjög nærgöngult verk sem tekur á áhorfendur sem sjá það í fyrsta sinn. Við höfum vitaskuld farið mjög gaumgæfilega í gegnum það allt, og sumt gerum við hreinlega á tækninni,“ segir hann. Edda tekur fram að æfingaferlið hafi verið afar skemmtilegt þó að viðfangsefni verksins sé alvarlegt. „Þrátt fyrir allt var mjög ánægjulegt og gaman að æfa það, þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið þátt í. Og hópurinn alveg einstakur, Bergur Ingólfsson leikstjóri alveg frábær og gott að vera hjá Sigtryggi.“ „Já, það var mjög þægilegt að mæta í vinnuna,“ samsinnir Ingvar og brosir út í annað.

Hjónin í verkinu eiga fátt sammerkt með Eddu og Ingvari, sem betur fer líklega því ýmislegt gengur á heima hjá persónunum sem ekki er til eftirbreytni. Edda hristir hausinn hlæjandi þegar talið berst að slíkum samanburði. „Þetta eru náttúrlega allt öðruvísi hjón, heldur en við og mjög öfgafullar aðstæður,“ segir hún en Ingvar bætir við að ef farið væri í miklar rannsóknir væri kannski hægt að finna einhverjar hliðstæður líkt og í öllum samböndum en hann líti skiljanlega á þetta sem algjörlega aðskilin hjónabönd.

### Talað í kross

Ingvar útskýrir að upplifun áhorfendanna sé samþjöppuð klukkustund af lífi hjóna sem hafa verið saman í tuttugu og sex ár. „Þau hafa ábyggilega átt margar góðar stundir saman þó þau eigi sameiginlega sorg, eða sekt.“ Hið kunnuglega sé ekki síst að finna í hversdagslegu þrasi þeirra sem margir kannast við. „Við Edda erum ekki alltaf sammála um alla hluti heldur, síður en svo,“ segir Ingvar og hlær. „Þessi rifrildi þeirra þegar þau tala í kross og hlusta ekki hvort á annað. Það gerist oft að við tölum í kross og hlustum ekki hvort á annað, bæði af ásettu ráði og í erli dagsins,“ bætir Edda við og brosir. Þau útskýra að karpið í hjónunum um veðrið hafi vakið mikinn hlátur á æfingum. „Það er auðvelt að tengja við slíkt en það hvílir hins vegar mikið farg á persónunum sem við erum blessunarlega laus við,“ segir Edda. „Já, ég veit ekki hvort maður gæti leikið í svona sýningu ef maður hefði upplifað eitthvað í líkingu við reynslu þessara hjóna,“ áréttar Ingvar.

### Sama tungumálið

Þau eru sammála um að eitt það mest spennandi við verkið Yfirvofandi sé texti Sigtryggs Magnasonar sem sé svo knappur og kröftugur, ljóðrænn og hversdagslegur í bland. „Hann rennur svo lipurlega og það liggur svo margt milli línanna. Textinn hans Sigtryggs fer með mann miklu lengra en orðin,“ segir Edda. „Við fyrsta lestur eru þetta bara orð sem maður þarf að púsla saman en þau verða dýpri og líflegri með hverjum lestri og öðlast nýja merkingu með hverri æfingu. Það er einfaldlega merki um að leikritið sé gott,“ bætir Ingvar við.

Edda segir að þeirra eigið samband hafi komið þeim til góðs við æfingar á verkinu. „Það gekk ýmislegt fljótar og betur fyrir sig vegna þess að við þekkjum hvort annað og höfum svipaðan skilning,“ segir hún. „Við erum mjög ólíkar manneskjur og þess vegna erum við ólíkir leikarar. En við höfum verið saman í hvað ... tuttugu ár?“ spyr Ingvar og Edda kinkar kolli. „Þá er kominn heilmikill skilningur í sambandið og sumt þarf ekki að tala um.“ Edda tekur upp þann þráð og segir það sjaldgæft að þeir sem maður hefur ofast unnið með séu auðveldastir í samstarfi. „Það er meira eins og maður tali svipað tungumál og ákveðið fólk, þó maður sé aðeins að vinna með viðkomandi í fyrsta eða annað sinn. Maður getur verið búinn að vinna milljón sinnum með einhverjum og aldrei skilið hann alveg.“ Ingvar tekur undir og segir það spara mikla orku að vera á sömu bylgjulengd og samstarfsfólkið.

„Þetta er eins og með Berg ...,“ segir Edda. „Og Sigtrygg,“ bætir Ingvar við. „Já þess vegna hefur þetta verið svona skemmtilegt. Það þurfti ekki að segja svo margt, allur hópurinn hefur sömu nálgunina á verkið, það þurfti ekki að útskýra mikið.“

Ingvar segir að samvinna þeirra hjóna sé mjög ánægjuleg og þau myndu gjarnan vilja vinna meira saman. „En við erum með stórt heimili, stundum er ópraktískt að við séum bæði að vinna mikið á sama tíma.“ Edda rifjar upp þegar þau voru bæði í Þjóðleikhúsinu og þurftu að skipuleggja sig vel en voru þó oft að frumsýna hvort í sínum mánuðinum. „Þessi sýning er annars eðlis, mun minna stress í kringum hana,“ útskýrir hún. „En það er samt leiðinlegt að við séum bæði að heiman á kvöldin þegar krakkarnir eru í prófum,“ bætir fjölskyldufaðirinn við. „Já, en þó við höfum ekki verið að sýna sömu sýninguna höfum við oft verið í burtu öll kvöld, hvort í sínu lagi. Mér hefur fundist mjög gaman að mæta í vinnuna saman og koma saman heim,“ segir Edda.

### Minnst um vinnuna

Þótt Edda og Ingvar lifi og hrærist í leiklistinni taka þau bæði fram að það sé ekki það eina sem rætt er um á heimilinu. „Fólk heldur kannski að við séum að æfa okkur heima en svo er ekki,“ segir Ingvar hlæjandi. „En við hlýðum varla hvort öðru yfir.“ „Nei, við tölum varla um þetta, það er svo margt annað að tala um,“ segir Edda sposk. „Maður verður að aðskilja vinnuna og heimilið, ég yrði brjálaður ef ég væri alltaf að hugsa um vinnuna hérna heima. Ég nota tímann minn til að undirbúa mig og þá er oft betra að hugsa og vinna textann í einrúmi, ég fæ frekar krakkana okkar til að hlýða mér yfir,“ segir Ingvar en tekur þó fram að það hafi ekki verið mögulegt í þessu tilviki þar sem Yfirvofandi sé ekki verk við hæfi barna. „Ætli við tölum ekki minnst um vinnuna,“ segir Edda íbyggin. „Jú, ég veit stundum ekkert hvað er í gangi fyrr en það kemur að frumsýningu hjá Eddu. Ég veit hvað verkið heitir en varla meira,“ segir hann hlær við. „Þetta er vinnan okkar, ekki bara áhugamál.“

### Á góðum stað

Það er ekki síst áhorfandinn sem er í óvenjulegu hlutverki í sýningum á Yfirvofandi, hann er gestur á hádramatísku heimili þar sem aðeins rúmast um tuttugu áhorfendur í lítilli stofu. „Ég held að það sé skrítið fyrir fólk, sem er vant að fara í leikhús og setjast í sætið sitt, horfa á sviðið og ljósin, að koma á svona sýningu. Það kemur í bókstaflega heimsókn og fær að skyggnast inn í líf þessa fólks,“ segir Ingvar. Staðsetningin á heimavelli leikskáldsins á Lokastíg 5 er farin að skipta leikarana nokkru máli en Edda tekur fram að hún myndi alls ekki vilja leika verkið heima hjá sér. Ingvar segir að börn hjónanna á Lokastígnum séu hætt að kippa sér upp við að hann æði upp á efri hæðina til þeirra í miðri sýningu og kalli angistarfullur yfir hverfið. „Við veltum fyrir okkur á tímabili hvort einhver í nágrenninu færi að hringja á lögregluna og kvarta yfir heimilisofbeldi,“ segir hann en tekur fram að það hafi ekki gerst enn.

Rætt hefur verið um að sýningin verði sett upp víðar, í alls konar húsum og við ýmsar aðstæður en því fylgir töluvert umstang að æfa upp svo tæknilega sýningu á nýjum stað. „Það er samt aldrei að vita,“segir Edda, „við eigum ábyggilega eftir að sýna hana víðar en á Lokastígnum.“ „Ætli það væri ekki dálítið álag á fjölskylduna þar ef við værum að leika þetta hjá þeim í tvö, þrjú ár?“ spyr Ingvar kankvís að lokum.

> ” Við veltum fyrir okkur á tímabili hvort einhver í nágrenninu færi að hringja á lögregluna og kvarta yfir heimilisofbeldi.




24



# það skiptir ekki máli hvað klukkan er...

það er alltaf opið í 10-11
...líka á morgun **hvítasunnudag !**

10 11
*...alltaf opið!*
www.10-11.is

# Rjóminn á Cannes

Staða kvikmyndarinnar á tækniöld og máttur skemmtanaiðnaðarins hafa verið mikið í umræðunni í **Cannes** þetta árið. *Hanna Björk Valsdóttir* fylgist með þegar Hollywood-myndir utan keppni stela senunni og stjörnurnar kynna eigin verkefni þar sem boðskapurinn er í fyrirrúmi.



**ROMAN POLANSKI ÁSAMT FRANSKA LEIKSTJÓRANUM CLAUDE LELOUCH** Polanski sýndi mestu tilþrifin á hátíðinni þegar hann húðskammaði blaðamenn og rauk út í fússi.



**BRANGELINA** Eftirsóttasta par Hollywood var í alvarlega gírnum á frumsýningu Mighty Heart.



**LEONARDO DI CAPRIO Á FRUMSÝNINGU 11TH HOUR** Umhverfisvænn Leo reynir að fá fólk til að hugsa sinn gang.

Kvikmyndahátíðin í Cannes stendur nú yfir og á hátíðin 60 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni voru 33 helstu leikstjórar heimsins fengnir til að gera þriggja mínútna stuttmynd um kvikmyndina sem listform og eru þessar stuttmyndir sýndar á undan bíósýningum og einnig sem ein heild undir titilinum „To Each His Own Cinema“.

Það var því mikið um dýrðir þegar þetta stórskotalið kvikmyndaheimsins var mætt á rauða dregilinn. Leikstjórar á borð við Joel og Ethan Coen, Gus Van Sant, Wim Wenders, Roman Polanski, Wong Kar Wai, Olivier Assayas, Billie August, David Cronenberg og Alejandro Gonzalez Inarritu.

Fyrr um daginn höfðu allir leikstjórarnir komið saman til að ræða við blaðamenn um stöðu kvikmyndarinnar í fjölmiðlaumhverfi nútímans. Margir þessara leikstjóra voru ekki bjartsýnir fyrir hönd kvikmyndanna í framtíðinni og sjá fyrir sér endalok kvikmyndaformsins eins og við þekkjum það. Þegar hægt er að horfa á kvikmyndir á smáskjáum í síma, tölvu eða iPod hefur eitthvað tapast. Kanadíski leikstjórinn Atom Egoyan (sem fékk einmitt heiðursverðlaun Alþjóðlegu kvikmyndarhátíðarinnar í Reykjavík í fyrra) og Roman Polanski rökræddu þetta sín á milli fram og aftur en sá síðarnefndi var þeirrar skoðunar að kvikmyndin myndi lifa af allt tækniflóðið og að leikstjórar myndu halda áfram að taka upp á filmu og áhorfendur mæta í kvikmyndahús til að sjá listrænar myndir í stórum sölum.

Polanski svaraði flestum spurningum blaðamanna á fundinum en rauk svo út í fússi eftir að hafa fengið heimskulega spurningu frá einum blaðamanni. „Það er til skammar að fá svona lélegar og yfirborðslegar spurningar frá ykkur,“ sagði Polanski áður en hann rauk út og bætti við. „Ég held það sé tölvan sem hefur fært ykkur niður á þetta plan.“ Með þessari uppákomu sýndi hann fram á að kvikmyndir snúast ennþá um tilfinningar.

Nokkrar myndir þykja standa upp úr og er mynd Polanskis ein þeirra. Í þriggja mínútna mynd var hægt að þekkja stíl flestra leikstjóranna og þótti takast mjög vel til og gefa áhorfendum von um að kvikmyndin sé ekki feig.

## Eina konan

Það vakti reyndar athygli að aðeins einn kvenleikstjóri var í þessum föngulega hópi leikstjóra. Jane Campion sem vann Gullpálmann fyrir Píanó árið 1993 var eina konan sem var fengin til að taka þátt. „Það er hálf dapurlegt að vera eina konan í þessum hópi og ég er viss um að karlmennirnir eru sammála, þeir myndu örugglega vilja hafa fleiri konur hér. En þeir hafa tekið mér mjög vel og ég er ekki einmana,“ sagði Campion þegar hún var spurð hvað henni fyndist um að vera eina konan. Mynd hennar var líka einhvers konar ákall til kvenverunnar og hvatti hún allar konur til að láta í sér heyra og sagði það miður að heiminum væri stjórnað að svo miklu leyti af karlmönnum og ætti hún þá líka við kvikmyndaheiminn. „Við erum gyðjur, við erum fallegar, heimurinn væri betri staður ef rödd kvenna fengi að heyrast,“ sagði hún.

## Hollywood-maskínan

Þó að í Cannes séu sýndar listrænar kvikmyndir frá öllum heimshornum þá er Hollywood ekki langt undan og nokkrar myndir sem ekki taka þátt í keppninni hafa verið frumsýndar í höllinni. Þrátt fyrir allt eru það líka Hollywood-stjörnurnar sem fá mesta athyglina. Þannig var hart barist um sæti á blaðamannafundinum sem aðstandendur Ocean's 13 héldu síðastliðinn fimmtudag.

Myndin er eftir leikstjórann Steven Soderbergh sem nýtur mikillar virðingar í kvikmyndaheiminum og vann Gullpálmann í Cannes fyrir átján árum fyrir Sex, Lies and Videotapes og sló í gegn með Traffic árið 2000. Það voru margir sem veltu fyrir sér hvers vegna leikstjóri eins og hann tæki þátt í Hollywood-verkefnum af þessu tagi.

Soderbergh svaraði að fyrst og fremst vildi hann gera bíómyndir. „Ef ég myndi bara gera myndir eins og Sex, Lies and Videotapes eða bara myndir eins og Ocean's myndirnar þá væri ég fastur. Hollywood-framleiðslan leyfir mér að leika mér með miðilinn sem ég hefði annars ekki tækifæri til.“ Ocean's 13 er nákvæmlega eins og fyrri myndirnar, Ocean's 11 og Ocean's 12. Hollywood-formúlan er til staðar og sér til þess að áhorfandanum leiðist ekki en myndir skilur nákvæmlega ekkert eftir sig og er ekkert nema afþreying.

## Brad, Matt og Clooney

Myndin skartar helstu stjörnum Hollywood. Al Pacino var reyndar fjarri góðu gamni í Cannes en Andy Garcia, Brad Pitt, Matt Damon og George Clooney léku við hvern sinn fingur á blaðamannafundinum. Clooney sló á létta strengi og sagði: „Af hverju erum við ekki í keppninni? Ég hélt við værum í keppninni.“ Og Matt Damon bætti við: „Við héldum að við myndum vinna.“

Það er einhvers konar tíska núna hjá Hollywood-stjörnum að taka þátt í verkefnum sem bæta og breyta heiminum á einhvern hátt og hafa bæði Clooney og Pitt verið duglegir við það en þeir viðurkenndu líka á fundinum að hafa gaman af því að leika í myndum eins og Ocean's 13. „Ég hef fyrst og fremst gaman af kvikmyndum og vil helst taka þátt í ólíkum verkefnum. Það er mjög gaman að fá að leika með þessum leikurum og þetta snýst bara um skemmtun,“ útskýrði Clooney.

## Samfélagsleg meðvitund

Það eru allir sammála um mátt kvikmyndarinnar til að vekja athygli á ýmsum málefnum og ekki spillir fyrir þegar stór nöfn skemmtanaiðnaðarins leggja sitt af mörkum. Þannig fékk myndin Mighty Heart, sem skartar Angelinu Jolie í aðalhlutverki og er framleidd af Brad Pitt, verðskuldaða athygli þegar hún var frumsýnd utan keppni á Cannes. Mariane Pearl, ekkja blaðamannsins Daniels Pearl, sem myndin fjallar um var líka mætt til að ræða við blaðamenn. „Ástæðan fyrir því að ég ákvað að samþykkja að gera þessa bíómynd er vegna þess að það þarf að koma boðskapnum á framfæri. Sífellt fleiri blaðamönnum eru rænt og þeir teknir af lífi og ástandið er nú þannig að þeir sem segja sannleikann eru í hættu,“ sagði hún.

## DiCaprio til bjargar jörðinni

Vatnsgreiddur og klæddur í smóking mætti Leonardo DiCaprio á rauða dregilinn til að sýna The 11th Hour sem hann framleiðir og kemur fram í sem sögumaður. Myndin er ákall til móður jarðar og sýnir vísindamenn og sérfræðinga ræða um ástand jarðarinnar og hvað við erum að gera til að eyðileggja hana henni en einnig hvernig við getum snúið við blaðinu og bjargað jörðinni og okkur sjálfum. Myndin hefði aldrei verið sýnd á Cannes eða fengið svipaða athygli ef DiCaprio hefði ekki komið við sögu þó að leikstjórar myndarinnar, systurnar Nadia Conners og Leila Conners Petersen, vildu nú ekki samþykkja það og töldu viðfangsefnið standa fyrir sig sjálft.

**Gullpálminn verður veittur á sunnudagskvöld í Cannes. Keppnin í ár þykir mjög sterk og eru gagnrýnendur almennt ánægðir með myndirnar í keppninni. Rúmenska myndin 4 Months, 3 Weeks And 2 Days eftir Christian Mungiu og mynd Coen-bræðranna No Country For Old Men hafa fengið bestu dómana.**

## Keppnin stendur sem hæst

En burtséð frá umhverfisvænum Hollywood-stjörnum og pólitískum áróðri þá stendur keppnin um Gullpálmann sem hæst. Í keppnina eru valdar myndir hvaðanæva úr heiminum sem þykja bestar og skipta stjörnur þá engu máli, en nokkrar nýjar stjörnur fæðast á hverju ári í Cannes. Nokkur stærri nöfn eru þó á dagskránni svo sem Coen-bræður með No Country For Old Men, Wong Kar Wai með My Blueberry Nights, Quentin Tarantino með Death Proof, David Fincher með Zodiac og Emir Kusturica með Promise Me This. Kusturica-myndin hefur enn ekki verið frumsýnd og verður síðasta myndin sem sýnd er í keppninni og gæti breytt stöðunni en úrslitin verða kynnt á sunnudagskvöld við hátíðlega athöfn.

Að svo komnu er það rúmanska myndin 4 Months, 3 Weeks And 2 Days eftir Christian Mungiu sem hefur fengið bestu dóma gagnrýnanda og þykir sigurstranglegust ásamt Coen-myndinni og frönsku myndinni eftir Julian Schnabel: The Diving Bell And The Butterfly og fjallar um ritstjóra Elle sem fékk heilablóðfall aðeins 43 ára gamall og gat ekki tjáð sig eftir það nema með því að depla öðru auganu. Myndin þykir einstaklega áhrifamikil.

Það er þó aldrei að vita hvað dómnefndin ákveður og verður spennandi að fylgjast með hvernig þessum keppnismyndum á eftir að ganga í bíóhúsum um allan heim. Eins og Steven Soderbergh sagði á blaðamannafundi Ocean's 13: „Það eru margar stórkostlegar myndir á hátíðinni sem eiga aldrei eftir að ná til áhorfenda vegna þess hvernig kvikmyndaiðnaðurinn virkar, og það er miður.“





# Síðustu framleiðslustörfin í boði



## Fjölbreytt og örugg störf

Starfsmenn Fjarðaáls er nú orðnir um 300 og álframleiðsla er hafin. Okkur vantar fleiri starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Verkefni hvers starfsmanns eru fjölbreytt. Störfin felast meðal annars í stjórnun tækja og framleiðslukerfa í tæknivæddu umhverfi. Mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni.

## Góð launakjör

Unnið er á vöktum í sjálfstýrðum teymum. Laun eru greidd samkvæmt vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls og Afls - Starfsgreinafélags Austurlands. Samninginn er hægt er að nálgast á alcoa.is. Boðið er upp á akstur til og frá vinnu og eina heita máltíð á dag.

## Þjálfun og starfsþróun

Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

## Jafnrétti og velferð

Fjarðaál á að styðja öflugt og fjölskylduvænt samfélag. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli og góðri aldursdreifingu starfsmanna. Álverið er hannað þannig að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna Fjarðaáls. Starfsmenn fá líkamsræktarstyrk og hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu.

**Umsóknarfrestur er til 3. júní.**

**Viðkomandi munu hefja störf á næstu fimm mánuðum.**

**AUSTURLAND**
TÆKIFÆRANNA

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Fjarðaál aðstoðar þá starfsmenn sem flytjast inn á svæðið.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Guðlaugi Arnarsyni (gudlaugur.arnarson@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 37827 05.2007

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

### Til heimfarar

Tvo vængi skulum vér fá oss til heimfarar með Guði: Vér skulum unna honum og virða hann framar en sjálf oss. Hinn er annar vængur, að hvert vort skal unna öðru sem sjálfu sér. Engi má hefjast langt frá jörðinni með einn væng. Af því skulum vér unna bæði Guði og mönnum. Alúð og friður vor á meðal, hreinsa hugar og líkama, stilling allra hluta, þolinmæði og lítillæti, viðursjá synda og leiðindi allra illra hluta, iðrun og yfirbót algjör synda vorra, það er allt vert himinríkis fullsælu.

*Íslensk hómilíubók ( frá 12. öld)*

### Samviska

Orðið samviska er svokölluð tökuþýðing úr latínu **conscientia**. Latneska so. **conscire** er sett saman úr com (með, saman) og scire (vita). Samviska kemur fyrir í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu (1540), og getur verið að hann hafi búið til þetta haganlega orð. Í latínu má raunar hugsa sér að orðið conscientia merki að vita með sér, innra með sér. Í Íslenskri orðabók er orðið skýrt sem „siðgæðisvörður vitundarinnar“ skv. sálfræði, en í trúarlegum skilningi „rödd Guðs í manninum“ og ennfremur „vitundin um rétta eða ranga eigin breytni“. Samkvæmt hljóðan orðsins er um að ræða sameiginlega visku eða vitund, hvort sem það er nú rétt að við vitum öll innst inni muninn á réttu og röngu.

### Um tíðir

Hilmar Sigurðsson veltir fyrir sér notkun tíða í fréttaflutningi, þegar sagt var frá strandi farþegaskips hjá grísku eyjunni Santorini. Þá var sagt í textavarpi RÚV: „Farþegaskip strandar við Grikkland“ en á Bylgjunni sagt „strandaði“. Við þetta er ekkert að athuga. Í íslensku er miklu frjálslegra flakk á milli tíða en í öðrum tungumálum, og hefur alltaf verið. Skoðum eftirfarandi dæmi úr þjóðsögunni af Suðurferða-Ásmundi: „Þegar þeir höfðu lengi haldið verður fyrir þeim dalverpi. Á rann eftir dalnum miðjum og furðaði Ásmund á því að öðrumegin árinnar var rauð jörð, en hinumegin alhvítt af snjó. Sinn bæ sá hann hvorumegin. Fara þeir nú heim að þeim bænum sem var í hinum snjóvga hluta dalsins. Fer þá karl með hestana í hús og gefur þeim hey. Síðan leiðir hann Ásmund inn í bæinn og komu í baðstofu. Þar sá Ásmundur konu eina og unga stúlku rétt fallega. Ei sá hann fleira fólk. Hann heilsar þeim og þvínæst vísar karlinn honum til sætis.“

### Breiðskífa

Undarlegt er að heyra enn talað um breiðskífu. Þetta er frá þeirri tíð þegar gefnar voru út tvær stærðir af plötum, litlar, jafnvel með einu lagi, og stórar, breiðskífur. Nú fáum við eingöngu geisladiska, alla af sömu stærð. Þá er út í hött að tala um breiðskífur.

### Braghenda

Hallberg Hallmundsson sendir þessa braghendu:

*Aldan bláa eggjar sjómenn*
*enn að róa*
*utan langt við firði og flóa*
*fiskinn elta um kóralskóga*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

---

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR MILLILENTI Í CANNES

# Bíó og brjálæði!

Jæja, þá er ég komin frá Teheran til meginlands Evrópu. Ég fékk meira menningarsjokk við að lenda í Cannes heldur en í Teheran fyrir fjórum mánuðum. Cannes er mjög fallegur staður og ströndin og sólin lofuðu góðu. En svo fór ég á hátíðarsvæðið og geðveikin byrjaði. Fólk, fólk, fólk alls staðar. Höstl og læti. Fólk kemur ekki á kvikmyndahátíðina í Cannes til að slappa af. Hér er tekið á því á öllum vígstöðvum og það er ekkert grín að vera hér í fyrsta sinn en með blaðamannapassann að vopni rauk ég í bíó og á blaðamannafundi, og reyndi að snapa nokkur viðtöl.

Cannes snýst nefnilega mikið um höstl. Fyrir utan höllina stendur „venjulegt“ fólk og reynir að næla sér í bíómiða allan daginn. Leikstjórar reyna að krækja í framleiðendur, seljendur reyna að finna kaupendur. Blaðamenn reyna að fá viðtöl og allir reyna að næla sér í partíboð. Og einhverjir reyna líklega að tæla einhverja í bólið.

Snekkjupartí, strandpartí, „celeb“-partí. Cannes snýst að miklu leyti um endalaus partí þar sem er boðið upp á endalausa drykki og blínís. Boðskort þarf í flestar veislurnar og því betra að vera vakandi fyrir þeim, en svo er líka ágætis íþrótt að reyna að smygla sér inn í sem flest partíin og margir eru orðnir mjög sjóaðir í þeirri keppni.

Í öllum stærri partíum er öflug öryggisgæsla og almannatenglar standa vaktina og sjá til þess að aðeins rétta fólkið mæti í réttu partíin. Þegar stóru framleiðendurnir halda partí er ekkert til sparað og kampavínið og kavíarinn fljóta um og maður sér fyrir sér allar milljónirnar sem markaðsliðið hefur hent út um gluggann við að framleiða alls konar drasl sem tengist myndunum. Á meðan eru einhverjir aumingja smáleikstjórar frá afdölum veraldar sveittir við að tala við framleiðendur og skrapa saman nokkrum krónum fyrir bíómyndina sem þeir ganga með í maganum og kemur þeim kannski í keppnina og á rauða dregilinn á næsta ári.



HANNA BJÖRK, FULLTRÚI FRÉTTABLAÐSINS Í CANNES

Cannes er furðulegt sambland af listrænni kvikmyndahátíð og Hollywood-veislu með slatta af túristum í ofanálag. Það er ekki annað hægt að segja en að útkoman verði einstök og önnur eins stemning finnst varla á jörðinni.

Hvarvetna verður ekki þverfótað fyrir fólki. Það væri nóg að hafa bara öll mörg þúsundin sem eru hér mætt til að vinna, en svo eru allir túristarnir sem ráfa um í reiðileysi. „Venjulega“ fólkið sem labbar fram og til baka meðfram strandlengjunni í von um að sjá einhverri stjörnunni bregða fyrir og þá skiptir varla máli hver hún er. Þannig sér maður öðru hvoru þegar mannfjöldinn hópast allt í einu á eftir einhverjum og stelpur byrja að öskra og æpa. Fyndnast er samt þegar ljósmyndarar mynda venjulegt fólk í von um að geta selt þeim myndirnar. Þannig getur líka „venjulegt“ fólk fengið nasaþefinn af því hvernig er að vera frægur og láta ljósmyndara elta sig. En það er einmitt mjög vandræðalegt þegar maður er ekki frægur.



**SÓL OG SUMAR** Strandlengjan í Cannes.

Hér byrjar dagurinn klukkan átta á morgnana þegar fyrstu bíósýningarnar byrja og rennur saman við síðustu partíin sem enda öðru hvorum megin við sólarupprás. Það verður að teljast mjög óeðlileg hegðun að rjúka í bíó eftir að hafa burstað tennurnar á morgnana. Fólk gerir vanalega allt aðra hluti þegar það vaknar, en flestir eru komnir hingað til að sjá myndir og horfa á þrjár til fjórar myndir á dag. Inn á milli eru fundir, hádegis- og kvöldverðarboð. Blaðamannafundir og viðtöl.

Kvikmyndagagnrýnendur eru alveg sér þjóðflokkur og hér eru mjög hressilegar týpur. Hér eru bókstaflega allir fjölmiðlar heimsins mættir og fjölmiðlaherbergið þétt setið frá morgni til kvölds. Gagnrýnendur hringja inn stjörnugjafir beint eftir frumsýningar og ljósmyndarar í smóking senda bestu myndirnar beint af rauða dreglinum.

Þegar ég labba í bíó fyrir allar aldir er fólk ennþá sofandi á ströndinni með ferðatöskurnar sínar. Það er ekkert grín að fá gistingu í þessum bæ meðan á hátíðinni stendur. Hér er túrismi í algjöru hámarki og allt á uppsprengdu verði. Það er örugglega mjög fínt að vera súper ríkur og geta lagt skútunni rétt fyrir utan ströndina og synt í land, eða gist á súper lúxus hóteli og slappað af þar sem aðstoðarmenn koma með bíómiða upp í hendurnar á þér og þú ferð í glæsikjólinn og labbar eftir rauða dreglinum til að sitja í þínu fínasta pússi í bíó. En fyrir flesta snýst hátíðin um biðraðir, hlaup og snap.

---

## HELGARKROSSGÁTAN




Þú gætir unnið meistaraverk Mel Gibson á DVD

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón: Þá sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON

99 kr. smsið






66
MP & BH
HUGSA
ATLÖGU
TVEIR EINS
TÍMABILS
GOLF ÁHALD
ÁNA
SARG
HÆKKAR
KVK NAFN
GELT
ÞRÁÐUR
SJÚKDÓMUR
MUN
FLJÓTT
KEPPNI
TVEIR EINS
ÞRÁBIÐJA
VEIÐARFÆRI
KYRRÐ
ORÐRÓMUR
VESKI
STAULAST
KORTABÓK
GNÝR
SMÁPENINGAR
SÖNGLA
4
EFNASAMBAND
BORG
DÝRAHLJÓÐ
SLAGSMÁL
ÞJÓÐERNI
KK GÆLUNAFN
5
950
BRODDUR
RÓTARTAUGA
NÁ YFIR
DRYKKUR
ÁTT
KNÖTT
UNGLINGA
TEIKNING AF FERLI
LÍÐA VEL
SIGAÐ
RÉNA
FLEY
SAMHLIÐA
EKKERT
RÍKIS
GOÐMÖGN
1
TUNNU
GRAS
TAFLA
FÆDDAR
HLJÓM
POTA
2
NAFNORÐ
VOGUR
SKARPLEIKI
AFTURENDI
DANS
ÖKUTÆKI
FÆÐA
GANGÞÓFI
PAPPÍRSBLAÐ
EFNI
HEITI
Í RÖÐ
3
TÍMABIL
SAMANBURÐARTENGING
BAKTERÍUR
DÓMS
FÓTLEGGIR



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net


Frá kr. 2.790.000
TUCSON SPORT
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur
Hefur gæðin
TUCSON SPORT
Frá kr. 27.700 á mánuði*
TUCSON SPORT
B&L
Með bílinn handa þér
Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið
Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.
HYUNDAI
www.hyundai.is
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444
Selfoss 575 1460
Akranes 431 2622
Akureyri 461 2533
Egilsstaðir 471 2524





# STUÐ MILLI STRÍÐA: Kolefnisjöfnuður

**TRYGGVI GUNNARSSON** TRÚIR EKKI Á SKYNDILAUSNIR



Nú keppast fyrirtæki við að kolefnisjafna bílana sína. Heilsíðuauglýsing eftir heilsíðuauglýsingu birtist um að pósturinn ætli að gróðursetja nokkur tré fyrir sendibílana sína, Hekla ætlar að búa til nýjan Hekluskóg fyrir alla Volkswagenbílana sína og meira að segja Ferðaþjónusta bænda býður ferðamönnum að kolefnisjafna ferðalag þeirra hérlendis.

Ég sé því ekki betur en Ísland stefni hraðbyri í það að verða kolefnisjafnaðasta land í heimi. Eftir örfá ár munum við eiga stærsta skóg í heimi sem teygir sig milli bílskúra og álvera þar sem fólk með tandurhreina samvisku vinnur nammibréf úr súráli.

Ég vildi óska þess að það væri hægt að kolefnisjafna allt. Allar misgjörðir, allar syndir og alla ósiði mætti bæta upp með nokkrum trjám. Við gætum til dæmis leyft Ölstofunni að vera undanþegin reykingabanninu ef þau búa til lítinn birkilund á þakinu. Við gætum líka látið olíufyrirtækin gróðursetja nokkrar aspir og gleyma þessu eilífa nöldri um samráð. Við getum líka létt á yfirfullum fangelsum með því að láta fangana gróðursetja tré fyrir fyrirtækin. Það kolefnisjafnar bæði fyrirtækin og fangana.

Þessar hugmyndir eru álíka gáfulegar og að ætla sér að leysa umhverfisvanda nútímans með kolefnisjöfnun. Vissulega gott framtak og skref í rétta átt en þegar öllu er á botninn hvolft eins og að stoppa jarðýtu með því að brjóta stefnuljósið.

Það eru engar skyndilausnir, engar styttri leiðir og enginn árangur án erfiðis. Við getum plantað eins mörgum trjám og við viljum en bílarnir okkar menga enn jafn mikið, virkjanirnar sökkva jafn miklu landi og fiskistofnar minnka jafn hratt.

Það eina sem við getum gert er að hætta að menga svona mikið og já, því miður. Það þýðir að þú getur ekki keypt nýja Volkswagen-jeppann þrátt fyrir að honum fylgi heill Hallormsstaðarskógur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
GARÐVÖRUR
7995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
8995
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
BLACK& DECKER
2995
SLÁTTUORF 250W
BLACK& DECKER
8995
SLÁTTUORF 400W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
UPPSELT Í BILI
9990
LAUFSUGA
1995
ÚÐABRÚSI 5L
3895
ÚÐABRÚSI 16L
UPPSELT Í BILI
4990
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR
2995
STUNGUSKÓFLA
995
GARÐHRÍFA
1999
GAFFALL
695
STRÁKÚSTUR
12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
TILBOÐ!
UPPSELT Í BILI
BLACK& DECKER
10.995
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
199
GARÐHANSKAR
159
VINNUHANSKAR
5995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
199
GARÐKLÓRA
199
GARÐSKÓFLA
19.990
KEÐJUSÖG, BENSÍN
690
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
390
GREINAKLIPPUR
490
GRASKLIPPUR
1523
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
790
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR
159
SLÖNGUTENGI
999
GARÐÚÐARI
9995
SLÖNGUKEFLI
1390
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 12:00 - 16:00
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
Birt með fyrirvara um prentvillur, Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

**Kl. 16.00**
*Kammerkór Suðurlands fagnar tíu ára afmæli sínu með tvennum tónleikum. Hinir fyrri fara fram í Skálholtsdómkirkju í dag en hinir síðari í Versölum, ráðhúsi Ölfuss, næstkomandi fimmtudag. Einsöng syngur Sigrún Hjálmtýsdóttir, undirleik annast Kári Þormar en stjórnandi er Hilmar Örn Agnarsson.*

# menning
menning@frettabladid.is

# Algjör alþýðuskemmtun

**Lýðræðið er mörgum ofarlega í huga þessi misserin, ekki síst félögum í leikfélaginu Gilligogg sem á rannsóknarstofu sinni hafa lagst í krufningu á heilbrigði þess og kröfum.**



**ER LÝÐRÆÐIÐ EITTHVAÐ SLAPPT EÐA ER FJÖR Í PARTÍLANDI?** Fáir kunna þá kúnst betur að gera grín að eigin vanköntum og angist en Íslendingar.

Verkið Partíland verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld og slær þá botninn í Listahátíð. Á stóra sviðinu verður hátíðleg 17. júní-stemning, sannkölluð alþýðuskemmtun fyrir Íslendinga. „Við erum að velta fyrir okkur þessu loforði sem þjóðin gaf sér á lýðveldishátíðinni árið 1944 og stöðu lýðræðisins í dag," segir Jón Atli Jónasson, leikskáld og höfundur verksins. „Það eru gerðar ólíkar kröfur til okkar nú, til dæmis að við séum í mismunandi hlutverkum. Við sjáum það til að mynda með stofnun Framtíðarlandsins þar sem það rís upp borgaraleg hreyfing á Íslandi í fyrsta sinn í langan tíma. Ég held að margir séu í fyrsta sinn að upplifa sig í hlutverki borgara í þessu annars einstaklingsmiðaða samfélagi, þessi blandaði markaðsbúskapur í okkar samfélagi kallar miklu frekar á að við séum neytendur eða einstaklingar."

Í Partílandi snýst ekki allt um pólitík og hugmyndafræði heldur einnig um fjörið og gáskann sem óneitanlega fylgir því að vera Íslendingur. Jón Atli segir að þótt töluvert brenni á aðstandendum sýningarinnar sé þarna engin skammarræða á ferð en sýningar hans og leikstjórans Jóns Páls Eyjólfssonar hafa vakið umtal og brigslyrði um of boðandi list. „Okkar ásetningur er að ná til áhorfenda og þótt fólki finnist miserfitt að sitja sýningar sem við gerum, þá get ég lofað því að þetta verður skemmtilegt því það er heilmikið glens og grín í þessari sýningu," segir hann sannfærandi.

Partíland er þó langt frá því að vera froða en Jón Atli tekur fram að hlutverk listafólks hafi einnig breyst mikið á undanförnum árum. „Við erum að vakna upp við þann draum, eða martröð – það er afstætt – að sérhæfingarþjóðfélagið er búið að setja listafólk í einhver hólf þar sem hlutverk okkar er að framleiða vörur. Öll framsetning á listum og menningu eða tengdri starfsemi er orðin eins og tvöfaldur cappucino með karamellusírópi. Þegar listafólk fjallar um sitt eigið samfélag eru umbúðirnar ekkert alltaf skemmtilegar. Það er ágætt að það komi líka fram – við erum ekki að reyna að selja ykkur cappucino með karamellusírópi og extra froðu."

Texti verksins vísar víða, í orðræðu landsfeðranna um íslenska tungu og menningu og í tungutak slúðurrita og nútímafjölmiðla sem endurskapa stöðugt sjálfsmynd landsmanna. „Úr þessu verður dálítið skringilegt samhengi sem okkur í leikhúsinu finnst afar áhugavert, við tökum einhverja hugmynd á borð við heilbrigði lýðræðisins inn á þessa rannsóknarstofu sem við viljum meina að leikhúsið eigi einnig að vera," segir Jón Atli.

Aukinheldur fær leikhópurinn til liðs við sig fleira listafólk sem treður upp með sjálfstæð atriði innan verksins. „Það er líka hluti af tilrauninni að hleypa að fólki sem annars myndi ekki koma fram á stóra sviði Þjóðleikhússins. Við teljum mikilvægt að leikhúsið múri sig ekki inn í fílabeinsturni einhverrar sælkeralistar. Leikhúsið er fyrir alla – það er enn mikið sem á eftir að fjalla um og heilmargt ósagt. Leikhúsið lifir bara og deyr með því fólki sem sest og horfir á – við tökum þetta kannski skrefinu lengra með því að hleypa því upp á svið."

Meðal annarra þátttakenda í Partílandi eru Björn Thors, Laufey Elíasdóttir, Erlingur Gíslason, Friðgeir Einarsson og Ólöf Arnalds.

kristrun@frettabladid.is


KRINGLU KRÁIN
Stuðbandalagið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
3. júní kl. 20
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR
Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 UPPS. Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 31/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Sun 3/6 kl. 20
Fim 7/6 kl. 20 Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

DAGUR VONAR
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Sýningar hefjast aftur í haust.
PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi.
Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík.
Í kvöld lau. 26/5 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Sýningar hefjast aftur í haust.

Kassinn, Lindargötu 7 kl. 20:00
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fös.1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan, Lindargötu 7
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is






Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.
VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.

íslenskar garðplöntur

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

## Laugardagur

### TÓNLEIKAR

17.00 **Dagrún Ísabella Leifsdóttir**, sópransöngkona heldur tónleika í **Sauðárkrókskirkju**. Með henni leikur **Thomas Higgerson** á píanó. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### OPNANIR

16.00 **Einar Hákonarson** opnar málverkasýningu í **Listhúsi Ófeigs** á Skólavörðustíg 5. Sýningin stendur til 20. júní.

17.00 **Þórgunnur Oddsdóttir** opnar myndlistarsýninguna **Mistur** á **Kaffi Sólon.** Á sýningunni eru svart/hvítar ljósmyndir sem teknar eru á filmu með myndavél af gerðinni Holga. Sýningin stendur til 22. júní og er opin á opnunartíma kaffihússins.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

12.00 Síðasta sýningarhelgi **útskriftarsýningar Listaháskóla Íslands** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Nú fer hver að verða síðastur að ná því að sjá þessa árlegu innspýtingu ungs listafólks í íslenska menningarflóru. Sýningin er opin 12-18 alla daga

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnleg upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI
**MR. SKALLAGRIMSSON** - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20
**MÝRAMAÐURINN** - höf. og leikari Gísli Einarsson
mán. 28.maí kl.20 - annar í hvítasunnu
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20
**SVONA ERU MENN** - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
lau 26. maí kl. 20 Svona eru menn (KK og Einar) Síðasta sýning
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Egils Gull
BREWED WITH ICELANDIC BARLEY
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON 1913
LÉTTÖL
GULLHÁTÍÐ Á GAUKI Á STÖNG
Lau: Jet Black Joe kl. 21 - 03
Sun: Creedence Clearwater kvöld
Birgir Haralds, Sigurgeir Sigmunds og hljómsveit kl. 21 - 03
Margverðlaunaður stór Egils Gull á kr. 390 - öll kvöld.
GAUKUR Á STÖNG REYKJAVÍK
Velkomin heim!

Laugardagur til LUKKU
Tilboðið gildir aðeins í dag
HÚSGAGNAHÖLLIN





33% afsláttur
BARREL garðborð m/tveimur stækkunum B:100 L:150/240 H:73 cm
39.980
áður: 59.980
Þeir sem kaupa borð fá 20% afslátt af garðstólum.
Gildir meðan birgðir endast
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • opið í dag frá kl. 11-18

Sumarbónus Launamiðans
Þú getur unnið milljónir í launahækkun eða átt von á glæsilegum aukavinningum.






Skafðu hér og þú getur unnið milljón strax!
Skafðu hér og þú getur unnið 100.000 kr. á mánuði næstu 120 mánuðina. Alls 12 milljónir skattfrjálst!
Ef þú færð ekki vinning skefur þú hér og slærð inn númerið á www.hhi.is og ferð í lukkupottinn. Mundu að geyma miðann.
PIPAR • SÍA • 70674
Fullt af glæsilegum aukavinningum í boði fyrir þá sem taka þátt:
• Sólarlandaferð með Úrval Útsýn
• Borgarferð með Úrval Útsýn
• Flug innanlands með Flugfélagi Íslands
• Leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið
• Gisting fyrir tvo á Hótel KEA
• Leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar
• Kvöldverður á Einari Ben
• Ísveisla frá Kjörís
• Bíómiðar í Háskólabíó
• Launamiðar
Kíktu á www.hhi.is
HAPPA ÞRENNAN

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Balenciaga sólgleraugu** munu líta dagsins ljós í haust. Línan mun styðjast við „Robot“ hönnun Nicolas Ghesquière og kosta um 250 evrur.

**Stjórstjarnan Prince** ætlar að koma með ilm á markaðinn í júlí. Hann heitir 3121 líkt og síðasta plata popparans. Sjá www.3121.com

**Hollywood-stjarnan** Charlize Thieron verður andlit næsta ilmvatns Christian Dior og auglýsingin mun birtast á sjónvarpsskjám í haust.

**Vinsældir Kate Moss for Top Shop** línunnar í Barneys í New York hefur leitt til þess að þrjár TopShop búðir opna á Manhattan á næstunni.

# stíll

utlit@frettabladid.is




**„Save the rave“** bolur frá Top Shop. Algjör stæling á House of Holland og við elskum hann !

## OKKUR LANGAR Í ...




**Prada gsm sími** Gersamlega „dekadent“ og fáránlegur en við dýrkum hann samt.



**Svartur stuttbuxna-samfestingur** frá Top Shop. Fullkomin tilbreyting við litla svarta kjólinn.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Þægilegt skal það vera*

Það er ýmislegt í tísku núna sem hentar ekki beinlínis í vinnuna. Mínístuttbuxur, korselett og gallabuxur með háu mitti eru smart í kokkteilboðin eða út á lífið en eru ekki praktískur kostur á skrifstofunni. Það sem er búið að heilla mig sérstaklega í vor eru þessar skemmtilegu útgáfur af stuttum skokkum sem eru frekar lausir í sniðinu og virka bæði einir og sér eða yfir gallabuxur eða leggings. Víður kjóll er reyndar fullkomið vinnudress þar sem hann getur verið þægilegur, stelpulegur og smart og svo er lítið mál að dressa hann upp með háum hælum eða fallegum skartgripum. Í raun snýst allt um fullkomin hlutföll í sumar, að minnsta kosti þegar kemur að hversdagslegum klæðaburði. Stuttir kjólar mega ekki líka vera níðþröngir, og eins ef þú ert í níðþröngum „skinny“ gallabuxum er svalt að vera í lausri blússu við. Þröngt, þröngt alla leið gefur frekar til kynna að þú sért að mæta á næturklúbb (eða strippklúbb!) heldur en á skrifstofuna. Skemmtilegur kostur í sumar er svo kjóllinn sem gengur við bókstaflega allt og er lítið annað en síður stuttermabolur. Hvað gæti verið einfaldara en að smeygja þægilegum bol yfir hausinn, með engum smellum, hnöppum, tölum og rennilásum og skella svo sokkabuxum, skóm og fallegri tösku við. Ég á einn svartan sem gegnir öllum hlutverkum: í vinnunni við stígvél, að kvöldlagi við háhælaða skó og breitt belti og ég sé hann líka í anda í sumarfríinu við sandala eða ballerínuskó. Það væri margt vitlausara en að kaupa nokkra einfalda stuttermakjóla eða boli í yfirstærð í sumar og leika sér að því að poppa þá upp með fylgihlutum. En munum, eins og Carine Roitfeld, ritstýra franska Vogue, segir í sífellu: því einfaldara, því betra!

**PS. Ef síður tískublaða eru skoðaðar er augljóst að augabrúnir kvenna eiga að vera náttúrulegar í sumar, reyndar eins og undanfarin ár. Það er mér algjör ráðgáta hvers vegna aumingja stúlkurnar í Ungfrú Ísland eru plokkaðar svona mikið til og þurfa að bera einhvers konar risa gervileg fyrirbrigði í sáðfrumulíki á annars sætum ofurappelsínugulum andlitunum …**






xelenta

- gjafavörur
- steinljós
- kristalljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882




**FJAÐRIR Á STRÖNDINA?** Kannski er þetta ljósbláa bikiní alveg málið í strandpartí sumarsins.



**BLEIKT SATÍN** Dömulegt dress og stórir eyrnalokkar myndu vekja mikla athygli í kokkteilboðum.



**HIPPY CHIC** Eiturgræn og hippaleg mussa með útsaumi og skærbleikur hattur við.

# SIXTÍS „KITSCH“

Snillingurinn John Galliano sýndi nýlega strandfatnað fyrir Dior sumarið 2008. Sýningin átti sér stað í New York fyrir fullu húsi og stjörnur eins og Penelope Cruz, Dita Von Teese og Charlize Theron sátu þar á fremstu bekkjum. Línan sem kallast „ Resort“ flokkast ekki undir hátískuföt en hún einkenndist engu síður af glys og glamúr þessa ævintýragjarna hönnuðar. Galliano hafði stillt tímavélina í þetta sinn á sjöunda áratuginn og fötin voru undir sterkum áhrifum frá sixtísstjörnum eins og Barböru Hutton og Zsa Zsa Gabor. Litir voru æpandi bleikir, túrkisgrænir og appelsínugulir og minnti þetta alltsaman á senu úr kvikmynd Peters Sellers „The Party“ með tilheyrandi túberuðu hári, ýktri augnmálningu og ögn portkonulegum tilþrifum. Hápunktur sýningarinnar var þegar fyrirsæta í sundbol og á himinháum hælum hrasaði og aðstoðarmaður þurfti að leiða hana niður af sýningarpallinum. Sem sagt, dragið upp hárspreyið, sólgleraugun og blauta eyeliner-inn í sumar „a la Dior“.

- amb



**BARBARELLU-STÍLLINN** Silfraður geimkjóll frá Alberta Ferretti. Fæst í Þremur hæðum,Laugavegi.



**SIXTÍS GLAMÚR** Undurfagur mynstraður kjóll frá ALberta Ferretti. Fæst í Þremur hæðum, Laugavegi



**FULLKOMIN SUMARKÁPA** Ljós kápa með kvartermum og útsaumi frá Alberta Ferretti, fæst í Þremur hæðum, Laugavegi.



**SVALAR BRILLUR** Sólgleraugu frá Eley Kishimoto, fást í KronKron.

## 5 LEIÐIR AÐ LÚKKINU

1. Íburðarmiklar mussur í indverskum sari-stíl
2. Áberandi sólgleraugu og barðastórir hattar
3. Stuttir kjólar í ofnum og glitrandi mynstrum
4. Dömulegar dragtir í brjóstsykurslitum
5. Áberandi skart með austrænum áhrifum



**MAHARAJA-STÍLLINN** Indverskt og sixtís í senn – páfuglablá blússa við laxableikt pils, allt með íburðarmiklum útsaumi.

# Glamúr og stuð hjá Christian Dior

Sumarlúkkið hefur sjaldan verið eins hressandi eins og sást á „resort“-línu Gallianos fyrir Christian Dior. Hér var ekki að sjá lítið máluð sólarpúðruð andlit heldur stríðsmálningu í anda sjöunda áratugarins. Hár var túberað upp í hæstu hæðir eða fékk að vera villt og bylgjað í anda Barbarellu. Aðaláherslan var á svartan eyeliner, litaðan augnskugga og bleikar varir.



**KISUAUGU** Trikkið er að nota svartan eyeliner óspart og í raun sem augnskugga á meðan ljósari skuggi er efst við augabrún.



**VANDASAMT** Best er að nota pensil og vatnsheldan augnfarða eins og til dæmis Waterproof Eyeliner frá Clinique.

Hárklútar og spennur eru einnig upplagðir fylgihlutir til að halda hárinu frá andlitinu og þá er að muna að nota Elnette-spreyið óspart til að ýkja það sem mest. Sennilega er þó þjóðráð að spara andlitsfarða og púður til þess að forðast að líta út alveg eins og dúkka. - amb



**ÝKJUR Í ÖLLU** Upplitað hár og skærbleikar neglur – notist sparlega!







**DÖMULEGUR HATTUR** Barðastór hattur, sólgleraugu og munstraður kjóll allt saman í einu!

www.uu.is




Helios



Snyrtilegt, fjölskyldurekið íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum. Sundlaugargarður og góð aðstaða fyrir börnin.

Verð frá 47.392 á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 18. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 55.039

Palazzo Porto Platanias



Fallegt hótel með fyrsta flokks þjónustu og góðum mat. Hótelið er við ströndina og í göngufæri við iðandi mannlífið.

Verð frá 76.990 á mann í tvíbýli með hálfu fæði í viku, brottför 18. ágúst.

Íslendingar hafa tekið ástfóstri við afslappað og hlýlegt andrúmsloft Krítar. Sólin skín flesta daga ársins og hægur andvari frá hafi gerir loftslagið eitt hið besta í Evrópu. Krít er rómuð fyrir gestrisni heimamanna og daglegt líf á eyjunni er litríkt og spennandi. Stórbrotin náttúrufegurð og einstök menningarsaga eyjunnar blasir við hvarvetna. Gist er á úrvals hótelum í bæjunum Chania og Rethymnon og boðið er upp á fjölbreyttar skoðunarferðir. Komdu til Krítar og drekktu í þig menninguna.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Sautján ára söngdrottning

Hin sautján ára Jordin Sparks vann á dögunum söngvarakeppnina American Idol. Þar hún sigurorð af Blake Lewis, 25 ára pilti frá Washington. Úrslitaviðureignin var haldin í Kodak-leikhúsinu í Hollywood og var henni sjónvarpað beint víðs vegar um heiminn, þar á meðal til Íslands. Sparks segist hafa fylgst með American Idol síðan hún var tólf ára og strax þá var hún ákveðin í að ná langt í þættinum. „Ég hef reynt að gera sífellt betur í hverri viku," sagði Sparks um Idol-ævintýrið. „Eftir að ég söng lögin mín hugsaði ég hvernig ég gæti staðið mig álíka vel eða betur."

Bæði Sparks og Lewis sungu lagið This Is My Now sem var valið til flutnings í nýrri lagakeppni á netinu. Var dómarinn Simon Cowell hæstánægður með frammistöðu Sparks. Stóð val áhorfenda á endanum á milli þess að velja betri söngvarann, Sparks, eða betri skemmtikraft, Lewis, og voru áhorfendur, sem greiddu 74 milljónir atkvæða, á endanum hrifnari af Sparks. Hlaut hún að launum plötusamning fyrir sigurinn og líklega mun Lewis feta í fótspor hennar.

Á meðal þeirra sem komu fram á úrslitakvöldinu voru þekkt nöfn á borð við Gwen Stefani, Smokey Robinson, Tony Bennett, Bette Midler og Green Day. Eldri sigurvegarar úr Idol á borð við Rubin Studdard og Kelly Clarkson stigu einnig á svið og skemmtu áhorfendum. „Hún er frábær söngkona," sagði Robinson um Sparks. „Hún syngur svo vel að það er erfitt að trúa því að hún sé sautján ára. Að syngja svona þyrftirðu að hafa lifað í langan tíma. Hún er gömul sál."



**JORDIN SPARKS** Hin sautján ára Jordin Sparks var valin sigurvegari American Idol. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Verðum bestir í London

**Matreiðslumaðurinn Agnar Sverrisson ætlar að opna besta veitingastað í London á næstu vikum. Staðurinn, sem heitir Texture, mun státa af besta kampavínslista borgarinnar.**



**REYNSLUBOLTAR** Agnar Sverrisson og Xavier Rousset eru reynsluboltar úr veitingabransanum og unnu saman á Manoir aux Quat' Saisons í Oxford, sem nýtur mikillar frægðar. Veitingastaður þeirra, sem verður opnaður á næstu vikum, hefur vakið mikla athygli ytra.

„Stefnan er tvímælalaust sett á að Texture verði besti veitingastaðurinn í London. Ef maður stefnir ekki á það gerist það ekki," sagði Agnar ákveðinn. Texture verður fyrsti veitingastaður Agnars, sem er þó mikill reynslubolti í veitingabransanum. Hann var lengi yfirkokkur á Grillinu á Hótel Sögu en hélt af landi brott árið 2000 og hefur komið víða við á ferlinum – meðal annars verið yfirkokkur á veitingastaðnum Manoir aux Quat' Saisons í Oxford, sem er tveggja Michelin-stjörnu staður. Meðeigandi Texture, Xavier Rousset, er líka þaðan kominn.

Á Texture verður lögð jafnmikil áhersla á mat og vín, sem Agnar segir vera mikla undantekningu í veitingarekstri. Þar verður kampavínsbar, sem tekur þrjátíu manns í sæti, með besta kampavínslista í London. „Planið er að hafa hann þann stærsta og besta í London og ég get ekki séð annað en að það gerist," sagði Agnar. „Fólk getur komið og keypt sér þúsund punda kampavínsflösku á barnum og farið svo. Eða keypt sér glas á tíu pund, og fengið sér svo að borða – eða hvernig sem það vill gera þetta," útskýrði hann.

Í mat verður lögð áhersla á létta rétti. „Við erum samt ekki að fara að vera neinn Grænn kostur," sagði Agnar. „Þetta verður „fine dining", auðvitað. En af því að fólk er farið að hafa svo miklar áhyggjur af því hvað það borðar munum við frekar nota vínegrettur og olíur en mikinn rjóma og smjör. Það verður mikið af fiski og grænmeti á seðlinum. Ég ætla líka að vera með fisk og vatn frá Íslandi, svo það verður svolítið þema," útskýrði Agnar. „Viðskiptavinirnir sem við stílum svolítið inn á fer kannski tíu sinnum út að borða í viku. Þá vill maður fá léttan, nettan en rosalega góðan mat," bætir hann við.

Agnar og Xavier vinna nú að því að leggja lokahönd á staðinn, sem mun opna eftir fjórar til sex vikur. Þegar Fréttablaðið náði tali af Agnari var hann á leið í myndatöku fyrir breskt tímarit. „Þetta hefur vakið athygli hérna úti," sagði Agnar. „Við unnum báðir á svo frægum stað að það þykir mikil frétt að við séum að fara að opna stað í London," sagði hann.

sunna@frettabladid.is

# Eyþór senuþjófur í Cannes

Athafnamaðurinn Eyþór Guðjónsson hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförnu eftir að hafa verið í sviðsljósinu í kringum Hostel-hryllingsmyndina sem sló eftirminnilega í gegn.

Hann dustaði hins vegar rykið af smókingnum og stjörnubrosinu þegar kvikmyndaleikstjórarnir Eli Roth og Quentin Tarantino buðu honum að vera viðstaddur sérstaka hátíðarsýningu nýjustu kvikmyndar Tarantinos, Death Proof. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur Tarantino mikinn hug á því að koma til landsins og vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar. Og ef marka má orð Eyþórs eru meiri líkur en minni að af því verði. „Við ætlum jafnvel að reyna að fá einhverja af leikurunum með," segir Eyþór.

Athafnamaðurinn var á leiðinni á fasteignaráðstefnu í París þegar kallið kom frá Cannes og því var hægur leikur fyrir Eyþór að smella sér með lest til Frönsku rivíerunnar. Og hann var ekki fyrr kominn að gylltum ströndum Miðjarðarhafsins að lætin byrjuðu með tilheyrandi stjörnufans. „Ég fór í kvöldverð í boði Budweiser ásamt Weinstein-bræðrunum um borð í skútu sem þeir voru með í Cannes," segir Eyþór. Meðal þeirra sem heiðruðu framleiðendurna voru Tarantino sjálfur og Kurt Russell, aðalleikari Death Proof, sem mætti með eiginkonu sína, Goldie Hawn, upp á arminn. „Að honum loknum komu bílar frá kvikmyndahátíðinni og keyrðu okkur upp í höllina þar sem myndin var sýnd," útskýrir Eyþór sem reyndist svo sannarlega haukur í horni því aðalleikkonur myndarinnar voru á taugum yfir öllum þeim ljósmyndurum sem biðu þeirra fyrir utan bílinn. „Ég kenndi þeim bara nokkur dreglatrix og þá varð þetta allt í lagi," segir Eyþór en haft var á orði að íslenski sjarmörinn ætti þess eflaust kost að verða næsti James Bond þegar Daniel Craig legði byssuna á hilluna. - fgg



**Á KUNNUGLEGUM SLÓÐUM** Eyþór er eldri en tvævetra á rauða dreglinum og kenndi aðalleikkonum Death Proof nokkur dreglatrix.

# Frumsýning í Japan

Fimmta kvikmyndin um Harry Potter og ævintýri hans, The Order of the Phoenix, verður heimsfrumsýnd í Japan hinn 28. júní.

Talið er að Japan hafi orðið fyrir valinu eftir að önnur framhaldsmynd, Spider-Man 3, var frumsýnd þar í landi og sló öll aðsóknarmet.

Fyrri Harry Potter-myndirnar fjórar hafa tekið inn um 200 milljarða króna alls í miðasölu víðsvegar um heiminn og er vitaskuld búist við góðri aðsókn á nýju myndina.

Sjöunda og síðasta Harry Potter-bókin, Harry Potter and the Deathly Hallows, kemur út síðar í sumar.



**HARRY POTTER** Fimmta kvikmyndin um Harry Potter og ævintýri hans verður frumsýnd 28. júní.

# Baksviðs í Cannes

**Kvikmyndahátíðin í Cannes er svo sannarlega hátíð fagfólksins. Fáir eru hins vegar uppátækjasamari en einmitt fólkið í kvikmyndabransanum, og því gerist ýmislegt á bak við tjöldin, á lystisnekkjum og á ströndinni. Hjartaknúsararnir úr Hollywood halda sínu striki þó í Suður-Frakklandi séu.**

Íslandsvinurinn Jude Law er iðinn við kolann hvar sem hann er staddur í heiminum. Hann lét sig ekki vanta í Playboy-partí sem haldið var í Cannes síðastliðið fimmtudagskvöld og mætti í fylgd söngvarans James Blunt. Félagarnir ræddu þó mest lítið saman í partíinu enda með báðar hendur fullar – af ljóshærðum Playboy-fyrirsætum. Law og Blunt sátu með tvær á mann í fanginu og gáfust fljótlega upp á að reyna að tala eitthvað saman.

Þeir yfirgáfu veisluna með nýju vinkonum sínum um fimm að morgni. Til hjarta- og fyrirsætuknúsarans Jude Law sást þar sem hann steig inn í lyftu á hóteli sínu ásamt lagskonum sínum tveimur.

Ef Playboy-fyrirsæturnar missa áhugann á leikaranum breska ætti hann að geta fundið hugarró í örmum Jessicu Simpson. Söngkonan bandaríska staðfesti á föstudag að hún væri hætt með John Mayer. Hún var þó ekki lengi að festa augun á mögulegum arftaka Mayers. Simpson hitti Law í fyrsta sinn í Cannes á dögunum, og sagði fundinn hafa verið „losta við fyrstu sýn". Söngkonunni þykir hreimur Law gera útslagið. „Ég elska hvernig hann talar. Breski hreimurinn hans og hvernig hann hreyfir munninn er svo æsandi," sagði hún.

Leonardo DiCaprio er ekki heldur sestur í helgan stein hvað varðar kvenkynið. Miðað við fréttaflutning frá Cannes virðist samband hans og ísraelsku fyrirsætunnar Bar Rafaeli vera liðin tíð. Til stjörnunnar hefur sést með lítt þekkta leikkonu, Dayu Fernandez, upp á arminn. Parið skellti sér líka í siglingu á snekkju DiCaprios í Cannes.

Vinir leikarans segja parið vera óaðskiljanlegt. Þau hafi þekkst í mörg ár, en aldrei náð saman þar sem að DiCaprio hafi iðulega verið á pikkföstu. Hvorki DiCaprio né Bar Rafaeli hafa gefið út yfirlýsingu um að þau séu hætt saman. Rafaeli hefur þó verið ein síns liðs á hátíðinni, og mætti til að mynda einsömul á frumsýningu myndarinnar A Mighty Heart á mánudaginn.



**BAR HEYRIR SÖGUNNI TIL** Leonardo DiCaprio virðist hafa lagt sambandið við fyrirsætuna Bar Rafaeli að baki og gerir sér nú dælt við leikkonuna Dayu Fernandez. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**KVENNAGULL** Jude Law sást í rífandi stuði í Playboy-partíi. Sessunautar hans, sem fylgdu honum heim á hótel, voru tvær ljóshærðar fyrirsætur, kenndar við Playboy.



**EIN Á FERÐ** Bar Rafaeli var Leonardo-laus á frumsýningu A Mighty Heart í Cannes. Hvorugt skötuhjúanna hefur þó sagt nokkuð um meint sambandsslit.



**LOSTINN OG LAW** Jessica Simpson hitti Jude Law í fyrsta skipti á dögunum og sagði hreim hans og sjarma hafa kveikt í sér „losta við fyrstu sýn".

**JAMES OG JUDE** James Blunt hefur varla notið sömu kvenhylli og Jude Law hingað til, en árangur hans í Playboy-partíinu var sá sami og breska kvennabósans.


ÉG ætla að bíða
því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön
vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer
vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.
vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi
vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamanum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við.
vegna þess að ég er ástfangin
vegna þess að mig langar til að lifa heil
því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni
því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi
vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig
bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir
því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvitað
vegna þess að ég ætla mér að verða besta mögulega útgáfan af mér
maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta gert það betur næst
af því að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann
af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka
út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið
vegna þess að vinur bróður míns dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu
af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er
því ég er of upptekin við að skrifa bloggið mitt
vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu
KAUPÞING
samfo
SAMSTARF UM FORVARNIR
Reykjavíkurborg
Forvarnanefnd
FRÉTTABLAÐIÐ
MyPocket Productions

## SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA




sýningartímar gilda laugardag sunnudag og mánudag — ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 1-2 - 4:30 - 6-8-10-11:30 | 10 | SPIDER MAN 3 | kl. 12:30 - 3 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 1:30 - 4:45 - 8 - 11:10 | | BLADES OF GLORY | 1:30-3:40-5:50-8 | 12 |
| ZODIAC | kl. 6 - 8 - 9 - 11:30 | 16 | ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:50 | L |
| THE REAPING | kl. 5:50 - 10:10 | 16 | | | |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 2 - 4 - 6:15 - 8 - 10 - 11:10 - 11:30 DIGITAL | | 10 |
| GOAL 2 | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 2 DIGITAL-3D | L |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 1:50 | L |

AKUREYRI (engar 2 sýn. á mán)

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 2 - 4 - 6 - 8 - 10 - 11:30 | 10 |
| MR. BEAN | kl 2 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| BLADES OF ... | kl 2 | 7 |

SparBíó 450kr á sýningar merktar appelsínugulu




SÝNINGARTÍMAR GILDA ALLA HELGINA 26/5 TIL 28/5

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 12, 3.15, 6.30 og 10-POWER | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 1, 4, 7 og 10 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 12, 2, 4 og 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 1 - 3 - 5 - 7 - 9 - 11* | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 1 - 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| *POWER SÝNING | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 9 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE CONDEMNED | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 3 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | LAU.-SUN. | MÁN. | |
|---|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 4 - 6 | kl. 6 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.10 | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4 - 7 | kl. 6 | 10 |
| THE CONDEMNED | kl. 10 | kl. 9 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

ATH: TÍMARNIR GILDA FYRIR LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG


# Fór á kostum í keilu

„Þetta var eiginlega hálf ótrúlegt, Sigurjón gerði fellu í hverri einustu tilraun," segir Ólafur Jóhannesson, leikstjóri kvikmyndarinnar Stóra planið, en nýverið var tekið upp atriði þar sem persónur þeirra Sigurjóns Kjartanssonar og Péturs Jóhanns Sigfússonar voru á æfingu hjá keilufélaginu Mjöll. Að sögn leikstjórans fer eitthvað færri sögum af hæfileikum Péturs Jóhanns í keilunni en tökuliðið var agndofa yfir hæfni Sigurjóns.

Sigurjón vildi sjálfur sem minnst gera úr þessu en viðurkenndi að þetta hefði gengið vel hjá sér. „Ég er svona annaðhvort eða maður, annaðhvort felli ég eða hitti ekki neitt," útskýrir Sigurjón en þess má til gamans geta að meistaraflokksmaður í keilu var til taks ef í harðbakkann slægi og leikararnir hefðu reynt arfaslakir í þessari vinsælu íþrótt. „Ég hef reyndar ekki gert mikið af því að spila keilu en þótti nokkuð lipur í tölvuspili sem snerist að einhverju leyti um keilu. Þá féllu menn í stafi yfir hæfileikum mínum," segir Sigurjón. -fgg



**SIGURJÓN OG PÉTUR JÓHANN** Sigurjón þótti sýna lipur tilþrif í keilu á meðan Pétur Jóhann þótti heldur slakur.
FRÉTTABLAÐIÐ/RUNE KIPPERVIK



**ÚR HANDBOLTANUM Í TÓNLISTINA** Bjarki Sigurðsson var í hópi bestu handboltamanna úrvalsdeildarinnar áður en hann vatt kvæði sínu í kross og fór að einbeita sér að tónlistinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Úr handboltanum í rokkið

**Tónlistarmaðurinn B.Sig gaf nýverið út sína fyrstu plötu, Good Morning mr. Evening, sem hlotið hefur glimrandi undirtektir og er í 10. sæti Tónlistans yfir mest seldu plötur landsins.**

B.Sig heitir réttu nafni Bjarki Sigurðsson en spurður um tildrög listamannsnafnsins segir hann að kostirnir hafi einfaldlega ekki verið svo margir. „Bjarka er of líkt Björk og er auk þess nokkuð Idol-legt nafn. Sigurðsson svipar síðan til Mugison, þannig að ég var í svolitlum vandræðum. Vinir mínir kalla mig ýmist B.B. eða B.Sig og þar sem B.B. King er með það fyrrnefnda frátekið varð B.Sig niðurstaðan."

Einhverjir kannast kannski betur við Bjarka úr handboltanum en hann lék lengi með Val við góðan orðstír. Hann segist hætt í handboltanum í bili en upprunalega voru það alvarleg meiðsli sem urðu til þess að hann fór að einbeita sér meira að tónlistinni. „Ég er sjálflærður og hef verið að grúska með gítarinn frá 12 ára aldri. Á síðustu árum hafa lögin safnast saman og mig langaði einfaldlega að gera eitthvað með þau," útskýrir Bjarki en hann semur öll lög og texta á plötunni.

Bjarki lærði hljóðvinnslu í Liverpool og er ekki laust við að breskra áhrifa sé að gæta í tónlist hans. Sjálfur lýsir hann tónlist sinni sem melódísku rokki – af gamla skólanum. „Ég myndi segja að ég væri þessi klassíska alæta á tónlist. Átrúnargoðið mitt í gamla daga var Elvis Presley en síðan er Neil Young í miklu uppáhaldi. Innblásturinn kemur því víða."

Með Bjarka í hljómsveitinni eru bræðurnir Daði og Börkur Birgissynir, áður kenndir við Jagúar, og þeir Kristinn Snær Agnarsson og Ingi Björn Ingason. „Við komum í raun saman hver úr sínu horni og úr varð þessi fína blanda. Ég held að ákveðin spilagleði skíni í gegn á plötunni og þetta var mjög skemmtilegur tími," segir Bjarki, en platan var að mestu tekin upp síðasta sumar.

Platan er talsvert „hrá" í hlustun og segir Bjarki að það hafi verið vel meðvituð ákvörðun hans, Daða og Börks, enda unnu þeir náið saman í upptöku plötunnar. „Eftirvinnslan var þannig oft snúin, einmitt vegna þess að okkur langaði að halda í þennan hráleika. Það var stundum erfitt að missa sig ekki í eftirhljóðvinnslu en við náðum að halda henni í algjöru lágmarki."

Stefnt er á að halda „einhverskonar útgáfupartí", eins og Bjarki orðar það, um miðjan júní en engin föst dagsetning hefur verið negld niður. Áhugasömum er bent á heimasíðu B.Sig þar sem allar upplýsingar um fyrirhugaða tónleika er að finna.

http://www.bsigmusic.com/
http://www.myspace.com/bsigmusic





PIRATES 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA
SPIDERMAN 3 KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA
BLADES OF GLORY KL. 13:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEFL.



# Keira fær bætur

Leikkonan Keira Knightley hefur unnið skaðabótamál sem hún höfðaði gegn breska slúðurblaðinu The Daily Mail vegna fréttar þar sem gefið var í skyn að hún ætti þátt í dauða nítján ára stúlku sem lést úr átröskun. Jafnframt var því haldið fram að Knightley þjáðist sjálf af átröskun, sem hún hefur þvertekið fyrir.

Knightley fær í sinn hlut tæpar 400 þúsund krónur í skaðabætur. Ætlar hún að gefa peninginn til góðgerðarsamtakanna Beat, sem berjast gegn átröskun og geðsjúkdómum.



**KEIRA KNIGHTLEY** Leikkonan breska vann mál sem hún höfðaði gegn bresku slúðurblaði.

# Bíða íslenska afmælisins

Aðdáendur hinna rómuðu Star Wars mynda söfnuðust saman víðsvegar um heim í gær, til að fagna því að þrjátíu ár væri liðin frá frumsýningu fyrstu myndarinnar í bálkinum. Svo var ekki hér á landi. „Það er ekkert í gangi svo ég viti til. Og ég væri væntanlega búinn að heyra af því ef svo væri," sagði Gísli Einarsson, eigandi myndasögubúðarinnar Nexus, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Við erum ekki með neitt á okkar snærum, en það er spurning hvort við reynum ekki að gera eitthvað úr þessu á íslenska afmælinu," sagði Gísli, en enn eru nokkrir mánuðir í það. „Íslendingar urðu að bíða svolítið lengi eftir þessari mynd, þetta var náttúrulega öðruvísi í gamla daga. Ég held að hún hafi ekki verið frumsýnd fyrr en í október 1978. Ég man að fyrir þrjátíu árum síðan var ég að leika mér í Star Wars leik án þess að hafa séð myndina og alveg að drepast úr spenningi," sagði hann.

Samkvæmt Gísla er tækifærið til að fagna afmæli Star Wars þó ekki enn runnið úr greipum aðdáenda. „Myndin náði ekki hámarki fyrr en í desember, þegar hún var sýnd í um tvö þúsund sölum. Fyrst var hún bara sýnd í fjörutíu sölum," útskýrði Gísli. „Afmælið er út allt árið þannig séð," bætti hann við.



**STAR WARS AFMÆLISÁR** Gísli Einarsson, eigandi Nexus, sagði engin hátíðahöld hér á landi vegna 30 ára afmælis Star Wars, en þó væri ekki enn útséð um þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Eva Longoria** og unnusti hennar, körfuboltamaðurinn **Tony Parker**, íhuga nú að ættleiða barn. Leikkonan kunna, sem frægust er fyrir hlutverk sitt í Aðþrengdum eiginkonum, segir líklegt að þau muni ættleiða eftir brúðkaup sitt í júlí. „Við erum bæði hjartagóð og eigum peninga til að ættleiða. Okkur langar til að veita barni umhyggjusamt og öruggt umhverfi sem það myndi annars ekki fá," segir Eva. Longoria er 32 ára og Parker 25 ára. Þau trúlofuðu sig í nóvember síðastliðnum.



Goðsögnin **Paul Newman** hefur ákveðið að hætta kvikmyndaleik. Newman, sem er orðinn 82 ára, ætlar þess í stað að einbeita sér að rekstri lífræns veitingastaðar sem hann hefur opnað skammt frá heimili sínu. „Ég get ekki unnið sem leikari eins vel og ég vil. Maður missir minnið og sjálfstraustið þegar maður kemst á minn aldur. Þetta er líka komið gott, ég er búinn að vera að í 50 ár," segir Newman. Hann var tíu sinnum tilnefndur til Óskarsverðlauna og vann þau einu sinni.









## > Besti dómarinn



Sá heiður að þessu sinni rennur til allra dómara í 3. umferðinni. Þeir fengu allir 7 í einkunn og stóðu sig vel. Annars koma dómarar mjög vel undan vetri og hafa staðið sig heilt yfir vel í upphafi sumars.

## > Bestu ummælin

„Við reyndum að vekja menn í hálfleiknum og það veitti ekki af. Menn voru steinsofandi allan fyrri hálfleikinn,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram. Hann kvartaði síðan yfir því að menn væru ekki til í að deyja fyrir málstaðinn ólíkt Skagaliðinu. Gott ef hann kvartaði ekki yfir nákvæmlega sama hlutnum hjá ÍA-liðinu í fyrra.



# sport

sport@frettabladid.is

**3. UMFERÐ LANDSBANKADEILDARINNAR:** FH MEÐ TVEGGJA STIGA FORYSTU

# *KR komið í botnsæti deildarinnar*

Það eru blendnar tilfinningar í Frostaskjólinu þessa dagana. Gleði yfir því að Rúnar Kristinsson sé kominn heim og síðan sorg yfir gengi KR-liðsins. KR situr á botni deildarinnar eftir þrjá leiki og er búið að missa FH átta stigum á undan sér. KR er nánast úr leik í baráttunni og sérstaklega ef mið er tekið af spilamennsku liðsins. KR er ekki líklegt til að blanda sér í baráttuna í dag.

Það er í kjölfarið komin pressa á Teit þjálfara og stuðningsmenn mun krefjast aðgerða batni ástandið ekki fljótlega.

Á hinum endanum eru FH-ingar á flugi. Þeir spiluðu frábæran fótbolta gegn HK og sóknarlína liðsins hefur verið illviðráðanleg í öllum leikjunum. Þetta er hugsanlegi besti sóknarleikur sem FH hefur spilað síðan Ólafur tók við liðinu. Mun betra en síðustu tvö ár. Valur er eina liðið sem virðist vera líklegt til að ógna FH en Valsmenn hafa litið vel út í upphafi móts og eru loksins komnir með markaskorarann sem þeir hafa leitað lengi að. Það breytir ansi miklu fyrir Hlíðarendaliðið.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 17, FH
**Flest skot á mark:** 13, FH
**Fæst skot:** 7, Víkingur & Breiðabl.
**Besta skotnýting:** Breiðabl., 29 %
**Hæsta meðaleinkunn:** FH, 7,36
**Lægsta meðaleink.:** HK, 4,69
**Grófasta liðið:** KR & Fram, 20 brot
**Prúðasta liðið:** Vík. & HK, 10 brot

**Fjöldi áhorfenda:** ófitað
Í þremur leikjum af fimm á fimmtudagskvöldið láðist að láta blaðamenn vita hversu margir áhorfendur voru á viðkomandi leik. Á heimasíðu KSÍ í gær var svo aðeins búið að gefa upp staðfesta áhorfendatölu í einum leik og því ekki hægt að segja hversu margir lögðu leið sína á völlinn í þriðju umferð. Það er dapurt.

Kjartan Henry Finnbogason kemur sér í æfingu hjá KR en vonast til að komast út:

# Yrði draumur að spila með Bristol

**FÓTBOLTI** Kjartan Henry Finnbogason vonast til þess að ganga til liðs við nýliða Bristol City í Championship-deildinni í Englandi. „Bristol City er búið að hafa samband og vill sjá meira af mér. Mér líst rosalega vel á það. Championship-deildin heillar auðvitað mjög mikið, 20.000 manns á hverjum leik og það væri draumur að spila þar.

Þessi deild, og reyndar deildin fyrir neðan, eru góðir stökkpallar enda er vel fylgst með þeim,“ sagði Kjartan en samningur hans við Celtic rennur út í næstu viku.

Kjartan Henry mætti á sínu fyrstu æfingu með KR í gær en hann fær að æfa með sínu gamla félagi þar til framtíð hans skýrist. Liðið sem hann gengur til liðs við, að því gefnu að hann fari frá Celtic sem allar líkur eru á, þarf að greiða skoska félaginu um 150



**KJARTAN HENRY** Hefur auga á draumastaðnum í augnablikinu, næstefstu deild í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þúsund pund í uppeldisbætur, tæpar nítján milljónir íslenskra króna. Kjartan tekur lífinu þó með ró þessa stundina.

„Ég er mjög rólegur yfir þessu. Bristol er að fara í frí en fer í æfingaferðalag í byrjun júlí og mér stendur til boða að fara í það með þeim. Það er óþægilegt að þurfa að segja nei við alla aðra þangað til, sérstaklega ef ég myndi síðan enda á því að semja ekki við þá. Ef það gengur ekki upp myndi ég líklega stökkva á eitthvað gott tilboð á Norðurlöndunum,“ sagði Kjartan en fjöldamörg lið vilja fá hann til sín til reynslu.

KR hefur rætt við Kjartan um að hann spili með félaginu í sumar og Kjartan segir að ekki sé útilokað að hann gangi í þeirra raðir. Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sagði við Fréttablaðið í gær að ákvörðunin væri alfarið Kjartans en hann kæmi til með að styrkja hóp KR, gengi hann í félagið. **- hþh**



**VELKOMINN HEIM** Gömlu landsliðsfélagarnir Helgi Sigurðsson og Rúnar Kristinsson gantast á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ætlum að ná FH

**Helgi Sigurðsson skoraði bæði mörk Vals í 2-1 sigri á KR í fyrrakvöld. Hann er leikmaður þriðju umferðar Landsbankadeildarinnar að mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn unnu í fyrradag góðan sigur á KR á heimavelli, 2-1. Helgi Sigurðsson átti frábæran leik og skoraði bæði mörk Vals sem er enn taplaust og situr í öðru sæti deildarinnar með sjö stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar.

„Það var auðvitað mikilvægt að ná þessum þremur stigum og ekki skemmdi fyrir að hafa skorað þessi mörk. Ég er því mjög sáttur í dag,“ sagði Helgi við Fréttablaðið í gær.

Valur og FH eigast ekki við fyrr en í áttundu umferð en síðarnefnda liðið er á toppi deildarinnar með fullt hús stiga. Helgi Sigurðsson hræðist þó ekki Íslandsmeistara síðustu þriggja ára.

„Ég veit vel að það er hægt að stoppa FH. Við ætlum að reyna að standa í þeim eins lengi og hægt er og helst að komast fram úr þeim,“ sagði Helgi. „Það er líka ljóst að liðin sem spila við FH verða að hafa trú á því að það sé hægt að stoppa liðið. Mér sýnist oft að þessi lið séu fyrirfram búin að tapa leiknum. En ég ætla ekkert að gera lítið úr FH. Það eru frábærir leikmenn í liðinu og þeir eiga allt það skilið sem þeir hafa unnið síðustu árin.“

Helgi segist sáttur við stöðu liðsins í deildinni. „Okkur fannst við reyndar vera rændir í fyrsta leiknum gegn Fram þegar við áttum að vera búnir að gera út um leikinn en fengum jöfnunarmarkið á okkur í lokin. En það sýndi gríðarlega mikinn karakter í okkar liði að lenda undir gegn Fylki og KR en vinna svo báða leikina. Það er góður stígandi í okkar leik og var til að mynda fyrri hálfleikur hjá okkur gegn KR mjög vel spilaður af okkar hálfu.“

Félagaskipti Helga frá Fram í Val í vetur voru mjög umdeild og mikið rætt og ritað um þau. „Þetta var erfitt á meðan þessu stóð en ég er löngu kominn yfir það. Það eru engin vandamál milli mín og Fram lengur. Nú einbeiti ég mér að því að gera góða hluti með Val. Við þurfum að hala inn stigum til að halda í við FH.“

Hann er þess fyrir utan ánægður með nýja félagið og eigin frammistöðu til þessa. „Ég vissi þegar ég fór í Val að þetta væri gott lið með góðan mannskap og það hefur ekkert brugðist. Ég hef líka alveg sloppið við meiðsli síðan ég kom heim og hef æft vel í vetur. Það er að skila sér nú.“

Spurður um hvað hafi komið sér mest á óvart í vor, segir hann gengi HK vera athyglisvert. „Þetta er mikið stemmningslið sem verður erfitt heim að sækja. Staða KR kemur einnig á óvart en miðað við hvernig liðið er að spila finnst mér það ekki hafa átt meira skilið en þetta eina stig sem það hefur fengið. Hópurinn er talsvert sterkari en staða liðsins í deildinni gefur til kynna en liðið er ekki að spila eins og lið sem á að vera í toppbaráttunni.“ **eirikur@frettabladid.is**




PÁLL 29 SKEYTI, 3. Í BEKKNUM.

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju. Sendu skeyti - farðu inn á www.postur.is eða hringdu í síma 1446. Einfalt og skemmtilegt!

PÓSTURINN allur pakkinn














# TJARNABYGGÐ

**Verð: FRÁ 4,6M**

Stærð: FRÁ 1 HA

801 SELFOSS
FRELSI FYRIR FJÖLSKYLDUNA

- Lóðir í búgarðabyggð mitt á milli Selfoss og Eyrarbakka
- Öruggt umhverfi fyrir fjölskylduna í náttúrunni
- Leyfilegt byggingamagn allt að 1500 fermetrar á lóð
- Tengist fuglafriðlandi Árborgar
- Rúmar heimildir til að stunda létta atvinnustarfsemi og húsdýrahald
- 55 km frá Reykjavík, 4 km frá Selfossi
- Fallegt útsýni til allra átta
- Öll þjónusta þéttbýlis s.s. skólaakstur, sorphirða ofl.
- 16 km af reiðstígum á svæðinu
- Stutt í sund, golf, stangveið ofl ofl.
- Einstakt tækifæri til að sameina heimili, vinnu og áhugamál

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 897-7027 EÐA 821-0808**

Hálfdán
Kristjánsson
lögg. fasteignasali



Snorri
Sölufulltrúi
**897 7027**
snorrisig@remax.is



Valdimar
Sölufulltrúi
**821 0808**
valdimar@remax.is



RE/MAX
engin í heimi selur fleiri fasteignir.
www.remax.is
RE/MAX®
www.remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
framúrskarandi ÁRANGUR
framúrskarandi SÖLUFULLTRÚAR

Úrslitakeppnin í NBA:

## Detroit vann heimaleikina

**NBA** Detroit Pistons er komið í 2-0 gegn Cleveland í úrslitaeinvígi Austurstrandarinnar eftir að hafa unnið fyrstu tvo leikina á heimavelli sínum.

Í fyrrinótt vann Detroit með þriggja stiga mun eftir að hafa verið undir stærstan hluta leiksins. Leikmenn Cleveland voru afar ósáttir við dómara leiksins undir lokin og ekki síður Mike Brown, þjálfari liðsins.

„Dómararnir fá borgað mikið af peningum og ef þeir sjá þetta ekki er það bara þannig. Við ætlum ekki að skýla okkur á bak-við þetta.“ **- esá**



**EKKI SÁTTUR** LeBron James var afar óánægður með dómara leiksins í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Pálína farin í Keflavík

**Besti varnarmaður Iceland Express-deildar kvenna síðustu þrjú ár er farin frá Haukum og hefur því meistaraliðið misst báða fyrirliða sína fyrir næsta vetur.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er mjög stór ákvörðun og auðvitað er mjög erfitt að fara frá Haukum. Ég er alls ekki búin að afskrifa Hauka en mig langaði til að breyta til,“ segir Pálína Gunnlaugsdóttir, 20 ára bakvörður og varafyrirliði Íslands- og bikarmeistara Hauka.

Pálína hefur verið kosin besti varnarmaður Iceland Express-deildar kvenna undanfarin þrjú tímabil og var með 9,3 stig og 3,9 stoðsendingar að meðaltali í leik á síðasta tímabili. Pálína hefur ákveðið að skipta yfir til Keflavíkur og er búin að semja til eins árs. Íslands- og bikarmeistarar Hauka hafa þar með misst báða fyrirliða sína því Helena Sverrisdóttir er á leiðinni í nám í Bandaríkjunum.

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkurliðsins, var himinlifandi yfir komu Pálínu. „Að mínu mati var Pálína hjartað í Haukaliðinu þótt Helena hafi klárlega verið besti leikmaðurinn. Þú býrð það ekki til því þetta er bara meðfæddur hæfileiki. Hún er frábær í körfu og það er gríðarlega sterkt fyrir okkur að vera búin að fá hana,“ sagði Jón Halldór í gær.

Pálína segir Hauka hafa vitað af því að hún hafi verið að tala við Keflavík. „Keflvíkingar töluðu við mig og boðuðu mig á fund og mér leist mjög vel á þetta hjá þeim,“ segir Pálína sem er ekki búin að ákveða hvort hún flytji til Keflavíkur eða keyri brautina á næsta vetri. Markmiðin fyrir næsta tímabil eru hins vegar klár.

„Ég ætla að vinna aftur fimmfalt,“ segir Pálína ákveðin en hún vann einmitt alla fimm titlana í boði með Haukum síðasta vetur og hefur alls unnið tuttugu Íslands- og bikarmeistaratitla í öllum flokkum með Haukum síðustu sex ár. Pálína segir ekkert erfitt að fara að spila við hliðina á stelpum sem hún hefur barist svo hart við undanfarna vetur.

„Ég á góðar vinkonur í Keflavík þrátt fyrir að þær hafi verið erkifjendurnir inni á vellinum síðustu árin. Ég hef kynnst þeim vel með landsliðinu og er mjög spennt að spila með þeim,“ segir Pálína.

„Við missum Maríu Ben og það þurfti að finna sterkan póst í staðinn. Við lentum í meiðslum og vandræðum síðasta vetur og Pálína hefði hjálpað okkur mikið þá. Hún var ekki þá en nú erum við búin að stækka hópinn og styrkja hann töluvert. Þetta var vonandi skrefið sem þurfti að taka til þess að gera Keflavík aftur að stórveldi í kvennakörfunni,“ sagði Jón Halldór. **ooj@frettabladid.is**



**ORKUBOLTI** Pálína Gunnlaugsdóttir hefur verið ein af lykilmönnunum á bak við sigurgöngu Haukanna. Hér er hún í bikarúrslitaleiknum gegn Keflavík í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf**

Ferðavernd býður upp á bólusetningar og ráðgjöf til ferðamanna. Þjónustan er í umsjón Helga Guðbergssonar, læknis. Vinnuna annast læknar og hjúkrunarfræðingar.

Mikilvægt er að panta bólusetningu og leita ráðgjafar tímanlega áður en haldið er utan.

**Tímapantanir í síma: 535 77 00**

ferðavernd

www.ferdavernd.is









**HOULLIER** Gæti verið á leið í enska boltann á nýjan leik. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gerard Houllier:

## Houllier hættur hjá Lyon

**FÓTBOLTI** Sagt var frá því í gær að Gerard Houllier væri hættur að þjálfa franska meistaraliðið Lyon.

Houllier stýrði Lyon til sigurs í frönsku deildinni sjötta árið í röð en hann hefur átt í stormasömu sambandi við Jean-Michel Aulas, stjórnarformann liðsins. Aulas mun vera óánægður með gengi liðsins í Evrópukeppnum.

Houllier er nú orðaður við stjórastöðuna hjá Manchester United. **- esá**

Knattspyrnudeild ÍA:

## Samdi við tvo Króata í gær

**FÓTBOLTI ÍA hefur borist góður liðstyrkur fyrir átökin í Landsbankadeildinni í sumar, en tveir Króatar skrifuðu undir samninga við félagið í gær sem gilda út tímabilið. Í kjölfarið mættu þeir á sína fyrstu æfingu en þeir eru þegar komnir með leikheimild og geta því spilað með ÍA gegn Fylki á mánudaginn.**

**Króatarnir heita Dario Cingel og Vjekoslav Svadumovic en þeir sáu Skagamenn gera 2-2 jafntefli gegn Fram á fimmtudaginn. Báðir eru þeir 26 ára en Cingel er varnarmaður og Svadumovic sóknarmaður. Þeir koma báðir frá 2. deildar liðinu Hrvatski Dragovoljac í Zagreb. Liðið hafnaði í 4. sæti í 2.deild og rétt missti af sæti í efstu deild.** **- hþh**


BT
IPOD VIKA Í BT!
15,4"
intel Core 2 Duo inside
FYLGIR
21.999
FRÁBÆR KAUPAUKI!
MA477
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR
20.000 VERÐLÆKKUN
139.999
159.999
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
CCN:ISL-110103-001
FSC AMILO PI CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust skjákort
Firewire - DV Ready
Kortalesari 4 - 1
Microsoft Windows Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum
Intel Core 2 Duo
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.
ATI Radeon X1400 128MB
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.
1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.
160GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.
Windows Vista Premium
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.
BT LÁN™
BT 13.912* 12 mánaða
BT 7.614** 24 mánaða
BT 5.515*** 36 mánaða
HARÐUR DISKUR
Seagate
9.999
ST3320620A
Seagate Barracuda 320GB
ATA100 7200rpm
16MB cache flýtiminni
FLAKKARI
LACIE
14.999
17.999
300968E
320GB LACIE F.A. PORSCHE USB2
ÞRÁÐLAUS IPOD HEYRNARTÓL
Logitech
6.999
14.999
980397-0914
LOGITECH WIRELESS IPOD HEADPHONE
Stafræn þráðlaus heyrnartól
Allt að 8 klukkustunda ending á rafhlöðu
NETMYNDAVÉL
Trust
2.999
14384-TRU
TRUST NETMYNDAVÉL HI-RES USB2
20.000 VERÐLÆKKUN
17"
intel Core 2 Duo inside
FYLGIR
21.999
FRÁBÆR KAUPAUKI!
MA477
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR
159.999
179.999
TOSHIBA
PSPADE-00M00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-454
Intel® Core 2 Duo T5500
17" WXGA HB TrueBrite
- Upplausn 1440 x 900
nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
Kortalesari 5 - 1
Firewire - DV Ready
Vökvaþolið lyklaborð
Microsoft® Windows® Vista Premium
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð
Intel Core 2 Duo
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.
nVidia GeForce Go 7600
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.
2GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.
100GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 100GB hörðum disk.
Windows Vista Premium
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.
BT LÁN™
BT 14.870* 12 mánaða
BT 8.676** 24 mánaða
BT 6.278*** 36 mánaða

## Helen Mirren



Fékk Óskarinn á þessu ári fyrir framúrskarandi leik sinn í The Queen en áður hafði hún hlotið tvær aðrar tilnefningar til verðlaunanna. Helen er af rússneskum ættum en einn af langlanglanglangöfum hennar var ein af hetjum Rússa í Napóleonstyrjöldunum. Lítið fer þó fyrir þessum rússneska bakgrunni Helenar í þáttunum Prime Suspect sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

sunnudaginn 27. maí

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.15
### Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events

Fjölskyldu- og ævintýramynd með grínaranum Jim Carrey í aðalhlutverki. Myndin segir frá þremur systkinum sem verða munaðarlaus í kjölfar húsbruna. Þau erfa háar fjárupphæðir en eru send til Ólafs greifa sem þolir ekki börn og er eingöngu á höttunum eftir peningunum þeirra.



### ▶ Við mælum með Robin hood Skjár 2einn kl. 20.40

Ný þáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma í Bretlandi. Sagan um útlagann Hróa hött er komin í nútímalegan búning og ekkert var til sparað við gerð þessara þátta. Írski sjarmörinn Jonas Armstrong leikur Hróa hött sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku og berst gegn óréttlæti og kúgun.



## EKKI MISSA AF



▶ **22.00** Vera Drake SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Rome STÖÐ 2



▶ **18.50** Sevilla - Zaragoza SÝN



▶ **22.00** Mystic River STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.30** Boston Legal SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabræður 08.23 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Alvöru dreki 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.52 Arthúr 10.16 Ævintýri HC Andersen 10.42 Latibær

**11.30 Formúla 1** Beint.

**14.05 Leitin að Adam**

**15.00 Kvöldstund með Jools Holland**

**16.05 Svefnlaus í Seattle** (Sleepless in Seattle)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (4:32)

**18.25 Hænsnakofinn** (10:13)

**18.35 Krakkar á ferð og flugi** (4:10)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Hvítasunnutónleikar** Upptaka frá söngsamkomu Hvítasunnusafnaðarins Fíladelfíu.

**21.15 Meistari dýrahringsins** (3:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

▶**22.00 Vera Drake** Bresk bíómynd frá 2004. Myndin gerist í London á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá lágstéttarkonu sem eyðir fóstrum. Þegar yfirvöld komast að því fer tilvera hennar öll á annan endann. Leikstjóri er Mike Leigh og meðal leikenda eru Imelda Staunton, Richard Graham og Eddie Marsan.

**00.00 Kastljós**

**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Just For Kicks**

**08.00 Envy**

**10.00 Stolen Summer**

**12.00 Fever Pitch**

**14.00 Just For Kicks**

**16.00 Envy**

**18.00 Stolen Summer**

**20.00 Fever Pitch** Bráðfyndin og rómantísk mynd með þeim Drew Barrymore og Jimmy Fallon í aðalhlutverkum. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**22.00 Mystic River**

**00.15 Taking Lives**

**02.00 Kill Bill**

**04.00 Mystic River**

## STÖÐ 2

**07.00 Fifi and the Flowertots 1 07.10 Barney 07.35 Töfrastígvélin 07.40 Véla Villi 07.50 Pocoyo 08.00 Addi Panda 08.05 Barney 08.30 Stubbarnir 08.55 Doddi litli og Eyrnastór 09.20 Könnuðurinn Dóra 09.45 Camp Lazlo 1 10.10 Camp Lazlo 1 10.35 Tracey McBean 2 10.45 Ævintýri Jonna Quests**

**11.10 Hestaklúbburinn**

**11.35 W.I.T.C.H.**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**14.30 Meistarinn** (15.15)

**15.25 Blue Collar TV** (25.32)

**15.50 Mona Lisa Smile**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate events** Ævintýraleg gamanmynd með Jim Carrey í aðalhlutverki.

**21.05 Twenty Four** (19.24) Jack er á flótta en honum er fylgt eftir með staðsetningartæki. Hann er þó ekki lengi að losa sig við það og getur nú leitað Audrey í friði. Stranglega bönnuð börnum.

▶**21.50 Rome** (5.10) Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómaveldis á átakanlegan og spennuþrunginn hátt. Nú eru komið að annarri þáttaröð þessarar dýrustu og flottustu sjónvarpsþáttaraðar sem gerð hefur verið en ekkert hefur verið til sparað við að gera hana sem áhrifamesta. Í lok síðustu þáttaraðar var Júlíus Sesar veginn en hvað verður um Brútus? (5.10) Erkióvinir þurfa að standa saman til að vinna gegn sameiginlegum fjandmanni. Harkan verður stöðugt meiri í Róm en þar er barist með vopnavaldi og baktjaldamakki. Stranglega bönnuð börnum.

**22.50 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

**23.35 Prime Suspect 7 - The Final Act**

**00.00 Prime Supspect - the final act**

**01.35 Prime Supspect - the final act**

**03.10 Strictly Confidential** (6.6)

**04.00 Mona Lisa Smile**

**05.55 Fréttir**

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.00 Live From Abbey Road** (4.12) (e)

**16.55 Pussycat Dolls Present. The Search** (3.8) (e)

**17.45 Trading Spouses** (20.22) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Bestu Strákarnir** (4.50) (e)

**19.30 My Name Is Earl** (14.23) (e)

**19.55 Kitchen Confidential** (1.13) (e) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á. eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times. Jack ræður gamla vini sína í vinnu og munu þau reyna allt til þess að hjálpa honum að ná takmarki sínu með hlæginlegum afleiðingum.

**20.25 Young Blades** (3.13) (e) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D´Artagnan. Hinn ungi D´Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda. Hörkuspennandi þættir sem eru byggðir á sögunni um Skytturnar Þrjár.

**21.15 Night Stalker** (3.10) (e) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna. Bönnuð börnum.

**22.00 Boys Don´t Cry** (e)

**23.55 Kitchen Confidential** (1.13) (e)

**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi**. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.10 Vörutorg**

**11.10 Ungfrú Ísland 2007** (e)

**13.10 MotoGP - Hápunktar**

**14.10 One Tree Hill** (e)

**15.00 Queer Eye for the Straight Guy** (e)

**16.00 America's Next Top Model** (e)

**17.00 Innlit / útlit** (e)

**18.00 On the Lot** (e)

**18.55 Hack** (e)

**19.45 Top Gear** (15.20) Breskur bílaþáttur með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum, skemmtilega daskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

**20.40 Robin Hood - NÝTT** Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hann berst gegn óréttlæti og kúgun og hjálpar þeim sem minna mega sín. Þessir þættir hafa slegið í gegn í Bretlandi og fengið mikið lof hjá gagnrýnendum.

▶**21.30 Boston Legal** (21.24) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Shirley Schmidt tekur að sér mál manns sem berst fyrir eignarrétti á eigin blóði. Gömul kærasta sem nú er dómari leitar til Alans þegar hún er tekin með dóp og Denny telur dómarann vera nýju draumadísina.

**22.30 The L Word** (3.13) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Tveir heimar rekast á þegar Tina býður stelpunum í teiti til að kynnast gagnkynhneigðum vinum sínum. Og lesbíurnar sletta úr klaufunum á kúrekakvöldi á The Planet.

**23.20 C.S.I.** (e)

**00.10 Heroes** (e)

**01.10 Jericho** (e)

**02.00 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**12.00 Ítölsku mörkin** (e)

**12.55 Ítalski boltinn** Bein útsending.

**15.00 Tímabilið 2006 - 2007** (e)

**16.00 Turninn í Charlton** (e)

**16.30 Strákarnir í Reading** (e)

**17.10 Eggert á Upton Park** (e)

**18.00 Ítalski boltinn** (e)

**20.00 Mörk tímabilsins 2006 -2007** (e)

**21.00 Þrumuskot** (e)

**22.00 Þrumuskot (e)**

**23.00 Þrumuskot (e)**

**00.00 Dagskrárlok**




Ný upplifun





Ljúffengir nautagrillpinnar



Gómsætir sjávarréttagrillpinnar



## Tom Everett Scott

Sló í gegn í myndinni That Thing You Do sem var fyrsta myndin sem Tom Hanks leikstýrði. Reyndar var Hanks mótfallinn ráðningu Toms en kona Hanks sannfærði hann að lokum. Síðan þá hefur reyndar ekki mikið farið fyrir Tom litla en hann hefur þó verið nokkuð iðinn við kolann og komið víða fram. Hann leikur meðal annars í nýjum þáttum, Saved, sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

mánudaginn 28. maí

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 22.20**
**Saved**

Annar þáttur af glænýjum, rómantískum spennuþáttum. Fylgst er með sjúkraflutningamönnum í kröfuhörðu og erfiðu starfi. Í kvöld reynir Cole að hjálpa veikum presti en söfnuður hans telur að presturinn sé haldinn illum anda. Á meðan þarf Cole að takast á við flókið einkalíf sem veldur honum stöðugu hugarangri.



## Við mælum með Klappir og haf Sjónvarpið kl. 19.35

Kanadísk heimildamynd um tvær eyjar í Atlantshafi; Ísland og Nýfundnaland. Árið 1944 öðluðust Íslendingar sjálfstæði en fimm árum seinna kusu íbúar Nýfundnalands að verða hluti af Kanada. Í myndinni heimsækir rithöfundurinn Lisa Moore eyjarnar tvær og veltir því fyrir sér hvernig þjóðunum sem byggja þær hefur farnast eftir umskiptin fyrir 60 árum.



## EKKI MISSA AF



▶ **13.45** Derby - W.B.A SÝN



▶ **19.10** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **20.25** Pussycat Dolls Present: The Search SIRKUS



▶ **21.00** Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Heroes SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunsjónvarp barnanna** 08.01 Gurra Grís 08.06 Bú 08.17 Elli eldfluga - Með ókunnugum 08.23 Pappírs-Pési - Innrásin frá Mars 08.38 Brandur lögga 08.48 Fæturnir á Fanney 09.00 Bubbi Byggir 09.10 Bitte nú! 09.33 Sammi Brunavörður 09.45 Latibær

**10.35 Prúðuleikarar í geimnum**

**12.00 Í háloftunum**

**13.30 Skoppi og vinir hans**

**14.55 Svifið um sviðið**

**15.55 Skrautskrift II**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra grís**

**18.06 Lítil prinsessa** (15:30)

**18.16 Halli og risaeðlufatan** (11:26)

**18.30 Vinkonur** (36:52)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Klappir og haf** Kanadísk heimildamynd um eyjar tvær í Atlantshafi, Ísland og Nýfundnaland.

**20.35 Georg Guðni/Viggo Mortensen** Þáttur um Georg Guðna myndlistarmann og Viggo Mortensen leikara.

▶**21.00 Lífsháski**

**21.45 Lifi Blackpool** (Viva Blackpool) Bresk sjónvarpsmynd.

**23.15 Leikir kvöldsins**

**23.30 Austurlandströllið**

**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Home Room**

**08.25 Hvítir mávar**

**10.00 Not Without My Daughter** (e)

**12.00 Ovosodo**

**14.00 Hvítir mávar**

**16.00 Not Without My Daughter** (e)

**18.00 Ovosodo**

**20.00 Home Room**

**22.10 Prophecy II** Þegar hinum illa engli Gabríel verður ljóst að engillinn Daníel hefur getið barn með hjúkrunarkonunni Valerie verður hann æfur af reiði.

**00.00 Ballistic. Ecks vs. Sever**

**02.00 Ring O**

**04.00 Prophecy II**

## STÖÐ 2

**07.00 Myrkfælnu draugarnir**

**07.40 Myrkfælnu draugarnir**

**07.50 Grallararnir**

**09.55 Batman**

**10.15 Galdrastelpurnar** (9.26)

**10.35 BeyBlade**

**11.00 Froskafjör**

**11.05 The Young Black Stallion**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Oprah**

**13.30 Sisters** (12.24)

**14.20 Neyðarfóstrurnar** (6.16)

**15.20 Doctor Dolittle**

**16.45 Two Brother**

**18.30 Fréttir**

▶**19.10 The Simpsons** (5.22)

**19.35 The Simpsons** (6.22)

**20.00 American Idol** (40.41) Úrslitaþáttur American Idol. Hver verður næsta söngstjarna Bandaríkjanna? Það kemur í ljós í kvöld.

**20.45 American Idol** (41.41) Símakosningu er lokið og ljóst er hver stendur uppi sem sigurvegari í American Idol.

**22.20 Saved** (2.13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey´s Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu. Tom Everett Scott fer þar fremstur í fríðum flokki ungra leikara.

**23.05 Shark** (20.22) Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Þættirnir fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins.

**23.50 Rome** (5.10) Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómaveldis á átakanlegan og spennuþrunginn hátt. Nú eru komið að annarri þáttaröð þessarar dýrustu og flottustu sjónvarpsþáttaraðar sem gerð hefur verið en ekkert hefur verið til sparað við að gera hana sem áhrifamesta. Í lok síðustu þáttaraðar var Júlíus Sesar veginn en hvað verður um Brútus? Stranglega bönnuð börnum.

**00.50 Paul Newman Hollywood/s Cool Hand**

**02.20 Las Vegas** (6.17)

**03.05 Two Brother**

**04.45 The Simpsons** (5.22)

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Girls Of The Playboy Mansion** (8.15) (e)

**19.30 Girls Of The Playboy Mansion** (9.15) (e)

**20.00 Entertainment Tonight**

▶**20.25 Pussycat Dolls Present. The Search** (4.8) Stúlknasveitin heimsfræga Pussycat Dolls leitar að nýjum meðlim í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu þeirra voru valdnar til áframhaldandi þátttöku. Stúlkunum níu er komið fyrir í íbúð í Los Angeles þar sem þær munu ganga í gegnum stífar æfingar og áskoranir.

**21.15 Trading Spouses** (21.22) Er grasið grænna hinumegin? Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.

**22.00 Twenty Four** (19.24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Þessi þáttaröð er sögð vera sú mest spennandi hingað til. (19.24) Jack er á flótta en honum er fylgt eftir með staðsetningartæki. Hann er þó ekki lengi að losa sig við það og getur nú leitað Audrey í friði. Stranglega bönnuð börnum.

**22.45 Joan of Arcadia** (7.22) (e)

**23.30 Girls Of The Playboy Mansion** (8.15) (e)

**00.00 Girls Of The Playboy Mansion** (9.15) (e)

**00.30 Entertainment Tonight** (e)

**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Game tíví** (e)

**17.30 Beverly Hills 90210**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Malcolm in the Middle** (e)

**20.00 Bak við tjöldin - Zodiac** Þáttur um gerð myndarinnar Zodiac sem sýnd er í SAM-bíóunum.

**20.25 On the Lot** Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Einn Íslendingur var meðal þeirra 50 sem komust áfram en í kvöld verður hópurinn skorinn niður og aðeins 18 standa eftir.

▶**21.00 Heroes** (21.23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.

**22.00 C.S.I.** (20.24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Hodges sannfærir samstarfsfólk sitt á rannsóknarstofunni um að Grissom vilji að þau rannsaki hin svokölluðu módel-morð með leynd á meðan rannsóknarsveitin er önnum kafin við að rannsaka önnur mál.

**22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur.**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Boston Legal** (e)

**00.55 The L Word** (e)

**01.45 Beverly Hills 90210** (e)

**02.35 Melrose Place** (e)

**03.20 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.

**19.00 Ítalski boltinn** (e)

**21.00 Ítölsku mörkin** (e)

**22.00 Þrumuskot** (e) Sýndar svipmyndir úr næstsíðustu umferð ensku deildarinnar, sem fram fór helgina 5- 6 maí 2007.

**23.00 Þrumuskot** (e)

**00.00 Dagskrárlok**






**Við bjóðum ykkur velkomin í eina gæsilegustu sælkeraverslun landsins að Dalvegi 4 í Kópavogi.**





*Við leggjum mikinn metnað í að bjóða þér aðeins uppá fyrsta flokks hráefni og tilbúna rétti. Einnig bjóðum við uppá úrval af sósum og öðru gæða meðlæti.*

GALLERÍ KJÖT

Í kjöti erum við bestir

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir



## Willem Dafoe

Einn af stofnendum hins goðsagnkennda Wooster-hóps sem var hópur framsækinna leikara í New York og afar áberandi í kringum 1980. Þrátt fyrir að teljast með bestu leikurum samtímans hefur Dafoe hins vegar aldrei hlotið Óskarsverðlaunin en þó verið tilnefndur tvisvar. Dafoe leikur í einni sinni þekktustu mynd, Spiderman, í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER FANGI RACHAEL RAY

# *Mannvonska Skjás eins*

Ég vil hvetja Skjá einn til að taka Rachael Ray af dagskrá. Eða færa hana til. Mér finnst afar ánægjulegt að horfa á matreiðsluþætti. Nigella og Jamie eiga sér fastan sess í mínu sjónvarpshjarta og ég fylgist óhikað með þeim brillera í eldhúsinu – iðulega með servíettu mér við hönd, vegna óviðráðanlegra viðbragða munnvatnskirtla minna. Rachael Ray er hins vegar allt önnur ella.

Ekki býr hún yfir sjarma Nigellu eða Jamie, svo þegar Rachael er í hlutverki spjallþáttastjórnandans á ég erfitt með að sitja kyrr og fer iðulega að dunda mér eitthvað annað. Um leið og hún færir sig í eldhúsið er ég hins vegar límd við sjónvarpið. Það er eitthvað svo notalegt við hvernig hún eldar með slumpi af þessu og slurki af hinu, brennir brauð og hendir því þá bara, og sullar saman hverri sósunni á fætur annarri.



Hitt, sem er öllu verra, og jaðrar við hreina mannvonsku, er að þættirnir eru á dagskrá Skjás eins klukkan 18.15 alla virka daga. Ég veit ekki með aðra, en á þessum tíma er ég akkúrat orðin glorsoltin en ekki farin að elda. Þegar Rachael kveður opna ég eldhússkápana mína með gaulandi garnir, og finn nákvæmlega ekki neitt spennandi.

Fyrir vikið hef ég varið óhemju miklum tíma í krydd-, sósu- og olíurekkum Hagkaupa og fjárútlátin hækkað í takt við það. Fyrir hönd þeirra sem ekki geta leyft sér að kaupa ótakmarkað magn af eplasíderediki í viku hverri vil ég því mælast til þess að þættinum sé hnikað til um svona hálftíma. Svo ég sé að minnsta kosti södd þegar hún mætir.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** Barcelona - Getafe SÝN



▶ **20.15** Tímaflakk SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** The Dead Zone SKJÁREINN



▶ **22.00** Walk the Line STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.15** Blade: Trinity STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær

**10.25 Kastljós**

**11.00 14-2**

**11.30 Formúla 1 - Tímataka Beint.**

**13.15 Púkinn í flöskunni**

**14.40 Þrumufuglar**

**16.15 Gullöld Egyptalands** (2:3)

**17.15 Slysið í Tsjernobyl**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman** (15:22)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Fjölskylda mín** (3:7)

▶**20.15 Tímaflakk** (3:13) Atriði í þáttinum eru ekki við hæfi ungra barna.

**21.05 Kóngulóarmaðurinn** (Spider-Man) Skólastrákur öðlast ofurkraft eftir að erfðabreytt kónguló bítur hann og notar máttinn til að berjast gegn illum öflum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.05 Hnefaleikaundrið** (Million Dollar Baby) Gamalreyndur hnefaleikagarpur þjálfar unga konu sem er staðráðin í að ná langt í íþróttinni. Meðal leikenda eru Hillary Swank, Clint Eastwood. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.15 Barnaby ræður gátuna: Lífsþorsti**

**02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Life Less Ordinary**

**08.00 Going to the Mat**

**10.00 Try Seventeen**

**12.00 You Got Served**

**14.00 Going to the Mat**

**16.00 Try Seventeen**

**18.00 You Got Served**

**20.00 Life Less Ordinary**

▶**22.00 Walk the Line** Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum. Bönnuð börnum.

**00.15 Undisputed**

**02.00 Assault On Precinct 13**

**04.00 Walk the Line**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch 07.10 Barney 07.35 Myrkfælnu draugarnir 07.45 Myrkfælnu draugarnir 08.00 Blanche 08.10 Gordon the Garden Gnome 08.20 Willoughby Drive 08.50 Kalli kanína og félagar 09.40 Bratz 10.00 A.T.O.M.**

**10.25 Emil og grísinn**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 Leitin að strákunum** (6.9)

**15.20 Man's Work** (2.15)

**15.45 Whose Line Is it Anyway? 4**

**16.10 The New Adventures of Old Chr** (12.13)

**16.35 Ítalíuævintýri Jamie Olivers** (4.6)

**17.00 Sjálfstætt fólk**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother** (11.22) Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum.

**19.40 Joey** (17.22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood.

**20.05 Stelpurnar** (1.24) Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi og til marks um það féllu þeim í skaut tvenn Edduverðlaun 2005, fyrir besta leikna sjónvarpsefnið og fyrir besta leikinn, verðlaun sem Ilmur Kristjánsdóttir hlaut.

**20.30 Bee Season** Dramatísk kvikmynd með Richard Gere, Juliette Binoche og Kate Boshworth í aðalhlutverkum.

▶**22.15 Blade. Trinity** Æsispennandi hrollvekja með Wesley Snipes í aðalhlutverki. Blade er á flótta undan FBI en hann kemst þó ekki undan því að sinna skyldum sínum. Í þetta sinn er andstæðingurinn enginn annar en Drakúla. Aðalhlutverk. Kris Kristofferson, Wesley Snipes, Dominic Purcell. Leikstjóri. David S. Goyer. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**00.05 Torque**

**01.25 Dagon**

**03.00 Only the strong survive**

**04.40 How I Met Your Mother** (11.22)

**05.05 Stelpurnar** (1.24)

**05.30 Joey** (17.22)

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SIRKUS TV

**17.15 Trading Spouses** (20.22) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (4.50) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.10 American Inventor** (9.15) (e)

**20.05 Joan of Arcadia** (7.22) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir.

**21.00 Live From Abbey Road** (4.12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt.

**22.00 Leitin að strákunum** (6.9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar. Hinir einu sönnu Strákar koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu. (6.9) Nú er skipt í þrjá tveggja manna hópa. Hóparnir fá gest í "settið" og þurfa að búa til skemmtilegt atriði með honum.

**22.45 Beach Girls** (4.6) (e) Sumarið 1985 eru þrjár táningsstelpur samankomnar á strönd þar sem þær sverja þess eið um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir.

**23.35 Night Stalker** (3.10) (e) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Bönnuð börnum.

**00.20 Gene Simmons. Family Jewels** (12.13) (e)

**00.45 Supernatural** (15.22) (e)

**01.30 Joan of Arcadia** (7.22) (e)

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.20 Vörutorg**

**12.20 Rachael Ray** (e)

**16.05 Top Gear** (e)

**17.00 Psych** (e)

**17.50 World's Most Amazing Videos** (e)

**18.40 Survivor. Fiji** (e)

**19.40 Game tíví** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (10.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu.

**21.00 Stargate SG-1** Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu "stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísindaskáldskapur af bestu gerð og slíkir þættir eiga stóran áhorfendahóp. Aðalhlutverkið leikur Richard Dean Anderson sem eitt sinn lék aðalhlutverkið í þáttaröðinni MacGyver.

▶**21.50 The Dead Zone** (7.12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Fyrir nokkru sýndi SkjárEinn fyrstu þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta, og nú er loksins komið að þeirri næstu. Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.

**22.40 Hack** (10.18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.

**23.30 House** (e)

**00.20 The L Word** (e)

**01.10 Ungfrú Ísland 2007** (e)

**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.45 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**12.00 Tímabilið 2004 - 2005 (e)**

**13.00 Tímabilið 2005 - 2006 (e)**

**14.00 Tímabilið 2006 - 2007 (e)**

**15.00 Mörk tímabilsins 2004 -2005** (e)

**16.00 Mörk tímabilsins 2005 -2006** (e)

**17.00 Mörk tímabilsins 2006 -2007** (e)

**18.00 Þrumuskot** (e)

**23.00 Þrumuskot (e)**

**00.00 Dagskrárlok**


Polar sænskir eðalvagnar - sjáðu með eigin augum




Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

**Ríkulegur staðalbúnaður,** svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

Verð frá: 2.799.000 kr.

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

Opið laugardag 10-17 sunnudag 12-16

Fosshals 5-7
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegumaðurinn

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.30**
**Bee Season**



Dramatísk kvikmynd með Richard Gere, Juliette Binoche og Kate Bosworth í aðalhlutverkum. Naumann-fjölskyldan virðist vera í góðu jafnvægi en það er ekki allt sem sýnist. Þegar hin 11 ára Eliza verður óvænt ur sigurvegari í stafsetningarkeppni fer fjölskyldulífið að taka miklum breytingum.

**▶ Við mælum með Kónguló-armaðurinn Sjónvarpið kl. 21.05**

Bandarísk ævintýramynd frá 2002. Skólastrákur öðlast ofurkraft eftir að erfðabreytt kónguló bítur hann. Máttinn notar hann til að berjast gegn illum öflum. Leikstjóri er Sam Raimi og meðal leikenda eru Tobey Maguire, Willem Dafoe og Kirsten Dunst.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Dostojevskí
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Laumuspil
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.10 PGA Tour 2007 - Highlights** (Bell South Classic)
**09.05 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**09.30 Pro bull riding** (Chicago, IL - Jack Daniels Invitational)
**10.25 World Supercross GP 2006-2007** (Rogers Centre)
**11.20 NBA - Úrslitakeppnin**
**13.20 Landsbankadeildin 2007** (Valur - KR)
**15.10 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Liverpool)
**17.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
**17.20 Spænski boltinn - upphitun**
**17.50 Spænski boltinn**
**19.50 Spænski boltinn**
**21.50 Hnefaleikar** (Box - Ricky Hatton vs. Carlos Maussa)
**23.00 NBA - Bestu leikirnir** (Chicago Bulls - Utah Jazz 1997)
**00.30 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Frikvarter **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana 8.25 Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** Poul Martinsen kavalkade **11.10** Boogie Listen **12.10** Med rygsæk **12.40** Smag på Danmark - med Meyer **13.10** Hold masken **13.40** Ace Ventura, når naturen kalder **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Støv på hjernen **19.40** Miss Marple **21.15** Conviction **21.55** Speedway: Sveriges Grand Prix **23.25** For ung, for farlig **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.50** Skrimmel Skrammel **7.30** Kårni og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Et amerikansk eventyr II - Fivel i ville vesten **9.30** Newton **10.00** Året med den svenske kongefamilien **11.00** Ut i naturen **11.25** Ungen **13.00** Giro d'Italia **15.30** Solens mat **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.30** Lottotrekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.25** Opsahls Arvegods **19.25** Kingdom **20.00** Fakta på lørdag: Sjimpanser er også folk **20.50** Sykkelkveld fra Italia **21.00** Kveldsnytt **21.15** Adaptation **23.05** Program ikke fastsatt **5.30** Stå opp! **5.50** Den lille røde traktoren **6.00** Lisa

## SVT 1

**6.00** BoliBompa **6.01** Meckar-Micke **6.15** Simskola **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Karamelli **7.30** Sagoträdet **7.45** Amigo **8.10** Hjärnkontoret **8.25** Robins **8.55** Vädrets makter **9.25** Mitt i naturen **9.55** Plus **10.25** Saras kök **12.40** Hundkoll **13.10** Uppdrag Granskning **14.10** Expedition Linné **15.30** Extras **16.00** Disneydags **17.00** Rasmus på luffen **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Tema: Cannes **19.00** Sex, lögner och videoband **20.40** I väntan på Harvey - en nybörjares guide till Cannes **21.35** Rapport **21.40** Hämnaren från Alcatraz **23.10** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa




## PERSÓNAN



*Sölvi Björn Hilmarsson*

**Aldur:** 44 ára.
**Starf:** Matreiðslumaður og sjoppurekandi.
**Fjölskylda:** Einstæður og barnlaus.
**Foreldrar:** Guðrún Þorláksdóttir, látin, og Hilmar Þór Björnsson, fyrrverandi byggingarverktaki.
**Búseta:** Álftarimi á Selfossi.
**Stjörnumerki:** Naut.

Sölvi rekur sjoppuna Rimlakjör á Litla-Hrauni, þar sem hann selur föngum allt milli himins og jarðar.

# Árleg tískuhátíð í líkingu við Airwaves

Basecamp og Eskimo standa fyrir viðamikilli tískusýningu í næstu viku, sem vakið hefur áhuga erlendra fjölmiðla. „Þetta er í fyrsta skiptið sem við gerum eitthvað þessu líkt,“ sagði Andrea Brabin, framkvæmdastjóri Eskimo. „Þetta er ekki Icelandic Fashion week eða neitt í þá áttina. Við erum frekar að lyfta fram grasrótarhönnuðum, sem eru að byrja,“ sagði hún. Hönnuðirnir eru Aftur, Eygló, Raxel, Starkiller, Ostwald og Forynja. Á sama tíma kynnir Eskimo sextán nýjar fyrirsætur til leiks, undir yfirskriftinni Faces of the year. „Þær sýna föt hönnuðanna,“ útskýrði Andrea. Áherslan er lögð á allt nýtt og ferskt, að sögn Andreu. „Hljómsveitirnar Steed Lord og Sometime spila, en þær eru báðar að gefa út sínar fyrstu plötur á árinu. Við erum svolítið að sýna fram á tenginguna á milli tónlistar og tísku líka. Þetta er eiginlega allt orðið eitt batterí: tónlistarmenn sitja fyrir í tískublöðum og svona,“ sagði hún. „Við stefnum líka að því að þetta verði árlegur viðburður, svipað og Airwaves er fyrir tónlistina.“

Á sýningunni verða útsendarar frá mörgum helstu módelskrifstofum heims og eins hafa tímarit á borð við Dazed and Confused og i-D sýnt mikinn áhuga á viðburðinum. „Margir erlendir fjölmiðlar hafa verið mjög spenntir fyrir því að koma, en maður fær aldrei staðfestingu fyrr en á síðustu stundu,“ varaði Andrea við. Miða á sýninguna má nálgast á midi.is. **- sun**



**GRASRÓTARHÖNNUÐIR** Aftur, merki systranna Hrafnhildar og Báru Hólmgeirsdætra, er eitt þeirra sem verður sýnt á Made in Iceland.



**ÁRLEGUR VIÐBURÐUR** Andrea Brabin, framkvæmdastjóri Eskimo models segist stefna að því að Made in Iceland verði árlegur tískuviðburður, svipað og Airwaves er fyrir tónlist.



**LÁRÉTT** **2.** gól, **6.** í röð, **8.** skordýr, **9.** gras, **11.** samanburðartenging, **12.** hárs, **14.** stuttur, **16.** í röð, **17.** fæða, **18.** keyra, **20.** tveir eins, **21.** viðskipti.

**LÓÐRÉTT** **1.** margskonar, **3.** frá, **4.** einangrunarefni, **5.** gláp, **7.** skrautplanta, **10.** hamfletta, **13.** temja, **15.** svall, **16.** merki, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gagg, **6.** mn, **8.** fló, **9.** sef, **11.** en, **12.** ullar, **14.** lágur, **16.** hi, **17.** ala, **18.** aka, **20.** ll, **21.** kaup.

**LÓÐRÉTT: 1.** ýmsu, **3.** af, **4.** glerull, **5.** gón, **7.** nellika, **10.** flá, **13.** aga, **15.** rall, **16.** hak, **19.** au.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

MAGNÚS SCHEVING: SINNIR AÐDÁENDUM SÍNUM ÚTI Í HEIMI

# Heimsótti þriggja ára krabbameinssjúkan aðdáanda sinn

„Við höfum fengið ansi mikið af svona tölvupóstum þar sem börn hafa hellt sér af fullum krafti útí Latabæjar-lífsstílinn,“ segir Magnús Scheving. Í helgarútgáfu breska blaðsins Sunday People var sagt frá hinum tveggja ára gamla Cody McCaffrey sem slapp frá leikskólanum sínum og lagði af stað í mikla hættuför heim til sín. Móðir drengsins lýsti því síðan yfir að hún væri viss um að Cody hefði þarna verið að herma eftir hetjunni sinni, sjálfum Sportacus, eða Íþróttaálfinum úr Latabæ. „Hann elskar ekki bara Latabæ, Latibær er lífið sjálft,“ sagði móðirin.

Þótt Magnús væri ekkert sérstaklega að mæla því bót að börn reyndu að sleppa úr höndum leikskólakennara þá sýndu svona dæmisögur að verkefnið væri að ganga fullkomlega upp – að fá börn til að hreyfa sig. „Ég hef reyndar hitt foreldra sem hafa sagt mér frá marblettum krakkanna sinna eftir að þau hafa hoppað niður af borðum og ég held að það sé ekki hægt að koma í veg fyrir slíkt þegar litla athafnafólkið fer af stað.“

Og Latibær er ekki bara einhver sjónvarpsþáttur á skjánum með leiknum persónum heldur hefur Magnús verið á fleygiferð um heiminn í þeim erindagjörðum að hvetja smáfólkið enn frekar til dáða. Og stundum geta slíkar heimsóknir verið bæði hjartnæmar og erfiðar. Magnús fór meðal annars til Bandaríkjanna nýverið og heimsótti þar ungan krabbameinssjúkan aðdáanda sinn, hinn þriggja ára Sean Callahan, sem lifir og hrærist í sjónvarpsþáttunum. „Það var hringt í mig og ég var beðinn um að koma. Og þessi ungi strákur vildi bara fá eitt og það var „Sports Candy“ eða epli,“ segir Magnús sem segist þarna hafa gert sér grein fyrir því hversu mikið Latabæjar-þættirnir geti gefið krökkum. „Við áttum saman mjög ánægjulega stund,“ útskýrir Magnús sem skömmu síðar fékk langt og innilegt þakkarbréf frá foreldrum stráksins sem hann geymir vel, sem og mynd af Sean.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**ÍÞRÓTTAÁLFURINN** Þrátt fyrir að íþróttahetjan sé flestum bara kunn á sjónvarpsskjánum þá er hún sprelllifandi í raunveruleikanum líka.



**SEAN CALLAHAN** Þjáist af krabbameini en heimsókn Sportacusar gaf honum mikið í erfiðri baráttu sinni við sjúkdóminn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Þráinn Bertelsson** rithöfundur vinnur nú að næstu bók sinni sem er glæpasaga líkt og hans síðasta: Dauðans óvissi tími. Fréttablaðið hefur heyrt að um sé að ræða snjöllustu bók höfundar en hún ber heitið Englar dauðans. Undirliggjandi viðfangsefni Þráins í bókinni er hugtak sem hann kallar „óbein fíkn“ en þar er vísað hversu ótrúlega margir mega líða fyrir fíkn eins einstaklings. Þráinn er annars þekktur fyrir það að skrifa svokallaða lykilrómana – stuðst er við raunverulegt fólk við persónusköpun. Í bókinni er til dæmis persóna sem rekur vafasaman veitingastað sem heitir „Octupussy“ og flytur sá inn vændiskonur og eiturlyf. Og þá má velta því fyrir sér hver rekur stað sem nefndur er í höfuðið á Bond-bók.



**Jón Trausti Reynisson** fetar í fótspor föður síns, **Reynis Traustasonar**, og nú sem aldrei fyrr. Jón Trausti gerðist blaðamaður við hlið föður síns á DV, þá ritstjóri tímaritsins Ísafoldar og nú dvelur hann langdvölum vestur á fjörðum við ritun bókar – líkt og Reynir hefur gert með svo ágætum árangri með bókum um **Sonju Zorilla**, **Rögnu Aðalsteinsdóttur** og **Lindu Pé**. Enn er á huldu hvert viðfangsefni Jóns Trausta er en ef að líkum lætur er þar um persónulega og opinskáa viðtalsbók að ræða við lífsreyndan einstakling sem lent hefur í harmi og mannraunum.



15 milljónir
Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
Dregið í áskriftarleiknum á laugardaginn
lotto.is

# KR-útvarpið á tímamótum

KR-útvarpið verður með sína 200. útsendingu á mánudagskvöld þegar KR og Víkingur eigast við í Landsbankadeild karla.

„Við vorum að leita leiða til að bæta við stuðningsmannastarfið og þá kviknaði þessi hugmynd,“ segir Höskuldur Höskuldsson, sérlegur útvarpsstjóri KR.

Höskuldur viðurkennir að hugmyndin um sérstaka KR-útvarpsstöð hafi þótt nokkuð klikkuð í upphafi, en í dag er hún orðin órjúfanlegur hluti af umgjörðinni og stemningunni í kringum leiki liðsins. „Við heyrum það og skynjum að stuðningsmennirnir kunna að meta útvarp KR. Við erum með 2-3 tíma langa upphitun fyrir alla heimaleiki og erum með viðtöl við þjálfara og leikmenn eftir leiki. Svona dagskrá kemur mönnum í gírinn og er orðin hluti af leiknum fyrir marga stuðningsmennina,“ segir Höskuldur en útvarp KR sendir út á tíðninni 98,3.



**ÚTVARP KR** Þröstur Emilsson og Bogi Ágústsson eru annálaðir KR-ingar sem hafa komið að starfi KR-útvarpsins frá upphafi.

KR-útvarpið hefur lagt mikinn metnað í starf sitt og til marks um það má nefna að þar hefur öllum deildar-, bikar- og Evrópuleikjum verið lýst í beinni útsendingu frá árinu 1999. Allt starf sem tengist útvarpsstöðinni er unnið í sjálfboðavinnu og segir Höskuldur að félagið hafi verið svo heppið að eiga góða áhangendur sem þekkja til í þessum bransa.

Af fjölmörgum stjórnendum útvarpsins síðustu ár má nefna fjölmiðlungana Boga Ágústsson, Jóhann Hlíðar Harðarson, Hauk Holm, Þröst Emilsson, auk útvarpsmannanna Ágúst Bogason og Frey Eyjólfsson. Enn fremur hafa Gísli Marteinn Baldursson, Egill Helgason og Bubbi Morthens verið tíðir gestir, „enda annálaðir KR-ingar“ eins og Höskuldur tekur skýrt fram.

Haukur Holm hefur verið viðriðinn útvarpið frá fyrstu útsendingu og segir hann einlæga og fölskvalausa ást á félaginu vera það sem haldið hefur sér við efnið í gegnum tíðina. „Og þar sem ég var aldrei góður í fótbolta er þetta mitt tækifæri til að vinna félaginu gagn. Fyrst ég gat það ekki inn á vellinum þá geri ég það í útvarpinu,“ útskýrir Haukur og hlær. „Ég held að þetta hafi algjörlega sannað sig. Við fáum mikil viðbrögð og ekki síst frá KR-ingum erlendis sem hlusta á leiki í gegnum netið.“

Bogi Ágústsson segir það mikið afrek að hafa starfrækt útvarp af þessu tagi í jafn langan tíma og raun ber vitni. „Þarna fáum við hlutlausu fjölmiðlamennirnir útrás fyrir skoðunum okkar og tökum afstöðu. Við erum allir brennimerktir KR-ingar og höfum gaman af félagsskap hvor annars. KR er okkar hjartans mál og þess vegna er þetta alltaf jafn gaman,“ segir Bogi. **- vig**



**ÚTVARPSSTJÓRINN** Höskuldur Höskuldsson er maðurinn á bakvið tjöldin hjá KR-útvarpinu.

# LYFJAFRÆÐIDEILD

Lyfjafræðideild Háskóla Íslands kappkostar að útskrifa lyfjafræðinga og aðra sérfræðinga í lyfjavísindum með fyrsta flokks menntun að baki. Þar eru stundaðar margvíslegar rannsóknir, í samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir og háskóla víða um heim, sem nemendur fá tækifæri til að taka þátt í.

## Hérna gerist það



Lyfjafræði er fræðigrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma að framleiðslu, notkun og verkun lyfjanna. Auk BS- og MS-náms í lyfjafræði, býður lyfjafræðideild upp á meistaranám í lyfjavísindum og doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum.

Lyfjafræðingar og aðrir sérfræðingar í lyfjavísindum eru eftirsóttir í atvinnulífinu og verða mikilvægir þátttakendur í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37523 05/07

Nemendur á 3. ári í verklegri kennslu í Lyfjagerðarfræði.

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja.
Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. **Það er framtíðin.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *25 ríkustu*

Samkvæmt úttekt vikublaðsins Sirkuss í gær eiga 25 ríkustu Íslendingarnir einhverja eitt þúsund og þrjú hundruð milljarða í alls konar verðbréfum, eignarhlutum, reiðufé og guð má vita hvað út um allar jarðir og ekkert nema gott um það að segja. Listinn yfir þessa 25 ríkustu innihélt kunnugleg andlit. Þarna er margt af okkar besta afreksfólki – sjálft landsliðið á sviði fjármála – og uppgangur þess verið ævintýralegur í mörgum tilvikum eins og greint hefur verið skilmerkilega frá í fjölmiðlum með reglulegu millibili á undanförnum árum.

**REYNDAR** brá aðeins skugga á feril þess ríkasta er greint var frá því fyrir nokkrum árum af gulu pressunni sem þá var hér á landi, að viðkomandi hefði verið uppvís að því að hafa ekki getað greitt fyrir ís í brauðformi eða eitthvað slíkt í sjoppu í Reykjavík, en þá vildi svo óheppilega til að hann hafði gleymt debetkortinu sínu heima, ef ég man rétt. Frá þessu var greint við misjafnar undirtektir enda töldu sumir að hér hefði verið ráðist allharkalega inn í einkalíf viðkomandi, sem er út af fyrir sig sjónarmið, en aðrir brostu út í annað og hugsuðu með sér hversu yndislegt það væri nú að þrátt fyrir allt og allt gætu svona hversdagsleg vandamál komið fyrir jafnvel þá ofsaríku líka. Það gladdi marga á einhvern hátt. Allir eru jafnir úti í sjoppu og verða að hafa debetkort eða klink.

**FYRIR** nokkru síðan, verð ég að viðurkenna, fór hins vegar áhugi minn satt að segja að dvína töluvert á þessum fréttum sem dynja reglulega á Íslendingum af ríka fólkinu og hvað það sé að gera og hversu mikla peninga það eigi þá og þá stundina. Ég renni yfir þetta í blöðunum og ég segi kannski „ja, hérna“ og „ég skal segja þér það“ og slæ mér á lær að gömlum íslenskum sið ef sá gállinn er á mér, sýp kaffi og held svo áfram að lesa.

**NEI** ég segi svona. Í hreinskilni sagt er ónæmið gagnvart hinum himinháu fjárhæðum orðið töluvert, en því hefur einmitt verið haldið fram af málsmetandi mönnum að í raun og veru nemi mannshugurinn illa þá miklu upphæð sem felst í orðinu „milljarður“. Hugurinn lætur sér fátt um finnast. Þegar talið fer að snúast um milljarða er eins og mannshugurinn hætti að telja og 1.300 milljarðar verða bara að einhverri tölu, án samhengis við daglegt líf. Hversu margir ísar í brauðformi eru 1.300 milljarðar? Talan gæti allt eins verið 1.300 trilljarðar eða skrilljarðar, eða bara merkingarlaust orð eins og músímúsí eða búlíbúlí.

**ÚR** því sem komið er, finnst mér orðið talsvert áhugaverðara að sjá annan lista sem gjarnan mætti taka saman og birta ef mögulegt er. Sá listi yrði yfir 25 fátækustu einstaklinga á Íslandi og för þeirra niður á við. Þegar öllu er á botninn hvolft er nefnilega lítil ástæða fyrir þjóðfélag eins og okkar að hafa einhverjar sérstakar áhyggjur af því fólki sem ríkast er. Það spjarar sig. Hinir ekki.

